











# Bændablaðið

22. tölublað 2023 ● Fimmtudagur 30. nóvember ● Blað nr. 646 ● 29. árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is



Kúabóndinn og búfræðikennarinn Karen Björg Gestsdóttir. Fjölskylda hennar lagði niður kúabúið á Kaldárbakka en stofnaði þess í stað fyrirtæki um búrekstur á nýjum stað í Hrauntúni. Báðir bæirnir eru í Kolbeinsstaðahreppi hinum forna. Hún segir ekki sjálfsagt að sex aðilar af tveimur kynslóðum geti unnið saman en í þessu tilfelli sé það styrkur. – *Sjá nánar á bls. 40-41.* Mynd / ál

## Kortlagning ræktunarlands

**Gert er ráð fyrir að þingsályktunartillaga um nýja landsskipulagsstefnu til 15 ára verði lögð fyrir Alþingi nú í desember.**

Á grundvelli hennar mun allt ræktunarland sem hentar vel til matvælaframleiðslu verða kortlagt, sem sveitarfélögum ber að taka mið af í skipulagi sínu og standa vörð um. Vonir standa til að stefnan verði samþykkt fyrir næsta vor.

Í endurskoðaðri landsskipulagsstefnu, sem nú verður lögð fyrir Alþingi, eru áherslur mjög sambærilegar gildandi stefnu hvað varðar vernd landbúnaðarlands en er þó gert enn hærra undir höfði.

Nýrri stofnun, Landi og skógi, sem formlega verður til um næstu áramót með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, verður falið að kortleggja allt ræktunarland sem hentar til matvælaframleiðslu í samstarfi við Skipulagsstofnun. Markmiðið er að standa vörð um gott ræktunarland til að tryggja fæðuöryggi.

Með þessari vinnu er ætlunin að stuðla að því að landsþekjandi upplýsingar liggi fyrir sem verða undirstaða fyrir skipulagsgerð sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir að vinnan standi yfir á árunum 2024 til 2025 og að sá gagnagrunnur sem verður til sé uppfærður jafnt og þétt eftir því sem upplýsingar verði betri. /smh

*Sjá nánar í fréttaskýringu á bls. 20-22.*

Afkoma nautakjötsframleiðenda:

# Stefnir í að tap verði 525 krónur á kílóið

**Í nýlegri skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins um rekstrarafkomu nautakjötsframleiðenda kemur fram að samkvæmt afkomuspám stefnir í að reiknað tap af nautaeldi á nautgripabúum á þessu ári verði um 525 krónur á hvert framleitt kíló.**

Í skýrslunni segir að lágt afurðaverð síðustu ára hafi komið mjög illa við nautakjötsframleiðendur og þegar ásetningur nautkálfa sé skoðaður blasi við samdráttur í framleiðslu þótt hlutfall holdagripa hafi aukist. Innflutningur hafi aukist mjög og markaðshlutdeild íslensks nautakjöts dregist verulega saman, þannig að nú stefni í að hún verði komin undir 50 prósent á næsta ári.

*Afurðatekjur mæta ekki kostnaði*

Í skýrslunni er farið yfir rekstrarafkomu 30 framleiðenda á árunum



2019 til 2022. Um framhald á verkefni er að ræða sem hófst árið 2020 með því markmiði að greina rekstur búanna og safna hagtölum í leiðinni. Samanlögð hlutdeild þessara framleiðenda var um 16,3 prósent af landsframleiðslu ungnautakjöts árið 2022.

Niðurstöður skýrslunnar leiða það í ljós að afurðatekjur af nautaeldi ná ekki að mæta framleiðslukostnaði en engu að síður eru jákvæðar horfur hvað varðar þróun á afurðaverði og bættan árangur í eldinu.

*Fjármagnskostnaður hækkar*

Framleiðslukostnaður á hvert kíló nautakjöts, án afskrifta og fjármagnsliða, hækkar einungis um 10 prósent frá árinu 2019, úr 1.160 kr./kg í 1.271 kr./kg árið 2022. Í skýrslunni segir að það lýsi vel þeirri hagræðingu sem hefur orðið á búunum enda hafa almennar verðhækkanir á aðföngum og aðkeyptri þjónustu verið umtalsvert meiri en það. Fjármagnskostnaður búanna á árunum 2019-2021 var svipaður en hækkar um 46 prósent á árinu 2022 og ljóst er að hann hækkar enn frekar árið 2023. Verðbótaþáttur verðtryggðra lána og hátt vaxtastig mun setja verulegt mark á afkomu þessara búa, sérstaklega þeirra sem hafa verið í uppbyggingu.

Mikilvægt er talið að snúa þróuninni við með áframhaldandi ræktunarstarfi, hækkun á afurðaverði, tollvernd og opinberum stuðningi samhliða því að huga áfram að hagræðingu inni á búunum með tilliti til bættrar fóðurnýtingar og lægri fóðurkostnaðar á hvern grip. Jákvæð þróun sé greinileg í kjötmati, fallþunga og auknum vaxtarhraða gripa. Þá hafi aukið vægi Angusgripa í ræktunarstarfinu komið fram á árinu sem endurspeglast í meiri vaxtarhraða og bættri fóðurnýtingu.

*Góð mynd af grafalvarlegri stöðu*

„Það er afar jákvætt að skýrslan sé komin fram og að fleiri framleiðendur séu að taka þátt í rekstrarverkefni RML, en skýrslan gefur mjög góða mynd af þeirri grafalvarlegu stöðu sem er uppi," segir Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

„Það er ljóst að mjólkur- og nautgripabýlin eru að jafnaði mjög skuldsett. Eiginfjárhlutföll eru lág og getan til að takast á við áföll er ekki mikil. Er þetta þó afleiðing nauðsynlegrar hagræðingar og þegar lagt var af stað í þessa vegferð voru yfirstandandi efnahagsörðugleikar ekki í sjónmáli. Ef ekki hefði verið farið í aukna fjárfestingu í nautgriparækt til að mynda, hefði staða íslensks landbúnaðar í samanburði við samkeppnislönd dalað mun meira að ég tel. Hér þarf að snúa við þróuninni og m.a. finna til fjármuni sem brúa þetta bil, það er að bændur greiði 525 krónur með hverju framleiddu kílói. Það er óviðunandi að bændur stórtapi á framleiðslu nautakjöts svo árum skipti.

Sjá má fyrir mikil tækifæri og mikinn uppgang nautakjötsframleiðslu á Íslandi verði henni sköpuð rekstrarskilyrði," segir Vigdís. /smh

# Birgðir kindakjöts aldrei minni

**Birgðir kindakjöts í lok ágústmánaðar hafa aldrei verið minni en á þessu ári.**

Það sýna gögn Mælaborðs landbúnaðarins, þar sem fram kemur að einungis rúm 215 tonn voru í birgðum í upphafi sláturtíðar.

Það er samdráttur um 58,6 prósent miðað við árið í fyrra, þegar rúm 390 tonn kindakjöts voru í birgðum. Á sama tíma árið 2021 voru birgðir rúm 764 tonn.

Samkvæmt skilum sauðfjárbænda á haustskýrslum stefnir í að ásetningur dragist saman um 2,5-3 prósent miðað við síðasta ár.

„Staðan á skilum er nú um 85 prósent, þannig að ekki eru komnar lokatölur. Það virðist hins vegar hægja á fækkun fjár í landinu en ekki hefur tekist að snúa stöðunni nægilega við til að stöðva fækkunina.

Þar sem endanlegar tölur liggja ekki fyrir er erfitt að spá fyrir um fækkun dilka næsta haust en leiða má líkum að 12-15 þúsund dilka fækkun,“ segir Einar Kári Magnússon hjá Matvælastofnun. Hann bætir því við að frestur til skila á haustskýrslum hafi verið til 20. nóvember en hann verði væntanlega framlengdur til 1. desember.

Um 28 þúsund færri lömbum var slátrað í síðustu sláturtíð og þar á undan fækkaði sláturlömbum um 19 þúsund á milli ára.

Fallþungi þessa árs var rúmum 600 grömmum meiri en á síðasta ári sem vegur aðeins upp á móti fækkun sláturlamba, hvað varðar kjötframleiðslu í landinu. Samdráttur í framleiðslu er þó metinn um 200 tonn úr síðustu sláturtíð.

*/smh*

5.2.8 Samantekt um arfgerðir

Með sjö samsætum í *PRNP* geninu er möguleiki á 28 mismunandi arfgerðum. Í töflu 2 eru þessar arfgerðir flokkaðar í næmar (N), verndandi (V) og mögulega verndandi (MV).

| | ARQ | VRQ | AHQ | ARR | $AT_{137}RQ$ | $AN_{138}RQ$ | $AC_{151}RQ$ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ARQ | N | | | | | | |
| VRQ | N | N | | | | | |
| AHQ | MV | N | MV | | | | |
| ARR | V | N | V | V | | | |
| $AT_{137}RQ$ | MV | N | MV | V | MV | | |
| $AN_{138}R$ | N | N | MV* | V | MV* | N | |
| $AC_{151}RQ$ | MV | N | MV | V | MV | MV | MV |

*Tafla 2: Flokkun arfgerða*

*Leiðrétt skv. ósk vinnuhópsins 09.11.2023, var áður skráð sem N vegna mistaka

**Síðari útgáfa töflunnar þar sem AHQ er flokkuð verndandi (með ARR) eða mögulega verndandi með öðrum samsætum.**

## Leiðrétting:

# AHQ mögulega verndandi

**Genasamsætan AHQ telst vera mögulega verndandi í öllum arfgerðasamsetningum**

Í umfjöllun í síðasta Bændablaði um skýrslu sérfræðingahóps um nýja nálgun í aðgerðum gegn riðuveiki í sauðfé, með ræktun fjár með verndandi arfgerðir, var genasamsætan AHQ sögð teljast til minna næmra samsæta hvað varðar smitnæmi kinda fyrir riðuveiki.

Í greinargerð um samsætuna í skýrslunni er hins vegar hvergi getið um að hún sé mögulega verndandi, einungis minna næm fyrir riðu. Í meðfylgjandi töflu, þar sem yfirlit er að finna um flokkun arfgerða í næmar, verndandi og mögulega verndandi, var í fyrstu útgáfu skýrslunnar AHQ-samsætan flokkuð sem næm arfgerð í samsetningu með N138-samsætunni.

Í leiðréttri útgáfu skýrslunnar er samsætan flokkuð sem mögulega verndandi í öllum tilvikum nema með ARR-samsætunni, þar sem hún er flokkuð sem verndandi arfgerð.

*/smh*








**Frá haustinu 2009 á Stórhóli þegar ærnar voru reknar heim, þá veturgamlar, en 503 gimbrar voru keyptar haustið 2008 eftir riðuniðurskurð. Að sögn Maríönnu er hundur, hestur og fé á myndinni allt farið á vit feðra sinna – en bóndinn tórir enn.**

Myndir / Stórhóll

## Stórhóll:

# Tímamót í baráttunni gegn riðuveiki

## – Verða að leggja fram stíft ræktunarplan með ARR-samsætuna í fyrirrúmi

**Tímamót eru í baráttunni gegn riðuveiki í sauðfé með nýrri nálgun stjórnvalda þar sem bændunum á Stórhóli í Húnaþingi vestra verður gefinn kostur á að hlífa gripum með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir gegn riðu við niðurskurði.**

Viðræður standa nú yfir við matvælaráðuneytið um fyrirhugaðan niðurskurð.



**Maríanna Eva Ragnarsdóttir og Garðar Valur Gíslason, bændur á Stórhóli.**

### *Niðurskurður í samræmi við niðurstöður sérfræðingahóps*

„Það eru komin til okkar fyrirmæli frá yfirdýralækni, í gegnum matvælaráðuneytið, um hvaða gripi við megum hlífa við niðurskurði. Við sendum engin andmæli við þeim,“ segir Maríanna Eva Ragnarsdóttir, sem býr á Stórhóli ásamt Garðari Val Gíslasyni.

Niðurskurður á heilum hjörðum hefur hingað til verið eina úrræðið til að hefta útbreiðslu riðusmita. Sú aðferð hefur valdið fjölda sauðfjárbænda miklu tjóni; bæði fjárhagslegu og tilfinningalegu.

Að sögn Maríönnu eru fyrirmælin í samræmi við niðurstöður skýrslu sérfræðingahópsins sem var skilað til matvælaráðherra fyrir skemmstu um nýja nálgun gegn riðuveiki í sauðfé. Niðurstöður hennar eru ætlaðar að vera ráðgefandi fyrir ákvörðun yfirdýralæknis vegna niðurskurðar. Þar er lagt til að heimilt verði að undanskilja kindur frá niðurskurði sem bera verndandi arfgerðir eða mögulega verndandi arfgerðir gegn riðusmiti.

### *Mótmæltu tilboði um bótagreiðslur*

„Við hins vegar mótmæltum því að greiðslur myndu miðast við 16 kíló í gæðaflokki DR2 fyrir hverja kind,“ segir Maríanna. „Þau viðmið eru löngu úrelt og ég veit ekki hvar við ættum að fá gripi fyrir þetta verð – hvað þá ARR-gripi sem okkur verður skylt að notast við í uppbyggingu okkar hjarðar.

Við erum með 27 gimbrar sem eru með ARR-genasamsætuna sem er viðurkennd sem verndandi gegn riðusmiti. Svo erum við með aðrar 28 gimbrar með mögulega verndandi arfgerðir og einnig 52 ær sem eru með mögulega verndandi arfgerðir. Hrútarnir eru um 14, bæði með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir.“

### *Fóru sjálf strax í arfgerðagreiningar*

Maríanna segir að þegar þeim var tilkynnt um að riða hefði greinst í þessu eina sýni þann 27. október þá hafi þeim verið tjáð að í boði væri að taka sýni úr þeim gripum sem ekki voru enn arfgerðargreindir. Tæplega 590 fjár voru þá á Stórhóli. „Við fórum strax þá um helgina að taka sýnin, úr rúmlega 380 gripum. Við sáum sjálf um þá framkvæmd með aðstoð góðra vina. Við vorum búin að arfgerðargreina hluta hjarðarinnar áður, en við ákváðum strax að taka þátt í þessum rannsóknum þegar þær hófust með skipulegum hætti.

Við settum á 11 lambhrúta í haust og keyptum þrjá. Tveir þessara aðkeyptu eru með T137 en sá þriðji er arfblendinn með ARR-samsætuna. Af okkar ásettu hrútum eru þannig níu arfblendnir ARR, einn arfhreinn AHQ, einn C151/AHQ og svo einn sem er C151/ARQ. Svo eigum við enn hann Garra frá Þernunesi, en við keyptum hann í fyrra.“

### *Hrútar með áhættuarfgerð*

„Við vorum svolítið óheppin því að kom í ljós að bestu hrútarnir okkar reyndust vera með áhættusamsætuna VRQ þegar við létum arfgerðagreina þá fyrir um tveimur árum. Við hættum þá að nota þá en vorum auðvitað búin að setja á mikið undan þeim áður. Það kemur greinilega fram í hlutfalli áhættuarfgerðarinnar hjá okkur,“ segir Maríanna. Hún segir að þetta sýni hversu gríðarlega mikilvægt það er fyrir bændur að láta arfgerðargreina í það minnsta hrútana sína.

### *Erfið uppbygging fram undan*

„Núna er í raun biðstaða hjá okkur. Viðræðurnar við ráðuneytið ganga ekki vel. Okkur ber að leggja fram stíft ræktunarplan þar sem ARR-samsætan verður í fyrirrúmi fyrir ræktun á nýjum stofni, ef við viljum halda þessum gripum. Við erum líka að semja um bæturnar og vorum svona að vonast til að þetta yrði gert sómasamlega, í anda hinnar nýju nálgunar – en erum núna bara mátulega bjartsýn,“ segir Maríanna.

Hún segir ljóst að hreinsunin verði allt öðruvísi en verið hefur í fyrri niðurskurðum og nú þurfi ekki að fjarlægja út úr fjárhúsunum allar innréttingar. „Það dugar að sótthreinsa vel og þrífa hluti sem gætu innihaldið smitefni. Svo getum við byrjað að byggja upp nýjan stofn um leið og við höfum fengið bæturnar til að standa straum af því. En það verða að vera ARR-gripir.

Við ætlum að reyna að fara þessa leið – en það verður ekki auðvelt. Bæði vantar fleiri slíka gripi og svo má búast við að þeir verði líka í dýrari kantinum. Við megum til dæmis bara kaupa arfhreina ARR-hrúta og þeir eru nú bara þrír til núna í landinu. Svo fylgir uppbyggingunni sú kvöð að vera með hjörðina í allt að sjö ára einangrun. Takist okkur fyrr að rækta upp stofn sem samanstendur af 75 prósent arfhreinum ARR-gripum og 25 prósent með ARR-samsætu og mögulega verndandi samsætu þá getur Matvælastofnun aflétt einangruninni. Þó aldrei fyrr en að liðnum tveimur árum frá niðurskurði. Einnig er okkur heimilt að setja á afrétt fé með ARR/ARR eða ARR/MV þegar þessi tvö ár eru liðin.

Þó þetta séu framfarir frá þeim reglum sem áður voru þá snýst þetta um að geta lifað og við lifum ekki á 100 kindum og það verður erfitt að byggja þetta upp aftur.“

### *Fyrst verði samið um bætur*

Maríanna segir að þau hafi gert ráðuneytinu það ljóst að féð verði ekki látið af hendi fyrr en búið verði að semja um bætur. „Við erum líka núna bara að vinna þessa ræktunaráætlun, þar sem gert er ráð fyrir að 75 prósent af hjörðinni verði arfhreint með ARR en 25 prósent ARR-samsæta á móti mögulega verndandi samsætu.

Það er ekki hægt að gera samninga fyrr en við höfum lagt fram þessa áætlun. En það er ekkert skemmtilegt að hafa þetta allt ófrágengið hér heima á bæ hangandi yfir okkur.“ */smh*




Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

FRÉTTIR



**Bændasamtökin vilja að aðgerðir landbúnaðarins byggi á þremur stoðum – þekkingu og ráðgjöf; umhverfisbókhaldi; og rannsóknum og nýsköpun.**
Mynd / Jón Eiríksson – úr safni

# Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

**Bændasamtök Íslands senda frá sér í næstu viku aðgerðaráætlun með umfjöllun um aðgerðir sem geti stuðlað að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, bindingu kolefnis og umhverfisvænni starfsháttum í landbúnaði.**

Markmið Íslands er að lágmarki fimmtíu og fimm prósenta lækkun í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030, miðað við árið 1990. Þá er stefnt á að landið verði kolefnishlutlaust árið 2040. Í áðurnefndri aðgerðaráætlun segir að áætlað sé að árið 2021 hafi losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði verið sex hundruð og tuttugu þúsund tonn koltvísýringsígilda, sem sé samdráttur upp á ellefu prósent miðað við 1990.

Með aðgerðaráætlun landbúnaðarins í loftslagsmálum er stefnt að því að styrkja bændur á þeirri vegferð að tileinka sér nýja tækni og framleiðslukerfi. Þá segir að aðilum þurfi að vera kleift að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda án neikvæðra áhrifa á framleiðslugetu eða arðsemi. Lagt er til að aðgerðir í loftslagsmálum landbúnaðarins byggi á þremur stoðum; þekkingu og ráðgjöf, umhverfisbókhaldi og rannsóknum og nýsköpun.

*Þrjár stoðir*

Hvað fyrstu stoðina varðar nefna skýrsluhöfundar verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður, sem er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Þar fái bændur fræðslu og fari í loftslagsaðgerðir í sínum búrekstri sem byggi helst á samdrætti í losun og kolefnisbindingu. Lögð sé áhersla á að með loftslagsvænum búskaparháttum aukist framleiðni og tekjur. Þá öðlist bændur þekkingu sem miði að bættri nýtingu áburðar- og fóðurefna.

Önnur stoðin miði að því að koma á „grænu bókhaldi", til að halda utan um losun frá landbúnaði. Í landbúnaði sé löng hefð fyrir skýrsluhaldi og með því að bæta við umhverfisbókhaldi væri mögulegt að fylgjast með árangri í loftslagsmálum. Nærtækast væri að nota gagnagrunninn jord.is á þann hátt sem myndi gera bændum kleift að setja sér mælanleg markmið.

*Nýsköpun mikilvæg*

Í greinargerð með þriðju stoðinni, eða rannsóknum og nýsköpun, er kallað eftir því að átak verði gert í að meta raunlosun frá mismunandi landgerðum hér á Íslandi, en tölur um kolefnislosun séu oft áætlaðar út frá erlendum gagnagrunnum. Þá er bent á þá miklu þörf sem er á auknu fjármagni til nýsköpunarverkefna í landbúnaði sem geti stuðlað að samdrætti í losun.

Bændasamtökin hafi haft forgöngu um að setja á fót ýmis nýsköpunarverkefni sem geti skipt sköpum. Þar má nefna áburðarframleiðsluverkefni Terraforming LIFE, sem hverfist um að blanda búfjárúrgangi og fiskimykju úr landeldi til framleiðslu áburðar og lífgass. Þá hafi Bændasamtökin fengið styrk til að fýsileikagreina förgun á sláturúrgangi með hitasundrunarbúnaði, eða lífkolaframleiðslu. Á næsta ári fari af stað verkefnið CircleFeed, sem snýst um framleiðslu rauðþörunga sem geti dregið úr metanlosun sem myndast við iðragerjun mjólkurkúa.
/ÁL




## Lyfjastofnun Evrópu:

# Sala sýklalyfja dregst saman

## – Ísland og Noregur enn í sérflokki

**Sala sýklalyfja fyrir búfé og eldisfiska í Evrópu dróst saman um 12,7% milli áranna 2022 og 2021 samkvæmt skýrslu Lyfjastofnunar Evrópu, en þrettánda skýrsla ESVAC um sölu sýklalyfja fyrir dýr í álfunni kom nýlega út.**

Þegar horft er til allra landanna þá nam sala sýklalyfja að meðaltali 73,9 mg/PCU en var árið 2021 alls 84,4 mg/PCU. Notkun sýklalyfja í íslenskum landbúnaði er enn sem áður með því allra minnsta meðal Evrópulanda. Ísland mælist með 4,4 mg/PCU sem er það næstlægsta á eftir Noregi sem mælist með 2,1 mg/PCU.

Kýpur er skráð með langmestu sölu sýklalyfja, alls 254,7 mg/PCU og Pólland með 196 mg/PCU. Heildarsala sýklalyfja er mjög misjöfn milli landa sem orsakast meðal annars af mismunandi samsetningu dýrastofns landanna, mismunandi framleiðslukerfum og tíðni sjúkdóma. Sýklalyf til inntöku um munn eru söluhæsta vöruform lyfjanna og nam 63,4% af heildarsölu sýklalyfja fyrir búfénað. Algengasti sýklalyfjaflokkurinn var penicillín (32,7%) og tetrasýklín (23,5%).

*Markmið Evrópusambandsins í sjónmáli*

Skýrsla Lyfjastofnunar Evrópu nær til 31 lands heimsálfunnar og hefur komið út árlega síðastliðin þrettán ár.

Í maí árið 2020 innleiddi Evrópu- sambandið áætlun kennda við „Farm to fork" sem er heildstæð stefna er miðar að sjálfbærari matvælaframleiðslu.

Eitt af markmiðum stefnunnar er að draga úr heildsölu aðildarríkja á sýklalyfjum fyrir búfé og í fiskeldi um helming milli áranna 2018 og 2030. Ákvarðað meðalheild- sölumarkmið var sett við 59,2 mg/PCU. Í skýrslunni kemur fram að sambandsríkin séu komin hálfa leið að takmarkinu aðeins fjórum árum eftir að það var sett, þar sem meðalheildsala þeirra ríkja sem stefnan tekur til sé við 84,8 mg/PCU en var 118,3 mg/PCU árið 2018. Ef um 5% af árlegum samdrætti í sölu sé viðhaldið muni markmið nást fyrir árið 2030.

*Misræmi milli talna frá Noregi*

Bent hefur verið á að mikið fiskeldi í Noregi skekki þá mynd sem landið fær sem hreint



búfjárræktarland. Þannig sér Norska dýralæknastofnunin ástæðu til að sýna notkun sýklalyfja í búfénaði, utan fiskeldis, í sinni ársskýrslu en þar er niðurstaðan 6 mg/PCU og tekur það til nautgripa, sauðfjár, svína, geita og alifugla.

*Aukin notkun á Íslandi vegna sýklalyfjagjafar í landeldi*

Misræmis gætir einnig í tölum Íslands. Í skýrslu Landlæknis um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi baktería í mönnum og dýrum á Íslandi 2022 kemur fram að heildarsala sýklalyfja fyrir dýr hafi aukist hérlendis um 31% milli áranna 2021 og 2022. Ástæða þess er notkun á sýklalyfjum við meðhöndlun á bleikju í landeldi gegn bakteríunni kýlaveikibróður sem blossaði upp í einni strandeldisstöð.

Ef sala sýklalyfja vegna þessarar meðhöndlunar er hins vegar dregin frá heildarsölunni hefur salan dregist saman. Mælieiningar í skýrslu landlæknis miða hins vegar við tonn af sýklalyfjum og ekki er tekið með í reikninginn breytingar á stærð búfjárstofna.

*Stærsta heilsufarsógn samtímans*

Sýklalyfjaónæmi er ein helsta heilsufarsógn samtímans samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) en Evrópusambandið hefur gefið það út að um 33.000 Evrópubúar deyi árlega að völdum kvilla sem sýklalyf ráða ekki við. Vandinn eykst ár frá ári og því hefur verið slegið fram að árið 2050 muni sýklalyfjaónæmi verða 10 milljónum manna að aldurtila árlega.

Fjölónæmar bakteríur geta borist með ferskum matvælum og hráum búvörum frá framleiðslulöndum þar sem sýklalyfjanotkun er mikil. Breiðvirk sýklalyf brotna afar hægt niður í náttúrunni og mengaður búfjáráburður sem notaður er á ræktað land getur því smitað út frá sér fjölónæmum bakteríum, á grænmeti og jafnvel í grunnvatn. Mikil verðmæti felast því í takmarkaðri notkun sýklalyfja í landbúnaði.
/ghp

## Hvað er mg/PCU?

Mælieining þróuð af Lyfjastofnun Evrópu til þess að fylgjast með sýklalyfjanotkun og sölu um Evrópu. PCU vísar til „Population Correction Unit" sem tekur tillit til áætlaðrar meðalþyngdar þeirra dýra sem meðhöndluð og staðlar þar með heildarmagn virkra efna sem selt eru út frá samsetningu dýrastofnsins í hverju landi fyrir sig. PCU tekur til búfénaðar, sem notaður er í matvælaframleiðslu, að meðtöldum hrossum og eldisfiskum en horft er fram hjá gæludýrum á borð við hunda og ketti í útreikningunum. Sem dæmi þýðir 1 mg/PC að á ársgrundvelli hefur 1 milligramm af sýklalyfjum verið notað fyrir hvert kíló af áætlaðri þyngd dýra sem nýtt eru í matvælaframleiðslu.





FJÓRHJÓL
2024
- Nýtt Boddý
- Nýjir 500 og 700 Rotax mótorar
- Slagmeiri fjöðrun
- Fjölhæfara, kraftmeira og léttara
can-am
SEXHJÓL
2024
- Nýtt lyklakerfi
- Reistari fjöðrun
- Sverari demparar
- Ný 26" ITP Terra Cross dekk
- Uppfærður 4Lok 100% framlás
- Ný LED framljós
- Stillanleg mótorbremsa
BRP
ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is / brp@ellingsen.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.** Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## LEIÐARI

### Landbúnaðarland

Jude L. Capper prófessor sagði í erindi sínu á afmælisráðstefnu RML að misvísandi skilaboð neikvæðra fregna um landbúnaðarframleiðslu væru að valda því að fólk væri beinlínis með samviskubit yfir því að borða kjöt og drekka mjólk. Hún sagði að upplýsingar hagsmunaafla sem berjast gegn búfjárræktun væru að verða ofan á þegar kemur að því hvað fólk telur vera satt og rétt í umræðum tengdum loftslagsmálum. Með erindi sínu hvatti hún alla til að vara sig á ofureinföldum framsetningum um sjálfbærni tiltekinnar matvælaframleiðslu í samanburði við aðra. Hún tók dæmi um þá algengu staðhæfingu að búfjárræktun noti 75% af landbúnaðarlandi heimsins. Skilaboðin vekja óhug enda auðveldlega hægt að leiða líkum að því að slík notkun lands sé óhagkvæm í meira lagi. Hún sýndi svo nokkrar myndir af landbúnaðarsvæðum sem nýtt eru til beitar. Öll dæmin voru á þann veg að án beitar hefðu landsvæðin ekki nokkra notkunarmöguleika til matvælaframleiðslu. Þau væru ekki hæf til akuryrkju, hvað þá til banana- eða baunaræktar, af ýmsum ástæðum; þau væru of köld, of þurr, mishæðótt eða næringarsnauð. Hins vegar lifði þar búfé góðu lífi í sátt við umhverfið.

Land er sem sagt ekki það sama og land og horfa þarf til þess við framsetningu upplýsinga um landgæði og möguleika lands til matvælaræktunar. Landsvæði heimsins telur um 14.000 milljón hektarar. Tæpur hálfur milljarður hektara er flokkaður sem landbúnaðarland samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eða um 37,6% af öllu landsvæði. Landbúnaðarlandi er skipt í þrjá flokka; ræktanlegt land (28%), varanleg ræktun (svo sem ávaxta- og hnetutré) og svo fyrrnefnt beitarland (69%).

Flatarmál góðs ræktarlands á Íslandi er um 600 þúsund hektarar að stærð, en aðeins er um 120 þúsund af þeim í notkun í dag, eða um 20%. Af þessum 600.000 hekturum eru 200.000 ha taldir henta fyrir tún og grænfóður, en er of kalt fyrir bygg og hveiti. Um 380.000 ha er talið henta fyrir tún, grænfóður og bygg en um 20.000 ha henta fyrir grænfóður, bygg og hveiti og þá einkum á Suðurlandi.

Í fréttaskýringu hér í tölublaðinu er talað um að vernda þurfi það landsvæði sem hentar vel til matvælaræktunar svo því verði ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Dæmi eru um að góð sauðfjárræktarlönd hafi verið keypt upp í þeim tilgangi að rækta eingöngu skóga. Fjallað hefur verið um svipuð málefni í ýmsum erlendum fjölmiðlum, til að mynda var slík umfjöllun í Bretlandi í haust, þar sem grænþvottur fjársterkra stórfyrirtækja er að eiga sér stað á kostnað þarlendrar matvælaframleiðslu sem sé beinlínis teflt í tvísýnu vegna þessa.

Verði þingsályktunartillaga, byggð á hvítbók um skipulagsmál, samþykkt nú í vor mun það vera á ábyrgð sveitarfélaga að standa vörð um okkar ræktunarland og bera því tiltekna ábyrgð á að tryggja að hér verði stuðlað að fæðuöryggi. Góðu landbúnaðarlandi er best komið í ræktun því það land er líklegast til að tryggja lágt kolefnisfótspor innlendrar framleiðslu.

Íslenskir bændur eru nefnilega fyrirmyndarfulltrúar umhverfisvænnar matvælaframleiðslu og er rétt að minna á að hér eru starfandi nautgripabændur, mjólkur- og kjötframleiðendur, sem með loftslagsvænum búskap binda meira kolefni en starfsemi þeirra losar. Við þurfum því ekki að hafa samviskubit yfir neyslu á íslenskri mjólk og nautakjöti þrátt fyrir að misvísandi framsetning með meðaltalsútreikningum á heimsvísu gæti gefið tilefni til annars.

***Guðrún Hulda Pálsdóttir** ritstjóri.*

## Vaxtaverkir



**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is

**Undanfarna mánuði hafa stýrivextir hækkað umtalsvert samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands.**

Þetta hefur raungerst undanfarna mánuði og er staðan sú að stýrivextir standa í 9,25% sem gerir það að verkum að það er nánast ómögulegt að stunda allan almennan atvinnurekstur í slíku umhverfi.

Landbúnaður er þar undir og bændur eiga ekki kristalskúlu frekar en áður og þurfa því að reiða sig á að allar ákvarðanir gangi upp til skemmri og lengri tíma. Í sömu andrá eru það skilaboðin að þrátt fyrir að svo árar, megi fyrir enga muni velta slíkum hækkunum út í verðlagið þar sem það geti haft verðbólguaukandi áhrif. Hvernig má það vera að hægt sé að ætlast til þess að frumframleiðslugreinarnar taki á sig höggið af þessum hækkunum án þess möguleika að verðleggja afurðirnar í samræmi við framleiðslukostnað og hvort sem um er að ræða vexti eða annan aðfangakostnað? Þetta eru „vaxtaverkir“ í mínum huga og leiðir af sér að frumframleiðsla á landbúnaðarvörum mun dragast enn frekar saman. Þurfum við að finna upp á nýju hagstjórnartæki sem gefur ekki af sér þessi höfrungahlaup til framtíðar, því eitt leiðir af öðru og allir tapa.

Í síðustu viku var haldin ráðstefna á Selfossi í tilefni tíu ára afmælis Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins með fjölmörgum áhugaverðum fyrirlestrum á mjög breiðum grunni; allt frá gervigreind til frásagna nýliða í landbúnaði. Á þessum tímamótum vil ég koma á framfæri þökkum til starfsfólks fyrirtækisins, fyrir frábært og faglegt innlegg í umræðu um landbúnað um þau tækifæri sem við eigum í greininni.




**Formaður í pontu á afmælisráðstefnu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.** Mynd / RML

Einnig vil ég af þessu tilefni óska starfsfólki og stjórn fyrirtækisins til hamingju í tilefni afmælisins, megi áframhaldandi metnaður sem einkennir starf Ráðgjafarmiðstöðvarinnar vera bændum og atvinnugreininni til hagsbóta. Það er mjög mikilvægt að staðið verði vörð um starfsemina sem er allri framþróun í frumframleiðslunni mikilvæg. Þá ekki einungis í framleiðslulegu tilliti heldur líka í þeim verkefnum til að draga úr loftslagslegum áhrifum landbúnaðarins til framtíðar og þar skipta framlög sem stafa frá hinu opinbera miklu, þar sem þeim er ætlað að standa undir ráðgjöf og leiðbeiningarþjónustu íslensks landbúnaðar.

Á dögunum birtist frétt á RÚV um að vísbendingar væru um að andleg vanlíðan meðal bænda hefði aukist síðustu misseri en rannsókn stendur nú yfir á geðheilbrigði bænda á Íslandi.

Fjórtán ár eru liðin frá því samsvarandi könnun var gerð og áttu Bændasamtökin frumkvæði að rannsókninni en Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sér um framkvæmd hennar.

Ég hvet alla félagsmenn Bændasamtakanna að taka þátt. Að því sögðu, þá skulum við í aðdraganda aðventunnar hugsa vel um hvert annað og sinna nágrannavaktinni þannig að allir njóti, og horfa björt fram á veginn.

## GAMLA MYNDIN



**Í mars það herrans ár 1966 stóðu pallbílar, fullfermdir af heyi við Bændahöllina og biðu þess að koma heyinu í skip í Reykjavík sem sigldu til Austurlands. Höfðu heyflutningar staðið yfir veturinn 1965-1966, en segir í tölublaði Freys í desember árið 1969 að *„Síðla vetrar, árið 1965, voru svellalög víða um land, einkum þó um austanvert landið. Til viðbótar ríkti svo mikill loftkuldi, sérstaklega um Austurland, allt fram um sólstöður. Var á vordögum ljóst, að dauðkalin jörð og sprettuleysi, allt frá Þistilfirði suður i Hornafjörð, og nokkuð utan þeirra marka, mundi valda stórfelldum hnekki á búskap bænda ef ekkert yrði að gjört.“* Vegna þessa tók Stéttarsamband bænda þá ákvörðun, að vegna þess hve naumur sauðgróður þar eystra var, skyldi flytja hey af nægtum Sunnlendinga austur, frekar en að kaupa erlenda fóðurvöru. Samanlagt voru um 3.800 lestir heys fluttar með bæði skipum og bílum, en bendir niðurlag greinarinnar í Frey til þess að ekki hafi verið um ákjósanlega vinnslu verks að ræða: *„Eitt skal fullyrt, að flutningar á heyi með bílum og skipum á svipaðan hátt og gerðist veturinn 1965-66, verður aldrei endurtekinn. Aðrar og hagkvæmari aðferðir til þess að fullnægja fóðurþörf hljóta að verða nærtækari ef álíka atburðir herja búskap bænda öðru sinni.“* /SP**

LÍF&STARF



Þorsteinn Tómasson, plöntuerfðafræðingur og fyrrum forstjóri RALA, og Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Myndir/ ghp



Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við Lbhí og Björn Halldórsson, stjórnarformaður RML.



Elena Westerhoff, ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði og Guðni Þorvaldsson, prófessor emeritus.



Óli Finnsson, garðyrkjubóndi í Heiðmörk, sagði frá áskorunum við að kaupa og taka við garðyrkjustöð.



Guðný Helga Björnsdóttir, bóndi á Bessastöðum, fjallaði um vegferð sína í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður.

# Svipmyndir frá afmælisráðstefnu

**Fjölmennt og góðmennt var á afmælisráðstefnu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sem haldin var á Hótel Selfossi þann 23. nóvember síðastliðinn.**

Yfirskrift ráðstefnunnar var Áskoranir og tækifæri í landbúnaði og fagnað var áratuga starfsafmæli ráðgjafarmiðstöðvarinnar sem sett var á laggirnar 1. júní árið 2013. Dagskráin innihélt fjölbreytt erindi og fyrirlestra, til að mynda um hlutverk búfjár í sjálfbærri matvælaframleiðslu, gervigreind og samfélagsmiðla, byltingu í sauðfjárrækt og nautgriparækt, próteinframleiðslu framtíðarinnar, áherslur í jarðrækt og loftslagsvænan landbúnað.

Með 20. tölublaði Bændablaðsins fylgdi sérblað tileinkað afmælishátíðinni sem starfsfólk RML hafði veg og vanda af. Í því er hægt að glöggva sig á starfsemi ráðgjafarmiðstöðvarinnar og innihaldi nokkurra erinda sem flutt voru á afmælishátíðinni.

RML er ráðgjafarfyrirtæki í landbúnaði og tengdum greinum. Allir bændur landsins eiga kost á ráðgjöf RML án tillits til búsetu. Þá fer RML með framkvæmd tilgreindra sameiginlegra verkefna samkvæmt lögum í umboði Bændasamtaka Íslands.

*/ghp*



Góður rómur var gerður að erindi Þóreyjar Ólafar Gylfadóttur um jarðrækt.




Hjálmar Gíslason var með erindi um gervigreind.



Ísak Jökulsson, bóndi á Ósbakka, fjallaði um umhverfissóðaskap.



Jens Bligaard, framkvæmdastjóri hjá Seges í Danmörku, sagði frá kolefnisreiknivélinni ESGreen tool.



Þorberg Þ. Þorbergsson, Eiríkur Loftsson, Þórey Ólöf Gylfadóttir, Helgi Jóhannesson og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir starfa öll hjá RML.

# MÆLT AF MUNNI FRAM

Þessi snjalla vísa **Stefáns Jónssonar** náði ekki inn í síðasta vísnaþátt, og verðskuldar því aðra tilraun:

*Sá á hrós og sálarró*
*sem að rósir græðast,*
*þegar frjósa fer, og snjó*
*fjöll og ósar klæðast.*

Mikil prýði er einnig að þessari hringhentu oddhendu **Kristjáns frá Djúpalæk**:

*Dug og prýði drepur lýða*
*daga stríður her.*
*Ekki þýðir þó að kvíða*
*þeim, er síðast fer.*

Í útvarpsþætti fyrir þéttings löngu, hlaut **Jón úr Vör** verðlaun fyrir þessa stöku sína:

*Ekki þarf að gylla gull,*
*gullið, það er nógu bjart.*
*Aftur verður bullið bull*
*þótt búið sé í rímað skart.*

**Jón Benediktsson** lögregluþjónn var samt ekki fullkomlega sammála og svaraði vísu Jóns úr Vör svofelldlega:

*Gull er gull og bull er bull,*
*bilið langt á milli er.*
*Jón er Jón og flón er flón,*
*en fjarlægðin er styttri hér.*

Og í ofangreindum útvarpsþætti var varpað fram þessum ófeðraða fyrriparti:

*Andar köldu í okkar garð*
*enn í dönskum ræðum.*

**Magnús Jónsson frá Barmi** átti verðlaunabotninn:

*Brýnum egg í Sköfnungs skarð*
*með Skeggja blóð í æðum.*

**Skúli Guðjónsson** læknir orti:

*Brostnir strengir, brotin spjót,*
*blóm á engi kalin.*
*Veiðigengi og vinarhót*
*völt eru lengi talin.*

Eftir **Indriða á Fjalli** í Aðaldal er þessi mergjaða vísa:

*Fold, með dauðans hörg og hof*
*og helga lífsins dóma,*
*gott er að drekka en ekki um of*
*angan þinna blóma.*

**Jóhann Bárðarson** orti svo:

*Alltaf hækki á auðnu ris,*
*alltaf stækki skárinn.*
*alltaf smækki ör og bris,*
*alltaf fækki sárin.*

Eftir **Einar frá Ósi** er þessi snjalla vísa:

*Út á lífsins barlómsbraut*
*barst mér hávær kliður,*
*öskruðu þar í einum graut*
*úlfúð, sundrung, friður.*

Þó langt sé til vors, er engin leið að sneiða hjá þessari vísu **Ólínu Jónasdóttur:**

*Þegar snjallar vorsins vættir*
*vaka í fjallageim.*
*Mér finnst allir eðlisþættir*
*á mig kalli heim.*

Tryggvi í Kothvammi var sláturhússtjóri á Blönduósi. Það ergði bændur að engin leið var að fá hrútspungana heim til verkunar, Tryggvi var ófáanlegur að láta þá út af húsinu. Ónefndur bóndi orti af þessu tilefni:

*Verkstjórinn í vinnu er*
*voðalega slunginn.*
*Ef ég dey, hann undan mér*
*eflaust rífur punginn.*

Eftir **Stefán frá Móskógum** er þessi vísa:

*Þó setjist vetur völdum að,*
*vona ég enginn kvíði.*
*Við erum menn að þola það*
*þó að blási og hríði.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*



Frá aðalfundi Æðarræktarfélags Íslands á dögunum. Myndir / Aðsendar

# Verðmætasköpun eykst og mikil sala

**Æðarræktarfélag Íslands (ÆÍ) hélt aðalfund að Keldnaholti 18. nóvember. Alls mættu liðlega sextíu manns, þar af rúmlega tíu í gegnum fjarfundarbúnað.**

Í einu af nokkrum erindum á fundinum fór Elías Gíslason yfir sölu- og markaðsmál. Þar kom fram að mikil aukning hefur verið í sölu á æðardúnssængum framleiddum á Íslandi. Árið 2020 hafi sængurnar verið sjö og hálft prósent af heildarverðmæti en var hlutfallið komið upp í rúm tuttugu og átta prósent árið 2022. Helstu viðskiptaþjóðirnar séu Bretland sem kaupi liðlega fjórutíu og sjö prósent sænganna og Bandaríkin sem versli tæp nítján prósent.

Margrét Rögnvaldsdóttir, formaður ÆÍ, segir í samtali við Bændablaðið að aukninguna megi rekja að hluta til þess að bein sala í gegnum netið er orðin auðveldari. Þetta sé jákvætt því verðmætaaukningin verði til hér á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum frá Margréti eru engar eldri birgðir til af dún í landinu og er verðið búið að vera hátt undanfarið. Japan hafi lengi verið stærsta viðskiptalandið með hrádún, en á síðasta ári var mestur útflutningur til Þýskalands.

Þá samþykkti fundurinn ályktun þar sem frumvarp um brottfall laga um gæðamat á æðardún er harðlega gagnrýnt. Í þeim lögum segir að allur æðardúnn skuli metinn og veginn



Aðalfundurinn ályktaði um brottfall laga um gæðamat á æðadún.

af lögskipuðum dúnmatsmönnum áður en komi til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings.

Margrét segir ekkert samráð hafa verið við ÆÍ og það sé einhugur meðal félagsmanna um að missa ekki lögin í einu vetfangi. Þau hafi verið sett vegna ákalls æðarbænda, en fram að því hafi æðardúnn sem innihélt ryk og aðskotahluti verið fluttur út.

/ÁL



Dagbjört Diljá Einþórsdóttir og Ólafur Rúnar Ólafsson, bændur á Urriðaá, sem lentu í niðurskurði vegna riðu sem greindist í einni kind á bænum í apríl síðastliðnum. Mynd / smh

## Bætur vegna niðurskurðar:

# Samningaviðræðum við Miðfjarðarbændur ekki lokið

**Í umræðum á Alþingi á mánudaginn um riðuveiki í sauðfé og bætur vegna niðurskurðar í kjölfar riðutilfella sagði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra að búið væri að semja við bændur í Miðfirði um bótagreiðslur vegna niðurskurðar á tveimur bæjum í apríl.**

Bændur segja hins vegar að það sé ekki rétt og raunar sé langt í land.

Staðhæfing Svandísar kom fram í viðbrögðum við ræðu Teits Björns Einarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi og formanns efnahags- og viðskiptanefndar, sem var málshefjandi sérstakrar umræðu um riðu. „Þetta er nú ekki rétt hjá Svandísi," segir Dagbjört Diljá Einþórsdóttir á Urriðaá.

### *Gekk ekki að vera launalaus*

„Við erum að vísu búin að skrifa undir samkomulag um greiðslu á hluta bótanna, sem við teljum að taki mið af úreltri reglugerð, eins og hefðbundnar afurðatjónsbætur og bústofnsbætur – og einnig um þá hluti sem átti að farga úr fjárhúsunum.

Við förum fram á það að fá þetta greitt svo við gætum haldið áfram að leita réttar okkar, það gekk ekki að vera launalaus í allt haust og vetur. En það hefur nú ekki gengið þrautalaust að fá þetta greitt, ríkið reynir stanslaust að láta okkur skrifa undir samkomulag sem þvingar okkur inn í reglugerð og setur okkur þá skorður seinna meir ef við leitum réttar okkar, eins og hefur sýnt sig í dómsmálum tengdum svipuðum málum.

### *Ekki búið að skrifa undir heilan samning*

Sagði Svandís í ræðu sinni að samkvæmt sínum heimildum innan úr matvælaráðuneytinu hefðu samningar við Miðfjarðarbændur verið undirritaðir á föstudaginn og væri samningaviðræðum þar með lokið.

„Það að við séum búin að skrifa undir heilan samning er ekki rétt og enn langt í land með það býst ég við," segir Dagbjört hins vegar.

### *Mögulegur stuðningur við að taka hraðar inn verndandi arfgerðir*

Dúi Jóhannesson Landmark, upplýsingafulltrúi í matvælaráðuneytinu, segir í svari við fyrirspurn um málið að samningar hafi verið undirritaðir við bændur um bætur vegna niðurskurðar vegna riðu sem greindist í Miðfirði í vor.

„Samningarnir ná til þeirra þátta sem sambærilegir samningar hafa gert hingað til og útreikningar byggja á sömu viðmiðum.

Umræddir bændur gerðu í samningunum fyrirvara við ákveðna þætti og munu taka afstöðu til hvernig verði með þá farið. Jafnframt er verið að skoða hvort fýsilegt sé að styðja umrædda bændur við að taka hraðar inn sauðfé með verndandi og hugsanlega verndandi arfgerðir," segir í svari Dúa.

/smh




www.bbl.is

## Hrossarækt:

# Íslenskir verðlaunahestar í útlöndum

**Sjö stóðhestar, fæddir á Íslandi en staðsettir erlendis, uppfylltu viðurkenningu fyrir afkvæmahross.**

Samræming varð á veitingu viðurkenninga fyrir afkvæmahross árið 2019 innan aðildarlanda alþjóðasambands FEIF þannig að núna eru hvarvetna sömu viðmið. „Viðurkenning á afkvæmahrossum ber að skoða sem mikinn heiður og afrek og endurspeglar sannarlega gildi hrossa til framræktunar," segir Elsa Albertsdóttir hrossaræktarráðunautur.

Þetta eru stóðhestarnir Viti frá Kagaðarhóli, Konsert frá Hofi, Ölnir frá Akranesi, Kappi frá Kommu og Herjólfur frá Ragnheiðarstöðum sem allir hljóta heiðursverðlaun, og Draupnir frá Stuðlum og Hersir frá Lambanesi sem hljóta fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

Fyrstu verðlaunahestar hafa að lágmarki 118 stig og 15 dæmd afkvæmi en heiðursverðlaunahestar 118 stig og 50 dæmd afkvæmi.



Ölnir frá Akranesi var fluttur til Danmerkur árið 2021 en hefur hlotið lágmark til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi. Mynd / ghp

Þetta eru lágmarkskröfur og stigin eiga bæði við um kynbótamat aðaleinkunnar og kynbótamat aðaleinkunnar án skeiðs.

Einnig hlýtur Óðinn vom Habichtswald fyrstu verðlaun en hann er fæddur og staðsettur í Þýskalandi. Draupnir er nú í Þýskalandi, Hersir og Konsert í Belgíu, Viti, Ölnir og Kappi í Danmörku og Herjólfur í Frakklandi.

/ ghp


NÓA Konfekt
Hver er þér svo kær?
Á hátíðum og hvers kyns hamingjustundum jafnast einfaldlega ekkert á við konfekt.
Gefðu þeim sem er þér svo kær gleðistundir með ljúffengu konfekti frá Nóa Síríus.
Gott að gefa, himneskt að þiggja!
cocoa HORIZONS

FRÉTTIR

# Tilraun til að bjarga færeyska hrossakyninu

**Færeyska hestakynið er í útrýmingarhættu en í dag eru til 89 færeysk hross og af þeim eru einungis 25 frjóar hryssur.**



**Fósturvísar verða teknir úr færeyskum hryssum og settir í íslenskar merar.** Mynd / Cécile Zahorka

Félagið Felagið Føroysk ross hefur unnið hörðum höndum að því að bjarga færeyska hrossakyninu og nýjasta hugmyndin er sú að flytja inn íslenskar hryssur, nota þær sem staðgöngumæður, og flytja þær síðan aftur úr landi.

Eitt af helstu baráttumálum félagsins undanfarin ár hefur verið að breyta löggjöf í Færeyjum. Eins og staðan er í dag er útflutningur á færeyska hestinum bannaður án leyfi til útflutnings er eitt af því sem talið er nauðsynlegt til að tryggja afkomu hestakynsins. Árið 2021 var Magnusi Rasmussen, þáverandi umhverfisráðherra Færeyja, afhent áskorun, undirrituð af 1.200 manns, um að breyta lögunum en það bar engan árangur. Bundnar eru vonir við að nýr umhverfisráðherra Færeyja, Høgni Hoydal, bregðist við ákalli félagsins um breytingu á lögunum.

Nýlega fékk félagið styrk, frá ónefndum velunnara, upp á 1,5 milljónir danskra króna sem er jafnvirði rúmlega 30 milljóna íslenskra króna. Hyggst félagið nota styrkinn í ræktunarverkefni sem fellst í að flytja 10 íslenskar hryssur frá Danmörku til Færeyja. Fósturvísar verða síðan teknir úr 10 færeyskum hryssum og fluttar yfir í þær íslensku sem verða síðan aftur fluttar til Danmerkur. Þá munu færeysku folöldin sem fæðast í Danmörku fá vegabréf og má því flytja þau á milli landa. Vonast er til að þetta framtak efli ræktun á færeyska hrossakyninu og fjöldi færeyskra hrossa muni aukast jafnt og þétt. */ hf*

# Skilgreina opinbera grunnþjónustu

**Unnin hafa verið drög að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu, ásamt greinargerð.**

Drögin, sem unnin eru á grundvelli byggðaáætlunar, verða í samráðsgátt stjórnvalda til 7. febrúar.

Í byggðaáætlun er lögð áhersla á að opinber grunnþjónusta verði skilgreind í lögum og hvernig réttur íbúa landsins til hennar verði tryggður óháð búsetu. Leitast er við að skilgreina aðgengi að hinni opinberu grunnþjónustu, sem og lágmarksþjónustustig fyrir dreifbýli þar sem of kostnaðarsamt getur þótt að veita þjónustuna.

### *Þjónustustig í dreifbýli*

Í drögunum segir að „opinber grunnþjónusta er þjónusta opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, sem er aðgengileg öllum íbúum landsins og nauðsynleg til að skapa fullnægjandi búsetuskilyrði um land allt. Opinber grunnþjónusta er forsenda þess að fólk geti stundað atvinnu, sótt menntun og frístundastarf og sinnt öðrum daglegum verkefnum og þörfum. Það er á ábyrgð stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga að ákveða viðmið um þjónustustig lágmarksþjónustu fyrir dreifbýli.“

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórnum að móta stefnu um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum. Þá samþykkti ríkisstjórnin í haust að hefja vinnu við mótun stefnu um opinbera þjónustu, sem felur meðal annars í sér að sett verði þjónustuviðmið um þá þjónustu sem veitt er af hálfu ríkisstofnana.

Skilgreiningin að opinberri grunnþjónustu er fyrst og fremst ætluð stjórnvöldum, bæði ríki og sveitarfélögum, til leiðbeiningar við stefnumótun, framkvæmd stefna og við mat á áhrifum lagafrumvarpa og annarra stjórnvaldsfyrirmæla eða stefnumarkandi ákvarðana hins opinbera. */ sá*

Nú er ekkert mál að steypa í frosti og gera alla jarðvinnu!

Þíðir 40-80cm niður í frost á dag




WWW.FRERI.IS

419-0120 FRERI@FRERI.IS




**Talið er að unnt sé að spara allt að 1.500 GWst árlega á Íslandi og þar af 43 GWst í landbúnaði.** Grafík/Implement

## Orkumál:

# Bæta má orkunýtingu í landbúnaði talsvert

## - Talið unnt að spara allt að 43 GWst

**Unnt er að spara allt að 1.500 GWst árlega á Íslandi og þar af um 43 GWst í landbúnaði. Stærstu tækifærin þar liggja í að bæta virkni dælna, loftræstingar, lýsingar og kælingar.**

Alls eru tækifæri til bættrar orkunýtni hér á landi um 1.5 TWst á ári, eða sem nemur um 8% af núverandi raforkunotkun þjóðarinnar, skv. nýrri greiningu dönsku ráðgjafarstofunnar Implement sem unnin var fyrir íslensk stjórnvöld.

Fram kemur í skýrslu Implement að stærstu auðsóttu tækifærin til orkusparnaðar sé að finna í einkageiranum og opinberri þjónustu, eða 320 GWst. Stór tækifæri sé einnig að finna í bættri orkunýtni til hitunar þar sem notast er við raforku (178 GWst), endurnýtingu glatvarma frá iðnaði (357 GWst) og bættri nýtni raforku í áliðnaði (112 GWst).

Loks séu tækifæri til bættrar nýtingar innan heimila (58 GWst), í landbúnaði (43 GWst), í framleiðslu járnlausra málma (38 GWst) og hjá fiskimjölsverksmiðjum (24 GWst). Þá felist tækifæri í því að minnka töp í flutningskerfi raforku (25 GWst).

### *Nýtir raforku ekki sérlega vel*

Samkvæmt greiningunni er hægt að spara 356 GWst með núverandi tækni og án óheyrilegs kostnaðar. Sparnaði upp á 797 GWst væri hægt að ná fram með meiri fyrirhöfn og kostnaði og fellur sparnaðurinn í landbúnaðargeiranum þar undir, en raforkusparnaður um u.þ.b. 353 GWst telst tæknilega og fjárhagslega erfiður í framkvæmd. Talið er að hægt sé að ná 24% af þessum orkusparnaði á næstu fimm árum og 53% á næsta áratug.




**Áætluð raforkunotkun í landbúnaði.**


Mat á mögulegri hagkvæmniaukningu

- Búrekstur

| Aðgerð | Hlutdeild raforkunotkunar | Mögulegur sparnaður (%) | Mögulegur sparnaður (GWst) |
|---|---|---|---|
| Dæling | 22% | 25% | |
| Loftræsting | 13% | 28% | |
| Lýsing | 13% | 22% | |
| Suða/hitun | 12% | 13% | |
| Kæling/frysting | 9% | 26% | |
| Samtals | | 16% | 23 |

- Gróðurhús

| Aðgerð | Hlutdeild raforkunotkunar | Mögulegur sparnaður (%) | Mögulegur sparnaður (GWst) |
|---|---|---|---|
| Lýsing | 57% | 25% | |
| Dæling | 15% | 25% | |
| Samtals | | 18% | 20 |

**Greining Implement segir landbúnað ekki nýta raforku sérlega vel.**




**Guðlaugur Þór Þórðarson kynnti greiningu á orkusparnaðarmöguleikum.**

Framleiðsla landbúnaðarafurða og rekstur gróðurhúsa á Íslandi nýtir raforku ekki sérlega vel, segir í greiningunni. Helstu skýringar geti verið tiltölulega léleg skilyrði fyrir hagkvæman landbúnað, svo sem jarðvegsskilyrði og tiltölulega mikill fjöldi dimmra og kaldra daga, sem auki þörf fyrir rafmagn til lýsingar og vaxtar.

Að lágmarki þurfi árleg notkun raforku í gróðurhúsum að nema 100 MWst til að þau eigi rétt á niðurgreiðslu til kaupa á rafmagni. Þetta dragi úr orkusparnaðarátaki þar sem þetta geti leitt til þess að efnahagslegur stuðningur tapist fari gróðurhúsið undir viðmiðunarmörk. Enn fremur geti það skapað hvata til aukinnar notkunar hjá gróðurhúsum sem eru rétt undir viðmiðunarmörkum til að tryggja stuðning.

Sá varnagli er sleginn í skýrslunni að forsendur drifkrafta raforkunotkunar og sparnaðarmöguleika séu fengnar úr ítarlegri danskri rannsókn. Undirliggjandi forsenda áætlananna sé því að gróðurhús og önnur búskaparstarfsemi séu svipað uppbyggð og í Danmörku.

Hlutur raforkunotkunar í búskap sé væntanlega nokkuð annar á Íslandi og sparnaðarmöguleikar muni einnig ráðast af ástandi og skilvirkni búnaðar.

### *Mikilvægt fyrir stefnumótun*

„Þessi skýrsla er sú fyrsta sinnar tegundar og er mikilvægur þáttur í þeirri stefnumótun sem á sér stað í dag innan umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Hér er komið enn eitt púslið í alla þessa vinnu sem miðar að því að Ísland nái metnaðarfullum loftslagsmarkmiðum sínum og við sem samfélag náum að framkvæma þriðju orkuskiptin,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, við útkomu skýrslunnar fyrr í mánuðinum.

Greininguna má finna á vef Stjórnarráðsins.

*/ sá*

# SANY

ÁREIÐANLEGAR
# VINNUVÉLAR

**FRÁ EINUM STÆRSTA FRAMLEIÐANDI Í HEIMI**




## BELTAGRÖFUR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY215C | 23.550 kg | 2020 | 3.030 vst. |

Engcon Rotortilt EC226 • EC-OIL Automatic quick coupler system • 3 skóflur Engcon • Smurkerfi SKF Olíumiðstöð

**Verð 18.300.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY135C | 15.000 kg | 2023 | 0 vst. |

Engcon Rotortilt EC214 • EC-OIL Automatic quick coupler system • 3 skóflur Engcon

**Verð 17.600.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY155U | 16.600 kg | 2021 | 0 vst. |

Engcon Rotortilt EC219 • EC-OIL Automatic quick coupler system • 3 skóflur Engcon

**Verð 17.900.000**
án vsk

## SMÁGRÖFUR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY35U | 3.900 kg | 2019 | 23 vst. |

Hraðtengi • 3 skóflur 30,60,130 cm

**Verð 4.600.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY18C | 1.850 kg | 2023 | 0 vst. |

Hraðtengi • 3 skóflur 25,40,100 cm

**Verð 4.400.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY50U | 5.300 kg | 2023 | 0 vst. |

Hraðtengi • 3 skóflur 30,60,130 cm

**Verð 6.900.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY26U | 2.800 kg | 2022 | 0 vst. |

Hraðtengi • 3 skóflur 30,60,120 cm

**Verð 4.900.000**
án vsk

**Sany er einn stærsti vinnuvélaframleiðandi í heimi og þekkt fyrir endingu.**
Þess vegna leiðir Sany markaðinn með **5 ára** verksmiðjuábyrgð, eða sem jafngildir **10.000** vinnustundum.

LEIÐANDI ÁBYRGÐ Á MARKAÐI | 5 ÁR OG/EÐA 10.000 VST

**ELFOSS EHF.** Skeifunni 17, 108 Reykjavík | elfoss@elfoss.is | **www.sany.is** | **Sími 893-4020**

FRÉTTIR



F.v. Hrönn Egilsdóttir frá Hafrannsóknastofnun, Ole Martin Sandberg og Ragnhildur Guðmundsdóttir frá Náttúruminjasafni Íslands, Bryndís Marteinsdóttir frá Landgræðslunni, Skúli Skúlason frá Háskólanum á Hólum og Náttúruminjasafni Íslands, Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra, Benedikt Árnason ráðuneytisstjóri og Björn Helgi Barkarson, skrifstofustjóri sjálfbærni. Mynd / Matvælaráðuneytið

# Innleiða þarf vistkerfisnálgun

**Tímabært þykir að innleiða vistkerfisnálgun á Íslandi með skipulögðum hætti. Fræðsla og menntun þurfi að fela í sér samtal allra aðila og reynslu og þekkingu framkvæmdaaðila, þ.m.t. bænda.**

Matvælaráðuneytið fól BIODICE, samstarfsvettvangi um líffræðilega fjölbreytni, að taka saman helstu niðurstöður og sjónarmið sem fram komu á málþingi um vistkerfisnálgun í haust. Einnig var óskað eftir tillögum um þau lykilatriði sem eru grundvöllur þess að vistkerfisnálgun sé viðhöfð fyrir mismunandi framleiðslugreinar, sem og aðgerðir við innleiðingu hennar og beitingu.

Segir í samantekt BIODICE að þótt góður vilji hafi verið til að stunda auðlindanýtingu í anda vistkerfisnálgunar á ýmsum sviðum hérlendis standi Íslendingar frammi fyrir margvíslegum alvarlegum vandamálum tengdum ósjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, framandi ágengum tegundum, röskun búsvæða, mengun og áhrifum loftslagsbreytinga. Allt séu þetta atriði sem eru vel þekkt um heim allan og tengjast ekki síst matvælaframleiðslu á einn eða annan hátt.

Sameinuðu þjóðirnar lýsa þessari stöðu mála sem hnattrænu neyðarástandi, að úrlausn þess krefjist viðamikilla hugarfarsbreytinga og breyttra samræmdra viðbragða sem séu skoðuð samhliða öðrum lykilmálefnum á sviði umhverfis- og sjálfbærnimála. Nauðsynlegt sé að staðbundnar nálganir séu samræmdar og settar í alþjóðlegt samhengi, svo sem ábyrgð Íslands á lífverum sem ferðast um heiminn eins og farfuglum og hvölum sem byggja afkomu sína á búsvæðum hérlendis.

Heilt yfir sé staða þekkingar á lífverum og vistkerfum hérlendis of lítil og brotakennd og þörf sé á stórátaki í grunnrannsóknum og vöktunarrannsóknum. / sá


Skóhorn
Frábær jólagjöf
extra löng og sterk!



© DAGSKRÁIN
BLIKKRÁS EHF
Akureyri – Sími: 462 7770
Netfang: blikkras@blikkras.is
www.blikkras.is


Innlausnarmarkaður með greiðslumark:

# Sala á 3.357 ærgildum

**Á innlausnarmarkaði með greiðslumark í sauðfé, sem haldinn var 15. nóvember, bárust 136 umsóknir um kaup á greiðslumarki, á samtals 35.638 ærgildum.**

Á markaðinn bárust 29 umsóknir um sölu á 3.557 ærgildum. Innlausnarverð ársins jafngildir beingreiðslum næstu tveggja ára og er 10.531 kr. á ærgildi. Sama verð gildir fyrir kaup og sölu. Á sama tíma á síðasta ári bárust 226 umsóknir um kaup og 22 umsóknir um sölu. Þá var innlausnarverðið 11.004 kr. á ærgildið.

Úthlutað er samkvæmt forgangs- reglum um opinberan stuðning við sauðfjárrækt. Í þeim segir að framleiðendur sem eiga 100 kindur eða fleiri og eru með ásetningshlutfallið 1,0 eða hærra skulu hafa forgang að 100% þess greiðslumarks sem er í boði á markaði, þar af 60% til þeirra sem eiga 200 kindur eða fleiri og hafa ásetningshlutfallið 1,6 eða hærra.

Það skiptist hlutfallslega milli aðila sem hljóta forgang í samræmi við það magn sem þeir óskuðu eftir að kaupa. Hver framleiðandi getur ekki óskað eftir ærgildum umfram þau sem tryggja honum óskertar beingreiðslur í samræmi við fjárfjölda og ásetningshlutfall. Það greiðslumark sem ekki er úthlutað til framleiðenda í forgangshópi skal boðið öðrum umsækjendum.



Á markaðinn bárust 29 umsóknir um sölu á 3.557 ærgildum og rann allt til framleiðenda í forgangshópi. Mynd / smh

Af 136 umsækjendum alls töldust 106 til forgangshóps og 30 til almenns hóps. Allt það greiðslumark sem var til ráðstöfunar rann til forgangshóps.

Við endurskoðun á búvörusamningum árið 2019 var sett inn ákvæði í sauðfjársamninginn um innlausnarmarkaðinn til að jafna stöðu bænda innan greinarinnar.

Í reglugerð segir að handhafi greiðslumarks geti óskað eftir innlausn á greiðslumarki. Innlausnarverð er núvirt andvirði beingreiðslna næstu tveggja almanaksára. Bjóða skal til sölu það greiðslumark sem er innleyst á innlausnarverði. Miðað er við stýrivexti Seðlabanka Íslands 1. janúar ár hvert og greiðslur frá þeim tíma. /smh

Arfgerðir:

# Sæðingar verða niðurgreiddar

**Sæðingar verða niðurgreiddar til að innleiða verndandi arfgerðir gegn riðu.**

Samkvæmt tillögum sérfræðingahóps sem Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra skipaði 16. maí munu sæðingar árið 2023 á vegum sauðfjársæðingastöðvanna á Suðurlandi og Vesturlandi verða niðurgreiddar ef sætt er með hrútum sem bera verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir gegn riðuveiki skv. útgefinni hrútaskrá 2023-24. Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðuneytinu.



Þeir bændur sem skrá sæðingar í Fjárvís ekki síðar en 8. janúar 2024 munu þannig fá styrk í samræmi við fjölda sæðinga á búin með hrútum sem bera verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir gegn riðuveiki.

Styrkurinn er föst fjárhæð á hverja sæðingu og er kr. 1.030 ef um er að ræða hrúta sem bera verndandi arfgerð og kr. 515 á hverja sæðingu ef um er að ræða hrúta sem bera mögulega verndandi arfgerðir. Sami styrkur mun verða greiddur hvort sem hrúturinn er arfhreinn eða arfblendinn og verður greitt í gegnum Afurð.

Dreifing, sala og innheimta fyrir sæði verður óbreytt frá fyrra fyrirkomulagi, skv. tilkynningunni. /sá

Orkumál:

# Nýtt jarðhitaleitarátak í pípunum

**Jarðhitaleitarátak er hafið fyrir tilstilli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og hefur ráðuneytið staðfest tillögur stjórnar Orkusjóðs um úthlutun styrkja til verkefna um leit og nýtingu jarðhita.**

Orkusjóði var í vor falið að sjá um framkvæmd átaks í leit og nýtingu jarðhita árin 2023-2025, þar sem áhersla væri lögð á stuðning við verkefni sem hefðu það að markmiði að hefja nýtingu jarðhita til almennrar húshitunar á svæðum þar sem nú er notuð raforka og/eða olía til húshitunar.

Alls bárust 25 umsóknir til Orkusjóðs, samtals að upphæð kr. 1.373 m.kr. og alls hlutu átta verkefni styrk að upphæð um 447 milljónir króna sem skiptist þannig að HEF veitur ehf. fengu hæsta styrkinn, tæpar 135 m.kr. í verkefnið Búlandsnes-Djúpivogur. Orkubú Vestfjarða fékk þrjá styrki; rúma 91 m.kr. í 1. áfanga jarðhitaleitar á Ísafirði og Patreksfirði, rúma 51 m.kr. í 2. áfanga Geirseyrar/Patreksfjarðar og rúmar 45 m.kr. í 2. áfanga á Ísafirði. Vopnafjarðarhreppur fékk 40 m.kr. úthlutað vegna Selárdalslaugar, Grundafjarðarbær 34 m.kr. í orkuskipti sundlaugar, grunnskóla og íþróttahúss, Kaldrananeshreppur rúmar 25 m.kr. í hitaveituvæðingu bæjartorfunnar og Skaftárhreppur 25 m.kr. til jarðhitarannsókna í hreppnum.



Á vef Íslenskra orkurannsókna er að finna vefsjá yfir jarðhitasvæði landsins og eru þau heitustu rauðmerkt. Mynd / ÍSOR

Í skýrslu Íslenskra orkurannsókna fyrr á árinu kom fram að meirihluti hitaveitna landsins stendur frammi fyrir erfiðleikum á komandi misserum. Undanfarin tíu ár hefur húshitunarkostnaður verið niðurgreiddur sem nemur um 2,5 milljörðum á ári. Jarðhitaleitarátakið nú er hið fyrsta á Íslandi í fimmtán ár. / sá

Knowledge grows

# HRINGRÁS ÁBURÐAREFNA




SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Við viljum leggja okkar af mörkum til að stuðla að hagkvæmri og umhverfisvænni búvöruframleiðslu í samvinnu við bændur, neytendum til hagsbóta.

Nánari upplýsingar

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
buvorur@ss.is - www.buvorur.is
yara@yara.is - www.yara.is

FRÉTTIR

## Icelandic Lamb:

# Nýr stjórnarformaður

**Daði Guðjónsson er nýr stjórnarformaður markaðsstofunnar Icelandic Lamb, sem fer með kynningar- og ímyndarmál fyrir íslenska sauðfjárrækt.**

Hann tekur við af Gísla S. Brynjólfssyni, sem hefur sinnt hlutverki stjórnarformanns frá árinu 2020. Í stjórninni sitja nú ásamt Daða, Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökunum, og Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli.

Daði starfar sem forstöðumaður markaðsmála og sjálfbærni hjá Krónunni, en áður starfaði hann m.a. sem fagstjóri neytendamarkaðssetningar hjá Íslandsstofu þar sem hann stýrði erlendum markaðsverkefnum fyrir íslenskar útflutningsgreinar að því er fram kemur í tilkynningu frá Icelandic Lamb.


Daði Guðjónsson.

Haft er eftir Daða að fyrir liggi tækifæri til að auka vegsæld og virði íslensks lambakjöts hérlendis sem erlendis nú þegar upprunamerki hafi náð evrópskri upprunavernd.

Daði er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og BA-gráðu í hagfræði, með fjölmiðlafræði sem aukagrein, frá Háskóla Íslands.

Icelandic Lamb rekur upprunamerki á ensku og íslensku að evrópskri fyrirmynd upprunamerkja fyrir matvörur og er fyrsta íslenska afurðin til að fá evrópska upprunavernd, „Protected Designation of Origin“.

*/ghp*


Meðalveiði af rjúpu í ár er ellefu fuglar á veiðimann, skv. könnun SKOTÍS. Mynd / Aðsend

## Rjúpnaveiði:

# Margir fengu vel í soðið

**Útlit er fyrir að rjúpnaveiði hafi í ár verið allt að 20% meiri en í fyrra. Meðalveiði á veiðimann var um 11 fuglar í ár en 9 í fyrra.**

Miðað við niðurstöður í könnun sem Skotveiðifélag Íslands (SKOTVÍS) stóð fyrir meðal veiðimanna er útlit fyrir að veiði á rjúpu í ár hafi verið fimmtán til tuttugu prósent meiri en í fyrra, að sögn Áka Ármanns Jónssonar, formanns félagsins. Það sé í fullu samræmi við aukna stærð veiðistofnsins árið áður. „Meðalveiðin á veiðimann var um 11 fuglar en um 9 fuglar í fyrra. Áhugavert er að þetta er einmitt sá fjöldi sem veiðimenn segjast þurfa í jólamatinn að meðaltali eða 9–10 fuglar. Hefur sú tala verið nokkuð stöðug í könnuninni í fjögur ár þótt meðalveiðin hafi lægst farið í 7 fugla,“ segir Áki.







***Veiðin svipuð í landshlutunum***

„Við höfum staðið fyrir þessari könnun sl. 4 ár og alltaf í lok veiði- tíma,“ heldur Áki áfram. „Okkur fannst ómögulegt að vera að bíða fram í apríl eftir opinberum veiðitölum Umhverfisstofnunar, enda erum við alltaf spurðir hvernig veiðin hafi gengið um leið og veiðitíma lýkur. Þá er betra að hafa eitthvað konkret í höndunum frekar en einhverja tilfinningu.“

Veiðin 2023 virðist, að sögn Áka, vera svipuð eftir landshlutum og í fyrra en kannski ívið meiri hlutfallslega á milli ára á NV-landi og ívið minni á Vesturlandi. „Sóknardagar eru um fjórir á veiðimann sem hefur verið raunin frá árinu 2005, þegar sölubann á rjúpu tók gildi. Fjöldi leyfilegra veiðidaga hefur hvorki aukið né dregið úr sókn, þrátt fyrir margvíslegar útgáfur af veiðitíma. Fjöldi leyfilegra veiðidaga eykur því ekki heildarafla veiðimanna nema sem litlu nemur. Það er stærð veiðistofnsins sem ákvarðar heildarveiðina.“

***Hundamenn fara oftar***

Áki segir einnig vekja athygli að þeir sem noti hunda við veiðar fari að meðaltali einum degi oftar til veiða en veiði mjög svipað og aðrir.

„Rjúpnaveiðitímabilið í ár var 25 dagar og hófst 20. október og síðasti veiðidagur var 21. nóvember.

Vel viðraði stærstan hluta veiðitímans en það breytir ekki þeirri staðreynd að meðalveiðimaðurinn gengur til rjúpna fjóra daga á veiðitímabilinu. Veiðimenn voru líka fljótir að ná þeim fjölda fugla sem þeir þurfa í jólamatinn,“ segir Áki að lokum.

*/sá*


Greina á valkosti í framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði í kjölfar ákvörðunar Síldarvinnslunnar um að hætta bolfiskvinnslu á staðnum. Mynd / Sveinn Birgir Björnsson

## Múlaþing:

# Seyðfirskt atvinnulíf þarf nýja vaxtarsprota

**Seyðfirðingar hafa komið á fót samráðshóp sem ætlað er að greina valkosti varðandi framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á staðnum.**

Í kjölfar ákvörðunar stjórnar Síldarvinnslunnar um að hætta bolfiskvinnslu á Seyðisfirði þótti rétt að huga að nýjum vinklum til að renna stoðum undir atvinnulíf staðarins. Hefur samráðshópurinn nú auglýst eftir hugmyndum um atvinnuskapandi starfsemi til framtíðar á Seyðisfirði og var frestur til að skila inn hugmyndum til 22. nóvember.

Að sögn Björns Ingimarssonar, sveitarstjóra Múlaþings, er gert ráð fyrir að samráðshópurinn skili af sér um mánaðamótin febrúar/mars 2024. „Einhver viðbrögð hafa borist,“ segir Björn og segist jafnframt eiga von á að megnið komi inn síðustu dagana áður en frestur rennur út. „Við erum opin fyrir öllu,“ segir hann.

Fjöldi íbúa á Seyðisfirði er nú 693. 383 þeirra eru á aldrinum 17–59 ára, 135 eru 67 ára og eldri, 77 eru 60–66 ára og 98 á aldursbilinu 0–16 ára.

*/sá*




## Hrunamannahreppur:

# Vilja nýjungar í miðju Flúða

**Hrunamannahreppur auglýsti nýverið eftir áhugasömum aðilum til að byggja upp verslun, þjónustu og íbúðabyggð á landi miðsvæðis á Flúðum.**

Um er að ræða lóðir við Reynihlíð og Víðihlíð. Gerir núverandi landnotkun svæðisins ráð fyrir verslun og þjónustu við Reynihlíð en þar eru í dag byggingar sem eru víkjandi skv. deiliskipulagi. Samtals fermetrar skipulagðra lóða við báðar götur eru 9.365m².

Segir í tilkynningu frá Hrunamannahreppi að ríkir möguleikar séu á lóðunum til fjölbreyttrar uppbyggingar en komi fram óskir um að vikið verði frá gildandi aðal- og/eða deiliskipulagi beri lóðarhafa að sjá um þær breytingar sem og að bera allan kostnað við þá vinnu. Frestur til að skila inn hugmyndum var til 13. nóvember sl.

Að sögn Aldísar Hafsteinsdóttur, sveitarstjóra Hrunamannahrepps, barst eitt tilboð í lóðirnar, frá Torfa G. Ingvasyni, sem hyggur á uppbyggingu þar sem byggt verði á samspili gróðurhúsa og ferðatengdrar þjónustu. „Við erum að vonast til að geta náð fundi með sveitarstjórnarmönnum og Torfa í fyrstu vikunni í desember en sveitarstjórn er afar ánægð með þær hugmyndir sem Torfi hefur sett fram um uppbyggingu á svæðinu,“ segir Aldís.

*/sá*


Óskað var eftir hugmyndum að uppbyggingu verslunar, þjónustu og íbúðabyggðar á Flúðum. Mynd / Hrunamannahr.


Volkswagen Atvinnubílar
- sniðnir að þínum þörfum
Eigum allar gerðir atvinnubíla til afhendingar
Volkswagen Caddy Maxi
Verð frá: 4.890.000 kr.
Verð án vsk.: 3.943.548 kr.
Volkswagen ID.Buzz Cargo
Afmælisverð frá: 7.440.000 kr.
Verð án vsk.: 7.064.516 kr.
Volkswagen Transporter
Verð frá: 6.825.000 kr.
Verð án vsk.: 5.504.032 kr.
Volkswagen Amarok
Verð frá: 13.490.000 kr.
Verð án vsk.: 10.879.032 kr.
Volkswagen Crafter
Verð frá: 7.990.000 kr.
Verð án vsk.: 6.443.548 kr.
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu
5
5 ára ábyrgð eða 200.000 km
- hvort sem kemur fyrr
8 Ára ábyrgð á rafhlöðum
Hekla
Laugavegi 174, 105 Reykjavík _ Sími 590 5000 _ www.hekla.is
Höldur Akureyri _ Bílasala Selfoss _ Bílakjarninn Reykjanesbæ _ BVA Egilsstöðum



Sæferðir munu reka Breiðafjarðarferjuna Baldur samkvæmt nýjum samningi við Vegagerðina. Mynd / Aðsend

# Sæferðir reka Baldur

**Sæferðir hafa tekið að sér rekstur Breiðafjarðarferjunnar Baldurs og hóf nýr Baldur áætlunarsiglingar um Breiðafjörð um miðjan mánuð.**

Í lok október var undirritaður samningur milli Vegagerðarinnar og Sæferða um rekstur ferjunnar.

Höfðu Sæferðir sinnt þjónustu við Flatey á Breiðafirði með skipinu Særúnu uns Baldur var tilbúinn, en hann var í slipp í Hafnarfirði um tíma þar sem gera þurfti breytingar á skipinu vegna væntanlegra ferjusiglinga. Segir í tilkynningu að settur hafi verið í skipið nýr þilfarskrani, landfestuvindur, björgunarbátar verið færðir, geymslusvæði útbúið á þilfari og skipið verið málað. Einnig hafi verið unnið að almennu viðhaldi véla og búnaðar.

„Þetta er búið að vera langt og strangt ferli að endurnýja Baldur," sagði Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar við undirritun samningsins. „En það hefur tekist mjög vel til. Við erum ánægð með nýja skipið og endurbæturnar sem gerðar hafa verið og væntum mikils af því.

Við gerum okkur vonir um að siglingar Baldurs á Breiðafirði reynist farsælar," sagði Bergþóra. */ sá*

# Heitt vatn finnst á Ströndum

**Heitt vatn fannst nýlega við borun á Drangsnesi á Ströndum.**

„Við erum alveg í skýjunum og duttum heldur betur í lukkupottinn, þetta er alveg meiriháttar og frábærar fréttir," segir Finnur Ólafsson, sveitarstjóri Kaldrananeshrepps.

Ræktunarsamband Flóa- og Skeiða á Selfossi sá um að bora holuna, en vatnið í henni er 62,5 gráðu heitt á 358 metra dýpi og afkastar um 30 lítrum á sekúndu.

*/ MHH*



Frá borun á Drangsnesi. Mynd /Aðsend




## Ríkisendurskoðun:

# Áfellisdómur um eftirlit MAST með dýravelferð

**Skýrsla Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluúttekt á eftirliti Matvælastofnunar (MAST) með velferð dýra var gefin út 16. nóvember.**

Í helstu niðurstöðum kemur fram að stofnunin standi frammi fyrir margvíslegum áskorunum þar sem ekki hafi tekist að byggja upp nægilegt traust sem nauðsynlegt sé hverri eftirlitsstofnun.

Þannig þurfi stofnunin að huga betur að innri og ytri upplýsingagjöf, virkja betur samstarfsráð sitt og bæta samskipti og samstarf við hagaðila.



Matvælastofnun stendur frammi fyrir margvíslegum áskorunum, samkvæmt niðurstöðum úttektar Ríkisendurskoðunar. Mynd / smh

### *Langlundargeð í dýravelferðarmálum*

Gagnrýnt er að stofnunin hafi sýnt langlundargeð í einstaka málum þar sem velferð dýra hafi verið ábótavant. Mikilvægt sé að málsmeðferð sé vönduð við beitingu íþyngjandi úrræða, en þó megi hún ekki vera á kostnað velferðar dýra.

Rík ástæða sé til að MAST þrói betur skipulag eftirlits til að stuðla að aukinni velferð dýra í samræmi við markmið laga. Eftirlitið eigi lögum samkvæmt að vera áhættubundið og ástæða sé til að beita áhættu- og frammistöðumati í meira mæli en nú er gert til að stýra og forgangsraða reglubundnu eftirliti.

### *Óraunhæfar áætlanir*

Í skýrslunni kemur fram að horfa þurfi til þess að herða á eftirliti þar sem aukin áhætta greinist en veita meiri slaka þar sem það er réttlætanlegt. Gerðar hafi verið áætlanir um eftirlit sem byggjast á áhættumati í frumframleiðslu búfjárafurða en þær hafa ítrekað reynst óraunhæfar og framkvæmt eftirlit verið langt undir settum markmiðum. Úr þessu þurfi að bæta.

Ríkisendurskoðun tiltekur sérstaklega að á árinu 2022 hafi MAST í fyrsta sinn gripið til vörslusviptingar á grundvelli 10. greinar laga um velferð dýra sem fjallar um getu, hæfni og ábyrgð umsjónarmanna dýra. Síðan hafi stofnunin beitt þessu ákvæði í að minnsta kosti tveimur öðrum tilvikum.

Beitingu ákvæðisins er talin vera til bóta í þeim tilfellum sem við á, til dæmis þegar ítrekuð frávik koma fram og úrbætur eru ekki gerðar til frambúðar. Er á það bent að stofnunin hafi haft þetta úrræði frá árinu 2014, en ekki nýtt fyrr.

Um frumkvæðisúttekt var að ræða sem Ríkisendurskoðun hóf vinnu við í september 2022, þar sem leitast var við að kanna hvort eftirlitið væri skilvirkt og árangursríkt og hvort það væri í samræmi við lög og reglugerðir um velferð dýra. */smh*



Fjölskyldan í Miðskógi. Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Guðrún Esther Jónsdóttir, Sunneva Hlín Skúladóttir og Jóhannes Örn Pálmason. Myndir / Aðsendar

## Kjúklingaframleiðsla:

# Opnunarhóf í Miðskógi

**Byggingu nýs kjúklingahúss í Dölunum er lokið og verður tekið í notkun 1. desember.**

Af því tilefni buðu ábúendur í Miðskógi, Reykjagarður og SS til veislu 24. nóvember síðastliðinn. Boðið var upp á veitingar og gafst gestum færi á að kynna sér byggingarnar og væntanlega starfsemi.

Húsið rúmar þrettán þúsund kjúklinga og má gera ráð fyrir að ársframleiðslan nemi hundrað og áttatíu þúsund tonnum. Byggingin er úr steinsteyptum einingum frá BM Vallá með þak og burðarvirki frá Límtré-Vírneti. Fóður-, vatns-, og loftræstikerfi eru frá Líflandi. Ábúendur í Miðskógi og Reykjagarði ætla að skoða forsendur þess að byggja annað samskonar hús og hafa undirritað viljayfirlýsingu þess efnis. */ÁL*



Kjúklingahúsið á Miðskógum rúmar 13.000 kjúklinga.

Klippið út

# VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

## Áramótatilboð

**Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 15% afslátt af öllum Kuhn hey- og jarðvinnutækjum og 5% afslátt af rúlluvélum til 05. janúar 2024**




## Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar

### Sláttuvélar

| Tegund | Útbúnaður | Fjöldi diska | Vinnslu breidd m | Þyngd kg | Afl þörf hö | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GMD 310 | Diskasláttuvél með reimdrifi | 8 | 3,10 | 711 | 56 | 1.998.000 | 2.477.520 | **1.698.000** | 2.105.520 |
| GMD 3511 | Bein driftenging með vökvafjöðrun | 8 | 3,51 | 950 | 49 | 2.690.000 | 3.335.600 | **2.287.000** | 2.835.880 |
| GMD 4011 | Bein driftenging með vökvafjöðrun | 9 | 4,0 | 1085 | 55 | 3.170.000 | 3.930.800 | **2.695.000** | 3.341.800 |
| GMD 4411 | Bein driftenging með vökvafjöðrun | 10 | 4,4 | 1120 | 61 | 3.290.000 | 4.079.600 | **2.797.000** | 3.468.280 |
| GMD 310 F | Framsláttuvél | 8 | 3,1 | 1010 | 43 | 3.090.000 | 3.831.600 | **2.627.000** | 3.257.480 |
| GMD 3525 F | Framsláttuvél | 8 | 3,5 | 1180 | 49 | 3.939.000 | 4.884.360 | **3.348.000** | 4.151.520 |
| GMD 8730 | Sambyggð sláttuvél (3 stk.) | 21 | 8,2-8,8 | 2648 | 122 | 8.175.000 | 10.137.000 | **6.949.000** | 8.616.760 |
| GMD 9530 | Sambyggð sláttuvél (3 stk.) | 23 | 9,1-9,5 | 3405 | 135 | 10.562.000 | 13.096.880 | **8.978.000** | 11.132.720 |
| GMD 10030 | Sambyggð sláttuvél (3 stk.) | 24 | 9,5-9,9 | 3530 | 141 | 11.114.000 | 13.781.360 | **9.447.000** | 11.714.280 |
| FC 3515D | Með knosara og vökvafjöðrun | 8 | 3,5 | 1620 | 85 | 4.687.000 | 5.811.880 | **3.984.000** | 4.940.160 |
| FC 3125 DF | Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj. | 7 | 3,1 | 1320 | 68 | 4.057.000 | 5.030.680 | **3.448.000** | 4.275.520 |
| FC 3525 DF | Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj. | 8 | 3,5 | 1390 | 77 | 4.460.000 | 5.530.400 | **3.791.000** | 4.700.840 |
| FC 8830 DF | Sambyggðar m/ knosara og vökvafj. | 21 | 8,73 | 4420 | 191 | 12.790.000 | 15.859.600 | **10.872.000** | 13.481.280 |
| FC 10030DF | Sambyggðar m/ knosara og vökvafj. | 24 | 9,93 | 4650 | 221 | 14.280.000 | 17.707.200 | **12.138.000** | 15.051.120 |
| FC3561TLD | Dragtengd með knosara, hliðartengd | 8 | 3,5 | 2280 | 90 | 5.702.000 | 7.070.480 | **4.847.000** | 6.010.280 |
| FC3561TCD | Dragtengd með knosara,miðjutengd | 8 | 3,5 | 2480 | 84 | 6.468.000 | 8.020.320 | **5.498.000** | 6.817.520 |
| BKE 250 | Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu | | 2,5 | 710 | 54 | 1.669.000 | 2.069.560 | **1.419.000** | 1.759.560 |
| BP30 | Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu | | 3,03 | 920 | 78 | 1.999.000 | 2.478.760 | **1.699.000** | 2.106.760 |
| BPR 305 | Hagasláttuvél fram- og afturvél | | 3,03 | 1100 | 100 | 2.645.000 | 3.279.800 | **2.248.000** | 2.787.520 |



### Heytætlur

| Tegund | Útbúnaður | Fjöldi arma | Vinnslu breidd m | Þyngd kg | Afl þörf hö | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GF 502 | 4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 5,4 | 505 | 20 | 1.387.000 | 1.719.880 | **1.179.000** | 1.461.960 |
| GF 642 | 6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 6,4 | 840 | 30 | 2.088.000 | 2.589.120 | **1.775.000** | 2.201.000 |
| GF 6502 | 6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 6,5 | 920 | 30 | 2.387.000 | 2.959.880 | **2.029.000** | 2.515.960 |
| GF 7903 | 8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 5 | 7,8 | 1150 | 40 | 3.127.000 | 3.877.480 | **2.658.000** | 3.295.920 |
| GF 7903T | 8 stjörnu dragtengd á vagni | 5 | 7,8 | 1515 | 40 | 4.068.000 | 5.044.320 | **3.458.000** | 4.287.920 |
| GF 8703 | 8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 8,7 | 1430 | 55 | 3.528.000 | 4.374.720 | **2.999.000** | 3.718.760 |
| GF 8703 T | 8 stjörnu dragtengd á vagni | 6 | 8,7 | 1810 | 50 | 4.292.000 | 5.322.080 | **3.648.000** | 4.523.520 |
| GF 10803 | 10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning | 6 | 10,8 | 1675 | 55 | 4.680.000 | 5.803.200 | **3.978.000** | 4.932.720 |
| GF 10803T | 10 stjörnu dragtengd á vagni | 6 | 10,8 | 1980 | 55 | 5.281.000 | 6.548.440 | **4.489.000** | 5.566.360 |
| GF 13003 | 12 stjörnu lyftutengd | 6 | 13,0 | 2050 | 80 | 6.694.000 | 8.300.560 | **5.690.000** | 7.055.600 |
| GF 13003T | 12 stjörnu dragtengd á vagni | 6 | 13,0 | 2800 | 80 | 7.480.000 | 9.275.200 | **6.358.000** | 7.883.920 |

### Múgavélar

| Tegund | Útbúnaður | Fjöldi arma á stj | Fjöldi tinda á arm | Vinnslu breidd m | Þyngd kg | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| GA 300GM | Einnar stjörnu lyftutengd | 9 | 3 | 3,2 | 286 | 858.000 | 1.063.920 | **729.000** | 903.960 |
| GA 4201 | Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli | 11 | 4 | 4,2 | 560 | 1.491.000 | 1.848.840 | **1.267.000** | 1.571.080 |
| GA5031T | Einnar stjörnu **dragtengd** m/ veltiöxli | 15 | 4 | 5,0 | 860 | 2.349.000 | 2.912.760 | **1.997.000** | 2.476.280 |
| GA 7501+ | 2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 11 | 4 | 6,8-7,5 | 1590 | 4.314.000 | 5.349.360 | **3.667.000** | 4.547.080 |
| GA 8131 | 2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 12 | 4 | 7,1-8,0 | 1930 | 5.488.000 | 6.805.120 | **4.665.000** | 5.784.600 |
| GA8731 | 2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 13 | 4 | 7,7-8,6 | 2250 | 6.290.000 | 7.799.600 | **5.347.000** | 6.630.280 |
| GA9531 | 2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 15 | 4 | 8,4-9,3 | 1932 | 6.786.000 | 8.414.640 | **5.768.000** | 7.152.320 |
| GA 13031 | 4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli | 11 | 4 | 8,4-12,5 | 5100 | 11.750.000 | 14.570.000 | **9.988.000** | 12.385.120 |
| GA 6002 | 2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar | 10 | 3 | 3,0-5,8 | 1120 | 3.285.000 | 4.073.400 | **2.792.000** | 3.462.080 |
| GA 7932 | 2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar | 12 | 4 | 4-7,65 | 1620 | 4.585.000 | 5.685.400 | **3.897.000** | 4.832.280 |
| GA 9032 | 2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar | 15 | 4 | 4,6-8,8 | 1621 | 5.363.000 | 6.650.120 | **4.559.000** | 5.653.160 |
| GA 8830 | 2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar | 13 | 4 | 8,8 | 2640 | 6.775.000 | 8.401.000 | **5.759.000** | 7.141.160 |

### Herfi,tætarar og sáðvélar

| Tegund | Útbúnaður | Vinnslu breidd m | Þyngd kg | Aflþörf hö. lágm.-hámark | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| HRB302D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 3,0 | 1170 | 60-140 | 2.468.000 | 3.060.320 | **2.098.000** | 2.601.520 |
| HR 304D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 3,0 | 1295 | 80-190 | 2.880.000 | 3.571.200 | **2.448.000** | 3.035.520 |
| HR 3004D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 3,0 | 1390 | 80-250 | 2.995.000 | 3.713.800 | **2.546.000** | 3.157.040 |
| HR 3504D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 3,5 | 1635 | 90-250 | 3.410.000 | 4.228.400 | **2.899.000** | 3.594.760 |
| HR 4004D | Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli | 4,0 | 1850 | 100-250 | 3.810.000 | 4.724.400 | **3.239.000** | 4.016.360 |
| HR5004DRC | Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu | 5,0 | 2625 | 130-250 | 6.680.000 | 8.283.200 | **5.678.000** | 7.040.720 |
| HR6004DRC | Samanbrjótanlegt rótherfi með öllu | 6,0 | 3350 | 180-350 | 7.764.000 | 9.627.360 | **6.599.000** | 8.182.760 |
| EL92/180 | Jarðtætari | 1,8 | 525 | 51-100 | 1.496.000 | 1.855.040 | **1.272.000** | 1.577.280 |
| EL92/230 | Jarðtætari | 2,3 | 605 | 58-100 | 1.598.000 | 1.981.520 | **1.358.000** | 1.683.920 |
| EL122/250 | Jarðtætari, gaddakefli kr. 370.000 án vsk | 2,5 | 955 | 65-125 | 2.090.000 | 2.591.600 | **1.777.000** | 2.203.480 |
| EL122/300 | Jarðtætari, gaddakefli kr. 440.000 án vsk | 3,0 | 1105 | 75-125 | 2.294.000 | 2.844.560 | **1.950.000** | 2.418.000 |
| EL162/300 | Jarðtætari með gaddakefli "packer" | 3,0 | 1711 | 90-165 | 3.022.000 | 3.747.280 | **2.569.000** | 3.185.560 |
| EL282/400 | Jarðtætari með gaddakefli "packer" | 4,0 | 2565 | 130-270 | 5.562.000 | 6.896.880 | **4.728.000** | 5.862.720 |
| PRE300 | Premia 300 korn- og grassáðvél | 3,0 | 780 l fræbox, herfi | | 2.928.000 | 3.630.720 | **2.489.000** | 3.086.360 |
| | Grasfræbox innifalið | 3,0 | | | | | | |

### Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar

| Tegund | Útbúnaður | Sópvinda | Dekkjastærð | Verðlistaverð án vsk | Verðlistaverð með vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| i-BIO | Rúllar og pakkar í sama hólfi,netb.búnaður, 14 hnífar, stíflulosunarbúnaður og IntelliWrap | 2,3 m | 500/45-22,5 | 12.578.000 | 15.596.720 | **11.949.000** | 14.816.760 |
| i-BIO OC23 | 23 hnífar annars sami búnaður og að ofan | 2,3 m | 500/45-22,5 | 13.093.000 | 16.235.320 | **12.438.000** | 15.423.120 |
| **Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum** | | | | | | **980.000** | 1.215.200 |
| FBP3135-23 | 23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, tandem 500/45-22,5 vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb. Plast- og netbindibúnaður, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum 3D (þrívíddar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30% | 2,3 m | 500/45-22.5 | 16.780.000 | 20.807.200 | **15.941.000** | 19.766.840 |



ATH. Þetta er aðeins lítið brot af vöruúrvali frá KUHN hægt er að fá meiri upplýsingar á www.kuhn.com eða hjá sölumönnum Vélfangs í s. 580-8200

## Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 145 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS









# Staða nautakjötsframleiðslu

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins gaf nýlega út skýrslu um afkomu í nautakjötsframleiðslu þar sem farið er yfir rekstrarniðurstöðu úrtaks af 30 nautgripabýlum og þau greind ítarlega.**

Í úrtakinu eru 16 býli með holdanaut og 14 með íslensk naut. Niðurstaða skýrslunnar er í meginatriðum svört, afkoma býlanna vægast sagt slæm og útlit fyrir að 2023 endi enn verr.

Ein af áhugaverðustu niður- stöðum skýrslunnar er takmarkaður munur á afurðum holdanauta býlanna og þeirra sem ekki hafa holdanaut.

Yfir öll árin sem rýnt er í skilar nautakjöts-framleiðsla tapi. Árið 2019 var tapið á hvert framleitt kíló 541 króna, rúmlega þriðjungur af framleiðslukostnaði. Árið 2022 var tapið komið niður í 311 krónur á kíló, þá orðið 18% af framleiðslukostaði.

Samkvæmt afkomuspá fyrir árið 2023 telur RML að tap af hverju framleiddu kg hafi verið 525 krónur á þessu ári og munar þá mest um hækkandi fjármagnskostnað á milli ára. Þetta erfiða rekstrarumhverfi hefur valdið því að samdráttur hefur orðið í nautakjötsframleiðslu á tíma þegar fólksfjölgun á landinu hefur ýtt eftirspurn eftir mat upp í hæstu hæðir. Árið 2021 og 2022 stóð framleitt magn af nautakjöti nánast í stað en í ár stefnir í samdrátt. Veldur þetta því að framboð íslensks nautakjöts á hverja manneskju á Íslandi (íbúar og ferðamenn) hefur á tveimur árum fallið úr 12,8 kg niður í 10,8 kg. Er þetta að einhverju leyti eðlileg þróun. Framleiðsluferill nautakjöts er langur og sveiflur í eftirspurn hafa verið miklar.

Því er viðbúið að skortur verði á nautakjöti þegar eftirspurn rýkur upp með skömmum fyrirvara.

Magnið sem vantar upp á er þá flutt inn erlendis frá, oft á háu verði. Það sem af er árinu 2023 hefur íslensk framleiðsla staðið undir 70% af nautakjötsframboði á Íslandi og innflutningur 30%. Það er töluvert frávik frá meðaltali síðustu 12 ára. Á því tímabili hefur markaðshlutdeild íslensks nautakjöts verið rúmlega 78% og haldist nokkuð stöðugt. Nú þegar eftirspurn er þegar orðin svona mikil og framboð dregist saman jafnmikið og raun ber vitni verður áhugavert að fylgjast með þróun framleiðslu og markaðshlutdeildar.

Miðað við rekstrarniðurstöðuna sem kemur fram í skýrslu RML og núverandi vaxtastig eru hvatar nautakjötsframleiðenda til að auka framleiðslu líklega takmarkaðir. En aukin eftirspurn gæti þó orðið til þess að ýta upp afurðaverði og bæta þar með rekstrarumhverfi nautakjötsframleiðslu hér á landi. /SFB










## Markaðir

Evra
€ 151,03 kr.

USD
$ 137,94 kr.

Pund
£ 173,96 kr.

95 okt bensín
312,8 kr.

Dísel
319,2 kr.

Mjólk (USD/100 pund)
16,12 USD

Korn (USD/sekkur)
5,44 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
33,2 EUR

Ull (AUD/100 kg)
1166 AUD

Ostur (USD/pund)
1,66 USD

Smjör (EUR/tonn)
5250 EUR

# Rafbílaútsala

## Stórlækkað verð til áramóta!




**Volkswagen ID.4 Pro 4MOTION**

**Útsöluverð: 7.490.000 kr.**

Verð áður: 8.290.000 kr.




**Volkswagen ID.4 GTX**

**Útsöluverð: 7.890.000 kr.**

Verð áður: 8.790.000 kr.




**Volkswagen ID.5 GTX**

**Útsöluverð: 8.180.000 kr.**

Verð áður: 9.380.000 kr.



**Volkswagen ID.Buzz Cargo**

**Útsöluverð: 7.440.000 kr.**

Verð áður: 8.440.000 kr.

**Hleðslustöð fylgir öllum útsölubílum**




**Audi Q4 e-tron Sportback**

**Útsöluverð: 9.630.000 kr.**

Verð áður: 10.630.000 kr.




**Audi Q4 e-tron**

**Útsöluverð: 8.170.000 kr.**

Verð áður: 9.170.000 kr.

Hekla

**Laugavegi 174, 105 Reykjavík – Sími 590 5000 – www.hekla.is**

Höldur Akureyri – Bílasala Selfoss – Bílakjarninn Reykjanesbæ – BVA Egilsstöðum

FRÉTTASKÝRING

## Landsskipulagsstefna:

# Ræktunarland verður kortlagt

## – Sveitarfélögum ber að taka mið af stefnunni í skipulagi sínu

**Gert er ráð fyrir að þingsályktunartillaga um nýja landsskipulagsstefnu til 15 ára verði lögð fyrir Alþingi nú í desember. Á grundvelli hennar mun allt ræktunarland sem hentar vel til matvælaframleiðslu verða kortlagt, sem sveitarfélögum ber að taka mið af í skipulagi sínu og standa vörð um.**



Tilgangurinn með kortlagningu á öllu ræktarlandi er að stuðla að því að landsþekjandi upplýsingar liggi fyrir sem verða undirstaða fyrir skipulagsgerð sveitarfélaganna. Mynd / ghp




Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is


Hvítbók um skipulagsmál var kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar frá 20. september til 31. október. Hvítbókin verður grunnur að þingsályktunartillögunni sem innviðaráðherra mun leggja fram og mæla fyrir.

Vonir standa til að stefnan verði samþykkt fyrir næsta vor.

### *Verndun á verðmætu landbúnaðarlandi*

Gildandi landsskipulagsstefna er fyrsta skipulagsstefnan sem samþykkt hefur verið á Alþingi og er þar þar sett fram markmið um vernd landbúnaðarlandsins. Hún var samþykkt á Alþingi árið 2016 og miðast við tímabilið frá 2016 til 2026. Nú fer fram endurskoðun á þeirri stefnu í samræmi við ákvæði skipulagslaga og lög um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála.

Í hvítbókinni er rík áhersla á verndun landbúnaðarlands, að við skipulagsgerð í dreifbýli verði land sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Þar eru ákvæði um að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar.

### *Flokkun landbúnaðarlands*

Í gildandi landsskipulagsstefnu er kveðið á um að flokkun landbúnaðarlands skuli leggja til grundvallar skipulagsákvörðunum. Í greinargerð með þessu markmiði segir að áhersla á varðveislu góðs ræktarlands útheimti nánari stefnumörkun um landbúnaðarland heldur en hefur almennt tíðkast í aðalskipulagi. Þörf sé á að setja fram samræmda flokkun á landbúnaðarlandi sem sveitarfélög geta lagt til grundvallar við aðalskipulagsgerð.

Með breytingu á jarðalögum sem samþykkt var árið 2021, er kveðið á um að samhliða gerð aðalskipulags í dreifbýli skuli flokka landbúnaðarland með tilliti til ræktunarmöguleika. Sömuleiðis kemur fram að ráðherra gefi út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands í samráði við yfirvöld skipulagsmála.

Árið 2021 gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar, í samstarfi við Skipulagsstofnun og Landbúnaðarháskóla Íslands. Þar er lögð áhersla á að flokka land með tilliti til þess hvernig það nýtist til ræktunar á matvælum og fóðri.

Í leiðbeiningunum er fjallað um ýmsar athuganir innlendra sérfræðinga sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina á umfangi ræktanlegs lands. Sömuleiðis eru notaðar mismunandi skilgreiningar á ræktanlegu landi; það er að segja skilgreining á þeim skilyrðum sem landið þurfi að uppfylla meðal annars varðandi hæð landsins yfir sjó, jarðvegsgerð og stærð – til að geta talist vera gott ræktunarland.

Í einni slíkri athugun var áætlað að flatarmál góðs ræktarlands væri 600 þúsund hektarar að stærð. Þar eru stærstu mögulegu ræktunarsvæðin talin henta fyrir tún, grænfóður og bygg – en þar sé of kalt fyrir hveiti – alls um 380 þúsund hektarar. Næst stærst er landsvæðið sem hentar fyrir tún og grænfóður en er of kalt fyrir bygg – alls um 200 þúsund hektarar. Loks er það ræktunarsvæði sem hentar fyrir grænfóður, bygg og hveiti – alls um 20 þúsund hektarar og einkum sunnanlands.

### *Kortlagning á ræktunarlandi til matvælaframleiðslu*

Í endurskoðaðri landsskipulagsstefnu, sem nú verður lögð fyrir Alþingi, eru áherslur mjög sambærilegar gildandi stefnu hvað varðar vernd landbúnaðarlandsins en er þó gert enn hærra undir höfði.

Meginbreytingin felst í verkefni sem er útlistað í einum lið aðgerðaráætlunar til næstu fimm ára sem fylgir stefnunni. Þar verður nýrri stofnun, Landi og Skógi, sem formlega verður til um næstu áramót með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, falið ásamt Skipulagsstofnun að kortleggja allt ræktunarland sem hentar til matvælaframleiðslu með það að markmiði að standa vörð um gott ræktunarland til að tryggja fæðuöryggi.

Tilgangurinn er að stuðla að því að landsþekjandi upplýsingar liggi fyrir sem verða undirstaða fyrir skipulagsgerð sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að þessi vinna standi yfir á árunum 2024 til 2025 og að sá gagnagrunnur sem verður til, sé uppfærður eftir því sem upplýsingar verða betri.

Má gera ráð fyrir að meðal annars verði tekið mið af útgefnum leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands þegar ráðist verður í kortlagningu á landsvísu, ásamt fyrirliggjandi gögnum sem safnað hefur verið til þessa tengt skipulagsvinnu sveitarfélaganna.

### *Stefna stjórnvalda í skipulagsmálum fyrir landið*

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála. Hún felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild og er útfærð með skipulagsgerð sveitarfélaganna, auk haf- og strandsvæða. Í landsskipulagsstefnu skal alltaf vera uppfærð stefna um skipulag miðhálendisins, en einnig samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, sveitarstjórnarmál, húsnæðismál, náttúruvernd og orkunýtingu.

Innviðaráðherra ákveður hvaða viðfangsefni er fjallað um í stefnunni og hvaða áherslur séu lagðar til grundvallar henni. Hann skipar húsnæðis- og skipulagsráð á grundvelli laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála sem gerir tillögu um drög að stefnu um skipulagsmál til ráðherra. Ráðið skipa þau Ingveldur Sæmundsdóttir, án tilnefningar, Jón Björn Hákonarson, án tilnefningar og Valgerður Rún Benediktsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### *Stefnan er þvert á málaflokka stjórnvalda*

Níu manna ráðgjafarnefnd, einnig skipuð af innviðaráðherra, er húsnæðis- og skipulagsráði til ráðgjafar og samráðs við gerð tillögunnar. Ólafur Árnason, forstjóri Skipulagsstofnunar, situr í nefndinni.

Hann segir að vegna þess hversu víðtæk stefnan sé gangi hún þvert á málaflokka stjórnvalda. „Það er síðan innviðaráðuneytis að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar og fimm ára aðgerðaáætlunar sem samþykkt er á grundvelli hennar.

Eitt af markmiðum landsskipulagsstefnu er að samþætta áætlanir stjórnvalda í málaflokkunum, hvar






Meginbreytingin á núgildandi landsskipulagsstefnu og þeirri sem nú er í mótun er varðar landbúnaðarland, felst í verkefni sem er útlistað í einum lið aðgerðaráætlunar til næstu fimm ára sem fylgir stefnunni. Þar verður nýrri stofnun, Landi og Skógi, sem formlega verður til um næstu áramót með sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar, falið að kortleggja allt ræktunarland á landsvísu í samstarfi við Skipulagsstofnun. Teikning / Hlynur Gauti



Ólafur Árnason, forstjóri Skipulagsstofnunar, situr í ráðgjafarnefnd innviðaráðherra.

svo sem þeim er fyrir komið í stjórnarráðinu. Má í þessu samhengi nefna að ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum frá öðrum ráðuneytum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga," segir Ólafur.

*Mikið ónotað land á Íslandi*

Bændasamtök Íslands segja í svari við fyrirspurn um áherslur þeirra, að Ísland sé í þeirri sérstöðu að vera með gríðarlega mikið af landi sem ekki sé í beinni nýtingu í dag.

Aðeins sé um 120 þúsund af 600 þúsund hekturum ræktunarlands í notkun í dag, eða um 20 prósent. Þar af leiðandi séu öll skilyrði fyrir hendi til að vinna að sameiginlegri sýn á landnýtingu og ákveða hvað má vera hvar og hvað má ekki vera hvar. Það þarf ekki endilega að þýða að á einhverju tilteknu svæði verði akur, skógur, tún, beitiland eða önnur starfsemi. Heldur snýst þetta um að geta gengið út frá því að ákveðin landsvæði séu ætluð fyrir tiltekna landbúnaðarstarfsemi, hugnist eigendum þess landsvæðis að nýta það í þeim tilgangi. Mikilvægast sé að fá sameiginlega sýn bæði á landsvísu og hjá nærsamfélögunum til að koma sem allra mest í veg fyrir átök milli atvinnugreina hvort sem það er landbúnaður eða önnur starfsemi.

Skógur, akur og beit geti allt átt samleið. Skógur og/eða skjólbelti séu til að mynda mikilvæg forsenda öflugrar kornræktar. Skógur og beit eigi góða samleið þegar skógurinn er kominn vel af stað. Og búfjárhald og akrar eiga einnig góða samleið vegna skiptiræktunar og sjálfbærni í fóðuröflun. Góðu ræktunarlandi er best komið í ræktun því það land er til að mynda væntanlega líklegast til að tryggja lágt kolefnisfótspor innlendrar framleiðslu.

Ljóst er að stjórnvöld ætla að styðja vel við stóraukna innlenda kornrækt á næstu árum og taka þarf frá kjörlendi undir þá ræktun. Bændasamtök Íslands sjá mikil tækifæri í kornrækt sé rétt haldið á spilunum, bæði til manneldis og til að auka sjálfbærni í fóðuröflun. Telja þau að hið mikla ræktunarland sem er ónotað geti hentað vel til kornræktar en stjórnvöld verði að kortleggja það betur.

*Verndun úrvals landbúnaðarlands*

Í aðgerðaráætlun með landsskipulagsstefnu er að finna ýmis verkefni sem ráðast þarf í til að markmið stefnunnar náist. Að sögn Ólafs eru aðgerðirnar af ýmsum toga og á ábyrgð ýmissa aðila. Á verkefnalista þar séu til að mynda leiðbeiningar vegna loftslagsmiðaðs skipulags og skipulags í dreifbýli, breytingar á lögum eða reglugerðum til að ná ákveðnum markmiðum. Til að mynda upplýsingaöflun um landbúnaðarland á landsvísu auk frekari greiningar og stefnumótunar. Sem dæmi um þetta nefnir hann frekari stefnumótun um samgöngur á miðhálendi Íslands og yfirferð á stefnu um áfangastaði á miðhálendinu með tilliti til innviðauppbyggingar og þolmarka.

„Í tilviki landbúnaðarlands þá er lagt til í aðgerðaráætlun landsskipulagsstefnunnar að ráðist verði í kortlagningu á landbúnaðarlandi á landsvísu. Matvælaráðuneytið ber ábyrgð á því verkefni og fer Land og Skógur ásamt Skipulagsstofnun með framkvæmd þess.

Upplýsingarnar sem úr því verkefni fást eru undirstaða stefnumótunar um verndun úrvals landbúnaðarlands og akurlendis sem sveitarfélög útfæra svo fyrir sitt svæði í skipulagi," segir Ólafur.

*Fögur almenn orð um verndun landbúnaðarlands*

Í drögunum að hvítbókinni er farið fögrum almennum orðum um að stefnt verði að verndun landbúnaðarlands. Í kaflanum Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf – og samsvarandi kafla um framfylgd þess – er fjallað um áherslur skipulags í dreifbýli og þéttbýli. Þar er kveðið á um að skipulag eigi að stuðla að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. Gert er ráð fyrir að við skipu- lagsgerð í dreifbýli verði land sem hentar vel til ræktunar matvæla almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.

*Framleiðsla afurða með lítið kolefnisspor*

Skipulagsákvarðanir sveitarstjórna um ráðstöfun lands til landbúnaðarsvæða og annarrar nýtingar í þágu landbúnaðar munu byggjast á flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða, auk landslagsgreiningar og vistgerðaflokkunar.

Ákvarðanir um uppskiptingu lands munu byggjast á skipulagsáætlunum. Áhersla er á að stefna sveitarstjórna í skipulagsáætlunum varðandi land sem hentar vel til ræktunar stuðli að verndun þess, meðal annars framleiðslu afurða með lítið kolefnisspor, svo sem innlendri grænmetisframleiðslu.

Þá verður í skipulagi dreifbýlis stutt við fjölbreytta nýtingu landbúnaðarlands, svo sem í tengslum við nýsköpun og ferðaþjónustu.

Gert er ráð fyrir að við skipu- lagsgerð í þéttbýli verði vaxtarmörk þess skilgreind með það fyrir augum að standa vörð um verðmætt landbúnaðarland. Í skipulagi verði hugað að tækifærum til aukinnar ræktunar matvæla í þéttbýli.

*Framfylgd stefnunnar fer fram á tvo vegu*

Ólafur segir landsskipulagsstefnuna lýsa áherslum stjórnvalda í skipulagsmálum fyrir landið allt og sé grundvöllur að samræmingu áherslna um mikilvæg málefni sem varða landið í heild og til þess að samræma áherslur í skipulagsmálum við aðrar áætlanir ríkisins. „Hún er almennt orðuð vegna þess að það ber fremur að líta á hana sem stefnuramma en eiginlega skipulagsáætlun.

Framfylgd hennar fer í megindráttum fram á tvo vegu. Annars vegar er stefnan leiðarljós við skipulagsgerð sveitarfélaganna í þeim málaflokkum sem hún tekur til svo tryggja megi að við stefnum í sömu átt að markmiðum sem varða þjóðina í heild. Hins vegar er þar skilgreind aðgerðaráætlun þar sem um sérstök átaksverkefni um upplýsingagjöf eða gagnaöflun, leiðbeiningar, frekari stefnumótun eða breytingar á lögum eða regluverki er að ræða.

Varðandi aðgerðaráætlunina þá eru verkefnin sem þar eru tilgreind á ábyrgð ýmissa aðila en það er á ábyrgð innviðaráðuneytis að halda utan um framvindu aðgerðaráætlunar í heild sinni.

Varðandi hið síðara, þá gegnir Skipulagsstofnun þar lykilhlutverki ásamt sveitarfélögunum í að hampa þessu leiðarljósi við undirbúning og framfylgd skipulagsáætlana."

*Flokkun landbúnaðarlands í sveitarfélögum*

Í umsögn Bændasamtaka Íslands um drögin að hvítbókinni er tekið undir meginefni hennar.

Telja þau mikilvægt að þau sjónarmið sem þar eru reifuð og varða landbúnað verði fylgt eftir með efndum og fjármögnun hennar.

*Framhald á næstu síðu.*



## FRÉTTASKÝRING

Enn hafi einhverjum sveitarfélögum ekki tekist að flokka landbúnaðarland á sínum svæðum, þó að skylda um slíkt hafi hvílt á þeim um nokkurt skeið. „Nákvæm kortlagning lands og rétt flokkun þess m.t.t. þeirra markmiða sem tiltekin eru í hvítbókinni stuðlar að hagkvæmni í þeirri mikilvægu atvinnugrein sem landbúnaður er. Auk þess sem að fleiri atriði þurfi að huga í því samhengi, s.s. fæðu- og matvælaöryggi, enda ljóst að erfitt eða ómögulegt getur verið að endurheimta gott ræktunarland sé það tekið til annarra nota,“ segir í umsögninni.

Þá er spurt í umsögninni hvernig innviðaráðuneytið ætli að tryggja framgang umræddra verkefna hjá opinberum stofnunum og hvernig ráðuneytið ætli að tryggja að sveitarfélög flokki land á þeim grunni sem settur er fram í hvítbókinni.

### *Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu*

Ólafur segir að sveitarfélög eigi að taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu við skipulagsgerð sína. Ákvæði séu í skipulagslögum um að sveitarfélög skuli gera það við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim – og beri þeim að samræma þær landsskipulagsstefnunni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.

Hann segir að telji sveitarstjórn að ekki beri að taka mið af samþykktri landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlunar skuli hún gera rökstudda grein fyrir því og skal rökstuðningurinn fylgja með tillögu að skipulagsáætlun þegar hún er send Skipulagsstofnun. „Skipulagsstofnun hefur það hlutverk að yfirfara skipulagstillögur sveitarfélaganna á lýsingarstigi og fyrir auglýsingu tillögunnar og svo staðfestir Skipulagsstofnun endanlega tillögu.“

„Ef um verulegan ágreining sé að ræða, ef Skipulagsstofnun telur að synja beri aðalskipulagi staðfestingar eða fresta staðfestingu að öllu leyti eða að hluta til, kveða skipulagslög á um að stofnuninni beri að senda tillögu um það til ráðherra innan fjögurra vikna frá því að henni barst tillaga að aðalskipulagi. Skal tillagan rökstudd með greinargerð þar sem fram skal koma hvort form- eða efnisgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða gerð skipulagsins. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar. Ráðherra skuli synja, fresta eða staðfesta aðalskipulag innan þriggja mánaða frá því að tillaga frá Skipulagsstofnun barst ráðuneytinu,“ segir Ólafur.



Gulrótarakur á Suðurlandi. Mynd / smh

### *Hvaða lönd á að varðveita?*

Raddir hafa heyrst innan raða bænda að sveitarfélög fylgi ekki nægilega vel gildandi landsskipulagsstefnu hvað varðar vernd á landbúnaðarlandi sem henti vel til matvælaframleiðslu. Til að mynda eru dæmi um að góð sauðfjárræktarlönd hafi verið keypt upp í þeim tilgangi að rækta þar eingöngu skóga.

Ólafur segir einmitt mikilvægt að sveitarfélögin móti sér stefnu um hvað megi og megi ekki innan landbúnaðarlands, hvaða land eigi að varðveita sem slíkt og hvar önnur starfsemi sé leyfileg. „Æskilegast er til að skógrækt til kolefnisbindingar nái fram markmiði sínu að hún skarist ekki við aðra hagsmuni eða verðmæti. Dæmi um slíkt gæti til dæmis verið framleiðsla á kolefniseiningum í skógrækt á svæðum sem eru mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika, sérstakra vistgerða eða lands sem þegar er verðmætt til kolefnisbindingar. Hvert sveitarfélag setur því ákvæði um nýtingu landbúnaðarlands og skógræktar til að mynda í sitt aðalskipulagi – og ber þar að líta til áherslna landsskipulagsstefnu.“



Stjórnvöld ætla að styðja vel við stóraukna innlenda kornrækt á næstu árum og því þarf að gera ráð fyrir landi undir þá ræktun í skipulagsvinnu sveitarfélaganna sem fram undan er. Mynd / smh

Bændasamtök Íslands hvetja til þess að skipulagsmálin verði tekin föstum tökum við gildistöku nýju stefnunnar. Mikilvægt sé að nýta þá þekkingu sem hafi aflast á síðustu árum til að framfylgja stefnunni, í tengslum við verkefni á borð við landbúnaðarstefnuna Ræktum Ísland, þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu til 2040, loftslagsstefnuna, leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar, landgræðsluáætlunar, landsáætlunar í skógrækt og síðast en ekki síst drög að hvítbók um skipulagsmál sem kom út núna í september.

Benda þau einnig á að bændur hafa haft beina aðkomu að stórum verkefnum sem tengjast landnýtingu eins og verkefnið Grólind. Sauðfjárbændur greiði stóran hluta af kostnaði við það verkefni sjálfir.

### *Stefnan tekur strax gildi*

Að sögn Ólafs mun ný stefna taka gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillöguna. Margar góðar ábendingar hafi komið fram í umsagnarferlinu og búið að bregðast við þeim eftir því sem efni standi til í endanlegri tillögu að þingsályktun. Ekki hafi verið gerðar efnislega meiri háttar breytingar á áherslum eða umstokkun á framlagðri stefnu.

Um ástæðu þess að ný stefna sé nú lögð fram þegar enn séu þrjú ár eftir af gildistíma núverandi stefnu, segir hann að ýmis atriði hafi kallað á endurskoðun á þessum tímapunkti. „Sem dæmi má nefna að áherslur í loftslagsmálum voru ekki áberandi í gildandi landsskipulagsstefnu, forsendur hafa breyst varðandi húsnæðismál og fleira mætti nefna. Jafnframt er ný landsskipulagsstefna nú unnin samkvæmt nýjum lögum um stefnur og aðgerðaráætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála þar sem áhersla er á samþættingu þessara áætlana. Því voru forsendur til staðar, margar knýjandi, fyrir því að ráðast í endurskoðun landsskipulagsstefnu.“

Ólafur bætir því við að samkvæmt skipulagslögum skuli ráðherra taka afstöðu til þess að loknum alþingiskosningum hvort ráðast skuli í endurskoðun landsskipulagsstefnu. „Það er afar sambærilegt við ákvæði vegna aðalskipulags sveitarfélaganna þar sem sveitarstjórn á að loknum sveitarstjórnarkosningum að taka afstöðu til þess hvort ráðast skuli í endurskoðun aðalskipulags.“





FORYSTUFÉ
og fólkið í landinu
Daníel Hansen
Guðjón Ragnar Jónasson
FRÁBÆR
BÓK UM
FORYSTUFÉ!
VERÖLD
BÁRA
BALDURSDÓTTIR
KYNLEGT
STRÍÐ
ÁSTANDIÐ Í NÝJU LJÓSI
EINSTÖK BÓK
UM ÁSTANDIÐ!
„Rosaleg.“
–Egill Helgason
BJARTUR
ELÍN HIRST
AFI MINN
STRÍÐSFANGINN
Opened
by
Censor
ÖRLAGASAGA
ÚR FJÖLSKYLDU
ELÍNAR HIRST!
„Sláandi ... hvet fólk
til að lesa hana.“
–Kristján Kristjánsson,
Sprengisandur
★★★★
–Sölvi Sveinsson,
Morgunblaðinu
VERÖLD

**MENNING**





## Leikfélag Austur-Eyfellinga:

# Maður í mislitum sokkum

**Sýningar standa nú yfir á leikritinu Maður í mislitum sokkum, eftir Arnmund Backman, í leikstjórn Gunnsteins Sigurðssonar en sýningar hófust um miðjan nóvember.**

Áhorfendur hafa tekið þessu bráðsmellna verki með mikilli ánægju, enda fara leikarar á kostum.

Um ræðir grátbroslegan farsa þar sem ekkjan Steindóra er í aðalhlutverki.

Hún er búsett í blokk eldri borgara og lifir heldur tilbreytingarsnauðu lífi þar til dag einn að hún finnur ókunnan mann sitjandi í farþegasætinu í bílnum hennar. Átta leikarar taka þátt í sýningunni, auk fjölmargra aðstoðarmanna baksviðs.

Sviðsstjóri er Jón Sigurðsson, ljósastjórn er í höndum Magnúsar Birkis Ólafssonar, en ljósahönnun annaðist Þorsteinn Sigurbergsson.

**Næstu sýningar eru:**
28. nóvember kl. 20.00
1. desember kl. 20.00
**Lokasýningar**
3. desember kl. 15.00 og kl 20.00

Allar sýningar eru á Heimalandi, Vestur-Eyjafjöllum. Miðapantanir eru á netfanginu leikfelausture@gmail.com eða í símum 824 8889, 843 0766 og 8460781. /SP

## Hugleikur:

# Jólaævintýri Hugleiks

**Við minnum á að Leikfélagið Hugleikur, sem allir landsmenn þekkja, setur nú á svið Jólaævintýri Hugleiks.**

Verður verkið sýnt í Gamla bíói dagana 10. og 17. desember, en það byggir á Jólasögu Charles Dickens um Ebenezer Scrooge. Að hætti hugleikskra manna gefst áhorfendum nú tækifæri til þess að sjá útsetningu þessa fræga verks í íslenskum raunveruleika seint á 19. öld, vel skreytta með söng og dansi. Fyrir þá sem ekki vita hefur félagið þá sérstöðu meðal íslenskra leikfélaga að leikverkin sem það hefur sýnt eru nánast öll samin af meðlimum hópsins og ávallt með tengingar úr íslenskum þjóðlífi.

Hugleikur setti Jólaævintýrið fyrst á svið fyrir 18 árum og má segja að fáir meðlima leikfélagsins geti hugsað sér jólin án þess að hlýða á tónlist sýningarinnar. Höfundar þeirra fögru tóna eru Ljótu hálfvitarnir, þeir Snæbjörn Ragnarsson (Skálmöld) og Þorgeir Tryggvason. Þeir eru einnig höfundar verksins ásamt Sigrúnu Óskarsdóttur og Sigríði Láru Sigurjónsdóttur.

Jólaævintýri Hugleiks er hin besta skemmtun fyrir alla aldurshópa, lystilega stýrt af Gunnari Birni Guðmundssyni sem hefur m.a. leikstýrt fjölda áramótaskaupa.

Sýnt verður sunnudagana 10. og 17. desember, báða daga klukkan 16 og svo 20. Miðasölu er að finna á Tix (www.tix.is) og rétt er að taka fram að sýnt verður í Gamla bíói og því ekki við öðru að búast en að stemningin verði sérstaklega jólaleg og falleg. /SP











Verkið býður upp á hnyttinn texta og kostulegan leik sem lætur viðstadda veltast um af hlátri. Myndir / Aðsendar

## Hnoðri í norðri:

# Ævintýri á aðventunni

**Sviðslistahópurinn Hnoðri í norðri var stofnaður með pomp og prakt í fyrra, en hópurinn, sem samanstendur af sex atvinnulistamönnum, býður áhorfendum sínum upp á sérsamda íslenska söngleiki og óperur.**

Hefur flutningur þeirra hlotið góðar undirtektir, en í desember sl. var fyrsta sýning hópsins, Ævintýri á aðventunni, sýnd í öllum grunnskólum frá Vopnafirði til Hvammstanga, bæði kennurum og nemendum til mikillar gleði.

Verkið fjallar um þær systur, Gunnu (á nýju skónum) og Sollu (á bláum kjól) sem halda í bæjarferð til þess að versla jólagjafirnar, rekast þar bæði á jólasvein og jólaköttinn auk þess sem þær þurfa að muna allar þær „reglur" sem fylgja jólunum svo og jólalög.

Voru sumir áhorfenda að heyra óperusöng í fyrsta skipti en heiðurinn að lögum og texta er ein sexmenninganna, Þórunn Guðmundsdóttir. Hún er einnig höfundur verksins en félagar hennar í hópnum hafa allir sitt hlutverk. Má þar nefna leikstjórann Jennýju Láru Arnórsdóttur, búningahönnuðinn Rósu Ásgeirsdóttur, Jón Þorstein Reynisson sem sér um söng, leik og harmonikkuspil, en söngur og leikur er einnig í höndum þeirra Bjarkar Níelsdóttur og Erlu Dóru Vogler auk þess sem þær tvær síðastnefndu sinna starfi verkefnastjóra í tengslum við leikverkið.

Leikritið Ævintýri á aðventunni verður annars sýnt í fjögur skipti nú í byrjun desember, miða má finna á tix.is og eru sýningar haldnar í Samkomuhúsinu á Akureyri. /SP


KRAFTVÉLAR
ÁRAMÓTATILBOÐ Á PÖTTINGER
20% VERÐLÆKKUN
SLÁTTUVÉLAR
PÖTTINGER NOVACAT 351 AM ED PRO
Framsláttuvél með knosara
Tilboðsverð án VSK
3.424.000 kr.
Listaverð án VSK
4.280.000 kr.
PÖTTINGER NOVACAT 351 AM PRO
Framsláttuvél
Tilboðsverð án VSK
2.824.000 kr.
Listaverð án VSK
3.530.000 kr.
PÖTTINGER NOVACAT 352
Miðjuhengd diskasláttuvél 1000 rpm
Tilboðsverð án VSK
2.312.000 kr.
Listaverð án VSK
2.890.000 kr.
PÖTTINGER NOVACAT 442
Miðjuhengd diskasláttuvél 1000 rpm
Tilboðsverð án VSK
2.768.000 kr.
Listaverð án VSK
3.460.000 kr.
PÖTTINGER NOVADISC 352
Diskasláttuvél á þrítengi 540 rpm
Tilboðsverð án VSK
1.944.000 kr.
Listaverð án VSK
2.430.000 kr.
PÖTTINGER NOVACAT 352ED
Miðjuhengd diskasláttuvél 1000 rpm
Tilboðsverð án VSK
3.112.000 kr.
Listaverð án VSK
3.890.000 kr.
PÖTTINGER NOVACAT 402
Miðjuhengd diskasláttuvél 1000 rpm
Tilboðsverð án VSK
2.552.000 kr.
Listaverð án VSK
3.190.000 kr.
PÖTTINGER NOVACAT 402ED
Miðjuhengd diskasláttuvél 1000 rpm
Tilboðsverð án VSK
3.424.000 kr.
Listaverð án VSK
4.280.000 kr.
PÖTTINGER NOVADISC 302
Diskasláttuvél á þrítengi 540 rpm
Tilboðsverð án VSK
1.480.000 kr.
Listaverð án VSK
1.850.000 kr.
HEYÞYRLUR
PÖTTINGER HIT 8.91T
Heyþyrla dragtengd á vagni
Tilboðsverð án VSK
3.096.000 kr.
Listaverð án VSK
3.870.000 kr.
PÖTTINGER HIT 4.54
Heyþyrla lyftutengd samanbortin með vökva
Tilboðsverð án VSK
1.440.000 kr.
Listaverð án VSK
1.800.000 kr.
PÖTTINGER HIT 6.69
Heyþyrla lyftutengd samanbortin með vökva
Tilboðsverð án VSK
1.960.000 kr.
Listaverð án VSK
2.450.000 kr.
PÖTTINGER HIT 8.91
Heyþyrla lyftutengd samanbortin með vökva
Tilboðsverð án VSK
2.680.000 kr.
Listaverð án VSK
3.350.000 kr.
PÖTTINGER HIT HT13120
Heyþyrla dragtengd á vagni
Tilboðsverð án VSK
4.872.000 kr.
Listaverð án VSK
6.090.000 kr.
PÖTTINGER HIT HT8680
Heyþyrla dragtengd á vagni
Tilboðsverð án VSK
3.640.000 kr.
Listaverð án VSK
4.550.000 kr.
PÖTTINGER HIT HT11100
Heyþyrla dragtengd á vagni
Tilboðsverð án VSK
4.264.000 kr.
Listaverð án VSK
5.330.000 kr.
RAKSTRARVÉLAR
PÖTTINGER TOP 422
Lyftutengd rakstrarvél
Tilboðsverð án VSK
1.536.000 kr.
Listaverð án VSK
1.920.000 kr.
PÖTTINGER TOP 702C
Dragtengd miðjurakstrarvél
Tilboðsverð án VSK
3.896.000 kr.
Listaverð án VSK
4.870.000 kr.
PÖTTINGER TOP 762C
Dragtengd miðjurakstrarvél
Tilboðsverð án VSK
4.112.000 kr.
Listaverð án VSK
5.140.000 kr.
PÖTTINGER TOP 882C
Dragtengd miðjurakstrarvél
Tilboðsverð án VSK
4.792.000 kr.
Listaverð án VSK
5.990.000 kr.
PÖTTINGER TOP 962C
Dragtengd miðjurakstrarvél
Tilboðsverð án VSK
5.792.000 kr.
Listaverð án VSK
7.240.000 kr.
Kraftvélar • Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500 • www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Enn eru í gildi varúðarráðstafanir til verndar alifuglum og öðrum fuglum í haldi. Leiðbeiningar eru aðgengilegar á vef MAST. Mynd / smh

Matvælastofnun:

# Fuglaflensa breiðist út

**Skæð fuglaflensa er nú útbreidd í villtum fuglum um allt land en ekki eru vísbendingar um fjöldadauða.**

Í umfjöllun á vef Matvælastofnunar kemur fram að sú tegund fuglaflensunnar sem talin er vera útbreidd sé H5N5. Nýleg tilfelli af henni voru staðfest í dauðum hrafni rétt hjá húsnæði Matvælastofnunar á Selfossi og í ritu á Hallormsstað. Áður hafi þetta afbrigði greinst í erni á Breiðafirði og æðarfugli í Ólafsfirði. Sterkar vísbendingar séu um að þessi gerð hafi borist með villtum fuglum til landsins síðsumars.

Ekki hafi borist tilkynningar um fjöldadauða í villtum fuglum nú í haust sem bendi til að áhrif þessa afbrigðis á villtu fuglastofnana séu ekki mjög alvarleg. Annað afbrigði fuglaflensunnar sem algengust var hér á landi á síðasta ári í villtum fuglum virðist núna ekki vera mjög útbreidd. Matvælastofnun hvetur almenning áfram til að tilkynna fund á veikum og dauðum fuglum til stofnunarinnar, helst með gps-hnitum fundarstaðarins.

Þá eru enn í gildi varúðarráðstafanir til verndar alifuglum og öðrum fuglum í haldi og eru þær aðgengilegar í gegnum vef Matvælastofnunar. /smh

Blönduós:

# Flugvöllurinn malbikaður

**Mikil ánægja er hjá íbúum á Blönduósi og næsta nágrenni því ákveðið hefur verið að malbika flugvöllinn á Blönduósi á nýju ári. Völlurinn er mest notaður fyrir sjúkraflug.**

„Þetta mál hefur verið í umfjöllun síðustu tíu ár og komst í hámæli þegar rútuslysið varð við Öxl fyrir nokkrum árum.

Verkefnið hefur verið á áætlun hjá ríkinu en aldrei hefur orðið af framkvæmdum en rekstraröryggi vallarins er mikið öryggismál fyrir svæðið,“ segir Pétur Arason, sveitarstjóri Húnabyggðar.



Pétur Arason.

„Nú hefur malbikun flugvallarins komist inn á samgönguáætlun en áætlanir gerðu ráð fyrir kostnaði upp á um 70 milljónir króna. Þegar prufuholur voru teknar núna nýverið var gerð ný kostnaðaráætlun af ISAVIA og hljóðar hún upp á 170-180 milljónir króna. Það er sem sagt búið að tryggja aukafjármagn til að klára verkefnið á nýju ári,“ segir alsæll sveitarstjóri Húnabyggðar. /MHH

Ferðaþjónusta:

# Ísfirðingar vilja ekki fleiri skemmtiferðaskip

**Í niðurstöðum nýlegrar rannsóknar um þolmörk og viðhorf íbúa Ísafjarðar gagnvart komu skemmtiferðaskipa er mælt með að sett verði takmörk um leyfðan hámarksfjölda farþega eða afmörkuð viðmið um komur þeirra í bæjarfélagið.**

Þolmörkum Ísfirðinga er náð um fjölda skemmtiferðaskipa og íbúar eru á móti frekari aukningu.

Ferðamannafjöldi á Ísafirði hefur aukist verulega með aukningu komu skemmtiferðaskipa þar yfir sumarmánuðina. Elizabeth Riendeau, nemi í haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða, lauk nýverið við rannsókn á viðhorfum íbúa Ísafjarðar gagnvart þessari miklu fjölgun.



Búist er við að um 230.000 farþegar skemmtiferðaskipa hafi heimsótt Ísafjörð árið 2023 og hefur þeim fjölgað gífurlega á sl. áratug. Mynd / Hw Scott

### *Mælir með fjöldatakmörkun*

Í ritgerðinni kemur fram að skemmtiferðaskip hafi vanið komur sínar til Ísafjarðar frá árinu 1996 en ferðamannafjöldinn hafi haldist í um 3.000 árlegum farþegum framan af. Árið 2004 hafi farþegafjöldi tekið að aukast og hefur vaxið verulega á síðastliðnum áratug en búist er við að um 230.000 farþegar skemmtiferðaskipa hafi heimsótt Ísafjörð árið 2023. Elizabeth talar um að ferðaþjónusta með skemmtiferðaskipum hafi á sig orð um ósjálfbærni, bæði vegna neikvæðra umhverfisáhrifa skipanna sjálfra en einnig vegna þess efnahagslega misbrests sem slíkt form ferðalaga getur haft á þá áfangastaði sem heimsóttir eru.

Þannig benda niðurstöður megindlegrar rannsóknar hennar til þess að þolmörkum íbúa Ísafjarðar sé náð varðandi fjölda skemmtiferðaskipa sem koma þar og að íbúar séu á móti frekari aukningu. Stuðningur við óbreytt ástand var skiptur en þó reyndust margir íbúar umburðarlyndir gagnvart núverandi fjölda ferðamanna.



Elizabeth Riendeau.



Arna Lára Jónsdóttir.

Margvíslegir hagmunir séu fólgnir í að tryggja að vöxtur ferðaþjónustu staðarins sé í sem bestri sátt við íbúa á Vestfjörðum og þróist í samræmi við væntingar þeirra því atvinnugreinin og vægi hennar fer hlutfallslega vaxandi í landshlutanum. Mælir höfundur með að sett verði takmörk um leyfðan hámarksfjölda farþega eða afmörkuð viðmið um komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar.

Byggðastofnun segir frá þessum niðurstöðum rannsóknarinnar en Byggðarannsóknasjóður veitti Elizabeth styrk fyrir henni í lok árs 2022.

### *Vinna að stefnu Ísafjarðarbæjar um móttöku skemmtiferðaskipa*

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að fyrirhugað sé að móta stefnu um komu skemmtiferðaskipa þar sem tekið verði á ýmsum þáttum, þar með talið fjölda skipa og farþega í tengslum við þolmörk samfélagsins. Í minnisblaði sem lagt var fram á fundi hafnarstjórnar bæjarins í september segir að sveitarfélaginu og starfsfólki hafi borist nokkrar athugasemdir frá íbúum í sumar vegna komu skemmtiferðaskipa til bæjarins.

„Meðal annars hefur verið kvartað undan skipsflautum, sem oft eru þeyttar í kveðjuskyni þegar skip yfirgefa Ísafjarðarhöfn. Er þetta talið óþarfa áreiti og eingöngu ætti að nota skipsflautur þegar nauðsyn krefur.

Einnig hefur verið kvartað undan því að gestir geri þarfir sínar utandyra, en þessar kvartanir bárust áður en salernisgámur var fenginn á Landsbankaplanið. Þá hafa verið gerðar athugasemdir við mengun frá skipum þegar þau eru í höfn/á akkeri. Mengunarmælar eru staðsettir á tveimur stöðum í Skutulsfirði, í miðbænum og í Holtahverfi.

Svæði meðfram smábátahöfn, frá gatnamótum við Mjósund að Mávagarði, sem sérmerkt var fyrir gangandi, var ítrekað notað sem bílastæði, sömu bílar stóðu þar jafnvel dögum saman,“ segir í minnisblaði frá Tinnu Ólafsdóttur, upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar. /ghp

## Samþjappað eignarhald



Í ritgerðinni kemur fram að skemmtiferða-skipaferða-þjónusta sé sístækkandi iðnaður sem einkennist einnig af mikilli eignarhaldssamþjöppun. Flest skemmtiferðaskipafélög eru í eigu fáeinna fjölþjóðlegra fyrirtækja.

Þannig þjónustar fyrirtækið Carnival Cruise Line um 45% af heildarfjölda þeirra sem ferðast með skemmtiferðaskipum hvert ár. Næststærsta fyrirtækið er Royal Caribbean Cruises LTD með um 25% markaðshlutdeild og Norwegian Cruise Line með 15% hlutdeild.



limtrevirnet.is

# STÖÐLUÐ HÚS ÚR LÍMTRÉ OG STEINULLAR-EININGUM



## 160 m² — 11.400.000 m.vsk.*

| | |
|---|---|
| Breidd 10,0m | Þakhalli 20° |
| Lengd 16,0m | 1 x Iðnaðarhurð 3,5 x 3,25m |
| Vegghæð 3,15m | 2 x Gönguhurðir |
| Mænishæð 4,97m | 2 x Gluggar |



## 240 m² — 17.300.000 m.vsk.*

| | |
|---|---|
| Breidd 12,0m | Þakhalli 20° |
| Lengd 20,0m | 1 x Iðnaðarhurð 4,0x4,0m |
| Vegghæð 4,15m | 2 x Gönguhurðir |
| Mænishæð 6,33m | 2 x Gluggar |

- Aðaluppdrættir, sökkulteikningar og burðarvirki fylgja
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Útveggir og þak úr steinullareiningum
- Úrval lita á þak og veggi
- Íslensk framleiðsla

**HAFÐU SAMBAND** Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

*Tilboðsverð gilda til 31.12.2023 og miðast við snjóálagssvæði 2

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki ÍSLENSKT

Austurland:

# Knúið á um regluverk fyrir vindorku

## – Undirbúningur hafinn að vindorkuveri fyrir orkugarð

**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is



**Til stendur að byggja upp orkugarð á Reyðarfirði og framleiða þar rafeldsneyti með efnagreiningu. Nú hefur danska fyrirtækið CIP samið við átta jarðeigendur í Fljótsdal um leigu á landi undir vindmyllur til raforkuframleiðslu fyrir orkugarðinn.**

Í samræmi við áherslu á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins stóð CIP, eigandi Fjarðarorku, ásamt fleirum árið 2021 að stofnun Orkugarðs Austurlands (OGA) sem er samstarfsvettvangur um nýtingu grænna tækifæra á Austurlandi. Markmið hans er að stuðla að aukinni verðmætasköpun og byggja upp þekkingu á orkuskiptum á svæðinu með sérstakri áherslu á nýsköpun, hátækni, grænar lausnir og sjálfbærni.

Framleiðslan hefur að sögn aðstandenda verkefnisins það markmið að tryggja framboð á rafeldsneyti til orkuskipta í sjávarútvegi og sjóflutningum auk annarra greina sem munu reiða sig á rafeldsneyti til orkuskipta. Undirbúningurinn miðar við að raforka til framleiðslunnar verði tryggð með uppbyggingu vindorkugarðs í Fljótsdal. Það hefur þó tafið verkefnið að ekki er til staðar regluverk um vindorkunýtingu hérlendis.

### *Samið við átta landeigendur í Fljótsdal*

Til þess að orkugarður geti orðið að veruleika þarf auðvitað orku til og því fór CIP í viðræður og samningagerð við landeigendur í Fljótsdal vegna vindorkuvers og hefur verið horft til Fljótsdalsheiðar, Múla og Víðivallaháls í því sambandi. Þurfi tæpar 60 vindmyllur með 350 MW í uppsettu afli.

Lóðaleigusamningar í Fljótsdal eru við 8 landeigendur og spanna rannsókna- og rekstrartíma mögulegs vindorkugarðs, skv. upplýsingum CIP. Innan tíðar verði send inn umsókn til Orkustofnunar en ekki liggi fyrir nein leyfi eða ákvarðanir um fjárfestingar vegna vindmyllanna að svo komnu máli, enda engu opinberu regluverki til að dreifa. CIP muni nú hefja umhverfis- og vindrannsóknir.

Ljóst er að mjög skiptar skoðanir eru um vindorku, einkum vindmyllur á landi. Var fjallað um það m.a. í fréttaskýringu Bændablaðsins sl. sumar og kom t.d. fram mismunandi afstaða fólks á svæðinu þar sem fyrirhugaður vindorkugarður Fjarðarorku á mögulega að rísa.




Með endurnýjanlegri raforku, vatni og andrúmslofti er hægt að framleiða rafeldsneyti. Í fyrsta skrefi er vetni framleitt úr vatni með rafgreiningu. Vetninu er síðan umbreytt í ammoníak með því að bæta við nitri sem skilið er úr andrúmsloftinu. Hliðarafurðirnar varma og súrefni er hægt að fullnýta með hagkvæmum hætti fyrir samfélag og atvinnulíf. Mynd / Fjarðaorka



Opinn íbúafundur um fyrirhugaðan Orkugarð Austurlands og rafeldsneytisframleiðslu þar var haldinn á Reyðarfirði um miðjan mánuð. Fóru fulltrúar Fjarðabyggðar, Fjarðarorku og CIP þar yfir stöðu og forsendur. Mynd / Fjarðabyggð

### *Ammoníak fyrir skip og í áburð*

Í OGA er gert ráð fyrir að framleiða rafeldsneyti með vetni eftir að vatn hefur verið klofið með rafmagni. Horft er til þess að framleiðsla rafeldsneytis verði hafin eigi síðar en árið 2030. Sveitarfélagið Fjarðabyggð úthlutaði OGA lóð árið 2022 skammt utan við álver Fjarðaáls í Reyðarfirði. Talið er að um þrjú ár taki að byggja verksmiðjuna þegar þar að kemur.

Áform eru einnig um að byggja frekari starfsemi sem nýtir hliðarafurðir. Þá er hugmynd um umhverfisvæna áburðarverksmiðju en með vetnisframleiðslu væri hægt að búa til rafeldsneyti með rafgreiningu, svo sem ammoníak, til að nota í áburðarframleiðslu.

Magnús Bjarnason hjá MAR Advisor, sem er í forsvari fyrir verkefnið, sagði í Bændablaðinu fyrir nokkru síðan að ætlunin væri að nýta ammoníak sem rafeldsneyti fyrir skip. „Í framtíðinni munum við nota vistvænt eldsneyti, eins og ammoníak, og þá þarf að ákveða hvort það eigi að framleiða það hér eða flytja það inn. Okkar áætlanir ganga út á að kosið verði að nota innlenda framleiðslu. Ammoníakið verði þá notað annars vegar sem eldsneyti á skip, en hins vegar til að umbreyta í áburð. Aukaafurðir verða svo varmi og súrefni, sem munu nýtast til húshitunar og til fiskeldis á landi,“ sagði Magnús.

Til skoðunar er að nýta varmaorkuna til húshitunar á Reyðarfirði með uppbyggingu hitaveitu, en byggðarlagið reiðir sig nú á rafmagn til húshitunar. Súrefni er hægt að nýta á ýmsan hátt, til dæmis við landeldi á fiski, skólphreinsun og við iðnað af ýmsu tagi.

Er sett á oddinn að OGA verði leiðandi í mótun nýs markaðar fyrir rafeldsneyti og framleiðslugeta rafeldsneytisverksmiðju allt að 220 þúsund tonn af ammoníaki á ári en orkuþörf hennar væri 240 MW.

### *Verður að ljúka rammaáætlun*

„Til þess að ná loftslagsmarkmiðum þarf græna orku – svo einfalt er það,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í ræðu á Alþingi fyrr í mánuðinum.

„Og ef menn greiða atkvæði gegn því að það sé verið að afla grænnar orku þá eru menn að koma í veg fyrir að það sé hægt að ná loftslagsmarkmiðum. Svo einfalt er það. Það er ekki nokkur einasta leið fyrir okkur [...] að ná árangri í loftslagsmarkmiðum ef menn klára ekki rammaáætlun,“ sagði ráðherrann.

### *Ekkert fast í hendi*

Aðilar að orkugarðinum eru ásamt CIP, eftir því sem næst verður komist, Fjarðabyggð, Atmonia, Laxar, Fiskeldi Austfjarða, Síldarvinnslan, Fljótsdalshreppur, Gallon, Artic Hydro og Skeljungur, allt aðilar sem geta komið að því að nýta afurðir og hliðarafurðir rafeldsneytisframleiðslu í samræmi við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

Þó er að sögn CIP eingöngu um viljayfirlýsingar að ræða en ekkert fast í hendi um fjárfestingar þessara aðila. Landsvirkjun mun einnig koma að verkefninu og CIP hefur átt í viðræðum við Landsnet vegna raforkuflutnings.

### *Hvað er CIP?*

CIP, Copenhagen Infrastructure Partners, var stofnað árið 2012, fjárfestir á alþjóðlega vísu í orkuinnviðaverkefnum; endurnýjanlegri orku og ekki síst vindorku. Höfuðstöðvar þess eru í Kaupmannahöfn en auk nokkurra útibúa í Evrópu starfar fyrirtækið einnig í Bandaríkjunum, Kóreu, Japan, Singapúr og Ástralíu og starfa hjá því um hálft þúsund manna.

CIP stýrir að sögn 19 milljörðum evra í tíu sjóðum sem fjárfesta í grænum orkuverkefnum víða um heim. Það mun vera í meirihlutaeigu fjögurra einstaklinga. Lífeyrissjóðurinn Pension Danmark var stofn- fjárfestir í CIP og er enn stór fjárfestir.

Fjölmiðillinn Berlingske segir í fjögurra greina umfjöllun sinni um CIP að það hafi orðið alþjóðlegt milljarðafyrirtæki á mettíma. Einn hluthafa CIP, með 25% hlut, sé stærsti vindmylluframleiðandi heims, Vestas, sem hafi selt tæplega 85.000 vindmyllur í meira en 85 löndum.CIP er talið vera eitt stærsta sérhæfða sjóðstýringafélag heims í fjárfestingum í endurnýjanlegri orku og leiðandi á heimsvísu í vindorku á sjó.

Samkvæmt upplýsingum um fyrirtækið fjárfesta þeir sjóðir sem CIP stjórnar í haf- og landvindi, sólarorku, lífmassa og orku úr úrgangi, flutningi og dreifingu, forðagetu og geymslu, Power-to-X (umbreytingartækni sem breytir rafmagni í kolefnishlutlaust tilbúið eldsneyti, ss. vetni jarðgas, fljótandi eldsneyti eða kemísk efni) og háþróaðri líforku.

Fyrirtækið leggi áherslu á að koma að verkefnum á upphafsreit og fá þannig einkarétt á áhugaverðum fjárfestingatækifærum.

Kæru bændur,

Í samstarfi við Bændasamtökin, Búnaðarsamband Suðurlands og Landbúnaðarháskóla Íslands, vinnum við nú hörðum höndum að stofnun alhliða afleysingaþjónustu fyrir bændur. Verkefnið er þarft, löngu tímabært og svarar brýnni eftirspurn á markaði. Metnaður okkar og markmið er að úr verði sjálfbær og aðgengileg þjónusta sem léttir undir með bændum og stuðlar að nýliðun.

Verkefnið hefur þegar verið kynnt félags- og vinnumarkaðsráðherra og fulltrúum matvælaráðuneytisins, og er sem stendur unnið að fjármögnun þess.

Nánari upplýsingar veitir Heimir Hannesson í síma 849-3920. Við fögnum öllum athugasemdum og ábendingum, og við hlökkum til að vinna með ykkur!

Heimir Hannesson
Frábæ ehf.

FRÁBÆ


Við fjármögnum
landbúnaðartæki
Lykill
Fjármögnun

Í DEIGLUNNI

Hrossarækt:

# Verðlaunahryssan Verona

## – Væn uppskera hjá litlu ræktunarbúi í Holtum

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



**Verona frá Árbæ er Glettubikarhafinn í ár. Maríanna Gunnarsdóttir, eigandi Veronu, tárfelldi þegar hún áttaði sig á að áralöngu markmiði sínu í hrossarækt væri náð.**

„Ég fór bara að grenja, þetta er ómetanlegt og algjör heiður. Eitthvað sem mann óraði ekki fyrir. Ég vissi að hún ætti möguleika á að komast í heiðursverðlaun því kynbótamat hennar var hátt. Markið var því alltaf sett þangað. Í sumar þegar ég áttaði mig á að hún væri komin í heiðursverðlaun var draumurinn að vera í topp þremur en svo var það mjög tilfinningaþrungið móment þegar það rann upp fyrir mér að hún væri efst,“ segir Maríanna Gunnarsdóttir, en hún tekur við Glettubikarnum fyrir hönd Veronu frá Árbæ, efstu heiðursverðlaunahryssu ársins 2023.

### *Hugsjón og ástríða*

Verona er fædd árið 2004 undan tveimur heiðursverðlaunahrossum, Vigdísi frá Feti og Aroni frá Strandarhöfða. Ræktendur hennar eru foreldrar Maríönnu, Vigdís Þórarinsdóttir og Gunnar Andrés Jóhannsson, sem gáfu Maríönnu hryssuna, þá ársgamla, í þrítugsafmælisgjöf. Þrátt fyrir að vera kunn afkvæmaverðlaunum fyrir hross í sinni eigu er Verona fyrsta hryssa úr ræktun Vigdísar og Gunnars sem hlýtur verðlaunin.

Undan Veronu eru fimm dæmd afkvæmi; Seðill (ae. 8,75) undan Sjóði frá Kirkjubæ, Díva (ae. 8,29) undan Toppi frá Auðsholtshjáleigu, Auga-Steinn (ae. 8,27) undan Thór-Steini frá Kjartansstöðum, Drift (ae. 8,23) undan Katli frá Kvistum og Þórdís (ae. 7,95) undan Arnoddi frá Auðsholtshjáleigu. Þá hefur Jökull undan Ramma frá Búlandi hlotið sköpulagseinkunn (8,27). Ósýnd eru Hrafnaflóki undan Mætti frá Leirubakka, Rún undan Safír frá Mosfellsbæ (fædd 2020), Skarpur undan Skýr frá Skálakoti (fæddur 2022) og Dimmalimm undan Sólon frá Þúfum (fædd 2023).

Saman standa þær mæðgur, Maríanna og Vigdís, að hrossaræktararfleifð fjölskyldunnar ásamt Guðmundi Ólafi Bæringssyni sem hefur starfað á búinu síðan 1998. Vigdís er með um 4–6 hryssur í ræktun ár hvert en Maríanna hefur haldið utan um ræktun út af Veronu sinni.

Árið 2023 er í reynd ár mikillar uppskeru hjá Árbæjarfjölskyldunni, því auk heiðursverðlauna Veronu var Geisli frá Árbæ, úr ræktun Vigdísar, annar hæst dæmdi 6 vetra stóðhestur ársins og var fulltrúi Íslands á heimsmeistaramótinu í Hollandi og sigraði þar flokk 6 vetra stóðhesta.

Þá er ræktunarbúið eitt af tilnefndum ræktunarbúum ársins. „Þetta er hugsjón og ástríða og virkilega skemmtilegt ár að uppskera fyrir svo litla ræktun. Þetta er mjög mikill áfangi fyrir okkur,“ segir Maríanna.



Glettubikarhafi ársins, Verona frá Árbæ, ásamt eiganda sínum, Maríönnu Gunnarsdóttur, og móður hennar, Vigdísi Þórarinsdóttur, sem ræktaði Veronu ásamt Gunnari Andrési Jóhannssyni. Hjá þeim stendur yngsta afkvæmi Veronu, Dimmalimm, undan Sólon frá Þúfum. Mynd / ghp

### *Týpa í tamningu*

Maríanna segist frá upphafi hafa haldið afar vel utan um ræktunar- hryssu sína og afkvæmi hennar til þess að ná settu markmiði. „Guðmundur frumtamdi Veronu hér í Árbæ en svo tók Sigurður Vignir Matthíasson við henni og sýndi og þjálfaði alla tíð á meðan hún var undir manni. Það var ómetanlegt. Síðar þegar ég fer að nota hana í ræktun hef ég haft góðan garð í kringum mig, sama hvort um ræðir við val á stóðhestum, tamningu, þjálfun eða sýningar og er þakkarvert að eiga svona marga góða að. Ég hef ekki viljað láta afkvæmin frá mér, heldur lagt metnað í að þau séu vel tamin frá grunni og farið með þau öll í dóm frá fjögurra vetra aldri.“

Hún segist hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að láta eingöngu byggingadæma afkvæmin fjögurra vetra en hefur beðið með hæfileikadóm þar til þau ná fimm vetra aldri. „Þau sýna öll góð skil milli gangtegunda frá byrjun en þetta eru iðulega stór og háfætt hross og þurfa sinn tíma.“

Veronu lýsir Maríanna sem sérstökum karakter. „Hún hefur alltaf verið gullfalleg, hrossið sem við tókum alltaf eftir úti í stóði. Hún var týpa í tamningu, til dæmis lónseraðist hún aldrei – enda sá hún engan tilgang í að hlaupa í hringi. Hún vildi bara fara áfram. Það þurfti að bremsa hana af frekar en hitt svo hún myndi ekki fara fram úr sér. Guðmundur, sem frumtamdi hana, sagði hana hafa verið mjög skemmtilegt tryppi og skemmtilega sjálfberandi strax.“

Maríönnu er minnisstætt þegar Verona var sýnd í kynbótadómi fjögurra vetra á Landsmóti hestamanna árið 2008, en mikið sandfok á Rangárbökkum settu þá strik í reikninginn. „Þeir hefðu auðvitað átt að vera löngu búnir að blása dóma af, það var blindbylur og hún var ein af þeim síðustu í dóm. Ég stóð við brautarenda og sá varla hryssuna fyrir sandstormi. Hún stóð sig samt frábærlega þótt aðstæður hefðu verið óboðlegar.“

Maríanna segir að Sigurður Vignir lýsi henni sem viljugri hryssu sem vildi allt gera fyrir knapann. „Það hafi verið magnað hvað töltið var strax gott í henni. Hún hafi alltaf verið eins og klárhryssa í reið en um leið og opnað var fyrir skeiðið varð það sterkt og hafði engin áhrif á hinar gangtegundirnar. Lárus Jóhann Guðmundsson og Ásta Björnsdóttir, sem hafa tamið flest afkvæma hennar, bera svipaða sögu af þeim og er gaman hvað þessir eiginleikar virðast erfast sterkt frá henni. Siggi segir Veronu eitt eftirminnilegasta fjögurra vetra tryppi sem hann hefur verið með.“

### *Markmið sett á næstu afkvæmaverðlaun*

Næsta vor á Maríanna von á fjórum folöldum, eitt undan Veronu og þrjú undan dætrum hennar. „Verona er fylfull við Sjóð frá Kirkjubæ, en þar er ég að búa til alsystkini Seðils og er mjög spennt fyrir því. Þórdís fór undir Fróða frá Flugumýri sem er með ganglag sem hentar henni vel. Díva fór undir Safír frá Mosfellsbæ og hann virkaði mjög vel á Veronu og er ég því mjög spennt að sjá hvort það sé ekki eins með dóttur hennar. Drift, sem er undan Katli frá Kvistum, fór undir Hannibal frá Þúfum sem er áhugaverð pörun að mínu mati. Þetta eru allt mjög ólíkir hestar og því spennandi að sjá hvað verður.“

Hún segist ekki fylgja neinum ákveðnum ættlínum við val á stóðhestum og pörun við Veronu. „Ég hef verið heppin með að geta í raun valið mjög ólíkar týpur með henni af því ég heillast af þeim. Ég horfi á ganglag, vil fótaburðarhesta sem í eðli sínu ganga fallega, með gott tölt og brokk, en hef samt alltaf heillast meira af alhliðahestum frekar en klárhestum. Þar sem ég hef í gegnum árin eingöngu haft einu hryssu til undaneldis, þá hef ég frekar valið hesta sem hafa þegar sannað sig í ræktun eða heillað mig verulega á brautinni heldur en unga og óreynda.“

Hún hefur nú sett sér næsta ræktunarmarkmið. „Ég myndi vilja sjá son hennar, Seðil, fá afkvæmaverðlaun. Ég hef hafnað góðum tilboðum í hann því mig langar að fylgja honum og afkvæmum hans vel eftir. Fyrsti árgangurinn er í frumtamningu núna, átta talsins, og eru þau lofandi. Eftir tvö ár er von á um 30 afkvæmum hans í tamningu og vil ég geta staðið á bak við eigendur þeirra eftir þörfum. Þar hef ég góða fyrirmynd frá því við áttum Keili frá Miðsitju. Pabbi reyndi að halda vel utan um alla, fylgdist með, aðstoðaði og hvatti afkvæmaeigendur eftir þörfum. Mig langar að gera slíkt hið sama og sjá þetta gerast.“



Seðill frá Árbæ er hæst dæmda afkvæmi Veronu. Knapi er Árni Björn Pálsson. Maríanna vill nú fylgja honum og afkvæmum vel eftir. Mynd / Aðsend



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Í SAMSTARFI VIÐ: EFLA FAGLAUSN

# STÖÐLUÐ STÁLGRINDARHÚS

Heildar afhendingartími er u.þ.b. 8-10 vikur • Staðlaðar byggingar þýðir lægra verð • Húsin uppfylla álagskröfur hvar sem er á landinu • Heitgalvaniserað stál tryggir endingu

**Hjá BYKO er mögulegt að kaupa staðlaðar stálgrindarskemmur í fjórum stærðum; 80m², 150m², 250m² og 350m².**

Allt burðarvirki er heitgalvaniserað og er sérsmíðað fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því vel sem geymslu-og vélaskemmur í öllum landshlutum.

Veggir húsanna eru klæddir 60mm PIR yleiningum og 80/125mm PIR yleiningar eru á þökum og uppfylla einangrunarkröfur byggingareglugerðar fyrir slík hús. Allar festingar og flasningar til frágangs fylgja. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingaleyfi ásamt teikningum af sökkli og vinnuteikningum (burðarþolsteikningum).

Reyklosunarplötur eru á þaki sem jafnframt hleypa inn birtu.

Húsin koma með einni keyrsluhurð, tveimur gönguhurðum og einum tvískiptum glugga með opnanlegu fagi. Mögulegt er að bæta við gluggum á hliðar húsanna. Einnig fylgja þakrennur. Hægt er að velja úr breiðu úrvali lita, bæði inni og úti, og á allar flasningar.



**150m²**
stöðluð stálgrindarskemma

**Lengd (utanmál):** 15.040 mm
**Breidd (utanmál):** 10.040 mm
**Vegghæð (utanmál):** 3.800 mm
**Mænishæð (utanmál):** 5.567 mm
**Keyrsluhurð:** 3.5m x 3.5m

**Verð frá 11.550.000 kr.* með VSK**



**250m²**
stöðluð stálgrindarskemma

**Lengd (utanmál):** 20.870 mm
**Breidd (utanmál):** 12.040 mm
**Vegghæð (utanmál):** 4.303 mm
**Mænishæð (utanmál):** 6.647 mm
**Keyrsluhurð:** 4m x 4m

**Verð frá 16.750.000 kr.* með VSK**



**350m²**
stöðluð stálgrindarskemma

**Lengd (utanmál):** 23.450 mm
**Breidd (utanmál):** 15.040 mm
**Vegghæð (utanmál):** 4.329 mm
**Mænishæð (utanmál):** 7.199 mm
**Keyrsluhurð:** 4m x 4m

**Verð frá 21.950.000 kr.* með VSK**

***m.v afhendingu í BYKO Kjalarvogi, gengi 1 EUR = 150,5 ISK, m. fyrirvara um hráefnisverð**

bondi@byko.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Björn Halldórsson, stjórnarformaður RML, talaði um áhrifamátt ákvarðana. Myndir / RML

## Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

# Ávörp á afmælisráðstefnu

**Forystufólk landbúnaðar endurspeglaði áskoranir og tækifæri í landbúnaði í ávörpum sínum á afmælisráðstefnu RML.**

Tíu ár eru síðan Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins var stofnað og var af því tilefni blásið til ráðstefnunar á Hótel Selfossi þann 23. nóvember síðastliðinn. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Áskoranir og tækifæri í landbúnaði. Ráðgjafarmiðstöðinni var komið á fót þann 1. janúar 2013 en hlutverk hennar er að vera ráðgjafarfyrirtæki í landbúnaði, bændum, stofnunum og einkaaðilum til aðstoðar.

### *Tæknivæddur landbúnaður*

Í setningarávarpi ráðstefnunnar sagði Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML, að fyrirtækið hafi þurft að takast á við miklar skerðingar af framlögum ríkisins og við blasi meiri samdráttur þrátt fyrir að verkefni fyrirtækisins hafi stækkað og breikkað í takt við starfsumhverfi landbúnaðar á síðasta áratug.

Tækifærin í landbúnaði séu hins vegar mörg en umræðan um þær nýjungar og möguleika hverfi oft og tíðum vegna þeirrar stöðu sem landbúnaðurinn er í. „Við höfum góðar forsendur hér á landi til þess að nýta okkur þau tækifæri sem felast í tæknivæddum landbúnaði.

Söfnun gagna er góð, þátttaka í skýrsluhaldi er mikil, tæki og búnaður eru til staðar og menntunarstig hátt og þekking innan landbúnaðarins er mikil.“

### *Stöðnun heitir það á íslensku*

Þyngra hljóð var í Birni Halldórssyni, stjórnarformanni RML, þegar hann fór yfir ákvarðanir sem hafa haft neikvæð áhrif á landbúnað í dag. Nefndi hann þar t.a.m. niðurlagningu lánasjóðs landbúnaðarins, framleiðnisjóðs og RALA. „Hver er afleiðingin af því að búa á lítilli eyju lengst norður í rassgati og vera ekki með neinar eigin sjálfstæðar rannsóknir? [...] Stöðnun heitir það á íslensku,“ sagði Björn og tiltók einnig notkun úreltra gagna í verðlagsnefnd búvöru og niðurskurð á framlögum ríkisins til landbúnaðar. Hann staðhæfði að innan við þriðjungur af rekstrarfé RML komi frá hinu opinbera gegnum samninga en annað þurfi að sækja í samkeppnissjóði sem gerir langtímarannsóknum erfiðara um vik að vera rekin.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, sem eiga RML, benti á að hagtölusöfnun væri lykilatriði við greiningar á stöðu og stefnu landbúnaðar. Hann speglaði einnig áhyggjur dönsku bændasamtakanna um hættuna á að tapa velmenntuðum landbúnaðarráðgjöfum til hærri borgandi einkafyrirtækja. Hann lagði áherslu á að hlúa þurfi að starfsfólki RML en þar starfa nú rúmlega fimmtíu manns.

### *Efnahagslegur veruleiki bænda*

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra sagði í sinni ræðu að bændur ættu ekki að þurfa að vera í öðrum efnahagslegum veruleika en aðrir.



Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra sagði að bændur ættu ekki að þurfa að vera í öðrum efnahagslegum veruleika en aðrir.



Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri beindi sjónum sínum að tækifærum.

Það væri umhugsunarefni ef það fyrirkomulag sem nú væri í gildi væri ítrekað að leiða til afkomuvanda atvinnugreinarinnar. Við blasi að slíkt fyrirkomulagið sé ekki besta leiðin og endurmeta þurfi stöðuna.

Að loknum ávörpum hélt Jude L. Chapper, prófessor við Harper Adams University í Englandi, erindi um hlutverk búfjár í sjálfbærri matvælaframleiðslu og Jens Bligaard, framkvæmdastjóri hjá Seges í Danmörku, fjallaði um kolefnisreiknivélar. Að loknum hádegisverði voru haldnar tvær málstofur samhliða. Þar voru starfsmenn RML og bændur með framsögu ásamt nokkrum gestafyrirlesurum. Ávörpin og efni ráðstefnunnar má nálgast á vefsíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, rml.is. */ghp*




Glæra úr erindi Capper sem fjallaði um sjálfbæra matvælaframleiðslu.

# Þversagnir í afstöðu neytenda

Jude L. Capper prófessor við Harper Adams háskóla í Englandi hélt erindi um hlutverk búfjár í sjálfbærri matvælaframleiðslu og kom þar víða við enda umfjöllunarefnið margþætt.

Capper lagði áherslu á að forðast beri ofureinföldun í framsetningu upplýsinga í tengslum við málefni sjálfbærrar matvælaframleiðslu og mhverfisáhrifum hennar enda gætu þær verið misvísandi. Þannig væru upplýsingar sem gefnar væru á kolefnissporum matvæla miðað við meðaltölur á heimsvísu óviðeigandi þar sem kolefnisspor búfjárræktunar væri mjög svæðisbundinn.

Áreiðanleg gagnasöfnun væri lykilatriði. Til að hægt væri að bera raunverulega saman mismunandi kolefnisspor matvælaframleiðslu og landbúnaðakerfa þyrfti að vera til viðurkennt staðlað mælikerfi. Enda væru of mörg mismundandi mælikvarðar í umferð sem gætu öll skilað ólíkum niðurstöðum þótt mæld væri framleiðsla frá einu og sama búinu.

Jude benti á ákveðna þversögn í afstöðu neytenda gagnvart dýravelferð. Tölur sýndu að 94% manna létu sig dýravelferð varða. En um leið og farið var að mæla hvernig slík áhrif skiluðu sér í kauphegðun kæmi í ljós að dýravelferð hefði lítil sem engin áhrif við val á vöru, þar sem verð, bragð og næringargildi réðu frekar til um það hvað neytendur keyptu.

Einnig hóf hún máls á neysluhegðun en rannsóknir sýndu að sá hópur sem skilgreinir sig sem „flexitarian“ fari ört vaxandi og væri samkvæmt nýlegri breskri rannsókn um 15% neytenda.

Á meðan skilgreina fjögur prósent sig sem vegan eða grænmetisætur og 81% sem kjöt og fiskætur.

Erindi Jude L. Capper má nálgast á vefsíðu RML. */ghp*



limtrevirnet.is

# ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á LÍMTRÉ OG STEINULLAREININGUM

Hjá okkur færðu burðarvirki og klæðningar fyrir flestar byggingar













- Hesthús
- Iðnarhús
- Fjós
- Lagerhús
- Gagnaver
- Íþróttahús
- Fjárhús
- Geymslubil
- Flugskýli
- Verslanir
- Svínahús
- Fiskvinnsluhús
- Reiðhallir
- Geymslur
- Vélargeymslur
- Knatthús

**KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ**

Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki
ÍSLENSKT
CE



Birgir Steinn Birgisson og Toomas Raabe hjá Ficus í Hveragerði með úrval af jólastjörnum í mismunandi stærðum og litum. Myndir / ghp

# Hátíðarbragur með jólastjörnum

**Jólastjarna er eitt vinsælasta jólablómið á Íslandi. Þessa dagana eru jólastjörnur íslenskra blómaframleiðenda að tínast inn í búðir.**

Árlega eru framleiddar um 35.000 jólastjörnur hér á landi. Birgir Steinn Birgisson, pottaplöntuframleiðandi í Ficus ehf. í Hveragerði, er þar umfangsmestur með um 25.000 jólastjörnur, bæði stórar og litlar og í mörgum litum, en hinar rauðu klassísku eru þó alltaf mest keyptar. „Íslendingar eru fastheldnir á liti, en þó er ég með hvítar, bleikar, dökkbleikar, appelsínugular og tvílitar jólastjörnur. Svo er ég mikið fyrir „míní“ útgáfur enda svo lítill karl,“ segir Birgir kampakátur.

Jólastjörnur eru fjölærar plöntur sem blómstra einu sinni á ári og er þá blómstrandi í 2–3 mánuði. „Það er þó ekki algilt að hún blómstri á næsta ári. Til þess að svo megi verða þarf hún að fá myrkur og rólegheit 14 tíma á sólarhring í nokkrar vikur þar til blöðin taka við sér og byrja að verða rauð.“Hann ráðleggur jólastjörnu-eigendum að huga að vökvun en plantan er þó ekkert mjög frek á vatnið.



Tvílit jólastjarna.

„Ef fólk er með hana í hlífðarpotti þá er gott að vökva og hella svo afgangsvatni úr pottinum eftir 1–2 klukkutíma. Ef vatnið liggur í hlífðarpottinum þá fúnar það og þá fúna ræturnar og plantan drepst. Ef hún er ekki í hlífðarpotti þá skiptir ekki máli hvort fólk vökvar hana undir krana eða setur vatn í plattann undir pottinum. Nú, þegar búið er að vökva jólastjörnuna þá tekur maður hana upp og finnur hvað hún er þung. Eftir um þrjá daga er hún jafnþung. En þegar hún byrjar að léttast dálítið, kannski eftir 6 daga, þá er kominn tími til að vökva aftur. En um leið ertu búinn að finna út hvað þessi tiltekna planta þarf öra vökvun, hvort sem það eru fimm eða sjö dagar.“ */ghp*



Hamphúsið sem stendur í Grímsnesinu. Myndir / Aðsendar

## Iðnaðarhampur:

# Fyrsta íslenska hamphúsið

**Fyrsta íslenska hamphúsið var reist í sumar í Grímsnesinu. Iðnaðarhampur er fjölhæf nytjajurt og talin ákjósanleg til að mynda bæði sem lækningajurt og hráefni til húsbygginga.**

Það var arkitektastofan Lúdika sem hannaði og byggði húsið. Úr trefjaríkum stilkunum er búin til hampsteypa sem þykir búa yfir ýmsum eftirsóknarverðum eiginleikum byggingarefnis; til dæmis varðandi kolefnisbindingu, einangrun, gegndræpi, veðrunarþol og þol gegn myglu.

*Banni á ræktun aflétt 2020*

Ræktun á iðnaðarhampi var bönnuð á Íslandi í mörg ár, en banninu var aflétt árið 2020 – ekki síst vegna baráttu Hampfélagsins sem stofnað var í september árið 2019.

Leyfilegt er að rækta þessa tegund hamps sem inniheldur minna en 0,2 prósent af THC sem er virka vímuefnið í lyfjahampinum, systurplöntu iðnaðarhampsins.



Sigurður Hólmar Jóhannesson.

Í blómum og blöðum iðnaðarhamps er efnið CBD að finna, sem talið er að geti haft jákvæð heilsufarsleg og róandi áhrif á fólk, án þess að vera vímugefandi.

*Fæðubótarefni selt sem húðvara*

Ræktunin á iðnaðarhampinum hefur stóraukist frá því leyfið fékkst, en áætlað var að um 150 hektarar lands hafi verið teknir undir þessa ræktun á síðasta ári. Sigurður Hólmar Jóhannesson, sem er í ráðgjafaráði Hampfélagsins, segir að í ár sé gert ráð fyrir að ræktað hafi verið á 120–150 hekturum. Hann segir ólíklegt að ræktunin aukist að ráði fyrr en búið sé að fjárfesta í stórvirkum vinnsluvélum til að vinna efnið.

„Nokkrir bændur eru byrjaðir að rækta hamp innandyra og selja sem te aðallega en einnig í ýmislegt annað. Nokkur félög eru enn þá í vöruþróun fyrir framleiðslu á hampplasti, hampkubbum til bygginga, líni í fatavinnslu og fleira mætti nefna. Hamphúsið í Grímsnesinu er nú tilbúið og í vetur fara fram rannsóknir á loftgæðum, einangrun og fleiru til þess að sjá hvernig húsið stendur sig í íslenskri veðráttu,“ segir Sigurður þegar hann er spurður um hvað verið sé að vinna úr þessu hráefni öllu. „Bændur eru byrjaðir að kaupa tæki til vinnslu en enn þá vantar styrki frá ríkinu til þess að kaupa stórvirkar vinnsluvélar,“ bætir hann við.

*Ruglingslegt lagaumhverfi*

Lagaumhverfið sem lýtur að framleiðslu og sölu á hampvörum til heilsubótar hefur verið að vissu leyti ruglingslegt í augum neytenda. Til að mynda hefur ekki verið leyft að selja CBD olíu, sem unnin er úr iðnaðarhampi, sem fæðubótarefni. „Lagaumhverfið er óbreytt,“ segir Sigurður. „CBD er enn þá flokkað sem lyfjaefni og því má aðeins selja það sem húðvöru, þrátt fyrir að margir aðilar séu að selja CBD fæðubótarefni sem er skráð sem húðvara. En það bannar ekkert neytendum að taka inn CBD vörur sem eru framleiddar sem fæðubótarefni.“

Sigurður segir að á döfinni hjá Hampfélaginu sé að halda ráðstefnu um hampinn fljótlega á næsta ári og verður lögð áhersla á lyfjahamp meðal annars. „Hampfélagið frumsýndi nýlega í Bíó Paradís heimildarmyndina Græna byltingin, sem var unnin af kvikmyndafélaginu Hókus Fókus en hún segir frá fyrstu skrefunum í hampræktun á Íslandi, auk þess að fara yfir alla þá möguleika sem plantan býður upp á. Hún er núna aðgengileg í Sjónvarpi Símans.“ */smh*




Jólablað Bændablaðsins
kemur út
14. desember
Hvar auglýsir þú?


vfs.is
Milwaukee
ALVÖRU VERKFÆRI
Í HARÐA PAKKA
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


Solis
BEST IN INDUSTRY
5
YEARS
WARRANTY
AÐVENTUOPNUN
2. DESEMBER KL. 11-15
VALLARBRAUT TRÖNUHRAUNI 5
VALLARBRAUT

Í DEIGLUNNI






Matarmót Austurlands var haldið fyrir skömmu og þótti takast vel. Telja bæði lærðir og leikir mikil tækifæri til nýsköpunar og eflingar þess sem fyrir er á þessum vettvangi. Myndir / Tara Tjörvadóttir

## Austurland:

# Landsins gæði á fjölsóttu Matarmóti

## – Gestir steinhissa á fjölda og fjölbreytni



Gestir fengu að smakka ýmsar kræsingar á Matarmóti, bæði fullunnar afurðir og krásir á tilraunastigi. Fólk undraði sig á fjölda þeirra sem eru í matvælaframleiðslu á Austurlandi og fjölbreytni afurða þeirra.

**Matarauður Austurlands stóð að vel heppnuðu Matarmóti fyrr í mánuðinum, á Egilsstöðum. Þetta var þriðja árið sem viðburðurinn er haldinn og sú nýbreytni tekin upp að útvíkka hóp þátttakenda og opna Matarmótið almenningi að hluta.**

„Yfirskrift mótsins var Landsins gæði og hófst dagurinn á málþingi þar sem ýmsir sérfræðingar voru kallaðir að borðinu," segir Valborg Ösp Árnadóttir Warén, verkefnisstjóri hjá Austurbrú.

Að hennar sögn var fyrir nokkru gerð könnun meðal íbúa Austurlands um landsins gæði eystra og austfirskt hráefni. „Rýnihópar voru kallaðir til og út frá þeim niðurstöðum var unnin samantekt sem kynnt var á málþinginu. Helstu niðurstöður þar sýna að margir íbúar Austurlands nýta landsins gæði til eigin nota og gjafa og áhugi er hjá heimafólki á að fá fleiri námskeið sem felast í því að nýta gæðin," segir hún.

Flest telji aðgengi að þeim gott og mörg telji mikilvægt að auka sýnileika og aðgengi að austfirskri matvöru í austfirskum verslunum og auka ræktunarsvæði í byggðakjörnum fjórðungsins.

Þá telji mörg mikla þörf á fullvinnslueldhúsum sem hægt væri að hafa aðgengi að, mikilvægt sé að kynna austfirskar vörur undir sameiginlegu vörumerki og samvinna sé nauðsynleg milli framleiðenda og veitingaaðila.

### *Að vera sjálfum sér trúr*

Meðal þeirra sem fluttu erindi var Kristín María Sigþórsdóttir upplifunarhönnuður sem fjallaði m.a. um hvað geri matarupplifun einstaka, mikilvægi sögunnar, skynjunar og nálgunar á matarupplifun og það hvernig upplifunin verði heildræn.

Hún hvatti til að matarframleiðendur sköpuðu sér sérstöðu, nýttu nærumhverfi sitt og væru sjálfum sér trúir í sinni framleiðslu. Nýjungar væru nauðsynlegar og nýbreytni, t.d. með því að para saman mat á forvitnilegan hátt og nýta innblástur úr langri matarsögu Íslendinga. Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ, kynnti fundargestum verkefnið Íslenskt staðfest. „Erindi Vigdísar var mjög áhugavert og vakti okkur til umhugsunar um hversu mikilvægt er að við tökum höndum saman í að vernda framleiðslugreinar matvæla á Íslandi, kaupa íslenskt og hlúa að þeim sem velja að stunda matvælaframleiðslu í okkar góða landi," segir Valborg. Forsvarsmenn Blábjarga á Borgarfirði eystra kynntu á málþinginu notkun á þara í heilsulind hótelsins og eigendur Í boði náttúrunnar sögðu frá sinni reynslu.



### *Hlakka til að þróa Matarmótið áfram*

Matarmótin 2021 og 2022 voru lokuð almenningi en fulltrúum veitingastaða og annarra vænlegra viðskiptavina og hagsmunaaðila boðið að sækja þau. Í ár var sú breyting gerð að opna mótið almenningi eftir hádegi. Talið er að um 500 manns hafi sótt Matarmótið í ár.

Þá var það nýbreytni að framleiðendum annars varnings en matvæla, en þó úr austfirskum hráefnum, var boðið að taka þátt. Sömuleiðis var opnað á að fólk, sem væri komið af stað í vöruþróun en ekki enn með öll tilskilin leyfi til sölu matvælanna, gæti á Matarmótinu boðið gestum og gangandi upp á smakk. Þannig er smám saman verið að opna mótið fleirum. Valborg segir hafa verið ánægjulegt að sjá fólk úr flestum byggðakjörnum fjórðungsins og heyra mörg tala um hversu hissa þau væru að sjá allan þennan fjölda af matvælaframleiðendum og ekki síður fjölbreytileikann í framleiðslunni.

„Við erum strax farin að huga að næsta Matarmóti og hlökkum til að þróa þennan viðburð áfram og auka sýnileika Austurlands sem fjórðungs sem er í fararbroddi þegar kemur að nýtingu á landsins gæðum, samstarfi og sýnileika austfirskra framleiðenda úr austfirsku hráefni," segir hún.

Í lok dags var haldinn aðalfundur Austfirskra krása þar sem m.a. var fjallað um hugmyndir nýrrar stjórnar að nýju hlutverki félagsins og nýju nafni og mun hvort tveggja vera í vinnslu. */sá*



Desembertilboð-Skrifborðsstólar
GLÆSILEGIR SKRIFBORÐSSTÓLAR
Á sérstöku tilboði í desember
2 gerðir af svörtum
kr. 19.840
1 gerð hvítur
kr. 21.700

S.Gunnbjörnsson ehf,
Iðnbúð 8, 210 Garðabæ
Sgunnbj@simnet.is
S: 5656317

# Husqvarna®

**HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.**

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**

***Husqvarna Trowel BG 245***
*Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm*

***Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög***
*Sögunardýpt 19 cm*

***Husqvarna DM230 Kjarnaborvél***
*150 mm Max*

***Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*

***Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa***
*97kg, 500 mm Plata*

***Husqvarna FS400 LV gólfsög***
*Sögunardýpt 16,2 cm*

***Husqvarna Rammer Hoppari LT6005***
*230mm Plata, 69 kg*

***Husqvarna K970***
*Sögunardýpt 15,5 cm*

***Husqvarna K4000 Steinsög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*

***Husqvarna K3600 Vökvasög***
*Sögunardýpt 27 cm*

***Husqvarna K7000 Ring***
*Sögunardýpt 32,5 cm*

***Husqvarna K7000 Pre Cut***
*Sögunardýpt 14,5 cm*

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

## HALLLANDSNES | 2650FM EIGNARLÓÐ Í VAÐLAHEIÐI



## FRÁBÆRT UPPBYGGINGARTÆKIFÆRI MEÐ METNAÐARFULLUM TEIKNINGUM









Nýbygging 386 m2, fyrsti áfangi jarðhæð (2016). Fjórar rúmgóðar og mjög vel útbúnar íbúðir fyrir 20 gesti ásamt tæknirýmum og flóttagangi. Gamla húsið 120m2, mikið endurnýjað og er fyrir 6 gesti. Stutt í Skógarböðin, nýr hjóla og göngustígur frá Vaðlaheiðargöngum.  Búið að greiða byggingargjöld af hæð 2 og framhúsi.



Tryggvi Gunnarsson

EIGNAVER
FASTEIGNASALA
862 7919

ÍÐ DEIGLUNNI

## Matarsóun:

# Hver maður hendir 160 kílóum af fæðu

## – Matarsóun á heimilum snertir alla matvælaframleiðendur

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



**Á nýafstöðnu Matvælaþingi kom fram að samkvæmt rannsókn Umhverfisstofnunar (UST) er 160 kg af matvælum sóað pr. mann hérlendis á ári.**

„UST hefur verið að mæla matarsóun á Íslandi og þetta er í fyrsta skipti sem við náum raunverulega utan um hversu miklum mat er sóað á Íslandi. Hingað til höfum við haft ágæta hugmynd um hvað fellur til á heimilum en nú erum við að ná yfir alla virðiskeðjuna,“ sagði Jóhannes Bjarki Urbancic, sérfræðingur í teymi hringrásarhagkerfis á Umhverfisstofnun í erindi á Matvælaþingi fyrir skemmstu.

Niðurstöður UST leiða m.a. í ljós að árleg sóun af mat á hvern Íslending nemi 160 kg. Í frumframleiðslu matvæla fari 48% til spillis, á heimilum 40%, á veitingahúsum og í matarþjónustu 6%, í vinnslu og framleiðslu 3% og annað eins í dreifingu, heildsölu og smásölu. Unnið er út frá evrópskri aðferðafræði við greininguna og því hægt að bera niðurstöður saman við tölur frá Evrópu.

Í frumframleiðslunni, svo sem landbúnaði og sjávarútvegi, er að sögn Jóhannesar, stærsti hlutinn í matarsóun vegna þess að Ísland framleiðir svo mikið af matvælum en ekki vegna þess að svo miklu sé sóað.

### *Sóum minna en evrópsk heimili*

Mældur var bæði ætur og óætur matur. Sem dæmi um óætan mat væri t.d. beinið úr lambalærinu sem eldað er á heimili. Hefði það fallið til fyrr í virðiskeðjunni hefði e.t.v. mátt sjóða úr því kraft í soð eða mylja það í fóðurbæti. Samsetning á matarsóun er að jafnaði þannig að skiptist til helminga óætur og ætur matur, sem segir að af áðurnefndum 160 kg eru um 80 kg ætur matur.

„Matarsóun á Íslandi hefur sín séríslensku fingraför,“ sagði Jóhannes, enda séum við með mjög stóran matvælageira hérlendis; mikla frumframleiðslu.

„Þótt íslensk heimili séu verulegur hluti af sóuninni eru þau þó að sóa minna en evrópsk heimili sem er virkilega ánægjuleg niðurstaða,“ sagði hann. Orðræðan innanlands hafi oft verið í þá veru að Íslendingar væru að sóa mjög miklum matvælum en það sé ekki raunin. Við séum að standa okkur á við Evrópumeðaltalið í matarsóun. „Ég held að það séu góðar fréttir og það var ekki endilega tilfinningin sem við höfðum, farandi inn í þessa rannsókn,“ sagði Jóhannes.

### *Hendum næringarríkum mat*

„Við erum oft að henda næringarríkum hluta matar. Ekki endilega að henda þeim mat sem er minnst mikilvægur eða með minnsta næringargildið, heldur er þetta matur sem lægst verð fæst fyrir. Þetta er oft innmatur sem er virkilega næringarmikill, mjög góður og hollur matur fyrir okkur að borða. Við hendum honum af því að við fáum ekki nógu hátt verð. Þetta er eitthvað sem við verðum að skoða betur,“ sagði hann. Jóhannes sagði ekki hafa tekist að fá tölur um sóun úr nokkrum geirum; kartöfluræktun, alifugla- og hrossakjötsframleiðslu og því hafi þær tölur verið áætlaðar. Í fiskeldi hafi ekki einu sinni verið hægt að áætla tölur og þurfi að kanna sóun þar betur.

Í tilfelli vinnslu, dreifingar, smásölu, veitingaþjónustu og fleiri þátta var víða fátt um svör og margar reiknaðar stærðir þegar spurst var fyrir um matarsóun. Þó var góð þátttaka hjá matvöruverslunum. Einkum sé erfitt að segja til um umfang sóunar í veitingageiranum. En talið er að hótel og gistiheimili sói árlega 2.780 t, stórmarkaðir og matvöruverslanir 1.230 t, veitingastaðir 824 t, vinnsla mjöls og lýsis 521 t, vinnsla kjötafurða 336 t og sjávarfangs 306 t, veisluþjónusta og önnur veitingaþjónusta 252 t og heildsala með ávexti og grænmeti 238 t.

### *Ekki einkamál heimilanna*

Hvað íslensk heimili varðar kom fram að einna mest verðmætatap verði við sóun frá heimilum og staðan í þeim efnum sé líklega svipuð og var við athuganir árin 2016 og 2019. Það sé ekki neikvætt þar sem aðrir úrgangsflokkar hafa farið ört vaxandi.

Þegar spurt var af hverju mat væri hent á heimilum kom í ljós að t.d. eru pakkningar oft of stórar og skammtar of stórir. Helsta hvatning fólks til að draga úr matarsóun sinni væri ef verslanir myndu bjóða matvöru og drykki sem væru að renna út með afslætti. Peningurinn er þó ekki aðalatriðið nema fyrir lítinn hluta fólks heldur finnst því einfaldlega afar óþægilegt að henda mat út frá nýtingar- og umhverfissjónarmiðum.

Jóhannes áréttaði að matarsóun á heimilum væri hreint ekki einkamál heimilanna, hún snerti alla keðjuna. „Matarsóun á heimilum er eitthvað sem snertir alla matvælaframleiðendur. Það er enginn sem fer út í búð og kaupir mat af því að hann ætlar að sóa honum. Matarsóun á heimilum verður af einhverri ástæðu þannig að ef hún er enn þá umfangsmikið vandamál á Íslandi þá þýðir það að það er eitthvað sem við öll getum gert betur,“ sagði hann.

### *Framtakssamningur í bígerð*

Matvælaráðherra hefur falið Umhverfisstofnun að stilla upp framtakssamningi gegn matarsóun sem leiðir saman stjórnvöld og atvinnulíf. Um er að ræða formlegan samning til ársins 2030 og sem er hluti af aðgerðaáætluninni Minni matarsóun. Íslensk stjórnvöld stefna að því að minnka matarsóun um 30% fyrir 2025 og 50% fyrir 2030.

Ganga á frá samningnum á næstu vikum eða mánuðum, að sögn Jóhannesar.

Samningurinn mun fjalla um hvað mismunandi geirar hafa fram að færa til að minnka matarsóun. Líklegir samningsaðilar munu vera Bændasamtökin, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, iðnaðarins, verslunar og þjónustu og ferðaþjónustunnar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

„Þetta eru líka þeir aðilar sem hafa tólin í höndunum til þess að ná þeim markmiðum að minnka matarsóun,“ sagði Jóhannes og hvatti viðkomandi til að hugleiða hvað þau vildu sjá í slíkum samningi og hefðu fram að færa til að takmarka matarsóun.



**Jóhannes Bjarki Urbancic hjá UST var einn framsögumanna á fjölsóttu Matvælaþingi í Hörpu fyrir skömmu.** Mynd / Matvælaráðuneytið - Grafík / UST

## Frumframleiðsla

| Flokkur | Framl.magn (t) | Sóun (t) |
|---|---|---|
| Grænmeti og ávextir | 7.099 | 177 |
| Kartöflur | 7.179 | 166* |
| Svínakjöt | 6.369 | 22 |
| Nautakjöt | 4.948 | 445 |
| Alifuglakjöt | 9.501 | 219* |
| Lamba- og kindakjöt | 8.659 | 87 |
| Egg | 3.950 | 198 |
| Hrossakjöt | 951 | 22* |
| Fiskur | 1.418.017 | 27.700 |
| Fiskeldi | 51.350 | ? |
| Kornvörur | 9400 | 94 |
| **Samtals** | **1.527.432** | **29.200** |

** áætlað - Matvælastofnun*

## Vinnsla, dreifing, smásala, veitingaþjónusta o.fl.

- Fá svör og margar reiknaðar stærðir.
- Góð þátttaka hjá matvöruverslunum.
- Erfitt að segja til um umfang sóunar í veitingageiranum.
- Stærstu geirarnir:
  - Hótel og gistiheimili (2.780 t)
  - Stórmarkaðir/matvöruverslanir (1.230 t)
  - Veitingastaðir (824 t)
  - Vinnsla mjöls og lýsis (521 t)
  - Vinnsla kjötafurða (336 t)
  - Vinnsla sjávarfangs (306 t)
  - Veisluþj. og önnur veitingaþj. (252 t)
  - Heildsala með ávexti og grænmeti (238 t)

## Skipting matarsóunar hjá Evrópulöndunum




## Hver er / væri þín helsta hvatning til að draga úr matarsóun?




Illt í hálsinum?
1 Verkjastillandi
2 Bólgueyðandi
3 Sótthreinsandi
ÞRÍÞÆTT virkni
Septabene®
citron og honning
3 mg/1 mg munnsogstöflur
CITRON OG HONNING
16 munnsogstöflur
Septabene®
Septabene citron og honning (benzydaminehydrochloride/cetylpyridiniumchloride) 3 mg/1 mg munnsogstöflur eru ætlaðar fullorðnum, unglingum og börnum eldri en 6 ára, til staðbundinnar og stuttrar bólgueyðandi, verkjastillandi og sótthreinsandi meðferðar við ertingu í hálsi, munni og tannholdi. Leysa á eina munnsogstöflu hægt upp í munninum á 3 til 6 klukkustunda fresti. Ekki er ráðlagt að nota lyfið strax fyrir eða eftir tannburstun. Ekki á að borða eða drekka í a.m.k. eina klukkustund eftir töku lyfsins. Notkun er ekki ráðlögð á meðgöngu. Septabene (benzydaminehydrochloride/cetylpyridiniumchloride) 1,5 mg/ml + 5 mg/ml munnholsúði, lausn er ætlaður fullorðnum, unglingum og börnum eldri en 6 ára, til staðbundinnar og stuttrar bólgueyðandi, verkjastillandi og sótthreinsandi meðferðar við ertingu í hálsi, munni og tannholdi og fyrir og eftir tanndrátt. Opnið munninn vel, beinið úðastútnum að kokinu og þrýstið 1-2 sinnum á úðadæluna. Haldið niðri andanum meðan úðað er. Notkun er ekki ráðlögð á meðgöngu. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. KRKA, d.d., Novo mesto. KRK230201 – Febrúar 2023


LANDSMÓT
REYKJAVÍK
SJÁUMST Í BREKKUNNI!
LANDSMÓT HESTAMANNA REYKJAVÍK
1.–7. JÚLÍ 2024
FORSALA TIL 31.12.2023
VIKUPASSI 21.900 KR.
landsmothestamanna
landsmot2024
landsmot.is

VIÐTAL



Karen Björg Gestsdóttir segir ekki sjálfsagt að fjölskyldur geti unnið svo náið saman eins og í hennar tilfelli. Auðvitað séu ýmsar áskoranir, en alla jafna sé mikill kostur að hafa eldri kynslóðina með, enda finnst þeim gaman að vinna. Hópurinn á bak við búreksturinn telur sex einstaklinga og segir Karen mikinn drifkraft þegar þau séu svona mörg. Eftir að hafa flutt búreksturinn í fjós af nýjustu gerð hafi bústörfin orðið mun skemmtilegri. Myndir / ÁL

# Kúabú flutt milli bæja

## – Fjölskyldan á Kaldárbakka stofnaði fyrirtæki um búreksturinn í Hrauntúni

**Miklar breytingar hafa átt sér stað á Kaldárbakka í Kolbeinsstaðahreppi hinum forna. Rekstur kúabús á bænum hefur verið lagður niður, en í staðinn keypti fjölskyldan jörðina Hrauntún og hóf mjólkurframleiðslu þar. Á bak við hinn nýja rekstur standa sex aðilar og vilja þau hugsa um þetta sem fyrirtæki.**

**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is



Karen Björg Gestsdóttir er alin upp á Kaldárbakka. Hún segir fjölskyldu sína hafa staðið frammi fyrir því að leggjast í miklar fjárfestingar eða hætta búskap, en fjósið á Kaldárbakka er básafjós með brautarkerfi. Það var upphaflega með rörmjaltakerfi og hugsað fyrir tuttugu kýr þegar það var tekið í notkun árið 1998, en með smávægilegum breytingum var kúnum fjölgað í þrjátíu og tvær.

Nú sé þessi mjaltatækni á útleið, sem Karen segir vel skiljanlegt. Það sé mun betra fyrir dýr og menn að hafa kýrnar í lausagöngu.



Áhugasvið Karenar liggur á sviði nautgriparæktar. Í sveitinni sé hamingjan, þótt líf bóndans sé krefjandi.

Jörðin Hrauntún var boðin til sölu fyrir nokkrum misserum, en þar var rekið kúabú í lausagöngufjósi frá 2009 með mjaltaþjón. Fjölskyldan á Kaldárbakka sá tækifæri í þessu og voru þau sex sem slógu til og keyptu jörðina til að hefja þar búskap. Með kaupunum fylgdi nágrannajörðin Tröð, þar sem er ræktarland og gamalt húsnæði, þangað sem Karen hyggst flytja með tíð og tíma.

Kaupin gengu í gegn í fyrrahaust og tók fjölskyldan á Kaldárbakka við búskapnum í Hrauntúni í október í fyrra. Þau voru ekki að sameina jarðirnar, því þó þær séu spölkorn frá hvor annarri liggja þær ekki saman. Því má frekar segja að þau hafi flutt kýrnar á nýjan stað til að komast í betri aðstöðu.

Karen segir rekstrargrundvöll Kaldárbakka og Hrauntúns hafa verið veikari þegar jarðirnar störfuðu hvor í sínu lagi. Með því að nýta báðar undir einn rekstur styrkist stoðirnar til muna.

### *Tíu sinnum skemmtilegra*

„Ég hélt að þetta væri gaman áður, en þetta varð tíu sinnum skemmtilegra eftir að við komumst í þessa aðstöðu," segir Karen aðspurð um að fara úr básafjósi í lausagöngufjós með mjaltaþjón. Áður hafi þau alltaf reynt að drífa af mjaltir og gjafir sem fyrst, á meðan núna sé hægt að sinna verkum í nýja fjósinu í marga klukkutíma án þess að finna fyrir því.

Karen telur að kýrnar á Kaldárbakka hafi tekið breytingunum vel. Þær hafi þó verið með harðsperrur fyrstu dagana vegna hinnar auknu hreyfingar.

Þar sem kýrnar eru lausar sjáist mun betur að innan hjarðarinnar sé goggunarröð. Karen nefnir sérstaklega kúna Eldey, sem mjög mikið fari fyrir. Hún lúffi þó fyrir kýrinni Emmu, sem sé annars ekki mikið til vandræða.

### *Fyrirtækið fjórar einingar*

Eins og áður segir eru þau sex sem standa á bak við búskapinn í Hrauntúni. Það er Karen sjálf og foreldrar hennar, Gestur Úlfarsson og Stefanía Hulda Þórðardóttir.

Þá er yngri systir Karenar, Selma Rakel Gestsdóttir, með sínum kærasta, Benedikt Stephani Jóhannessyni. Að lokum er það Jónatan Úlfarsson, föðurbróðir Karenar. Hver fjölskylda eigi sinn fjórðung af fyrirtækinu og var jörðinni á Kaldárbakka haldið fyrir utan fjárfestinguna. „Við stofnuðum fyrirtæki sem kaupir hinar jarðirnar og þann rekstur. Svo leggjum við þessi yngri til fjármagn og pabbi, mamma og Nóni kvóta og skepnur."

Með því að vera svona mörg á bak við reksturinn segir Karen að mikill drifkraftur sé í hópnum. Það sé gaman að fara í framkvæmdir og þau hafi gert mikið á því ári sem er liðið frá því þau tóku við. „Hvort sem verið er að þrífa, rífa eða byggja upp – þá er þetta allt mjög skemmtilegt."

Á búinu eru tveir starfsmenn, Hulda og Selma Rakel, sem sinni daglegum störfum. Á meðan öll hin sæki tekjur utan bús og sinni bústörfum í frítíma. „Sem betur fer finnst okkur gaman að vinna," segir Karen.

### *Geti verið áskorun*

Aðspurð um góð ráð segir Karen að fólk þurfi alltaf að ræða málin í rekstrarformi sem þessu.

„Að sjálfsögðu kemur alltaf eitthvað upp inn á milli. Það er alveg áskorun að vinna svona náið með fjölskyldunni. Það þýðir ekkert að vera í fýlu – heldur þarf að ræða málin, klára þau og halda svo áfram," segir Karen. Fólk eigi að hugsa að þetta sé fyrirtæki og það þurfi að gera það sem sé best fyrir reksturinn, án þess að stíga á tærnar á hinum.

„Að sjálfsögðu er ekki allra að gera þetta svona og oft vilja þeir sem eldri eru út. En svoleiðis er það ekki í þessu tilfelli og þá er mikill stuðningur og styrkur að hafa fleiri."

Í Hrauntúni og í Tröð voru þrjár íbúðir og mikill húsakostur fyrir búreksturinn. Þetta sé mikil breyting miðað við það sem áður var, en á Kaldárbakka var allt húsnæði fullnýtt.

„Það er mjög gaman að hafa allt í einu fullt af möguleikum og geta gert mikið, þó manni þyki vænt um þennan stað líka," segir Karen og vísar til Kaldárbakka. Húsin þar standi þó ekki auð, því hinn nýi búrekstur í Hrauntúni fær að nýta gamla fjósið til nautauppeldis. Þá hefur engin breyting orðið á nýtingu íbúðarhúsanna á bænum, fyrir utan að systir Karenar og mágur hafa flutt í íbúðarhúsið í Hrauntúni.

### *Fékk að mjólka í Danmörku*

Karen lauk námi í búfræði á Hvanneyri og skráði sig í kjölfarið í búvísindanám við sama skóla. Eftir að hafa útskrifast með BS próf í búvísindum árið 2017 fór hún að kenna við LbhÍ. Síðar lá leiðin í meistaranám við þann skóla, með skiptinámi við Háskólann í Árósum. Hún reiknar með að reka smiðshöggið á lokaverkefnið sitt í vetur. Samhliða búfræðináminu fór Karen í verknám á stórt kúabú á Jótlandi í Danmörku.

Reynslan þar hafi verið afar dýrmæt og heldur hún enn tengslum við fólkið sem hún kynntist þar. „Svo þegar ég fór út í háskólann var ég sótt nánast aðra hverja helgi – þá fékk ég að fara út í sveit að mjólka." Það hafi verið upplífgandi tilbreyting frá borgarlífinu.

Karen segir námið víkka sjóndeildarhringinn og auðvelda leit að þekkingu eða svörum við vandamálum síðar. Hún tekur þó





Hrauntún (t.v.) er í sömu sveit og Kaldárbakki (t.h.), eða í Kolbeinsstaðahreppi sem nú tilheyrir Borgarbyggð. Fjósið á fyrrnefnda bænum er nútímalegt og útbúið mjaltaþjóni.

fram að til séu margir mjög góðir bændur sem hafi ekki tekið nám í landbúnaðarfræðum. Þetta sé það breið grein að nám á öðrum sviðum geti gagnast við ýmsar hliðar búrekstursins auk þess sem reynsla sé dýrmætt veganesti.

### Besta úr báðum heimum

Karen er nú í fullu starfi sem búfræðikennari á Hvanneyri. Þar sé þó sveigjanlegur vinnutími sem henti vel með búskapnum. Hún kennir í áföngum eins og nautgriparækt, búfjárhaldi, atferli og velferð, fóðurfræði ásamt fleiru. Nokkuð misjafnt sé milli ára hvaða fög hún kenni, en segist hún alltaf kenna meira og meira á sviði nautgriparæktar, þar sem áhugasviðið liggur.

„Ég lít svo á að ég fái það besta úr báðum heimum," segir Karen. Það sé mikill kostur fyrir búfræðikennara að vera með góð tengsl við búrekstur, á sama tíma sem hún þurfi stöðugt að bæta við sig nýrri þekkingu fyrir kennsluna, sem gagnist aftur búrekstrinum. Hún segir flesta samkennara sína á Hvanneyri vera með góða tengingu við landbúnaðinn, sem komi nemendunum til góða. „Þetta er svo sterkt í okkur að vilja búa," segir hún og bætir við að það sé ekki verra starf að vera bóndi en að vera kennari.

### Mikil ásókn í búfræði

Stemningin meðal búfræðinema sé mjög góð, þrátt fyrir að það gefi á bátinn hjá bændum, og er ásóknin í námið mjög mikil. Þó reikni Karen með að fólk hugsi sig tvisvar um áður en það leggi fyrir sig landbúnað og ekki sé auðvelt að fá fjármagn frá bönkunum. Sjálf hafi hún lent í ýmsum hindrunum þegar hún var að leita að fjármagni til að kaupa sinn hlut í Hrauntúni og endaði hún á því að fara í gegnum Byggðastofnun.

Flestir nemendurnir í búfræði komi úr sveit eða úr þéttbýli með einhver tengsl við bændur. Síðarnefndi hópurinn bæti oft flóruna, því nemendur sem hafi ekki alist upp í sveitaumhverfi komi oft með aðra vinkla á hlutina sem myndi góðar umræður.

Þetta séu oft mjög sterkir nemendur því þau hafi opinn huga og ekki fastmótaðar hugmyndir um hvernig hlutirnir eigi að vera.

> Ég hélt að þetta væri gaman áður, en þetta varð tíu sinnum skemmtilegra eftir að við komumst í þessa aðstöðu.

### Framtíðin björt

„Ég held að framtíðin sé björt í landbúnaði. Þó að staðan sé svona í dag þá hefur þetta alltaf verið sveiflukennt og ég held að við viljum halda matvælaframleiðslu áfram á Íslandi," segir Karen.

Íslenskir bændur standi sig meðal annars vel í velferð manna og dýra og það sé ósanngjarnt að setja ekki sömu kröfur á framleiðsluaðferðir í þeim löndum þaðan sem við kaupum landbúnaðarvörur.

„Hér er hamingjan, en auðvitað er þetta krefjandi líf," segir Karen, sem mælir hiklaust með búskap.



Með því að starfa sem búfræðikennari á Hvanneyri segist Karen sífellt þurfa að viðhalda þekkingu sinni sem gagnist í búrekstrinum.




VIÐTAL

## Norður-Írak:

# Glæta í stríðshrjáðu umhverfi

## – Anna Rósa Róbertsdóttir grasalæknir tekin tali

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



**Grasalækningar hafa fylgt mannkyninu um ómunatíð enda sífellt fleiri sem líta jákvæðari augum þennan anga læknisfræðinnar fremur en annan – ef litið er til staðfestrar virkni jurta við hinum ýmsu kvillum.**

Grasalæknirinn Anna Rósa Róbertsdóttir tók nýverið kunnáttu sína út fyrir landsteinana og stofnaði góðgerðarsamtökin Lífgrös með það fyrir augum að efla konur í flóttamannabúðum Mið-Austurlanda. Nánar tiltekið búðum Duhok héraðs Kúrdistan í Norður-Írak, einu stærsta flóttamannasvæði heimsins, en þar hefur hún staðið fyrir námskeiðum í notkun lækningajurta.

### *Styrking og sjálfstæði kvenna í fyrirrúmi*

Námskeiðin eru hluti verkefnis sem ber nafnið Herbal Sisters og er unnið í samstarfi við kúrdísku samtökin The Lotus Flower, en þau samtök standa fyrir styrkingu sjálfstæðis kvenna og ýta m.a. undir tækifæri þeirra til að læra og fá þannig kost á að ná fjárhagslegu sjálfstæði.

Aðspurð segist Anna Rósa kenna konunum í flóttamannabúðum Kúrdistan að nýta sér jurtir sem má finna í nærumhverfinu, þá helst þær sem seldar eru á mörkuðum, enda sjaldnast sem umhverfið er annað en berangurslegt. Konunum er einnig boðið upp á fríán aðgang að netnámskeiðum í grasalækningum og að því námi loknu geti þær sem áhuga hafa, framleitt og selt jurtavörur.

„Aðdragandi þess að ég datt inn í þennan heim var nú upphaflega bara vegna þess að ég var að skoða hitt og þetta á Instagram og fékk köllun ef svo má segja – að þessu fólki gæti ég veitt aðstoð með minni kunnáttu.

Í flóttamannabúðum Duhok héraðsins eru tugþúsundir fjölskyldna á flótta frá nærliggjandi héraði, Sinjar héraðinu, sem er um 200 km í burtu. Þarna er á ferð fólk sem ISIS-liðar hafa beitt verulegri hörku og grimmd og það svo mjög að aðfarirnar falla undir skilgreiningu þjóðarmorðs," segir Anna Rósa.

Hún segist hafa fundið hjá sér sterka þörf til að verða að liði og þá helst að þekking hennar á lækningajurtum gæti komið sér vel.



Það er ekki hægt að segja að það sé gróðursælt í flóttamannabúm Duhok-héraðs enda má helst finna jurtir til grasalækninga á nærliggjandi mörkuðum. Myndir / Einkaeign



Hér eru þrjár kynslóðir kvenna sem lærðu að nýta sér jurtir – sú til hægri við Önnu hefur nú hafið framleiðslu lækningasmyrsla eftir uppskriftum námskeiðsins og er mjög spennt fyrir því að stofna fyrirtæki.



Einkabílstjórinn Bashar er lærður tölvunarfræðingur sem að auki sinnir krabbameinsveikri konu sinni heima við.



Túlkurinn Eman er háskólamenntuð 26 ára gömul kona sem m.a. sinnir kennslu á námskeiðum í fjarveru Önnu Rósu.

### *Kamilla og brenninetla allra meina bót*

Ferðalög á stríðshrjáð svæði eru þó sjaldnast talin skynsamleg en Anna Rósa lét engan bilbug á sér finna þegar ákvörðunin hafði verið tekin.

Innan tveggja mánaða frá því að hún hafði samband við samtökin The Lotus Flower fór hún til Íraks. Eins og staðan er í dag áætlar hún að fara þangað tvisvar sinnum árlega, mánuð í senn, en er nú nýkomin heim eftir aðra för sína til Duhok.

Vegna þess hve stríðshrjáð landið er, er lítið um almenningssamgöngur og komst Anna Rósa því fljótlega í kynni við bílstjórann Bashar. Var sá henni innan handar við ýmislegt og til að mynda gat hann lóðsað hana í gegnum þarlenda markaði til þess að festa kaup á jurtum. Anna Rósa



Bahar Bahar, ein kvennanna í flóttamannabúðunum sem hefur notið góðs af námskeiðahaldinu.

leggur upp með að jurtirnar sem ætlaðar eru til lækninga sé hægt að finna á staðnum, enda lítið gagn í að taka þær með frá Íslandi.

„Mér tókst að finna þarna í fyrstu tilraun bæði kamillu og brenninetlu, gerði smyrsl úr því og það tókst svona ljómandi vel. Þessar jurtir eru hvort tveggja miklar lækningajurtir og auðvelt að nálgast í rauninni hvar sem er í heiminum. Mér telst til, eins og staðan er í dag, að 275 konur hafi komið til mín á námskeið og fengið ýmis smyrsl, hóstasaft, hárolíu og verkjaolíu – en þær eru margar hverjar undirlagðar af verkjum. Svo, eins og áður sagði, í framhaldinu geta þær sem vilja komist á netnámskeið hjá einum virtasta skóla grasalækninga, CommonWealth Holistic Herbalism, þar sem námið fer fram á ensku."

### *Fjármögnun launa áríðandi*

Sem útlendingur í landinu gaf augaleið að til viðbótar við bílstjóra var nauðsyn á túlki. Þá kom til sögunnar háskólamenntuð stúlka frá



Nemendur Önnu Rósu eru á öllum aldri og áhuginn mikill enda þörfin rík á smyrslum og öðru til lækninga.

nærliggjandi bæ, að nafni Eman, sem heillaðist einnig mikið af kunnáttu Önnu Rósu. Hóf hún því fljótlega nám í grasalækningum og miðlar nú, í fjarveru Önnu Rósu, þekkingu sinni á námskeiðum auk þess að útdeila ókeypis lækningavörum sem konurnar hafa annars engin tök á að nálgast. Þess má geta að Eman kýs að vera ógift, en ef svo á að vera krefjast foreldrar hennar þess að hún geti séð fyrir sér sjálf.

Sem stendur vinna þau Bashar bæði í hlutastarfi fyrir Lífgrös á meðan verið er að afla fjár til þess að tryggja laun þeirra næstu sex mánuði.Einhverjum þætti það heldur djúpt í árina tekið að ætla sér að borga tveimur manneskjum full laun í hálft ár auk hráefniskostnaðar sem fylgir námskeiðahaldinu.

Ef betur er á litið og fyrir þá sem áhuga hafa á að kynna sér fjárhagsáætlun Lífgrasa kemur í ljós að þar eru mánaðarlaun Eman og Bashar heilar 120 þúsund krónur á hvort þeirra og hráefniskostnaður 30 þúsund krónur. Samanlagt fyrir hálft ár stendur kostnaðurinn í



Börn koma jafnan með mæðrum sínum á námskeiðin enda annað ekki í boði í þessum aðstæðum.

rétt rúmum 1,6 milljónum króna, ekki fjarri því sem sumir fá í mánaðarlaun hérlendis.

### *Margt smátt gerir eitt stórt*

Anna Rósa er vongóð um að fjármögnunin hafist, en ásamt stjórnarmönnum sínum í Lífgrösum, þeim Hjörleifi Sveinbjörnssyni og Ingibjörgu Birnu Ólafsdóttur, leita þau allra leiða við að uppfylla það markmið.

Áhugasamir mega að sjálfsögðu styrkja verkefnið, en hægt er að kynna sér starfsemina og frekari áætlun á vefsíðunni www.lifsgros.is en þar er hægt að veita styrki allt frá 2.500 krónum og upp í fastar mánaðarlegar greiðslur. Margt smátt gerir eitt stórt enda hægt að treysta því að þeir aurar sem saman safnast fari nákvæmlega þangað sem þeirra er þörf.

„Við hin erum í sjálfboðavinnu bæði hérlendis og í Kúrdistan auk þess sem skrifstofurýmið er nú bara heima í stofu hjá mér," segir Anna Rósa grasalæknir.

JÓLAGJÖF

Vönduð og falleg er bókin
Veiðivötn á Landmannaafrétti
Bindi I-II, 910 bls., kr. 8.500-

**Minni líka á bækurnar:**
**Leitin að Njáluhöfundi kr. 7.000 -**
**og Landnám í Rangárþingi kr. 5.000 –**
**Verð þetta er frá útgefanda en bæta þarf við sendikostnaði.**

**Upplýsingar: Sími 855-5098**
**og netfang gunnhei@mi.is**


Jólagjöfin fyrir
alla bílaunnendur
Bílar
í lífi þjóðar
Örn Sigurðsson
FORLAGIÐ
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39
Virka daga 10–18 | Lau 11–17 | Sun 12–16
www.forlagid.is


Garðyrkja
Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna
Allt frá
fræjum til
afurða
Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016
Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is
Samhentir

VIÐTAL

## Jarðrækt:

# Burnirótarbúskapur í Skagafirði

## – Leita leiða til að rækta og fullnýta lækningajurt sem fer þverrandi

**Burnirót nýtur mikilla vinsælda sem heilsujurt og ofnýting hennar hefur orðið til þess að hún var nýlega sett á válista CITES. Í Skagafirði hafa hjónin María Eymundsdóttir og Pálmi Jónsson hafið skipulagða ræktun þessarar merkilegu plöntu til framleiðslu, villtu plöntunum til varnar.**

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Burnirót er fjölær rótarmikill þykkblöðungur sem á sér langa sögu sem lækninga- og heilsujurt. Hún vex villt víða um land og þar sem hún fær frið frá beit og oftínslu getur hún vaxið vel í mólendi. Hún finnst í dag þó helst í klettum, torgengum gljúfrum eða hólmum þar sem sauðkindin nær ekki til.

Frá því seint á síðustu öld hefur eftirspurn eftir jurtinni aukist jafnt og þétt. Ástæðuna má rekja til uppgangs náttúrulækninga og rannsókna sem styðja kenningar um gagnsemi neyslu burnirótar gegn líkamlegu og andlegu stressi og vanlíðan.

Í kynningum heilsuvöruverslana er burnirót kölluð *gingseng norðursins* þar sem inntaka burnirótar á að auka einbeitingu, orku og kynhvöt. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal þekkti til plöntunnar og áhrifa hennar en í *Grasnytjum* sagði hann burnirót vera góða við ógleði. Þá var hann ekki að meina að vera bumbult heldur óglatt á geði. Þar sem eingöngu rótin er notuð eru nytjar jurtarinnar ósjálfbærar og hefur jurtin orðið fyrir ofnytjum víða um heim. Hún var nýlega sett á válista hjá CITES, samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, og er því flutningur á óunnum plöntum nú bannaður milli landa.

### *Tilraunaræktun úr íslenskum fræjum*

Undanfarin fjögur ár hafa hjónin María Eymundsdóttir og Pálmi Jónsson á Huldulandi í Hegranesi í Skagafirði prófað sig áfram með ræktun burnirótar til framleiðslu.



Agnarsmá fræin lifna við í vorsólinni en vaxtartími hennar að nytsamlegri plöntu er um 5–6 ár.

„Vinkona okkar og nágranni, Hildur Magnúsdóttir hjá Pure Natura, notar burnirót í sínar vörur og talaði um að það væru vandræði að fá hana. Við heyrðum einnig af því að jurtin væri slitin hér upp með rótum, jafnvel í friðlöndum. Hún er hægvaxta og vinsæl hjá kindunum og dafnar ekki á beitarlandi.

Okkur datt í hug hvort ekki væri hægt að stunda ræktun á henni," segir Pálmi en þau María byrjuðu á því að flytja inn fræ til ræktunar. „Svo datt okkur í hug að það væri skemmtilegra og eðlilegra að eiga íslensk fræ. Við fengum aðgang að burnirótarbreiðu í hólma úti í Skagaheiði og höfum fengið að fara þangað að sækja fræ."

Fræin þurrka þau heima við og setja svo niður að vetri í kalt gróðurhús. „Þau fara svo af stað þegar þeim hentar í vorsólinni. Þetta eru agnarsmá fræ. Ef maður stimplar þau með fingurgómi tekur þú upp tugi fræja.



María Eymundsdóttir og Pálmi Jónsson á Huldulandi í Hegranesi í Skagafirði stefna á að byggja búskap sinn á framleiðslu burniróta. Myndir / Aðsendar

Plönturnar eru eftir því viðkvæmar fyrstu vikurnar," segir Pálmi.„Um vorið setjum við litlar plöntur í potta og látum þær vaxa þannig í eitt ár áður en við plöntum þeim út. Jurtin er íslensk og því vön tíðarfarinu og er hönnuð til að lifa af í íslensku veðurfari, þó hún þoli ekki endilega mikinn raka. Hún á því það til að dafna illa þegar það rignir mikið á sumrin," segir María.

### *Fjölbreyttar nytjar*

Burnirótarræktunin á Huldulandi telur orðið nokkur þúsund plöntur og er von á fyrstu tilraunauppskeru á næsta ári. Að sögn Maríu og Pálma tekur það þó plöntuna um 5–6 ár að vaxa frá fræi að nytsamri plöntu.

Aðalafurð plöntunnar er sjálf rótin.

„Plantan myndar stólparót sem er gjarnan þurrkuð í töflur til náttúrulækninga eða þá búin til tinktúra, lögð í sterkan spíra sem dregur úr henni virku efnin. Hún er þó illa nýtt í dag, því bæði hliðarrótum og ofangróðri er hent en við höfum verið að reyna að finna leiðir til að nýta alla plöntuna.

Það vex þó nokkuð af grennri rótum út frá stólparótinni sem innihalda minna af virkum efnum og við höfum verið að prófa að útbúa snafs úr því. Svo langar okkur að reyna að nýta kálið, það er ágætt ferskt út á salat, einnig höfum við verið að prófa að sýra það," segir María en Pálmi lýsir bragðinu sem safaríku en örlítið beisku miðað við venjulegt kál. Hann bendir á að blöðin séu afar C-vítamínrík enda sauðkindin sólgin í þau.

### *Margfaldur vaxtarhraði með loftræktarkerfi*

Í sumar lögðu María og Pálmi leið sína til Alaska til að kynna sér betur ræktun og vinnslu burnirótar en þar fer fram nokkuð víðtæk skipuleg ræktun á plöntunni. „Við hittum þar til dæmis dr. Petru Illig sem kom af stað burnirótarræktun í Alaska. Við fórum einnig í margar heimsóknir til bænda og skoðuðum aðstæður og aðferðir við framleiðsluna. Það kom okkur í raun á óvart að sjá hve ótrúlega lítill hefðbundinn landbúnaður er stundaður á þessu víðfeðma svæði.

Þarna snýst atvinnulífið kringum olíuvinnslu en burnirótin er íbúum svæðisins kærkomin og verðmæt afurð," segir Pálmi. Þau komu reynslunni ríkari til baka og einnig



Jurtin er vön norrænni veðráttu.



Burnirót hefur verið kölluð ginseng norðursins.



Ræturnar eru þurrkaðar í töflur til náttúrulækninga.



Ræktun burnirótar í Alaska er nú töluverð og er verðmæt afurð frá svæði þar sem annars er stundaður lítill landbúnaður.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

með hugmynd að ræktunaraðferð burnirótar með loftræktarkerfi.

„Við hittum mann sem var að prófa að rækta burnirót með Aerophonic loftræktarkerfi. Hann var að fá á þremur mánuðum rót sem tekur um tvö til þrjú ár að vaxa utandyra og fimm mánaða rót sem var farin að blómstra.

Nú erum við að skoða að setja upp slíkt kerfi hér og sjá hvort ávinningur yrði að ræktun burnirótar á þann hátt hérna. Ef það gengur upp þá erum við að horfa á að rækta plöntuna einnig við stýrðar staðlaðar aðstæður innandyra,“ segir María.Gangi burnirótarræktun hjónanna eftir eygja þau von um að framleiðsla af þessari eftirsóttu rót verði þeirra lifibrauð í náinni framtíð.

„Við stefnum bæði á að selja hráa vöru til annarra framleiðenda en auðvita er virðisaukinn langmestur eftir því sem maður gerir meira úr vörunni,“ segir María.

***Samstarf við Háskóla Íslands***

Þangað til munu hjónin þó alls ekki sitja auðum höndum. „Í sumar hófst þriggja ára verkefni með Háskóla Íslands þar sem ætlunin er að rannsaka burnirót af mismunandi landshornum með tilliti til virkra efna til að finna heppilegasta stofninn til frekari ræktunar.

Lokaafurð verkefnisins er meðal annars að búa til hefti fyrir framtíðar burnirótarræktendur þar sem er að finna fróðleik um ræktunina og eiginleika plöntunnar. Rannsókninni stýrir Þóra Ellen Þórhallsdóttir, doktor í grasafræði,“ segir María.

***Gengið freklega á villtar plöntur***

Pálmi segist í öllu falli uggandi yfir hættu á oftínslu á villtum burnirótarplöntum hér á landi.

„Ásókn í burnirót hefur aukist með árunum og er öll íslensk burnirót sem er nýtt í dag tínd villt í náttúrunni.



**Ásókn í burnirót hefur aukist og er öll íslensk burnirót sem nýtt er í dag tínd villt í náttúrunni.**

Við fréttum af stórum breiðum af burnirót sem eru svo allt í einu horfnar. Þær hafa ekki hlaupið í burtu ...“

Eins og ég skil reglurnar þá má skera hana upp hér á landi utan friðlanda, en innan þeirra óheimilt að valda raski á lífríki.

Hins vegar eru vísbendingar um að aðilar séu að taka hana upp í Þjórsárverum til dæmis. Hún vex víðar og utan friðlanda en þessi söfnun er almennt ekki sjálfbær og við vitum til þess að menn eru að ganga sums staðar freklega á plöntuna þar sem hún vex.

Við fréttum af stórum breiðum af burnirót sem eru svo allt í einu horfnar. Þær hafa ekki hlaupið í burtu, einhver hefur hjálpað þeim að fara. Með því að rækta burnirótina sjáum við fram á að fá ekki bara tekjur af henni heldur líka stuðla að því að hún fái frið þar sem hún nær að vaxa,“ segir Pálmi.



**Hjónin hittu dr. Petru Illig í Alaska en hún kom á fót burnirótarræktun í Alaska.**











Skýrslan leggur m.a. mat á stöðu ruslauppsöfnunar í Norðaustur-Atlantshafi.
Mynd/Tim Mossholder

Norðaustur-Atlantshaf:

# Líffræðilegum fjölbreytileika hrakar

**Þrátt fyrir aukna þekkingu og takmörkun á neikvæðum áhrifum mannlegra athafna á lífríki í Norðaustur-Atlantshafi hrakar líffræðilegum fjölbreytileika á hafsvæðinu.**

Það er niðurstaða nýrrar skýrslu á vegum OSPAR samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

Viðnámsþol hafsins gegn loftslagsbreytingum hefur veikst og súrnun sjávar knýr fram miklar breytingar sem eru að stofna lífríki hafsins í hættu, að því er fram kemur í niðurstöðum skýrslunnar sem unnin var með samningsaðilum, skrifstofu OSPAR og yfir 400 vísindamönnum og sérfræðingum.

Skýrslan er heildstætt mat á lífríki svæðisins og tekur meðal annars til losunar mengandi efna í hafið, ofauðgunar næringarefna, fiskveiða, rusls í hafi, hávaða- mengunar og áhrifa loftslagsbreytinga.

Mat á búsvæðum botns og uppsjávar og vistfræðilegt mat á fæðuvefjum sjávarfugla, sjávarspendýra og fiska sýna öll hnignun á líffræðilegum fjölbreytileika þrátt fyrir framfarir við að greina og bregðast við þeim.

Þá eru breytingarnar að flýta fyrir útbreiðslu nýrra tegunda sem geta orðið ágengar og dregið enn úr fjölbreytileika lífríkis Norðaustur-Atlantshafsins.

Einnig er það nefnt að mengunarvaldar á borð við lyfjaagnir og PFAS efni veki vaxandi ugg meðal höfunda en skýrsluna má nálgast á vef OSPAR.

*/ghp*

Finnland:

# Mistök við kynslóðaskipti oft uppspretta vanlíðanar

**Bændasamtökin í Finnlandi (MTK) þróa nú verkefni sem mun taka á andlegum hliðum kynslóðaskipta á bújörðum.**

Upp úr 2016 byrjaði MTK á verkefni sem miðaði að því að bæta geðheilbrigði bænda. Meri Remes, aðalráðgjafi ungra bænda hjá MTK, segir að fljótlega hafi komið í ljós að andlegt álag bænda megi oft rekja til þess að hinar félagslegu hliðar hafi verið vanræktar við kynslóðaskiptin. Finnar búi við mjög gott kerfi þegar komi að hinum skattalegu og lagalegu hliðum við jarðakaup og vinnur MTK nú að því að koma upp neti ráðgjafa sem geti haldið utan um sálrænu hliðina.



Finnsku bændasamtökin vilja koma í veg fyrir andlega vanlíðan bænda sem má oft rekja til þess að ekki hafi verið vandað til verka við kynslóðaskiptin.
Mynd / Markus Säynevirta – Wikimedia Commons

Meri segir stöðu margra bænda vera slæma, bæði fjárhagslega og félagslega. Sjálfsmorð og andleg veikindi séu tíð og margir af þeim illa settu hugsi órökrétt, eins og að ef fjárfest sé í tilteknu tæki fyrir búið sé hægt að losa sig við eiginkonuna. Þetta sé ekki bara spurning um vanlíðan manneskjunnar, heldur uppbyggingu fyrirtækisins.

### *Meira en skattar og verð*

Tæknilegir ráðgjafar sem aðstoði við kynslóðaskipti átti sig ekki endilega á mikilvægi þess að aðilar ræði um meira en skatta og verð. Þeir geti óafvitandi leitt fjölskyldur inn í aðstæður sem verði til þess að þau geti ekki setið saman yfir hátíðarkvöldverði. „Að taka við búi er svakaleg lífsstílsbreyting og ef þú ert illa undirbúinn ertu kannski að segja já við einhverju sem þú vilt ekki. Svo ertu að lifa við það tíu árum síðar og þá er vanlíðanin orðin ótrúlega hræðileg og of seint að fara aftur yfir það sem er búið að semja um,“ segir Meri.

Ekki sé sjálfsagt að bændur geti sleppt höndunum af ævistarfinu sem geti hindrað eðlilega uppbyggingu fyrirtækisins. „Við viljum koma í veg fyrir þessa árekstra með því að gera hlutina betur frá upphafi.“ Þetta snúist ekki bara um þá sem eru að selja eða kaupa, heldur þurfi öll fjölskyldan að hafa færi á að taka þátt. Oft séu lausir endar sem verði ekki að vandamáli fyrr en eitthvað kemur upp á, til dæmis þegar foreldrarnir falla frá. Með því að semja um alla hluti frá upphafi og halda öllum upplýstum sé hægt að fyrirbyggja illdeilur og kærur milli fjölskyldumeðlima.



Meri Remes. Mynd / MTK

### *Ójöfn valdastaða umsemjenda*

Þeir sem eru að selja bújarðirnar eru oft búnir að undirbúa það í mörg ár. Síðan kemur afkomandinn sem ætlar að kaupa óundirbúinn að borðinu sem leiði af sér ójafna valdastöðu milli aðila.

Meri segir fátt fólk vera með meiri fordóma fyrir hvert öðru en fjölskyldumeðlimir. „Þú ert löngu búinn að ákveða hvað hinn ætlar að segja þrátt fyrir að þið séuð ekki búin að ræða þetta.“ Þetta geti skapað aðstæður þar sem fólk ætlar öðrum að gera eitthvað, án þess að vera búið að biðja viðkomandi um það.

Meri segir mikilvægt að taka fram í samningnum að aðilar setjist aftur að borðinu eftir fyrir fram ákveðinn tíma. Þá sé hægt að ávarpa ágreiningsatriði með formlegum hætti í staðinn fyrir að byggja upp gremju og ósætti.

Þá geti verið mikill fengur í því að fá utanaðkomandi aðila til að fylgjast með hvort staðið sé við öll ákvæði samninganna, en það sé eitthvað sem hafi ekki verið til áður.

### *Öðruvísi lausnir til*

Sérfræðingar MTK sjái oft tilfelli þar sem fólk kaupir jarðir af foreldrum sínum til þess eins að gefa þeim kost á að fara á eftirlaun. Því berjist bændasamtökin fyrir því að innleiða svokallað „Land Mobility Service“ kerfi eins og tíðkast á Írlandi. Þar starfi þjónusta sem miðli landi og gefi landlitlum bændum möguleika á að auka sitt ræktarland án þess að fara í dýrar fjárfestingar. Landeigendur geti þá aflað tekna af jörðinni á sama tíma og þau minnki við sig í búskap.

Kerfið sé jafnframt farvegur til þess að ungt fólk geti leigt búrekstur af vandalausum eldri bændum sem vilji minnka við sig. Þetta minnki pressuna á að börn þurfi að taka við af foreldrum sínum og gefur þeim færi á að kaupa búreksturinn síðar þegar þau séu tilbúin.

### *Tvö finnsk bændasamtök*

Í Finnlandi eru tvenn bændasamtök, annars vegar MTK og hins vegar SLC. Það fyrrnefnda sinnir finnskumælandi hluta landsins og eru níutíu prósent bænda félagsmenn í þeim, á meðan það síðarnefnda starfar í héruðum sænskumælandi minnihlutans. Þessi aðskilnaður hefur skapast vegna gamallar hefðar, en samtökin eiga í miklu samstarfi sín á milli og eru höfuðstöðvarnar steinsnar frá hvor annarri. MTK er skammstöfun fyrir Maa- ja metsätaloustuottajain Keskusliitto sem má þýða sem „Félag bænda og skógareigenda“.

Meri hefur sterk tengsl við Ísland, en hún var vinnukona í Keldudal í Skagafirði í tvö sumur og lærði reiprennandi íslensku á þeim tíma.

*/ÁL*




Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram



Franskir Limousine-nautgriparæktendur eiga margir með sér samvinnu í m.a. kynbótaræktun og sölu sem kemur öllum til góða. Mynd / Le Pôle de Lanaud

Frakkland:

# Samvinna franskra Limousine-ræktenda

**Franskir Limousine-ræktendur hafa allt frá árinu 1986 á ýmsan hátt unnið saman að því að bæta nautgripahjarðir sínar.**

Bændurnir telja að sameinaðir kraftar við að þróa og kynna Limousine-kynið efli hag þeirra sem nautakjötsframleiðendur verulega.

Í Farmers Weekly segir frá því að Limousine-samtökin Le Pôle de Lanaud, sem er grein af þessum meiði, hafi verið sett á stofn 1991. Miðstöð samtakanna er á sveitabæ rétt utan við Limoges. Markmiðið er að sameina alla hlekkina í keðju kynbóta og eru samtökin stofnuð og rekin af ræktendum einvörðungu. Starfið felst í að halda sérstaka Limousine-ættbók sem vottar hreinræktaða Limousine-nautgripi fyrir kynbótaræktun. Annar þáttur er að selja kynbótanautgripi, sæði og fósturvísa í Frakklandi og á alþjóðavettvangi.

### *Umfangsmiklar athuganir*

Á Station de Lanaud eru nautkálfar valdir frá aðildarbúum, þeir metnir og settir á sölulista. Ingenomix-erfðafræðifyrirtækið, sem er sprotafyrirtæki á vegum ræktendanna, framkvæmir prófanir til að spá fyrir um erfðafræðilega eiginleika nautgripanna.

Hátt í þúsund nautkálfar eru árlega valdir úr ættbók og af þeim fara 500 bestu í sölu. Samanlagt eiga bændurnir sem taka þátt, um 1.500 talsins, í kringum 100.000 ættbókarfærða gripi, eða um einn tíunda hluta af heildar-Limousine-hjörð Frakklands.

Á annan tug sérfræðinga Le Pôle de Lanaud starfar með þátttakendum víðs vegar um Frakkland. Þeir skrá kálfa, gera kynbótaáætlanir, velja kálfa fyrir prófun og aðstoða við að leita uppi bestu kvígurnar til að bæta ræktunina.

Um 2.400 kálfar eru skoðaðir á hverju ári, tæknimennirnir velja 700 af þeim og eru þeir sendir í Le Pôle de Lanaud til frekari rannsókna. Markmiðið með því að koma þeim öllum á einn stað er að þeir séu allir við sömu umhverfisaðstæður til að styrkja útkomu prófana, sem eru allt frá því að skoða skapgerð yfir í vöxt, vöðva og beinagrind.

### *Tíu bestu af 700 úrvalsnautum*

Betri helmingurinn af hinum rannsökuðu nautum fær svo gæðastimpilinn Reproducteur jeune (RJ) og þau sem eftir eru kallast Espoit. Útbúin er söluskrá og hver færsla sýnir ættbók nautsins, ræktunargildi, foreldra og erfðafræðilegar upplýsingar. Verðmunur á RJ og Espoit er alla jafna um 2.500 evrur. RJ-nautin fara í svonefnda ættarhjörð eða eru seld til útflutnings, en Espoit-nautin er mest keypt af ræktendum í atvinnuskyni til að bæta hjarðir. Tölvubúnaður og öpp eru notuð til að gera þetta allt aðgengilegt.

Annað stig valferlisins er að 36 bestu nautin fara gegnum aðra prófunarstöð og þar er m.a. bætt við skoðun á skilvirkni fóðurs. Af þessum 36 eru þau 10 bestu svo notuð til sæðinga. Á bænum er jafnframt Limousine Park, landbúnaðartengd ferðaþjónusta með 100 sæta veitingastað sem kynnir kjötið og annað staðbundið hráefni. Í Le Pôle de Lanaud er fjórum sinnum á ári haldinn tveggja daga kynbótanautamarkaður, í janúar, mars, júní og nóvember.

Limousine-tegundin er annað mesta mjólkurframleiðslukyn Frakklands. /sá





DFSK Arctic Transport 100 % Rafmagnsbíll
Burður 1280kg

TILBOÐSVERÐ 3.500.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"



Við förum létt með **jólapakkana**




Langar þig að koma **jólapakka** eða **matarsendingu** til vina og ættingja fyrir jólin?

Nýttu þér pakkaþjónustu Eimskips. Yfir **130** afhendingastaðir um allt land og aðeins eitt verð **1.800 kr.** fyrir allar sendingar undir **45 kg** og **50 x 50 x 50 cm** að stærð.

**Skráðu þína sendingu á eimskip.is** og komdu með pakkana til okkar.

EIMSKIP






**Góð smurning**

Góð smurolía eykur endingu véla og dregur úr sliti og kostnaði við rekstur. Við eigum mikið úrval frá Texaco, Castrol og Cargo Oil fyrir öll hugsanleg tæki.

**Komdu við á næstu Olísstöð**

olís

MENNING

# „Voru eldri en alheimurinn og vissu allt“



Íslandskort með útbreiðslu völvuleiðanna. Mynd / SÆ

**Völvuleiði er ný bók sr. Sigurðar Ægissonar, sóknarprests á Siglufirði, og kemur út hjá bókaútgáfunni Hólum.**

Sigurður segir í formála að hann hafi byrjað að grúska í upplýsingum um völvur og völvuleiði austur á Djúpavogi árið 1985 þar sem hann þjónaði. Bókin sé persónuleg rannsóknarsaga, byggð á því sem hann hafi viðað að sér af efni um þetta fyrirbæri á síðustu næstum 40 árum.



Sigurður Ægisson. Mynd / Hólar

### *Enn hlúð að kumlum*

Í íslenskri orðabók er orðið völva útskýrt þannig: „Forspá kona (í heiðnum sið) sem framdi seið og þuldi véfréttir.“ Árni Björnsson þjóðháttafræðingur segir orðið völva dregið af orðinu völur sem merki stafur og völva sé þá sú sem ber seiðstaf. Völvuheitið er forn-norrænt og á sér víða hliðstæður, svo sem í hinum grísku sibyllum. Völvan átti að sjá bæði inn í fortíð og framtíð.

„Að slíkar leifar heiðins dóms mætti enn finna á Íslandi fannst mér einkennilegt, ekki í neikvæðum skilningi þó, heldur í samhengi við kristnu trúna sem verið hafði í landinu allt frá upphafi byggðar, og ráðið flestu í andlegum búskap Íslendinga frá árinu 999 eða 1000, að ég hélt. Og það, að enn væri hlúð að þessum meintu kumlum, sem mér var kunnugt um að tíðkaðist á einhverjum stöðum, fannst mér enn áhugaverðara,“ skrifar Sigurður.

### *Völvur mikilsvirtar*

Hann fjallar um hartnær sjötíu völvuleiði hingað og þangað um landið og setur í söguleg samhengi að fornu og nýju.

„Ljóst er að völvur höfðu mikið að segja fyrir þjóðfélag manna í heiðni. Meira að segja Óðinn, hinn alvaldi, leitaði til þeirra í upplýsingaöflun sinni, hinna goðsögulegu, vel að merkja; þær voru nefnilega eldri en alheimurinn og vissu allt.“

Hér er, með góðfúslegu leyfi höfundar birtur kafli úr Völvuleiðum:

### *Skaftárdalur á Síðu*

„Í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1909 ritar Brynjúlfur Jónsson (1838–1914) frá Minna-Núpi: „Fyrir ofan tún í Skaftárdal heitir Tumastofa [leiðrétt í næstu árbók í: Tumatorfa]. Í henni er dys, er kallast Tumaleiði. Er nokkurn veginn auðséð, að grafið hefir verið í leiðið. Engin sögn er um Tuma.“



Ari Gíslason (1907–1995) segir í upphafi örnefnaskrár yfir Skaftárdal: „Jörð á Útsíðu næst norðan við Á. Hér hafði Magnús Finnbogason (1874–1959) skrifað örnefni eftir Kristjáni Pálssyni (1891–1974). Ég kom þar 1963, hitti því miður Kristján ekki heima, en kona hans [Þorbjörg Jónsdóttir (1893–1985)] fór yfir örnefni og gerði ýmislegt gleggra, þó betur hefði þurft að gera. Land Skaftárdals er víðáttumikið og margbreytilegt. Bærinn stendur í dalverpi sunnarlega í landareigninni. Vestan við bæ eru Kvíatorfa og Tumatorfa.“ Í eftirmála er þetta: „Örnefnaskrá Skaftárdals var yfirfarin með Kristjáni Pálssyni bónda í Skaftárdal þann 10. sept[ember] 1966. Segir Kristján þetta ennfremur: Á Tumatorfu er völvuleiði. Það snýr frá landnorðri til útsuðurs. Magnús í Skaftárdal sagði, að völvuleiði hefðu þá stefnu.“

Í bók Þórðar Tómassonar, Setið við sagnabrunn, frá 1997, er þetta meðal annars að finna: „Tumaleiði er skammt vestur frá bæ í Skaftárdal og var talið völvuleiði þrátt fyrir nafnið. Stranglega var varað við því að hreyfa við leiðinu. Sveinn Steingrímsson [1874–1964] frá Fossi bjó í Skaftárdal árin 1902–1918. Sonur hans, Ingibergur, var fæddur 1908. Innan við tíu ára aldur tók hann sig eitt sinn til og fór einn síns liðs að Tumaleiði til að grafa í það. Hann stakk upp einn kökk og þá kom yfir hann eitthvað óskýranlegt svo hann stökk í burtu frá leiðinu og kom aldrei síðan nálægt því.

Sumarið 1990 kom hann að Skaftárdal með bróður sínum, Ólafi bónda í Botnum. Ólafur er fæddur 1912. Ingibergur benti honum til Tumaleiðis án þess að líta þangað og fékkst ekki til þess að koma á staðinn. Ólafur fann leiðið og smádæld í það vísar enn til þess hvar Ingibergur stakk upp kökkinn.“

Hinn 13. ágúst 2021 hringdi ég í Oddstein R. Kristjánsson (1928–2022), en hann var fæddur og uppalinn í Skaftárdal og gerðist bóndi þar. Hann var nú á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum á Kirkjubæjarklaustri. „Leiðin eru tvö,“ sagði hann. „Ef gengið væri yfir Tumatorfu væru þau austan við girðinguna, sennilega þó grasi gróin og horfin núna.““ /sá

*(Völvuleiði, bls. 229-230).*

# Hvammshlíðardagatalið

**Karólína Elísabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð, gefur út sitt skemmtilega dagatal í sjötta sinn.**

Almanakið er í stóru broti og inniheldur fróðleik og ljósmyndir. Hver síða er ríkulega myndskreytt, ýmist með myndum frá sveitalífinu í Hvammshlíð, eða eldri myndum sem Karólína fékk sendar úr myndasöfnum héðan og þaðan. Með hverjum mánuði fylgir upplýsingasíða þar sem ólíkum þemum eru gerð skil. Þar má nefna ferðalög á árum áður, engjaheyskap, göngur á haustin, gjóskulög og fleira áhugavert.




Dagatalinu fylgir þéttskrifaður sex síðna viðauki í A4 broti. Þar er farið yfir sögu gamalla almanaksdaga, gömlu íslensku mánaðanna og annarra tímabila sem ekki eru í almennri notkun. Þá eru skýringar á fjölmörgum mælieiningum sem hafa dottið úr notkun, eins og alin, eykt eða pottur. Karólína hefur vakið athygli á undanförnum árum fyrir frumkvöðlastarf sitt í riðurannsóknum í íslensku sauðfé. Hún býr á innsta bænum í Norðurárdal í Austur-Húnavatnssýslu, skammt frá Þverárfellsvegi. Í dagatalinu eru myndir af íbúunum í Hvammshlíð, það er Karólínu, hverjum smalahundi, hesti og kind. Dagatalið er hægt að fá á ýmsum stöðum, eða beint frá Karólínu. /ÁL

Dalvíkurbyggð



UPPBYGGINGARSVÆÐI OFAN HAUGANESS
Inngangur

Dalvíkurbyggð óskar hér með eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í þróun og uppbyggingu á svæðinu ofan Hauganess samkvæmt afmörkun á mynd 1.
Reiturinn afmarkast af gamla Hauganesvegi í norðri, Selárvegi og lóð við Syðri Ás í vestri, gildandi deiliskipulagi í austri og að sjó í suðri.
Uppbyggingasvæðið er 10 ha að stærð og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði L2 í gildandi aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020. Ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu.

Markmið

Markmið Dalvíkurbyggðar varðandi uppbyggingu svæðisins er að móta heildstætt svæði fyrir afþreyingu og ferðaþjónustu sem byggir á sérstöðu svæðisins og fellur vel að þeim brag sem fyrir er á Hauganesi.
Gerð er krafa um að sjálfbærni og vistvæn hönnun verði höfð að leiðarljósi við alla hönnun.

Framsetning á tillögum

Gerðar eru kröfur um að eftirfarandi atriði komi fram í innsendum tillögum:
- Hæfni og reynslu af sambærilegum uppbyggingarverkefnum.
- Upplýsingar um fjárhagslegt hæfi og getu til þess að standa að uppbyggingunni.
  - Sýna fram á jákvætt eigið fé
  - Staðfestingu sem sýni fram á skil á opinberum gjöldum
  - Staðfestingu um skil á lífeyrissjóðsgjöldum.
- Sterk, frumleg grunnhugmynd og í góðu samræmi við aðliggjandi umhverfi.
- Hver er áætlaður þéttleiki byggðar.
- Fyrirkomulag á áföngum uppbyggingar innan svæðis.
- Hvernig er innra götuneti svæðisins háttað.
- Hugað verði að aðlaðandi gönguleiðum og göngustígatengingum við aðliggjandi svæði.
- Umferð bíla verði lágmörkuð innan svæðisins.
- Yfirbragð áformaðrar byggðar, s.s. húshæðir, efni o.þ.h.
- Hvernig landmótun og gróðurfari verði háttað.
- Hvernig er sjálfbærni- og umhverfissjónarmiðum náð.
- Að gengið sé útfrá blágrænum ofanvatnslausnum.
- Hvernig er tryggt að almenningur hafi óheft aðgengi að sjó.

Meðfylgjandi gögn eru aðgengileg á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

- Gildandi deiliskipulag Hauganess á dgn/dwg formi.
- Gildandi aðalskipulag Dalvíkur 2008 – 2020 á PDF formi.
- Kortagrunnur m. hæðarlínum á dgn/dwg formi.
- Loftmynd á jpg formi.

Verkefnið

Verkefnið felst í því að vinna áhugaverða skipulagslýsingu á verkefninu fyrir afþreyingu og ferðaþjónustu sem samrýmist markmiðum um þróun og uppbyggingu Hauganes sem blómlegs samfélags mannlífs og farsællar atvinnuuppbyggingar.
Í innsendri tillögu skal gerð góð grein fyrir hæfni, reynslu auk upplýsinga um fjárhagslegt hæfi.
Dalvíkurbyggð áskilur sér fullan rétt til að meta hvort uppfylltar séu kröfur um hæfi á grundvelli þeirra upplýsinga sem fylgja tillögu. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.
Dalvíkurbyggð áskilur sér rétt á að velja hvaða tillögu sem er eða hafna öllum án bóta.
Hvorki er greitt fyrir tillögurnar né greitt verðlaunafé. Dalvíkurbyggð mun gera viljayfirlýsingu við þann aðila sem sveitarstjórn velur úr innsendum umsóknum sem gildir í tvö ár.
Innan þess tíma skal sá aðili sem valinn verður ljúka við þá skipulagsvinnu sem vinna þarf vegna áformanna þ.e. breytingu á aðal- og deiliskipulagi ásamt stofnun lóða á sinn kostnað.
Gerður verður lóðarleigusamningur um tiltekna reiti eða svæði við þann aðila sem viljayfirlýsingin snýr að.
Athygli er vakin á því að við allan skipulagsferilinn verða breytingartillögurnar kynntar og auglýstar á lögbundinn hátt þannig að aðkoma almennings og annarra lögbundinna umsagnaraðila sé tryggð.
Öll uppbygging og rekstur innviða s.s. gatnagerð, lagnir og allt það sem þarf við uppbyggingu og rekstur svæðisins verður alfarið á kostnað þess aðila sem viljayfirlýsingin snýr að.

Skilagögn og tímafrestur á tillögum

Í innsendum tillögum skal leggja fram hugmyndir að landnýtingu og innra fyrirkomulagi svæðisins í formi teikninga, þrívíddarmynda og texta. Í tillögunni skal gerð grein fyrir hæfni, reynslu ásamt upplýsingum um fjárhagslegt hæfi á textaformi.
Tillögum skal skilað inn á stafrænu formi, PDF.
Teikningar skulu vera í A1, (liggjandi).
Textaupplýsingar í A4 (standandi).
Fyrirspurnir skal senda á dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is.
Lok fyrirspurnatima er 29.desember 2023.
Tillögur skal senda á póstfangið dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is
Umsóknarfrestur tillagna er til og með, 8. janúar 2024.

Dalvík 30. nóvember 2023
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, sveitarstjóri

www.dalvikurbyggd.is



LM 1982. Hrímnir, Hrafnagili og Björn Sveinsson, Vængur, Kirkjubæ og Jóhann Friðriksson, Goði frá Ey og Trausti Þór Guðmundsson.



Sigurður Haraldsson og Rauðhetta frá Kirkjubæ. Þórður Þorgeirsson situr hryssuna.
Myndir / Aðsendar

# Máttarstólpi í sögu hrossaræktar á Íslandi

**Þorkell Bjarnason starfaði sem hrossaræktarráðunautur í 35 ár, frá 1961-1996 en á þeim tíma tók hrossaræktin miklum framförum.**

Bjarni Þorkelsson, sonur Þorkels, hefur nú gefið út bókina Æviskeið, sem er starfssaga föður hans og margháttaður fróðleikur um hrossaræktina á seinni helmingi 20. aldarinnar.



Bjarni Þorkelsson.

Með ævistarfi sínu lagði Þorkell grundvöll að því ævintýri sem íslensk hrossarækt er löngu orðin, ekki bara á Íslandi heldur um víða veröld. Með ræktendunum og samstarfsmönnum sínum, sem skilmerkilega er fjallað um í bókinni, setti hann hásölum hrossaræktarinnar þá traustu hornsteina sem þeir hvíla nú á.

Bókin er byggð á samtölum og hljóðrituðum viðtölum við Þorkel sem Bjarni tók upp á árunum 2003-2006 en Þorkell lést það ár. „Þetta er orðin 20 ára meðganga en það skapaðist loks rými hjá mér til að klára bókina eftir að ég hætti að kenna. Ég komst í samband við Eyjólf Jónsson, bókagerðarmann frá Reykjum í Mosfellsbæ, og var hann mér heilladrjúgur liðsmaður í að gera bókina.

Bókin er að mestu leyti byggð á viðtölum við föður minn en það er ýmislegt sem ég skrifa, í samráði við hann, sem er ekki bara byggt á viðtölunum heldur líka viðhorfum hans og ýmsu sem hann hafði sagt við mig um dagana," segir Bjarni. Æviskeið er hátt í fjögur hundruð blaðsíður með u.þ.b. 250 ljósmyndum og fylgir bókinni nafna- og myndaskrá sem auðveldar yfirsýn og tryggir notkun hennar og gildi sem uppflettirits um langan aldur.

„Þetta er mest skrifað í fyrstu persónu þar sem Þorkell hefur orðið. Þetta er ekki fræðirit, en geymir fróðleik og nánast ótæmandi upplýsingar um allt sem stendur á bak við það sem við erum að gera í dag í hrossaræktinni. Nokkrir kaflar, sem eru sérmerktir, eru ekki skrifaðir í fyrstu persónu en það eru t.d. ýmsar tilvitnanir í skrif Þorkels, sem hafa verið birtar áður, og palladómar um samferðamennina, ræktendur og meðdómara. Þessu síðastnefnda var raunar ólokið þegar Þorkell féll skyndilega frá í maímánuði 2006," segir Bjarni.

Bókin hefst á frásögnum af umhverfi og starfsskilyrðum hrossaræktarinnar frá því að Landsmót var fyrst haldið 1950 og þar til að Þorkell tekur við sem hrossaræktarráðunautur 1961.

Síðan er stórmótasagan rakin, lið fyrir lið, frá ári til árs. Kaflarnir hefjast allir á almennum nótum þar sem fjallað er um viðhorfin og ræktunarstarfið.

Í þessum skrifum er fjallað um hrossaræktarmál í víðu samhengi, eins og kaflaheitin bera með sér: Landslag – loftslag / Aðkoma / Ættbók og þjóðsögur / Mannleg samskipti / Sögulegt landsmót – örlítil forsaga / Afkvæmarannsóknir / Reiðmennskan / Stóðhestastöðin / Viljapróf / Stofnræktarbúin / Útflutningsmálin / Mínir menn / Stöðugleikinn megingæfa / Stofnverndarsjóður / Nýir tímar – Tölva og Blup / Blikur á lofti / Teygni og tímamót / Erlend samskipti / Síðasta landsmótið – uppskeruhátíð / Hringnum lokað.

Sagan er sögð frá sjónarhóli Þorkels, og gerð er grein fyrir meðbyr og andróðri. „Ég hef orðið var við mikinn áhuga á bókinni meðal hestamanna sem muna þessa tíð, þá bókstaflega þyrstir í að sjá þessa umfjöllun og yfirlit um gengin spor. Og ég bind sannarlega vonir við að unga og efnilega hestafólkið sem er að taka við keflinu, hafi virkilegan áhuga á því að kynna sér bakgrunn alls þess sem er að gerast í hrossaræktinni nú um stundir," segir Bjarni.

/HF






## Eignatorg kynnir: Geirakot og Geirakot 1, Snæfellsbæ.

**Um er að ræða jörð á einstaklega fallegum útsýnisstað með land að sjó.**

Á jörðinni standa tvö íbúðarhús og er nýrra íbúðarhúsið (Geirakot 1) á einni hæð og mjög mikið endurnýjað og við það stór bílskúr.
Húsið er kynt með öflugri varmadælu.
Ljósleiðari kominn inn og tengdur. 3ja fasa rafmagn.
Heimreið með bundnu slitlagi.
Einungis 6 km eru til Ólafsvíkur þar sem er öll helsta verslun og þjónusta.

*Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða á netfangi: bjorgvin@eignatorg.is*

Eignatorg








bio-clean products

MARPÓL HREINLÆTISVÖRUR

VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI UPPRÉTTU GÓLFÞVOTTAVÉLINA

## TSM WILLMOP 50 B



Nú getur ræstingafólk sagt skilið við hina hefðbundnu moppu og skúringarfötu - og þannig aukið skilvirkni og framleiðni í ræstingum.

TSM WILLMOP 50 B sameinar afl og afköst atvinnugólfþvottavélar með hreyfigetu og sveigjanleika gólfmoppu sem gerir notanda kleift að þrífa yfir 2.100 fermetra á klukkustund.

Svæði sem áður var erfitt að ná til er nú enginn vandi að þrífa vel þökk sé 360° stýringu sem gefur notandanum ótrúlega mikinn hreyfanleika.

Þessi moppa framtíðarinnar er fullkomin til viðhalds í verslunum, spítölum, heilsugæslum, skólum, veitingastöðum og flugvöllum.

Dalbrekka 15 | 200 Kópavogur | s. 544 5588 | marpol@marpol.is


Eysteinn Steingrímsson á Laufhóli með forystulömb.


Sókrates með föður og afa.

# Stórsnjallar forystukindur

**Í bókinni Forystufé og fólkið í landinu eftir þá Guðjón Ragnar Jónasson og Daníel Hansen, forstöðumann Fræðaseturs um forystufé, er fjallað um þessi mögnuðu dýr sem eru sérlega úrræðagóð og búa oft yfir einstöku gáfnafari.**

„Á Laufhóli í Skagafirði eru að jafnaði fimm til sex forystukindur. Eysteinn gætir þess vel að forystuærnar verði ekki of margar og bændurnir á Laufhóli telja það algjört frumskilyrði að þær séu spakar og hægt sé að temja þær.

Það er í huga þeirra Eysteins og Aldísar algjör forsenda þess að forystukind sé sett á. Þau hjónin eru mjög samhent í fjárræktinni en Aldís hefur mjög gaman af forystufénu og reynir að spekja það þegar það kemur á hús.

Eysteinn hefur þó gengið skrefi lengra og reynt að bandvenja forystukindurnar enda stundar hann tamningar samhliða sauðfjárræktinni. Strax við upphaf búskapar þeirra hjóna byrjaði Eysteinn í félagi við Reyni son sinn að bandvenja forystukindurnar, til að mynda sauðinn Sókrates sem sjá má hér á mynd. Þetta var árið 2010, rétt áður en Aldís og Eysteinn tóku við búskapnum og fluttust að Laufhóli. Hornalagið á Sókratesi vakti að vonum athygli en hann er mjög svo fallega úthyrndur. Til gamans var farið með sauðinn á lambadag á Melstað í Óslandshlíð og þar vakti hornalag hans mikla athygli eins og endranær. Gísli Einarsson, fréttamaður á RÚV, var kynnir á þessum góða degi og sagði að horn Sókratesar væru svo glæst og gleið að þau gætu auðveldlega nýst sem fatahengi bæði á Brekkukoti og Óslandi í senn.



Guðjón Ragnar Jónasson og Daníel Hansen, höfundar Forystufjár.

Á meðan Steingrímur hélt enn um búsforráð á Laufhóli aðstoðaði Eysteinn föður sinn við bústörfin og sparaði sig ekki þegar kom að því að elta forystuféð. Haustið 1987 stóð til að fella gamla forystukind, hana Flekku gömlu sem þá var tíu vetra gömul, og nóttina áður var hún því höfð inni í fjárhúsum á bænum sem kölluð eru Suðurhús.




Eins og í mörgum fjárhúsum sem byggð voru um miðja síðustu öld eru á því litlir gluggar sem nær ómögulegt var fyrir venjulega kind að komast út um.

Í Suðurhúsum var um að ræða fallegan glerglugga með póstum og opnanlegu fagi sem haft var opið þessa síðustu nótt Flekku. Rifan á glugganum var ekki miklu stærri en svo að lítið lamb gat smeygt sér út um hana. Daginn eftir er Flekka horfin úr Suðurhúsum og hafði komist út í gegnum opnanlega fagið þótt ótrúlegt megi virðast.

Það varð til þess að hún fékk að lifa eitt ár í viðbót, var sædd á fengitíma og átti vorið eftir fallegan svartan hrút sem fékk nafnið Salómon.

Um haustið sýndi hann sömu hegðun og móðirin og tókst að strjúka út af túninu rétt áður en áformað var að farga honum.“ */sá*

Jólagjöfin í ár!







Vandaðar bækur sem fást í öllum helstu bókaverslunum landsins.

# Kornbók

**Samlíf manns og korns, allt frá því er maðurinn tamdi kornið og kornið tamdi manninn, er umfjöllunarefni Åsmund Bjørnstad í bókinni Kornboka – brødets og ølets historie sem kom út árið 2021.**

Hún kom nýlega út í danskri þýðingu og heitir Kornbogen – brødets og øllets historie.

Bókin er í stóru broti, hátt á fjórða hundrað síður og ríkulega myndskreytt að því er fram kemur í tilkynningu frá Áslaugu Helgadóttur og Jónatan Hermannssyni. „Framsetning og frásögn er lipur og ljós en þó víkur höfundur hvergi frá fræðilegri nákvæmni – hvort sem um er að ræða sagnfræði, grasafræði eða kynbótafræði korntegundanna. Skemmtun, fróðleikur og fegurð í einni bók og líka hin dularfullu tengsl manns og korns sem ekki verða með góðu móti skýrð.“

Við sögu koma bygg og hveiti, hafrar og rúgur, hrísgrjón og maís og líka hirsi. „Orðið korn er fyrst og fremst samheiti yfir þær tegundir






grasættar er gefa af sér fræ sem nýtanlegt er til fóðurs og manneldis, en er hins vegar stundum notað yfir þá tegund í hverju landi sem algengust er. Þannig getur orðið korn merkt bygg á Norðurlöndum, hveiti í Englandi og maís í Norður-Ameríku.“

Åsmund Bjørnstad er prófessor emeritus í jurtakynbótum við Landbúnaðarháskólann í Ási í Noregi.

Bókin fæst á vef danska forlagsins Hovedland eða á vefsíðunni dinboghandel.dk. */ghp*

# Ljóð Iðunnar og Braga

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi (FlA) sendir nú frá sér tvær bækur.**

Sú fyrri er í ritröðinni Austfirsk ljóðskáld, sú 23. í röðinni og innbundin að vanda, eftir Iðunni Steinsdóttur og ber nafnið Handan blárra fjalla. Hin síðarnefnda er kilja og heitir Leiðir hugann seiður og er eftir Braga Björnsson.






Iðunn Steinsdóttir

Iðunn Steinsdóttir fæddist á Seyðisfirði 5. janúar 1940. Segir í kynningu á bókarkápu: „Foreldrar hennar voru Steinn Stefánsson skóla- og kórstjóri og Arnþrúður Ingólfsdóttir, húsfreyja og sagnakona. Iðunn er næstelst fimm systkina. Eftir nám í barna- og unglingaskóla fór hún til Akureyrar í menntaskóla en vann heima á sumrin sem talsímakona og í síldinni. Eftir stúdentspróf giftist hún Birni Friðfinnssyni skólabróður sínum. Eignuðust þau þrjú börn á fyrri hluta 7. áratugar og fóru síðan til Húsavíkur þar sem Björn varð bæjarstjóri. Á þeim árum fór Iðunn að setja saman texta fyrir söngvara og útgefendur. Seinna fluttu þau í Mývatnssveit þar sem hún fór að kenna. Hún kenndi svo við Laugarnesskólann þegar suður kom.

Árið 1982 kom út fyrsta af mörgum barnabókum Iðunnar. Í kjölfarið fylgdu svo leikrit sem hún skrifaði oft með Kristínu, yngri systur sinni. Einnig hefur Iðunn gefið út bækur fyrir fullorðna en ekki hefur bundið mál hennar komið út á bók áður.“ Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir ritstörf sín.

*Ættarmót á himni*

*Þar sem árdegið geymir sín gullroðnu ský*
*þar sem gleymt er allt veraldarstríð*
*síðar hittumst við aftur og erum á ný*
*saman öll líkt og forðum á tíð.*
*Þó að ómarnir hljóðni frá árunum fyr*
*og með andblænum hverfi út í geim*
*verður enginn sem harmar né eftir þeim spyr*
*því við öll verðum loks komin heim.*

(bls. 17)






Bragi Björnsson

Bragi Björnsson frá Surtsstöðum í Jökulsárhlíð (1929–2011) var gott og afkastamikið ljóðskáld. Leiðir hugann seiður er önnur bókin sem FlA gefur út með ljóðum Braga og í bókinni birtist aðeins hluti af áður óprentuðum kveðskap hans.

Árið 2006 kom út bókin Laðar nótt til ljóða. Segir í kynningu að „Bæði þessi bókarheiti segja mikið um helsta áhugamál Braga sem var vísur og ljóð. Þessi seiður ríms og ljóðstafa leiddi hann frá daglegu amstri og áhyggjum á vit sköpunar og leiks að orðum og bragarháttum, hvort sem það var á dimmum stundum eða björtum. Í Leiðir hugann seiður eru yrkisefnin fjölbreytt, mannlífið í víðum skilningi og hin lifandi náttúra skipa þar heiðurssæti ásamt ljóðum um sögulegt efni.

Magnús Stefánsson bókaútgefandi segir standa til að gefa út aðra bók með ljóðum Braga á næsta ári. Í bókinni nú birtist ljóð sem Bragi orti á fyrri hluta ævinnar en á næsta ári verði um framhald að ræða.

Bragi var lengst af kunnari fyrir lausavísur sínar enda voru þær honum mjög tamar í daglegum samskiptum við vini og kunningja.

Auk eigin vísnagerðar var Bragi forfallinn lausavísnasafnari og skrifaði hjá sér allar þær vísur sem hann heyrði og mat prenthæfar og gjarnan tilefni þeirra ef það lá fyrir.

/sá

*Laðar nótt til ljóða,*
*leiðir hugann seiður*
*þangað, enn sem angar*
*engi, löngu gengin –*
*æsku spor (og óskir)*
*okkar, hlaðin þokka*
*geyma og engu gleyma.*
*Gaman var þar saman*
*að leik í rökkri reika.*
*– Runnar þegja kunna –*
*– Ástir átti í hjarta*
*æska, laus við græsku.*

(af bókarkápu)











**Berglind Kristinsdóttir, formaður markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefndar Rangárþings ytra og Guðni á Þverlæk með viðurkenningarskjalið og blómvönd sem hann fékk.** Mynd / Magnús H. Jóhannsson

# Guðni á Þverlæk heiðraður

**Guðni Guðmundsson, bóndi á bænum Þverlæk í Holtum í Rangárþingi ytra, var á dögunum útnefndur Samborgari sveitarfélagsins 2023.**

Guðni hefur sýnt ómetanlega elju og dugnað við umhverfisvernd ásamt því að stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum með dýrmætum stuðningi sínum við ungmenna- og íþróttastarf í héraði.

Það hefur hann gert með því að ganga meðfram vegum síðustu ár og tína upp allar dósir og flöskur sem hann sér. Ágóðann hefur hann alltaf látið renna óskiptan til íþróttafélagsins Dímons í sinni sveit.

Þetta er í fyrsta sinn sem þessi viðurkenning er veitt og verður hún nú að árlegum viðburði í sveitarfélaginu hér eftir. */mhh*



**Greind hafa verið fjörutíu lykilatriði til að berjast gegn stöðnun samfélaga í dreifbýli á Norðurlöndum.** Mynd / Himmel S.

Norrænt samstarf:

# Ungmenni berjast gegn stöðnun í dreifbýli

**Norrænt ráð 25 ungmenna frá öllum Norðurlöndum sat nýlega fund með norrænum ráðherrum byggðaþróunar og skipulagsmála þar sem þau birtu þeim tillögur til að auka aðdráttarafl landsbyggðarinnar fyrir ungt fólk.**

Tillögurnar eru fjörutíu talsins og eru lykilaðgerðir til að berjast gegn stöðnun samfélaga í dreifbýli að því er fram kemur í tilkynningu frá Nordregio, rannsóknastofnun Norrænu ráðherranefndarinnar, sem hélt utan um verkefni ungmennaráðsins.

Í tilkynningu segir að mörg sveitarfélög á landsbyggðinni búi við fólksfækkun vegna þess að ungt fólk flyst í burtu og snýr ekki aftur. „Það er algeng skoðun á meðal ungs fólks að til að ná árangri og eiga gott líf þurfi að flytja til borga eða stærri bæja, sem leiðir til þess að landsbyggðin verður vanmetin. Hins vegar fer áhuginn vaxandi á að breyta þessari þróun og sýna að landsbyggðin er í raun full af tækifærum," segir í tilkynningunni.

Meðal tillagna ungmennaráðsins er að bæta almenningssamgöngur, bjóða upp á fjölbreyttar lausnir í húsnæðismálum og efla tækifæri til menntunar í samræmi við atvinnulífið á svæðinu auk nýjunga í fjarvinnu. Ungmennin leggja einnig áherslu á þarfir fyrir opinber rými jafnt sem afþreyingu og viðburði sem sameina kynslóðir og hjálpar til við að skapa sterka samkennd í samfélaginu.



**Selma Dís Hauksdóttir.**

„Við trúum því að tillögurnar geti spilað hlutverk í að endurvekja líf í dreifbýlum samfélögum," segir Mari Wøien Meijer, sem leitt hefur verkefnið hjá Nordregio.

Haft er eftir Selmu Dís Hauksdóttur, sem var ein af íslensku fulltrúum ungmennaráðsins, að fjarvinna og aðrar stafrænar lausnir séu tilvaldar til að koma ungu fólki á landsbyggðinni inn á vinnumarkaðinn og gera þeim kleift að finna vinnu sem hæfir menntun þeirra. „Þar sem vinnumarkaðurinn á landsbyggðinni er nátengdur húsnæðismöguleikum er mikilvægt að vinna saman við húsnæðisþróun og tryggja tækifæri fyrir ungt fólk á landsbyggðinni," segir Selma.

Hægt er að lesa skýrslu norræna ungmennaráðsins á vefsíðu Nordregio. */ghp*

Egilsstaðir:

# Fimmtubekkingar undu sér vel við tóvinnuna

**Börn á Egilsstöðum kynntu sér tóvinnu í haust á Minjasafni Austurlands en þar voru settar á laggirnar sérstakar tóvinnusmiðjur.**

„Við stóðum í haust fyrir tóvinnusmiðjum þar sem 5. bekkur í Egilsstaðaskóla mætti til okkar og fékk að kynnast ullarvinnslu," segir Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri Minjasafns Austurlands. Krakkarnir, sem voru rúmlega 40 talsins, komu þrisvar sinnum á safnið og lærðu að taka ofan af, kemba þelið, búa til lyppu úr kembunni og síðast en ekki síst að spinna band úr lyppunni á halasnældu. „Við renndum algjörlega blint í sjóinn og vissum ekki hvort börn í dag hefðu nokkurn áhuga á svona vinnu eða gætu þetta yfir höfuð. Svo kom á daginn að krakkarnir voru mjög áhugasöm, áttu ekki í vandræðum með að tileinka sér þessa færni og náðu oftar en ekki að gleyma sér alveg við iðjuna," segir Elsa Guðný jafnframt.

Leiðbeinendur í smiðjunni voru Eyrún Hrefna Helgadóttir og Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, starfskonur safnsins, en auk þeirra kom Emma Charlotta Ärmänen frá Hallormsstaðaskóla í heimsókn og sýndi hvernig spunnið er á rokk og leyfði krökkunum að prófa. „Krakkarnir náðu öll að spinna í góðan hnykil, eftir að hafa tekið ofan af og kembt, sem þau máttu svo taka með sér heim og vinna úr á sinn hátt," segir Eyrún Hrefna Helgadóttir, þjóðfræðingur og menningarmiðlari hjá Minjasafninu.



**Leiðbeinendur Minjasafns Austurlands kenndu börnunum í 5. bekk Egilsstaðaskóla að kemba þel, búa til lyppu úr kembunni og spinna band á halasnældu. Þau fengu líka að taka í rokk.** Myndir / Aðsendar



Smiðjan var, að sögn Elsu Guðnýjar, hluti af dagskrá safnsins í tengslum við BRAS, menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, sem haldin er á hverju hausti.

„Undanfarin ár höfum við hér á safninu boðið grunnskólunum á svæðinu upp á smiðjur í tengslum við hátíðina þar sem unnið er með menningurarfinn á skapandi hátt. Í ár ákváðum við að leggja áherslu á óáþreifanlegan menningararf og bjóðum grunnskólunum hér í Múlaþingi upp á þrjár mismunandi smiðjur, eftir því hvað hentaði hverjum skóla," segir hún að lokum. */sá*




**Frá afhendingu Nýsköpunarverðlauna ferðaþjónustunnar fyrir árið 2023. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður SAF, ásamt þeim Birnu Hrönn Guðmundsdóttur, Evu Maríu Þórarinsdóttur Lange og Hannesi Pálssyni, stofnendum og eigendum Pink Iceland.** Myndir / Aðsendar

Samtök ferðaþjónustunnar:

# Pink Iceland og Skriðuklaustur verðlaunuð



**Friðrik Árnason tók við nýsköpunarviðurkenningu fyrir hönd Skriðuklausturs.**

**Nýsköpunarverðlaun ferðaþjónustunnar voru nýlega veitt á 25 ára afmælisráðstefnu Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) á Hilton Reykjavík Nordica.**

Verðlaunin hlaut Pink Iceland, ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í að skipuleggja brúðkaup sniðin að hinsegin fólki. Á þeim ellefu árum sem fyrirtækið hefur verið starfrækt hefur það skipulagt yfir eitt þúsund brúðkaup.

Þá hlaut Skriðuklaustur á Fljótsdalshéraði nýsköpunarviðurkenningu ferðaþjónustunnar, en menningar- og fræðasetrið hefur verið einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Austurlandi um árabil.

Þetta var í tuttugasta skipti sem SAF veitir Nýsköpunarverðlaun ferðaþjónustunnar en þetta árið bárust 34 tilnefningar um verðlaunin. */mhh*

# Jólamarkaðir í desember

Hinn árlegi ***Jólamarkaður Miðjunnar*** verður haldinn í Framsýnarsalnum 1. desember á milli kl. 15 -19 að Garðarsbraut 265, 640 Norðurþingi. Vel valin jólalög verða sungin klukkan 17:30.

***Jólamarkaður Skógarlundar***, Akureyri verður haldinn dagana 1. og 2. desember. Opið verður á föstudeginum á milli kl. 9-17 og á laugardeginum á milli kl. 11-14.

***Jólamarkaður MÓA*** að Bolholti 4, 2. hæð, býður gesti velkomna laugardaginn 2. desember á milli kl. 14–17. Kakósmakk & MÓA te í boði.

Haldinn verður ***Jólamarkaður Hvammstanga***, í félagsheimilinu þann 2. desember á milli kl. 12-16. Frekari upplýsingar og básaleiga er hjá Þórunni á netfanginu: thorunnyr@centrum.is.

***Jólamarkaður Gjólu*** verður haldinn að Markholti 2, 270 Mosfellsbæ, laugardaginn 2. desember á milli kl. 12-16.

***Jólamarkaður Hamrahlíðar*** verður haldinn í Kjarnanum - Mosfellsbæ, fyrir framan bókasafnið, laugardaginn 2. desember á milli kl. 13-18.

***Jólamarkaðurinn í Ásgarði***, vernduðum vinnustað í Mosfellsbæ, verður haldinn í Álafoss-kvosinni 2. desember á milli kl. 12-17.

***Jólamarkaður Fjölsmiðjunnar*** á höfuðborgar-svæðinu tekur þátt í jólamarkaði á Eiðistorgi, Seltjarnarnesi, laugardaginn 2. desember á milli kl. 10-16.

***Jólamarkaður*** verður haldinn í félagsheimili ***Hrunamannahrepps***, laugardaginn 2. desember á milli kl. 14-16, kveikt verður á jólatré klukkan 14 og jólasveinar mæta um klst. síðar.

***Jólamarkaður Kvenfélags Laugdæla*** verður haldinn í Héraðsskólanum á Laugarvatni laugar-daginn 2. desember á milli kl. 13-16. Borða-pantanir eru hjá Heiðu, í síma 866-8100 eða á netfanginu: heidagehr@outlook.com.

Hinn árlegi ***Jólamarkaður í Skjólbrekku***, 660 Skútustaðahreppi í Mývatnssveit, verður haldinn 2. desember á milli kl. 12-17. Þennan sama dag verður opnunarhátíð jólasveinanna í Dimmuborgum frá kl. 11-14 og jólasveinabaðið í Jarðböðunum við Mývatn kl. 16.

***Jólamarkaður Zontakvenna*** verður haldinn í Zontahúsinu, Aðalstræti 54, 600 Akureyri laugardaginn 2. desember á milli kl. 12-17.

Fyrstu helgina í aðventu, dagana 2-3. desember á milli kl. 13-17 verður ***Jólamarkaður Dalamanna og nærsveitunga*** í Sælukotinu Árbliki haldinn. Frekari uppl. í síma 893-0913 hjá henni Ester.




**Jólamarkaðurinn í Ásgarði, verður haldinn 2. desember á milli kl. 12-17.** Mynd / Hörður Kristjánsson.

***Jólamarkaður Svövuhúss*** fer fram þann 3. desember á milli kl. 12-19, en þar er boðið upp á perúskt kakó.
Ekið er inn afleggjara Hólmslands af Suðurlandsveginum, en Svövuhús er staðsett í beinni línu frá þeim vegi áður en beygt er til hægri áfram Hólmslandsveginn. Frekari upplýsingar má finna á Facebook.

***Jólamarkaðurinn á hjúkrunarheimilinu Hvammi*** verður haldinn í handavinnusalnum á Vallholtsvegi 15, 640 Húsavík, nánar tiltekið dagana 4-8. desember á milli kl. 13-15.

***Jólamarkaður Hæfingarstöðvarinnar*** að Dalvegi 18, Kópavogi, verður haldinn fimmtudaginn 7. desember á milli kl. 10-16.

***Jólamarkaður í Holtseli*** við Finnastaðaveg, 605 Akureyri, verður haldinn laugardaginn 9. desember og kíkir jólasveinninn í heimsókn um klukkan 15:30.

Staðið verður fyrir ***Jólamarkaði Hlégarðs***, Háholti 2, 270 Mosfellsbæ, laugardaginn 9. desember á milli kl. 14-17.

***Jólamarkaðurinn Saman*** verður haldinn í Hörpu, laugardaginn 9. desember á milli kl. 12-18.
Haldinn verður ***Jólamarkaður Gljúfrastofu*** í Ásbyrgi, 671 Kópaskeri, laugardaginn 9. desember á milli kl. 13-17.

***Jólamarkaður í Norska húsinu***, byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla, verður haldinn laugardaginn 9. desember á milli kl. 14-16 og fimmtudagskvöldið 14. desember á milli klukkan 20-22.

***Jólamarkaður Öldunnar*** verður haldinn þann 13. desember að Sólbakka 4, 310 Borgarbyggð í Borgarnesi og hefst hann klukkan 12:30.

Laugardaginn 16. desember á milli kl. 12-17 verður haldinn ***Jólamarkaður í Hlöðunni*** á Sveitasetrinu Brú, Brúarholti 2, 805 Selfossi. Enn eru endurgjaldslausir básar í boði fyrir þá sem vilja taka þátt.

***Jólamarkaðurinn á Akratorgi***, Akranesi er opinn helgarnar 2.-3. desember og 9.-10. desember á milli kl. 13-18.

***Jólamarkaðurinn í Heiðmörk*** er opinn allar aðventuhelgar 2023, á milli kl. 12-17.

***Matarmarkaður Íslands*** verður haldinn í Hörpu helgina 16-17 des. á milli kl. 11-17. Má ætla að þar verði ýmislegt gott í tilefni jólanna.

***Jólakvosin, jólamarkaður á Ingólfstorgi*** við skautasvell Nova á milli kl. 12-20. Opinn fyrstu þrjár aðventuhelgarnar og svo frá og með 20.-23. desember. Á Þorláksmessu er svo opið til kl. 23.

***Jólaþorp Hafnarfjarðar*** er opið föstudag á milli kl. 17-20, laugar- og sunnudaga á milli kl. 13-18 og á Þorláksmessu á milli kl. 13-21.


LAUSNIR Á LAGER

Landsliðið í dælum

**Brunn, skólp- og þróardælur ásamt fylgihlutum, slöngum, börkum og festingum.**




LANDVÉLAR | SMIÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

LANDVÉLAR





**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.




**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

FRÆÐSLA

**Skógrækt:**

# Umhirða skóga er aukinn hagur

## – Umfjöllun um málþing skógarbænda á Varmalandi – seinni hluti

**Af mörgu var að taka á vel sóttu málþingi skógarbænda sem haldið var að Þinghamri á Varmalandi í Borgarfirði laugardaginn 14. október síðastliðinn.**



Hlynur Gauti Sigurðsson.

Í þessari grein verður fjallað um seinni hluta þingsins sem gekk út á skógarumhirðu og gagnvið. Í 20. tölublaði Bændablaðsins má nálgast fyrri hluta umfjöllunarinnar sem fjallaði um matvæli sem hægt er að hafa í og af skógi.

Fyrir áhugasama má nálgast frekari upplýsingar um málþingið undir fréttir á skogarbondi.is þar sem meðal annars er aðgengilegur hlekkur á myndupptöku af Youtubesíðu Bændasamtaka Íslands.



Umhirða í fallegum furuskógi. Mynd / Björgvin Eggertsson

### *Hagaskógar*

Jóhann Frímann Þórhallsson er sauðfjárbóndi austur í Fljótsdal. Þar hefur hann ræktað 100 hektara skóg á jörð sinni Brekkugerði í 30 ár. Hann nýtir skóg sinn til framleiðslu jólatrjáa og viðarvinnslu. Hann hirðir vel um skóginn sinn, uppkvistar og tvítoppaklippir trén, og þannig mun skógurinn einn daginn skila gæðaviði í hæsta verðflokki. Hann beitir sauðfénu skipulega í hólf í skóginum.

Það gerir skóginum mjög gott. Til að mynda bítur búpeningurinn sinuna úr botni skógarins og minnkar þannig stórlega hættu á gróðureldum. Þegar fé gengur um skóginn bítur það fyrst og fremst nýgræðinginn að vori. Það er því mikilvægt að trén, sem ætlunin er að rækta til nytja, séu nægilega stór og þroskuð þegar fénu er sleppt í hann og í lerkiskógi er gott að miða við 15 ára skóg. Ekki er annað að sjá en féð njóti þess að vera í skjóli trjánna.

### *Trén eru eins og við*

Lárus Heiðarsson, sérfræðingur hjá Skógræktinni og skógarbóndi í Fljótsdal, sagði frá mikilvægi umhirðu. Skógrækt er ræktun eins og önnur ræktun.

Til að hámarka ávöxtun afurðanna og ná sem bestum árangri þarf að sinna henni. Í tilfelli skógræktar hérlendis er lykilatriði að velja réttan efnivið í viðeigandi umhverfi, eins og að velja trjátegundir eftir því hvað vex best við viðkomandi aðstæður. Eftir gróðursetningu skal fylgjast með lifun plantnanna og sé hún slakari en vænst var má íhuga hvort huga ætti að íbótum; það þýðir að endurgróðursetja nýjar plöntur í stað þeirra sem drápust á fyrsta sumri.

Þær þurfa ekki endilega að vera af sömu tegund. Í uppvexti þarf sérstaklega að huga að því að klippa trén til svo þau vaxi sem einn stofn. Með nokkurra ára millibili eru lökustu trén fjarlægð til að gefa eftirstandandi trjám færi á að gildna. Trén stækka á nokkrum áratugum og því má gera ráð fyrir að næsta kynslóð ábúenda komi að lokahögginu, þ.e. þegar komið er að uppskeru á lokaafurðinni. Loks eru trén flutt í sögunarmyllu þar sem loksins má sjá hvernig ræktun síðustu áratuga gekk. Sem sagt „trén eru eins og við“; ekki skal dekra þau um of en samt nægilega svo þau verði að við.

### *Skógtæknir*

Björgvin Eggertsson, brautarstjóri skógtæknibrautar hjá Garðyrkjuskólanum að Reykjum, sagði frá öllum þeim möguleikum sem fylgja því að vinna í og við skógrækt. Námið í Garðyrkjuskólanum er fjölbreytt enda nýtist það fjölmörgum starfsstéttum og starfssviðum þjóðfélagsins.

Má þar nefna skipulagsfræðinga hjá sveitarfélögum, skrúðgarðyrkju, plöntuframleiðslu á öllum stigum, grisjunarverktaka, trjáklifrara, ferðaþjónustu, gróðursetningaverktaka, hönnuði og miklu fleira.

Skógrækt snýr líka að félagslegum gildum og skógar eru tilvaldir staðir til útivistar eða íhugunar og svo má lengi telja. Björgvin gat þess einnig að skýrt hafi komið fram í fyrirlestrum annarra að skógrækt snúist þó fyrst og fremst um viðurværi.

Þeir sem nú þegar stunda skógrækt og einnig þeir sem eiga eftir að stunda hana munu reyna að byggja skógana upp til að hafa tekjur af viðarframleiðslu og jafnvel kolefnisbindingu.

Það er í mörg horn að líta í skóginum og hægt er að nálgast fræðslu þess efnis hjá Garðyrkjuskólanum á Reykjum / FSU.

### *Viðarmiðlun*

Eiríkur Þorsteinsson trétækniráðgjafi er einn reynslumesti trétæknir landsins. Hann rakti sögu viðarvinnslu í grófum dráttum og kom meðal annars inn á smíði fyrstu límtrébrúar landsins sem smíðuð var úr íslensku lerki. Brúin er enn til en bíður endaloka sinna vegna vöntunar á viðhaldi. Vinnslu viðar hefur aftur á móti fleytt fram, allt frá því að forystumenn í skógrækt opnuðu viðarmiðlun í samvinnu við BYKO á áttunda áratug síðustu aldar yfir í nýlegt kennsluverkefni úr norrænu samstarfi sem kynnir sig sjálft á heimasíðunni treprox.eu.

Eiríkur sagði frá flokkunarkerfi þar sem timbur er útlitsflokkað með tilliti til viðargæða og styrks. Búið er að útbúa kennsluefni um flokkunarkerfið og eftir áramót verður fyrsta rennsli á kennsluefninu. Markmiðið er að fólk sem kemur að viðarvinnslu og meðhöndlun

> „Sem sagt „trén eru eins og við“, ekki skal dekra þau um of en samt nægilega svo þau verði að við ...“

viðar skilji mikilvægi viðargæða og hafi getu til að flokka timbur eftir stöðlum. Timburiðnaðurinn á Íslandi er kominn á það stig.

### *Skandinavía*

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, sagði frá nýútkominni bók um þátttöku Norðmanna í skógrækt hérlendis. Bókin er mjög vegleg og segir frá langri sögu frænda vorra við að koma upp skógarreitum víðs vegar um Ísland ásamt ýmsu



Umhirða og fjárhirða. Mynd / Jóhann Þórhallsson.



Fé fagnar skjóli af vindi sem og sól. Mynd / Jóhann Þórhallsson.


Uppkvistað beinvaxta lerki og uppvaxandi ungt greni. Mynd / Lárus Heiðarsson.


Umhirða bætir viðargæði. Falleg ösp í góðum vexti. Mynd / Lárus Heiðarsson

öðru áhugaverðu. Við eigum Norðmönnum margt að þakka við uppgang skógræktar á Íslandi. Bókin heitir „Frændur fagna skógi“. Á meðan Brynjólfur sagði frá sögu fyrri tíma opnaði Dagbjartur Bjarnason, skógarbóndi og stjórnarliði í búgreinadeild skógarbænda hjá BÍ, augun fyrir því öfluga starfi sem unnið er meðal skógarbænda á Norðurlöndunum.

Södra, fyrirtæki í eigu skógarbænda í Suður-Svíþjóð, er til dæmis að hefja framleiðslu á textíl sem búinn er til úr við

Helstu tískufyrirtæki heimsins eru nú þegar farin að nýta þann efnivið í fatalínur sínar. Dagbjartur hvatti okkur skógarbændur til að gera eins og frændur okkar ytra og endaði á að fjalla um hugtakið „family forest“ eða fjölskylduskógrækt sem er grundvöllurinn að þeirri skógrækt sem skógarbændur á Norðurlöndum stunda.

### *Samantekt*

Skógar hafa heilmargt fram að færa. Það er göfugt og gæfulegt að opna einstaka rjóður og gera aðgengilegt en það skilar sér margfalt til baka þegar skógarbændur hafa farið um skóginn, tvítoppaklippt, snyrt og grisjað yfir allan ræktunartímann.

Timburgæðin aukast með alúð ræktandans og verðmiði timbursins hækkar að sama skapi. Því má ekki gleyma að timbur er það hráefni sem mest hefur verið nýtt til húsbyggingar á Norðurlöndum yfir aldirnar. Skógrækt er grunnurinn að sjálfbærni stoltrar þjóðar.

Félögin sem stóðu að málþinginu voru búgreinadeild skógarbænda hjá Bændasamtökum Íslands ásamt félögum skógarbænda á Vesturlandi, Austurlandi, Norðurlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi. Samstarfsaðilar voru Skógræktin, Skógræktarfélag Íslands, Landbúnaðarháskólinn, Garðyrkjuskólinn og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Styrktaraðilar voru Ölgerðin, Kaupfélag Borgfirðinga, Kvistabær, Kolefnisbrúin, Móðir Jörð, Holt og heiðar, Hraundís og Agnes Geirdal. Hótel Varmaland veitti ómælda aðstoð við skipulag.

Allir sem hér eru taldir upp ásamt fleiri sjálfboðaliðum eiga miklar þakkir skildar, ljóst er að án þeirra hefði málþingið ekki orðið eins fínt og fróðlegt og raun bar vitni.









SKÓGRÆKT


Broddfura í umhverfi sem henni líður best í. Mynd / Þröstur Eysteinsson.

# Broddfura

## (Pinus aristata)

**Í augum sumra eru furur áreiðanlega allar meira og minna eins. Svo er þó með furur eins og ýmsar aðrar tegundir trjáa, til dæmis greni, að þegar fólk kynnist þeim betur koma betur og betur í ljós sérkenni hverrar og einnar.**

Broddfuru er til dæmis auðvelt að þekkja, sérstaklega ef barrnálarnar eru skoðaðar. Á henni eru nálarnar fimm í hverju knippi. Það þýðir að fimm nálar standa út úr hverju nálasæti, öfugt við til dæmis stafafuru sem hefur tvær eða þrjár nálar í knippi. Broddfura er semsé svokölluð fimm nála fura. Fleiri fimm nála furur finnast á Íslandi og algengust er líklega lindifura. Allar fimm nála furur nema broddfura hafa hins vegar mjög langar barrnálar. Þannig er því best að þekkja broddfuru, að hún hefur fimm tiltölulega stuttar nálar í knippi. Auk þess eru litlar hvítar harpix-útfellingar á nálunum, sem ekki er að finna á öðrum furum.

Vöxturinn er líka einkennandi fyrir broddfuru. Hún er fremur lágvaxið tré sem varla verður tuga metra hátt á Íslandi en nær hér örugglega a.m.k. fimmtán metra hæð. Þetta er einstofna tré en krónan getur haft mjög misjafna lögun. Við sjáum mjóslegnar broddfurur en líka aðrar sem breiða meira úr sér. Þetta fer meðal annars eftir því hversu mikillar birtu trén njóta. Helst vill broddfura fá að baða sig í sólinni en síður vaxa upp í þéttum skógi.

Broddfura hefur verið reynd víða um land og í öllum landshlutum má finna staði þar sem hún getur þrifist. Hún þolir vel frost og vind en hentar ekki til nytjaskógræktar vegna þess hversu hægt hún vex. Hins vegar fer vel á því að nota hana til prýði utan skóga og stakar í þéttbýlisgörðum. Á hana koma stórir könglar sem eru svarbláir að lit meðan þeir eru að þroskast. Fuglar sækja í fræin, ekki síst fuglar með sérhæfðan gogg til frætínslu úr könglum eins og krossnefur. Einnig hafa auðnutittlingar og fleiri fuglar sést tína fræ úr broddfurukönglum. Fræin eru tiltölulega stór og matarmikil, 5-6 mm í þvermál, um helmingi stærri en fræ stafafuru t.d.

Segja má að sá sem gróðursetur broddfuru horfi til framtíðar því broddfura og nánustu ættingjar hennar eru einhverjar langlífustu lífverur sem finnast á jörðinni. Elsta broddfura sem sögur fara af reyndist tæplega 2.500 ára gömul en yfirleitt verða þær ekki „nema“ um 1.500 ára.


Köngull broddfuru á fyrra ári þroska. Mynd / Pétur Halldórsson.

Langlífasti ættinginn, svokölluð rindafura, ber latneska heitið Pinus longaeva eða „langlífa fura“. Hún stendur sannarlega undir nafni því hún getur orðið 5.000 ára gömul.

Slík tré finnast í upphaflegum heimkynnum hennar í Hvítufjöllum í Kaliforníu.

Lengst af herjaði engin óværa á broddfuru á Íslandi, allt þar til sveppsjúkdómurinn furubikar eða furugremi (Gremmeniella abietina) barst til landsins. Broddfurur sem vaxa þétt saman í hefðbundnum norrænum gróðursetningum eða eru í góðu skjóli umkringdar öðrum trjám, eru útsettastar fyrir sveppnum. Hann kemst inn í nálar og þaðan í sprota og veldur náladauða og sprotakali. Furubikar getur drepið heilar greinar og jafnvel í verstu tilvikum gengið af öllu trénu dauðu. Hann veldur verulegum skemmdum á bergfuru og broddfuru um land allt en skemmir sjaldan stafafuru.

Furubikar er áhyggjuefni en þó er alltaf von þegar trjátegundir eru annars vegar. Mögulega verða til íslenskar broddfurur með náttúruvali þar sem tré með vörn gegn sveppnum veljast frá þeim sem sveppurinn drepur. Þetta gæti tekið langan tíma en þó eru nú þegar til sjálfsánar broddfurur á Íslandi.

Hraustustu trén eru líklegust til að fjölga sér og að því gefnu að broddfuran gefist ekki upp á Íslandsdvölinni er ekki ólíklegt að hún spjari sig og einstök tré lifi fram á næsta árþúsund. Besta leiðin til að forðast skemmdir af völdum sveppsins er að gróðursetja broddfurur á opnu og vindasömu landi þar sem hvert tré hefur nóg pláss, fær fulla birtu og þornar vel á milli rigninga. Broddfuran er afar harðgerð og þolir að vaxa á skjóllausu landi betur en flest önnur tré.

*Pétur Halldórsson.*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Þegar heilfóður er rétt blandað ættu gripirnir að éta ofan af strengnum en ekki grafa sig niður í hann í leit að góðgæti. Mynd / Trioliet.

# Af hverju að gefa nautgripum heilfóður?


Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Þegar farið er í fjós í helstu nágrannalöndum okkar má nánast alltaf finna heilfóður fyrir framan nautgripi, þ.e. gróffóður og fóðurbætisefni í einni blöndu.**

Þessi aðferð við fóðrun nautgripa hefur einnig aukist hratt á Íslandi, en af hverju er þessi aðferð við fóðrun nautgripa svona vinsæl?

Svarið er í raun tvíþætt þar sem annars vegar má með heilfóðri, þ.e. með því að blanda saman alls konar efnum í einn „hrærigraut“, koma ofan í nautgripi hinu og þessu sem þeir myndu ella mögulega fúlsa við. Þannig hefur t.d. fundist farvegur fyrir margs konar úrgang frá matvælavinnslu, sem mögulega ekki nokkur skepna hefði litið við.

Hins vegar snýst heilfóðurgjöf einnig um að skapa þeim milljörðum örvera, sem búa í meltingarvegi kúa, stöðugt og gott umhverfi enda því betur sem kúabændur hlúa að örverunum inni í nautgripunum því betur gengur að fóðra og ná árangri.


Heilfóðrun er algengasta fóðrunaraðferðin sem er notuð í dag á afurðameiri kúabúum heimsins. Mynd / Aðsend – All about feeding

### *Fóðrun örvera*

Fóðrun nautgripa er í raun fóðrun örvera, þar sem vömbin skiptir höfuðmáli enda inniheldur hún marga milljarða af örverum sem hafa það hlutverk að brjóta niður fóðurefnin. Þessar örverur eru einkar slungnar við að brjóta niður ólík fóðurefni og því má í raun gefa nautgripum harla tormelt fóður og jafnvel mjög ólystugt, sem örverurnar takast á við og brjóta niður. Því betur sem við hlúum í raun að fóðrun þessara örvera, því betur tekst til með fóðrun nautgripanna.

Þetta er meginskýringin á því að heilfóður er jafn útbreitt og raun ber vitni enda er heilfóður stöðugt að gæðum, eða ætti a.m.k. að vera það, og fyrir vikið verður „vinnuumhverfi“ örveranna gott enda eru þær viðkvæmar fyrir breytingum. Ef sýrustig t.d. breytist þá hefur það mikil áhrif á örverurnar annaðhvort til aukningar á fjölda þeirra eða mikilli fækkun þeirra.

En með því að hafa fóðrið sem jafnast að gæðum og innihaldi verður umhverfið fyrir örverurnar þannig að þær ná að hámarka afköst sín og þar með nýtast fóðurefnin sem best sem næring fyrir nautgripina.

### *Hver munnbiti eins*

Hin gullna regla við heilfóðrun nautgripa er að fóðrið sé eins og að hver munnbiti verði sem líkastur þeim sem á undan fer, rétt eins og sá sem kemur á eftir. Í raun ætti moðið frá nautgripum að vera nánast eins að gæðum og upphaflega fóðrið. Það er þó eiginlega óraunhæft að gera þessa kröfu í raun, en það er afar gott að skoða vel moðið og sé það harla ólíkt því fóðri sem upphaflega var sett fyrir framan nautgripina bendir það til þess að bæta megi fóðurblönduna.

Góð þumalfingursregla er að þegar búið er að gefa á fóðurganginn þá ættu nautgripirnir að éta jafnt ofan af fóðurstrengnum.

Ef gripirnir leitast við að „grafa“ sig niður í fóðurstrenginn bendir það til þess að fóðurblöndunin sé ekki nógu góð, að einstök gómsæt fóðurefni séu þannig aðgengileg sem gripirnir eru þá að sækjast í.

Til þess að minnka líkurnar á því að þetta gerist er lausnin oft fólgin í því að bæta vatni út í blönduna. Þá verður heilfóðrið meira klístrað og einstök fóðurefni hanga utan í gróffóðrinu í stað þess að hrynja niður í gengum fóðurstrenginn og niður á gólf.

### *Gott heilfóður*

Til þess að útbúa rétt og gott heilfóður þarf að vera með góða uppskrift að blöndunni. Þetta er í raun í engu frábrugðið uppskrift að köku eða góðum kvöldverði.

Til þess að fá sömu niðurstöðuna þegar bakari bakar köku, eða kokkur mat, er farið af nákvæmni eftir uppskrift því ef ekki þá verður útkoman ekki einsleit frá einum degi til annars. Nákvæmlega sömu aðferðarfræði á að nota við blöndun á heilfóðri. Gera þarf uppskrift sem segir til nákvæmlega um hvaða fóðurefni á að nota, í hvaða hlutföllum og hvernig eigi að blanda þessu saman.

Svona uppskriftir eru oftast gerðar af sérfræðingum í fóðrun nautgripa og t.d. þá kemur sá sem þessa grein skrifar ekki nálægt gerð á heilfóðuruppskriftum þrátt

fyrir þriggja áratuga starf á sviði nautgriparæktar.

Þetta er einfaldlega svo sérhæft fag að gerð uppskrifta á að láta sérfræðinga sjá um. Að fara eftir góðri uppskrift er aftur á móti einfalt mál, sé hún vel gerð.

### *Margar blöndur*

Á minni kúabúum er óraunhæft að ætlast til þess að gerðar séu margar mismunandi uppskriftir fyrir ólíka hópa innan búsins og þarf þá að fara einhvern meðalveg.

Fyrir vikið verður stundum um offóðrun að ræða fyrir ákveðna hópa eða einstaklinga innan fjóssins og að sama skapi lenda aðrir í því að fá minna en þeir gætu í raun nýtt. Þess vegna hefur oftast hentað best á minni búum að gefa kjarnfóður í kjarnfóðurbás samhliða.

Þá er heilfóðurblandan með ákveðið grunnfóðrunargildi, sem líklega hentar þorra gripanna en þeir sem þurfa heldur meira geta þá sótt það í kjarnfóðurbás. Þetta veldur þó sveiflum á framangreindu nærumhverfi örveranna og nýtir ekki til fullnustu þá möguleika sem örverumeltingin býður upp á.

Á stærri búum er þetta ekki vandamál og þá eru búnar til nokkrar blöndur yfir daginn. Algengt er að gerðar séu þrjár heilfóðurblöndur á meðalstórum búum þ.e. fyrir gripi í vexti, kýr í geldstöðu og mjólkandi kýr. Sé um mjög stór bú að ræða eru oft gerðar sjö til átta mismunandi heilfóðurblöndur og þá er fyrst og fremst verið að skipta geldstöðuhópnum í tvo hópa: fyrrihluta geldstöðu og síðari hluta geldstöðu.

Svo er þá mjólkurkúnum skipt upp í þrjá fóðrunarhópa eftir stöðu á mjaltaskeiði og afurðasemi. Auk þess eru þá gerðar nokkrar mismunandi heilfóðurblöndur fyrir geldneytin.

### *Minnkar sóun*

Einn af höfuðkostum heilfóðrunar er að hægt er að nýta matarleifar með góðum hætti með því að koma þeim í nautgripi og sem dæmi má nefna alls konar úrelt og ónýtt grænmeti, sem ekki er hægt að selja til manneldis.

En það er margt fleira sem nautgripum, sérstaklega erlendis, er boðið upp á sem annars væri í raun hrein sóun. Líklega er það sem fyrst kemur upp í hugann, þegar þetta ber á góma, bjórgerðarhratið en gerjað byggið sem fellur til við bjórgerð hentar einkar vel sem fóður fyrir nautgripi.

Þetta færi annars beint í landfyllingu þ.e. ef ekki væru til skepnur sem nýttu þetta. Ótal fleiri fóðurefni má nefna, svo sem:

***Bómullarfræ***, en við vinnslu á bómull fellur til mikið magn af fræjum sem hliðarafurð vinnslunnar og þau nýtast í raun ekki í neina markverða framleiðslu en nautgripir geta nýtt fóðurefnin úr fræjunum mjög vel.

***Hnetu- og möndlukökur,*** sem er hratið sem fellur til við olíugerð.

***Maís-hismi,*** sem fellur til við maísmjölgerð.

***Cítrusávaxtabörkur og hrat,*** sem fellur til við djúsgerð.

***Sojaplantan,*** þegar sojafræ eru unnin er plantan sem sojablómin vaxa á ekki nýtanleg til manneldis en skepnur geta vel nýtt þessa afganga frá sojavinnslunni.

Margt fleira mætti nefna en sameiginlegt með ofangreindu er þó að almennt myndu nautgripirnir fúlsa við þessu „fóðri“ nema því væri blandað í gróffóður og þannig „smyglað“ ofan í þá.

*Sjá nánara lesefni í köflum7-10 í Nautgriparæktarbókinni sem hægt er að lesa á vef deildar kúabænda hjá BÍ: www.naut.is*


# OPIÐ HÚS

**í Miðjunni, Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu, fimmtudaginn 7. des. kl. 15.00 – 18.00**

**Allt að 120 MW vindorkuver Landsvirkjunar austan Sultartangastöðvar.**

***Breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 og nýtt deiliskipulag.***

Landsvirkjun í samvinnu við Rangárþing ytra verður með opið hús þar sem starfsmenn Landsvirkjunar, og skipulagsráðgjafar sveitarfélagsins verða á staðnum til að svara fyrirspurnum þeirra sem áhuga hafa á fyrirhuguðum skipulagsbreytingum vegna vindorkuversins.

***Öll velkomin***

Landsvirkjun

BÆNDAGEÐ

Hugsaðu um þig!

Geðheilsa bænda er mikilvæg. Deildu þínum hugsunum og reynslu, leitaðu stuðnings og taktu tíma fyrir þig.

baendaged.bondi.is

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

# Verður bóndinn læknir framtíðarinnar?

**Tilhneiging okkar til að trúa því að meira sé betra leiddi til þess að við fórum að líta á hitaeiningar sem einhvers konar staðgengil fyrir næringu.**



Cornelis Aart Meijles.

Við viljum alltaf rækta fleiri og helst stærri kartöflur undir einu grasi, stærri epli, stærri tómata, fleiri og stærri hveitikorn á hverju strjái og meiri mjólk og jafnframt meira kjöt frá hverri kú. Bóndinn fær jú greitt fyrir magn afurða sinna í kílóum, ekki innihaldi næringarefna.

Við erum með þessum hætti í raun að blekkja okkur sjálf og vanrækja heilsu okkar.

### *Hvað er næring?*

Við innbyrðum sífellt fleiri hitaeiningar til að fá sama magn af okkar öðrum nauðsynlegum næringarefnum á borð við vítamín, snefilefni og prótín. Smám saman erum við þó að vakna til vitundar og að komast að því að það er meira sem þarf að huga að varðandi heilsuna en að borða nægar hitaeiningar. Í lögbundnum næringaryfirlýsingum á pökkuðum matvælum eiga a.m.k. að koma fram eftirfarandi atriði en þau beinast oft aðallega að orku og orkuefni:

| Næringargildi | í 100 g eða 100 ml |
|---|---|
| Orka | kJ og kkal |
| Fita | g |
| Þar af mettuð fita | g |
| Kolvetni | g |
| Þar af sykurtegundir | g |
| Prótein | g |
| Salt | g |

**Stöðluð lágmarks innihaldslýsing á pökkuðum matvælum.** Heimild / Mast.is

Vítamín og steinefni eru oft kölluð „örnæringarefni“ sem endurspeglar að við þurfum á þeim að halda í litlu magni. Og þó svo að við þurfum kannski ekki mikið af frumefninu kopar, til dæmis, þá er það lykilatriði í starfsemi ónæmiskerfisins okkar. Samt getum við ekki borðað málmgrýti, hráan málm eða smáaura. Við verðum að fá kopar í gegnum næringuna. Án kopars eða annarra örnæringarefna, eins og sinks, járns, mangans og selens, verður heilsunni fórnað fyrir þjáningu. Á heimsvísu er næringarskortur nú algengari en ófullnægjandi hitaeiningar. Járnskortur hrjáir um tvo milljarða manna. Sinkskortur hefur áhrif á að minnsta kosti fimmtung mannkyns. En hvernig komumst við að því hversu mikið af örnæringarefnum eru í matvælum sem við kaupum?

Um 400 f.Kr. sá læknirinn Hippókrates samhengið milli mataræðis og heilsu manna. Honum var ljóst að skilningur á því hvað maðurinn borðar og hvernig matvæli verða til, er nauðsynlegur til að átta sig á því flókna samspili og viðkvæma jafnvægi sem ákvarðar hvernig heilsa manna verður. Hollt fæði væri skilvirk vörn gegn veikindum og sjúkdómum.

### *Bændur vilja helst vera við stýrið*

Nútímalandbúnaðaraðferðir byggja að verulegu leyti á mikilli jarðvegsvinnslu, notkun á (innfluttum) tilbúnum áburði og varnarefnum.



Jarðvegur er í raun magi plantna og yfirborð jarðvegs munnur hennar.

| Matvæli | Mæld næringarefni í mg/100 g. matvæli | 1985 | 1996 | 2002 | Mismunur milli áranna 1985-1995 og 1985-2002 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Brokkóli | Kalsíum | 103 | 33 | 28 | -68% | -73% |
| | Fólínsýra B9 | 47 | 23 | 18 | -52% | -62% |
| | Magnesíum | 24 | 18 | 11 | -25% | -55% |
| Baunir | Kalsíum | 56 | 34 | 22 | -38% | -51% |
| | Fólínsýra B9 | 39 | 34 | 30 | -12% | -23% |
| | Magnesíum | 26 | 22 | 18 | -15% | -31% |
| | Vítamín B6 | 140 | 55 | 32 | -61% | -77% |
| Kartöflur | Kalsíum | 14 | 4 | 3 | -70% | -78% |
| | Magnesíum | 27 | 18 | 14 | -33% | -48% |
| Gulrætur | Kalsíum | 37 | 31 | 28 | -17% | -24% |
| | Magnesíum | 21 | 9 | 6 | -57% | -75% |
| Spínat | Magnesíum | 62 | 19 | 15 | -68% | -76% |
| | C-Vítamín | 51 | 21 | 18 | -58% | -65% |
| Epli | C-Vítamín | 5 | 1 | 2 | -80% | -60% |
| Bananar | Kalsíum | 8 | 7 | 7 | -12% | -12% |
| | Fólínsýra B9 | 23 | 3 | 5 | -84% | -79% |
| | Magnesíum | 31 | 27 | 24 | -13% | -23% |
| | Vítamín B6 | 330 | 22 | 18 | -92% | -95% |
| Jarðarber | Kalsíum | 21 | 18 | 12 | -14% | -43% |
| | C-Vítamín | 60 | 13 | 8 | -67% | -87% |

**Innihald tiltekinna steinefna og vítamína í nokkrum grænmetistegundum á árunum 1985, 1995 og 2002.**
Heimild: Pharmaceutical Company Geigy, Switzerland: Food laboratory Karlsruhe/Sanatorium Oberthal

Einnig hafa markvissar kynbætur nytjaplantna og búfjár fyrst og fremst verið miðuð að meiri uppskeru og einsleitum afurðum sem hægt er að uppskera og vinna með vélrænum hætti. Eftir uppskeru liggur akurinn gjarnan ber fram að næstu sáningu, sem sagt stóran hluta ársins.

Plógurinn er tvíeggjað sverð fyrir bændur og jarðveginn. Hann er frábært tæki til að undirbúa jarðveginn fyrir sáningu eða gróðursetningu, bæta vatnsbúskap og hefta illgresi.

Í reynd gerir jarðvinnsla vatni erfiðara fyrir að síast niður í jörð vegna þess að plógurinn brýtur náttúrulegar rásir sem flytja vatn niður í jarðveginn – göng, krókar og kimar. Plæging malar jarðveginn og myndar þannig duftlíkt yfirborð sem verður að harðri skorpu eftir miklar rigningar. Regnvatnið á erfiðara með að síga niður í slíkan jarðveg. Súrefni úr andrúmsloftinu kemst síður inn í hann og sömuleiðis koltvísýringur upp úr honum, þannig að jarðvegurinn súrnar. Plógurinn drepur ekki einungis orma en sneiðir líka í gegnum umfangsmikið net sveppaþráða og rótarlíkra hnýða og skrúfar þannig fyrir allt sem streymir í gegnum þau – steinefni, vatn og önnur efnasambönd sem gagnast plöntum sem þau búa í samlífi með. Og þegar flög eru látin liggja ber eftir uppskeru getur jarðvegur hlaðinn áburði fokið burt sem og skordýraeitur með tilheyrandi umhverfisskaða annars staðar.

Landbúnaði hefur tekist að halda framleiðslunni í takti við fjölgun jarðarbúa þökk sé tilkomu tilbúins áburðar. Justus von Liebig (1803–1873) er talinn vera upphafsmaður tilbúins áburðar snemma á 20. öld. Með rannsóknum sínum leysti hann úr læðingi sannkallaða efnabyltingu í jarðveginum. Nokkru seinna á lífsleiðinni skildi hann og viðurkenndi þó, að plöntur lifa ekki einungis á einfaldri næringu (köfnunarefni, fosfati, kalí) heldur að

*„löglegt samband er á milli allra fyrirbæra í ríki steinefna, plantna og dýra, svo að ekkert eitt fyrirbæri standi eitt og sér heldur sé alltaf tengt ..., eins og bylgjuhreyfing í hringrás.“*

Þetta er merkileg tilvitnun sem lesa má í bókinni hans, *Leitin að hringlaga landbúnaði*. Farið var að gera tilraunir með tilbúinn áburð hér á landi seint á 19. öld þótt ekki væri farið að nota hann hjá bændum fyrr en á 20. öld, þó lítið fyrir 1920.

Tilbúinn áburður dregur úr virkni sveppa og baktería í jarðvegi, sem kemur í veg fyrir afhendingu þeirra á örnæringarefnum sem eru mikilvæg fyrir næringu plantna og þar með heilsu ræktunar og búfjár – og fólks. Lengi hefur verið deilt um kosti og galla köfnunarefnisáburðar, oft af mikilli ástríðu. Talsmenn hefðbundinna aðferða benda oft á meiri uppskeru og stökkva beint í rökin *„án-efna-áburðar-munum-við öll-svelta“*. Áburðarefni sem bændur bera á eru frekar illa nýtt. Stór hluti niturs t.d. skolast burt eða rýkur og skilar sér þar af leiðandi ekki í afurðir.

Notkun á tilbúnum áburði hefur í för með sér að lífrænt efni í jarðvegi brenna upp, líffjölbreytileiki minnkar og jarðvegslífið undir fótum okkar sveltur.

Þó að tilbúinn áburður hafi haldið uppskeru nógu mikilli til að við horfum framhjá vandamálinu við að minnka lífrænt efni í jarðvegi, skiljum við nú betur afleiðingarnar. Sveltandi örverusamfélög í jarðvegi takmarka getu þeirra til að skila lykilörnæringarefnum og öðrum gagnlegum efnasamböndum til plantna. Víðtæk jarðvegsrýrnun varð til þess að bændur notuðu – og treystu algjörlega á – efnafræðilegan áburð sem og skordýraeitur sem þróuð voru til að drepa skordýr, illgresi og sveppi. Þessar nýju vörur juku uppskeruna svo mikið að „gamaldags“ ræktunaraðferðir sem einu sinni héldu frjósemi í jarðvegi eru vanræktar, settar til hliðar eða yfirgefnar. Heimurinn virðist vera upptekinn af uppskeruþráhyggju og bændur eru margir hverjir fastir í vítahring nauðsynlegrar hagræðingar og þörf á sífellt meiri uppskeru til að halda rekstrinum gangandi.

### *Nærðu jarðveginn, ekki plöntuna*

Heilbrigði jarðvegs takmarkast ekki við magn auðleysanlegra næringarefna sem plöntur geta tekið upp eins og margir halda en er flókið samspil efnisfræðilegra, eðlisfræðilegra og líffræðilegra þátta.

Planta er bundin við þann stað sem hún vex á. Hún getur ekki fært sig til í leit að næringu og er því háð því rótarkerfi sem hún hefur myndað. Segja má að jarðvegur og rótarkerfi séu í raun magi plantna. Það þýðir að stærð og virkni rótarmassa plantna hefur mikil áhrif á heilsu hennar og vörn gegn sjúkdómum.

Heilbrigður jarðvegur, sem er ríkur af moldarefni (e. humus) er iðandi af lífi og getur skilað heilbrigðum afurðum sem innihalda öll okkur nauðsynlegu næringarefni og það í réttum hlutföllum, og leikur með því stórt hlutverk í að viðhalda heilsu okkar.

### *Næringargildi matvæla hefur hrapað*

Í Bretlandi og Bandaríkjunum fara fram reglulegar athuganir á efnainnihaldi matvæla. Lesa má úr þessum heimildum, sem spanna nokkra áratugi, að innihald af tilteknum vítamínum og okkur nauðsynlegum snefilefnum í helstu matvælum sem við neytum – grænmeti, kornmeti, mjólkurvörum og kjötmeti – hefur snarminnkað á síðustu öld, sum þeirra jafnvel meira en 40%.

Í dag þarftu semsagt að borða fleiri en eitt epli á dag til að ´*keep the doctor away*´. Margir af þeim krónísku sjúkdómum og kvillum sem hrjá okkur í dag eru tengdir mataræði. Ein aðalorsök langvinnra heilsukvilla í dag er ofþyngd eða offita. Eru skilaboðin þá þau að næringarskortur og leifar af eiturefnum sem finna má í mörgum matvælum sé einfaldlega verðið sem þarf að greiða fyrir sífellt aukna uppskeru í nútímalandbúnaði?

Kannski liggur svarið í því að leyfa plöntum betur að flytja steinefni úr jarðvegi yfir í ræktun frekar en að neyta meira matar sem er minna næringarríkur og getur auðveldlega leitt til offitu. Það felur í sér nýja nálgun sem er þörf varðandi hvernig matur okkar verður til og sem má í stuttu máli orða þannig: „Nærðu jarðveginn, ekki plöntuna.“

### *Nýjar ræktunaraðferðir*

Það er full ástæða að við förum að endurhugsa nútíma ræktunaraðferðir. Hér má meðal annars horfa til lífrænnar ræktunar og landbúnaðar sem byggist á henni. Mikilvægur liður í umskiptingunni er að efla rannsóknir um mögulegar leiðir fyrir bændur að notfæra sér, á markvissan hátt, mátt náttúrunnar við ræktunina sína. Víðs vegar í heiminum eru bændur að leggja plógnum sínum með það að markmiði að hlúa að jarðvegslífi og spara um leið vinnu og eldsneyti.

Að lágmarka jarðvinnslu, rækta frekar fjölær yrki en einær og að draga úr notkun kemískra næringar- og varnarefna eru einnig öflugar leiðir fyrir bændur til að geta notfært sér betur krafta náttúrunnar. Með þessum aðgerðum má byggja upp fjölbreyttari sveppasamfélög sem stækka í raun rótarkerfi plantna og þar með upptökugetu næringarefna, auka heilbrigði plantna og vörn þeirra gegn sjúkdómum. Og gefa af sér næringarríkari uppskeru.

Svo að bóndinn geti orðið hinn raunverulegi “læknir framtíðarinnar“.

***Cornelis Aart Meijles,***
*ráðgjafi hjá RML,cam@rml.is.*


VESTURBYGGÐ

## Skipulagsauglýsing

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi Bíldudalshafnar.**

Breytingin felst í því að sameinaðar eru lóðir Strandgötu 14a, 14c og 14d í eina lóð undir heitinu Strandgata 14a. Strandgata 10-12 er minnkuð og hýsir nú einungis vatnshreinsistöð og geyma tengda meltuvinnslu.

Í skipulaginu er lagt til að lóð sem áður var Strandgata 14e verði að Strandgötu 14c. Ennfremur eru gerðar breytingar á lóðanúmerum. Tillagan liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 23. Nóvember 2023 til 5. janúar 2024 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 5. janúar 2023.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Virðingarfyllst,**
**Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar**









# Langtímaáhrif tilbúins áburðar og kúamykju á jarðveg og gróðurframvindu á Geitasandi

**Árið 1974 var lögð út tilraun á Geitasandi á Rangárvöllum þar sem mismunandi skammtar af búfjáráburði og tilbúnum áburði voru bornir saman.**



Guðni Þorvaldsson.

Upphaflegt markmið tilraunarinnar var að meta áburðargildi kúamykju í samanburði við tilbúinn áburð.

Á stórreitum voru misstórir skammtar af kúamykju plægðir niður í ógróinn sandjarðveg (25, 50, 100 og 150 tonn/ha). Til samanburðar voru tveir meðferðarliðir með tilbúnum áburði (60 og 120 kg N/ha í Græði 5, 17-17-17). Vallarfoxgrasi var sáð í alla tilraunareitina. Árið eftir var hverjum stórreit svo skipt í 3 minni reiti sem fengu mismunandi skammta af tilbúnum áburði næstu 7 árin (100N-20P-50K, 0N-20P-50K og 100N-0P-0K). Tilraunin var slegin einu sinni á hverju sumri þessi 7 ár og lögð niður. Þegar tilrauninni lauk 1981 höfðu orðið töluverðar gróðurbreytingar í reitunum. Þekja vallarfoxgrass hafði minnkað mikið og var á bilinu 0–50% eftir því hvaða áburðarmeðferð reitirnir höfðu fengið.

Árið 2015 var ég á gangi um Geitasand og gekk þá fram á tilraunina og sá þá gífurlega mikinn mun á gróðurfari reitanna eftir því hvaða áburðarmeðferð þeir höfðu fengið í upphafi. Þá var ákveðið að gróðurgreina reitina að nýju og taka jarðvegssýni úr þeim í tveimur dýptum til efnamælinga (0–5 cm og 6–20 cm). Eftirfarandi var mælt: Sýrustig, glæðitap, rúmþyngd, kolefni, nitur, fosfór, kalí, kalsíum, magnesíum, natríum, mangan, kopar og sink. Niðurstöður úr þeim mælingum eru birtar í Riti LbhÍ nr. 164. Skýrsluna má finna á heimasíðu Landbúnaðarháskólans (https://www.lbhi.is/skolinn/rannsoknir/utgefid-efni). Hér á eftir er sagt frá helstu niðurstöðum þeirrar skýrslu.



Svona leit tilraunin út þegar hún var lögð niður 1981.



Mun meira var af grösum í reitum sem fengu mikla kúamykju, myndin er tekin sumarið 2015.

> „Árið 2015 var ég á gangi um Geitasand og gekk þá fram á tilraunina og sá þá gífurlega mikinn mun á gróðurfari reitanna eftir því hvaða áburðarmeðferð þeir höfðu fengið í upphafi ...“

Frá árinu 1981 til 2015 höfðu orðið miklar gróðurbreytingar í reitunum sem tengja má við áburðarmeðferðir í upphafi tilraunar. Vallarfoxgrasið var því sem næst horfið. Í gróðurgreiningunni 2015 voru skráðar 33 tegundir háplantna, 2 mosategundir og 2 fléttutegundir. Mesta þekju höfðu tildurmosi (35%), krækilyng (31%) og blávingull (15%). Þekja heilgrasa og tildurmosa var mest í reitum sem fengu mikla mykju í upphafi. Af öðrum tegundum með svipað útbreiðslumynstur má nefna gulmöðru, hvítmöðru, vallhæru, vallhumal og tungljurt. Hlutdeild krækilyngs var hins vegar mest í reitum sem fengu litla eða enga mykju og í smáreitum sem ekki fengu niturábúrð.

Af tegundum sem höfðu svipaða útbreiðslu og krækilyng má nefna beitilyng, bláberjalyng, loðvíði og mosann hraungambra. Aðrar tegundir voru ekki með eins skýrt mynstur. Það var einnig athyglisvert að sjá hvaða áhrif það hafði á þekju heilgrasa að tvöfalda skammt tilbúins áburðar sáðárið. Áhrif tvöföldunar áburðargjafar sáðárið á hlutdeild heilgrasa voru enn til staðar 40 árum síðar. Það var meira af heilgrösum þar sem áburðarskammturinn var hærri.

Notað var fjölþætt línulegt aðhvarf til að mæla áhrif mismunandi jarðvegsþátta á þekju helstu tegunda. Magn niturs í jarðvegi hafði t.d. mest áhrif á þekju grasa þannig að grasþekja var meiri eftir því sem meira var af nitri í

# Norrænt vísindanet um áhrif loftslagsbreytinga

**Landbúnaðarháskóli Íslands leiðir nýtt verkefni sem hlaut styrk frá NORDFORSK í þessum mánuði.**



Isabel Barrio.

Verkefnið heitir *The Nordic Borealization Network* (NordBorN) og markmið þess er að stofna samstarfsvettvang til að skilja áhrif loftslagsbreytinga og breytinga á landnotkun í norrænum vistkerfum. Afleiðing þessara breytinga er sú að margar tegundir sem eru dæmigerðar í skógum eru að breiðast út í túndruna, en það er ferli sem kallast á ensku „borealization“.

### *Hvað er borealization?*

Norðurlöndin standa á mörkum barrskógabeltis og túndru. Vegna hlýnunar loftslags og breytinga á landnotkun eru lífríkismörk að færast. Margar tegundir sem eru dæmigerðar fyrir skóginn breiðast út í túndruna og kallast það borealization.

Á íslensku mætti kannski kalla það barrskógabeltisvæðing eða heimsskautun. Þær breytingar sem fylgja þessu ferli kalla á öflugar grunn- og hagnýtar rannsóknir. Rannsaka þarf hvers vegna, hvernig, hvenær og hverjar eru afleiðingar þessara breytinga. Þá þurfum við að nýta þá þekkingu sem verður til og nota til að stýra breytingum. Með því er þá hægt að segja til um afleiðingar á vistkerfum og áhrif á dýrmæta vistkerfisþjónustu þeirra.



Mörk túndru og skóga.

Mynd / Aðsend

Þær breytingar sem eru yfirvofandi eru útbreiðsla trjáa og runna, útbreiðsla ágengra tegunda og breytingar á líffræðilegum samfélögum sem og breytingar á uppbyggingu og virkni vistkerfa ásamt breytingum á landslagsgerð og vistkerfisferlum.

Í þessari vinnu eru mismunandi drifkraftar og nálganir ólíkra notenda. Má þar nefna umhverfis- og náttúruverndarstofnanir, almenning, landnotendur og stefnumótendur. Breytingar sem við getum búist við eru til dæmis hraðari útbreiðsla ágengra tegunda, aukin tíðni og alvarleiki skordýrafarsótta, tap á túndruvistkerfum, tap á landslagi eins og það er í dag, árekstrar milli villtra dýra og búfjártegunda.

Má þar nefna ágang gæsa á íslensk tún sem dæmi. Einnig munu þessar breytingar hafa afleiðingar fyrir bændur á norðurslóðum, til dæmis með breyttum aðferðum við hreindýrarækt eða með því að skapa tækifæri í sauðfjárrækt á Suðvestur-Grænlandi. Þetta breiða svið undirstrikar þörfina á öflugu þverfaglegu teymi sem sérhæfir sig á sviðinu.

### *Norrænt vísindanet*

Markmið NordBorN er tvíþætt: 1) að skapa vettvang fyrir öflugar rannsóknir til að skilja drifkrafta, ferli, og afleiðingar *heimsskautunar* (e.borealization) á norræn vistkerfi, og 2) að koma á fót miðstöð til að þjálfa næstu kynslóð norrænna vísindamanna.

Til að ná þessu markmiði mun NordBorN leiða saman sex norræna háskóla (LbhÍ, Norska tækni- og raunvísindaháskólann NTNU, UiT Norðurslóðaháskólann í Noregi, Austur-Finnlandsháskóla, Gautaborgarháskóla og Háskólann í Árósum) og þrjá samstarfsaðila (Norsku náttúrurannsóknastofnunina, Náttúruauðlindastofnun Grænlands og Háskólann í Edinborg).

Verkefnið hefst formlega eftir áramót og hlaut 192 milljóna króna styrk til næstu fimm ára frá Nord Forsk áætluninni.

Þar af munu 53,4 milljónir renna til verkefnisins innan Landbúnaðarháskóla Íslands.

Isabel Barrio prófessor leiðir verkefnið en fleiri koma að því og þau eru Ása Aradóttir prófessor, Bjarni D. Sigurðsson prófessor, Hlynur Óskarson prófessor, Alejandro Salazar lektor, Emmanuel Pagneaux lektor, Jón Guðmundsson lektor, Mathilde Defourneaux doktorsnemi og Christian Schultze rannsókna- og alþjóðafulltrúi.

Landbúnaðarháskóli Íslands auglýsir nú eftir nýdoktor til að starfa við verkefnið sem hefji störf í upphafi árs 2024.

***Isabel Barrio***
*prófessor.*



Krækilyng var áberandi í reitum sem ekki höfðu fengið mikla kúamykju, myndin er tekin sumarið 2015.

jarðveginum. Hið sama má segja um tildurmosann enda fylgdust þessar tegundir að. Aukið nitur í jarðvegi dró hins vegar úr þekju krækilyngs og beitilyngs. Einnig fékkst marktækt samband milli þekju einstakra tegunda og ýmissa annarra næringarefna í jarðveginum (kalí, fosfór, kalsíum, magnesíum, mangan o.fl.).

Marktæk áhrif áburðarmeðferða á sýrustig komu fram í efstu 5 cm jarðvegsins þannig að sýrustig hafði aðeins lækkað þar sem mest var borið á af mykju. Jarðvegur í reitum sem fengu mikla mykju hafði lægri rúmþyngd en aðrir reitir. Það var meira kolefni, nitur, fosfór, kalí, mangan og sink í reitum sem fengu mikla mykju í upphafi. Það var hins vegar minna af kopar í þessum reitum og C/N hlutfall var lægra. Kolefnismagnið jókst um 7-14 tonn/ha eftir meðferðarliðum á tilraunatímanum (10,2 tonn/ha að meðaltali). Ef þessari aukningu er deilt á 41 ár fást 171–342 kg kolefnis á ári eða 250 kg að meðaltali. Nitur jókst um 600–1240 kg/ha eftir meðferðarliðum á tilraunatímanum (830 kg/ha að meðaltali). Ef þessari aukningu er deilt á 41 ár fást 15–30 kg niturs á ári eða um 20 kg/ha að meðaltali.

Það var marktækur munur milli smáreita fyrir fosfór og kalí þannig að mest var af þessum efnum í reitum sem ekki fengu nitur en minnst í reitum sem ekki fengu fosfór eða kalí.

Einnig var marktækur munur milli smáreita fyrir kalsíum og magnesíum þannig að minnst var af þessum efnum í reitum sem fengu N, P og K en þeir reitir gáfu mesta uppskeru.

Einnig var marktækur munur milli smáreita í C/N hlutfalli þannig að það var hæst í reitum sem ekki fengu nitur. Smáreitir höfðu ekki marktæk áhrif á aðrar jarðvegsbreytur en þessar.

Á seinni hluta tilraunatímans komst alaskalúpína inn í þrjá tilraunareiti og þakti þá alveg. Kolefni í þessum reitum var 5,8 tonnum/ha meira (28%) en í sambærilegum reitum án lúpínu og nitur 280 kg/ha meira (19%).

Þetta land var girt og friðað um 1940 en landið var eigi að síður ógróið þegar tilraunin var lögð út árið 1974.

Þessi tilraun sýnir að með áburðargjöf og sáningu í ógróið og snautt land er hægt að koma af stað gróðurframvindu og uppsöfnun niturs og kolefnis sem án slíkra inngripa tæki miklu lengri tíma. Það fer svo eftir áburðarmagni og fjölda ára sem borið er á hvaða stefnu gróðurframvindan tekur.

*Guðni Þorvaldsson,*
*prófessor emeritus.*





Gestahús / vinnustofa. 15-20-25 eða 30 m2

**Afhendast fullbúin utan og innan.**
**Tilbúin til að setja niður á undirstöður.**

**Nánari upplýsingar og aðrar vörur á www.3xt.is**

3xT Export






**Finndu þinn söluaðila á**
**www.aspenfuels.is**

ASPEN
FUEL FOR PROFESSIONALS


## SVÆÐISSKIPULAG SUÐURHÁLENDISINS

Tillaga að svæðisskipulagi fyrir Suðurhálendi til ársins 2042, ásamt umhverfisskýrslu, hefur verið birt til kynningar og athugasemda í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is.

**Öllum er frjálst að senda inn umsagnir og þeim skal skila rafrænt í skipulagsgáttina til og með 14. janúar 2024.**

Í tillögunni er mótuð framtíðarsýn fyrir Suðurhálendið um sterka innviði, umhyggju fyrir auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu. Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurhálendi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins.

Tillagan nær yfir hálendishluta sveitarfélaganna Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, og Grímsnes- og Grafningshrepps. Auk þeirra hafa sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg tekið þátt í verkefninu.

Auglýsing tillögunnar og tilheyrandi umhverfismatsskýrslu er á grundvelli 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Nánari upplýsingar um Svæðisskipulag Suðurhálendis er að finna á vefsíðunni sass.is.

*Svæðisskipulagsnefnd Suðurhálendis*


**Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði**

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND

www.kaupland.is
sími 8449484

# Tólf bú tilnefnd sem ræktunarbú ársins 2023

**Fagráð í hrossarækt hefur valið þau hrossaræktarbú sem tilnefnd eru til árlegrar heiðursviðurkenningar Bændasamtaka Íslands, ræktunarbú ársins.**



Elsa Albertsdóttir.

Valið stóð á milli 31 bús sem náð höfðu athyglisverðum árangri á árinu. Tilnefnd eru 12 efstu bú ársins að loknum útreikningi. Reglur fagráðs um ræktunarbú ársins eru eftirfarandi:

Afmörkun á vali ræktunar búa miðast þannig við að fyrst eru tilgreind öll hrossaræktarbú sem sýnt hafa fjögur eða fleiri hross í fullnaðardómi á árinu. Að auki verða minnst tvö að hafa náð aðaleinkunn 8,00 eða hærra. Þá eru einkunnir leiðréttar eftir aldri og kyni líkt og gert er við kynbótamatsútreikninga. Þetta gerir allar einkunnir samanburðarhæfar áður en búunum er svo raðað upp eftir leiðréttum einkunnum og fjölda sýndra hrossa.

Búin sem komast í pottinn verða að ná fjórum hrossum að lágmarki með 8,00 í aðaleinkunn eftir leiðréttingu sem er þá önnur sía á gögnin. Meðaleinkunn er svo reiknuð miðað við leiðréttar aðaleinkunnir en þar er eingöngu horft til hrossa sem ná 8,00 í aðaleinkunn, enn fremur miðast fjöldi sýndra hrossa frá hverju búi við þau hross.

Þá reiknast afkvæmaverðlaunahross (stóðhestar og hryssur) til stiga fyrir sína ræktendur samkvæmt föstum reglum þar um.

Að lágmarki einn ræktandi sem stendur að hverju ræktunarbúi þarf að vera fullgildur félagi í BÍ og er þá miðað við félagatal 1. maí ár hvert. Ekki er gerður greinarmunur á að ræktandi sé persóna eða skráð kennitala fyrirtækis.

Tilnefnd bú munu hljóta viðurkenningu á ráðstefnunni Hrossarækt 2023 sem haldin verður í Fáki sunnudaginn 3. desember næstkomandi og byrjar kl. 13.00. Ræktunarbú ársins verður verðlaunað á þeim viðburði.

**Tilnefnd bú eru eftirfarandi í stafrófsröð**

- **Árbær,** Vigdís Þórarinsdóttir, Maríanna Gunnarsdóttir, Guðmundur Bæringsson og fjölskyldur
- **Efri-Fitjar,** Gréta Brimrún Karlsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Tryggvi Björnsson og fjölskylda
- **Fákshólar,** Helga Una Björnsdóttir og Jakob Svavar Sigurðsson
- **Fet,** Hrossaræktarbúið Fet
- **Haukagil á Hvítársíðu,** Ágúst Þór Jónsson og Þóra Áslaug Magnúsdóttir
- **Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar,** Bergur Jónsson og Olil Amble
- **Lækjamót,** Sonja Líndal Þórisdóttir, Friðrik Már Sigurðsson, Ísólfur Líndal Þórisson, Vigdís Gunnarsdóttir, Guðmar Hólm Ísólfsson Líndal, Þórir Ísólfsson og Elín Rannveig Líndal
- **Prestsbær,** Inga og Ingar Jensen
- **Skipaskagi,** Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir
- **Steinnes,** Magnús Jósefsson, Líney Árnadóttir, Jón Árni Magnússon og Berglind Bjarnadóttir
- **Sumarliðabær,** Birgir Már Ragnarsson og Silja Hrund Júlíusdóttir
- **Þúfur,** Gísli Gíslason og Mette Mannseth



Gísli Gíslason á Þúfum tekur við verðlaunum á Landsmóti hestamanna 2022. Mynd / ghp

Vert er að benda á að mörg þessara búa voru einnig með afkvæmahross á árinu sem taldi til hækkunar meðaltals aðaleinkunnar og fjölda sýndra hrossa.

*Elsa Albertsdóttir*
*hrossaræktaráðunautur.*

# Hryssur sem hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi árið 2023



Heiðursverðlaunahryssan Verona frá Árbæ í sumar ásamt folaldinu Dimmalimm. Mynd / Maríanna Gunnarsdóttir



Þráinn frá Flagbjarnaholti ásamt Þórarni Eymundssyni og eigenum Þráins, Yvonne og Jaap Groven, á Landsmóti 2018. Mynd / ghp

Í ár eru það ellefu hryssur sem hljóta viðurkenningu fyrir afkvæmi. Viðmið heiðursverðlauna hryssna er að þær hafi að lágmarki 116 stig í aðaleinkunnum kynbótamats og eiga að minnsta kosti 5 dæmd afkvæmi. Röðun hryssna er samkvæmt aðalaeinkunn kynbótamats en í ár eru það þrjár hryssur sem hljóta viðurkenningu byggt á kynbótamati aðaleinkunnar án skeiðs. Efsta hryssan og Glettubikarhafinn er Verona frá Árbæ með 126 stig í kynbótamati aðaleinkunnar og 5 dæmd afkvæmi. Frekari upplýsingar má sjá í meðfylgjandi töflu.

Þá náði Þráinn frá Flagbjarnarholti fyrstu verðlaunum fyrir afkvæmi. Hann er með 133 stig í kynbótamati aðaleinkunnar með 91% öryggi og 16 dæmd afkvæmi með meðaltalsaldur 4,8 ár.

| Nafn og uppruni | Aldur | Kynbótamat aðaleinkunnar | Kynbótamat aðal-einkunnar án skeiðs | Öryggi | Kynbótamat fyrir mætingu til dóms | Fjöldi skráðra afkv. með fullnaðardóm | Fjöldi afkvæma | Hlutfall dætra með dóm (%) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Verona frá Árbæ | 19 | 126 | 119 | 87% | 122 | 12 | 5 | 75% |
| Staka frá Stuðlum | 18 | 124 | 116 | 87% | 121 | 10 | 5 | 67% |
| Oktavía frá Feti | 17 | 121 | 123 | 86% | 125 | 10 | 5 | 100% |
| Skíma frá Kvistum | 15 | 121 | 123 | 86% | 123 | 9 | 5 | 100% |
| Gifting frá Hofi I | 17 | 118 | 112 | 87% | 117 | 11 | 5 | 80% |
| Alfa frá Blesastöðum 1A | 19 | 117 | 119 | 87% | 119 | 10 | 5 | 100% |
| Gróska frá Dallandi | 17 | 116 | 117 | 87% | 119 | 9 | 5 | 0% |
| Vissa frá Holtsmúla 1 | 23 | 116 | 113 | 87% | 122 | 16 | 5 | 80% |
| Ólafía frá Lækjamóti | 15 | 114 | 121 | 87% | 121 | 9 | 5 | 100% |
| Gerpla frá Hólabaki | 21 | 113 | 118 | 86% | 116 | 14 | 5 | 71% |
| Katla frá Steinnesi | 21 | 113 | 118 | 87% | 113 | 16 | 5 | 50% |

LESENDARÝNI

# Opinská samtöl í átt að betri landbúnaði

**Matarkista okkar Íslendinga er fjölbreytt og margþætt. Hér á landi eru framleiddar heilnæmar afurðir sem unnar eru af alúð. Íslensk matvælaframleiðsla göfgar okkar samfélag og menningu.**

Við erum rík af náttúrutengingu okkar, en einn af hornsteinum landbúnaðarins er að tryggð sé rétt nýting lands og verndun þess. Með öflugum landbúnaði, sem hingað til hefur verið eitt einkenna okkar Íslendinga, er stuðlað að bæði fæðuöryggi landsmanna og afli til að viðhalda blómlegri byggð um landið. Framleiðslan hefst hjá bændum, sem hafa unnið hörðum höndum við að tryggja að íslensk matvæli eru heilnæm, örugg og í hæsta gæðaflokki. Þrátt fyrir þrotlausa vinnu á stéttin undir þungt högg að sækja.

Við í Framsókn höfum alltaf unnið við að styðja þessa mikilvægu stétt og þeirri vinnu mun aldrei ljúka. Við höfum talað fyrir þeim sjónarmiðum að áfram þurfi að leita leiða til að styrkja landbúnað sem atvinnugrein, stuðla að aukinni sjálfbærni og gæta að búsetuöryggi á landsbyggðinni.

Ein elsta starfsgrein landsins sinnir mjög mikilvægu hlutverki til framtíðar og við verðum að tryggja henni tækifærin til þess.

### *Grafalvarleg staða*

Þó svo að bændur séu því vanir að staða starfsgreinarinnar sé sveiflukennd þá hefur útlitið sjaldan verið eins slæmt né óvissan jafnmikil og núna. Það hefur varla farið fram hjá landsmönnum að aðstæður bænda og rekstrargrundvöllur fara versnandi með hverjum mánuði.

Margar ástæður eru fyrir þessari stöðu, en hana má aðallega rekja til utanaðkomandi atburða og aðstæðna. Við í Framsókn horfum á núverandi stöðu innan stéttarinnar alvarlegum augum, en hún er í raunverulegri hættu sem við verðum að gera út af við.

Á undanförnum vikum buðum við bændum á opna fundi á Norður- og


Ingibjörg Isaksen.


Þórarinn Ingi Pétursson.

Austurlandi, enda er það allra mikilvægasta að heyra áhyggjur þeirra beint. Andrúmsloftið á fundunum var skiljanlega þungt á köflum, en þeir voru góðir, gagnlegir og vel sóttir þar sem farið var yfir stöðuna og ekki síður horfur innan greinarinnar á opinskáan máta.

Af umfjöllun síðustu mánaða og framangreindum fundum með bændum er ljóst að fjöldi verkefna hefur beðið úrlausnar í of langan tíma þegar kemur að málefni landbúnaðarins og styrkingu á öflugri byggð á dreifðari svæðum. Allir eru sammála um að einfalda þurfi regluverkið í kringum atvinnugreinina, bæta aðgengi og efla rekstrarumhverfi innan landbúnaðarins.

### *Langur verkefnalisti*

Bændur hafa lengi bent á að bú sé langtímastarfsemi, en bændur hafa farið í nauðsynlegar fjárfestingar sem hafa leitt til talsverðrar skuldsetningar.

Takmarkaðir fjármögnunarmöguleikar hafa, í samspili við hátt vaxtaumhverfi, leitt til þess að þungbærar horfur blasa nú við.

Á fundum okkar með bændum kom m.a. fram að rík þörf er fyrir endurfjármögnunarmöguleikum þar sem horft er til lengri tíma lánveitingu. Við viljum skoða möguleika á opinberu fyrirkomulagi sem getur styrkt greinina í heild og miðar að eðli starfseminnar.

Á sama tíma er mikilvægt að einfalda rekstrarumhverfi svo að unnt sé að skapa aukin tækifæri í landbúnaði með sjálfbærni að leiðarljósi. Þau sjónarmið eru í samræmi við það sem ungir bændur og nýliðar í greininni hafa lagt mikla áherslu á. Þau úrræði sem komið hafa fram að undanförnu, svo sem hlutdeildarlán, hafa ekki nýst ungum fjölskyldum í búrekstri sem skyldi. Þessar leiðir eru áhugaverðar og jákvæðar en þarfnast frekari útfærslu svo þær gefi góða raun, enda teljum við brýnt að nýliðun í landbúnaði verði útfærð þannig að hún hjálpi til við að lækka þröskuldinn fyrir þá aðila sem hyggjast hefja búrekstur.

Við í Framsókn tökum undir með bændum um að endurskoða þurfi fyrirkomulag tolla hér á landi og innflutning á afurðum erlendis frá. Tollavernd er innlendri matvælaframleiðslu afar mikilvæg og á að stuðla að því að hún geti stundað eðlilega samkeppni við sívaxandi innflutning á réttum og sanngjörnum forsendum. Á fundum okkar með bændum voru ræddar þær kröfur sem við eigum að gera til innfluttra matvæla. Þær verða að vera í samræmi við þær kröfur sem við gerum hér heima. Þá eiga að vera gerðar kröfur m.t.t. sýklalyfjanotkunar, aðbúnað dýra og túlkun á gildandi löggjöf.

Tekjur og málefni afurðastöðva voru einnig rædd. Ekki síst í tengslum við verðmið við innflutning, sem er krónutölubundinn að hluta en fylgir ekki verðlagi. Það eru fjölmörg skýr dæmi um hversu brýnt er að huga sérstaklega að tekjum afurðastöðva innan landbúnaðarins.

Augljóst er að verkefnin eru fjölmörg og geta ekki beðið úrlausnar í langan tíma. Sjaldan hefur verið jafn nauðsynlegt að bretta upp ermar í þessum málaflokki. Bændur eiga það skilið að ríkið vinni með þeim á erfiðum tímum og aðstoði þá við að bæta stöðu þeirra og rekstrargrundvöll áður en að stór hluti greinarinnar heyri sögunni til í stað þess að spila sitt hlutverk til framtíðar.

*Ingibjörg Isaksen*
*og Þórarinn Ingi Pétursson,*
*þingmenn Framsóknar í*
*Norðausturkjördæmi.*













LESENDARÝNI

# Sérálit við skýrslu

**Í skýrslu sérfræðingahóps um aðgerðir gegn riðu – ný nálgun með verndandi arfgerðum, sem skilað var til matvælaráðherra 1. nóvember sl. ákváðum við undirritaðir að skila séráliti, sem er þannig:**

„Að okkar mati er of mikil áhætta að nota mögulega verndandi arfgerðir þegar fé er tekið aftur á bæjum þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu. Í staðinn verði öll áhersla lögð á ræktun arfgerðarinnar ARR/ARR sem staðfest er að verndar gegn riðu. Fé með þá arfgerð verði ekki skorið niður við niðurskurð. Við teljum að frekari rannsóknir þurfi áður en arfgerðin T137 eða aðrar mögulega verndandi arfgerðir verði notaðar á riðubúum.“

Í ljósi umræðu síðustu vikur um hugsanlega verndandi arfgerðir og hugmyndir að gera sauðfjárbú þar sem riða hefur komið upp að eins konar tilraunabúum í þessum efnum, sjáum við okkur knúna til að skýra nánar þessa afstöðu okkar

Það liggja fyrir rannsóknir og fjöldi ritrýndra vísinsdagreina um mótstöðu ARR/ARR arfgerðarinnar gegn riðu. Vísindasamfélaginu hefur því gefist kostur á að rannsaka frekar, meta árangur og rýna þessa arfgerð í þaula m.t.t. mótstöðu gegn riðu. Það á ekki við um aðrar arfgerðir sem nefndar hafa verið til sögunnar úr PMCA greiningu dr. Vincent Béringue, sem hann hefur framkvæmt síðustu misserin. Vissulega benda frumniðurstöður til þess að þarna geti verið hugsanleg mótstaða, en enn liggja ekki fyrir óyggjandi niðurstöður. Í annan stað hefur ekki í öllum tilvikum verið prófað næmi gegn heilavef úr íslenkum kindum. Þá sýna t.d. þær faraldsfræðilegu niðurstöður sem gerðar hafa verið hér á Keldum ekki tölfræðilega marktækni varðandi verndandi áhrif arfgerðarinnar T137. Eins töldu vísindamenn að arfgerðin N138 væri verndandi gegn riðu, en eftir frekari skoðun reyndist svo ekki



Ólafur Jónsson.



Hákon Hansson.

vera að fullu. Það er því enn töluvert í land að okkar mati í þessum efnum.

Nú eru jafnvel uppi hugmyndir um að gera riðubú að eins konar tilraunabúi þar sem m.a. yrði settar á kindur með þessum hugsanlega vernandi arfgerðum. Við vörum algjörlega við því.

Riða er alvarlegur, margslunginn, langvinnur og kvalafullur sjúkdómur sem engin lækning er við. Hér verða dýravelferðarsjónarmið líka að ráða. Síðan er það ekki samfélagslega boðlegt að keyra slíkar tilraunir m.t.t. nærsamfélagsins og/eða samfélagsins alls í ljósi smithættu og álags.

Sauðfjárbændur voru heppnir að finna kindur með viðurkenndu mótstöðuarfgerðina ARR/ARR, sem í ofanálag reynast vera mjög góðir kynbótagripir. Út frá þessum kindum er hægt að gera allt fé á riðusvæðum arfhreint ARR/ARR á mjög skömmum tíma og reyndar allt sauðfé á Íslandi ef svo bæri undir. Sú leið er studd haldgóðri vísindalegri þekkingu, einföld og skilvirk. Það eru því öll rök fyrir því að fara þá leið að sinni.

***Hákon Hansson**, dýralæknir með áratuga reynslu af baráttu við riðu og aðra sauðfjársjúkdóma.*

***Ólafur Jónsson**, héraðsdýralæknir til sextán ára í stórum sauðfjárhéruðum.*

# Meira um samgöngumál í Mýrdal

## – Framhald af grein í síðasta tölublaði Bændablaðsins

**Þegar þetta er skrifað hefur umhverfismatsskýrsla verið birt um þennan fyrirhugaða láglendisveg og jarðgöng undir Reynisfjall.**



Þórir N. Kjartansson.

Við lestur skýrslunnar verður manni fyrst hugsað til þess hvað óskapleg vinna og kostnaður er orðinn í kringum allar framkvæmdir. Alltaf er gott að flana ekki að hlutunum en fyrr má nú rota en dauðrota. Flækjustigið við allar verklegar framkvæmdir er komið út yfir öll skynsamleg mörk. Annað sem er mjög sláandi er að Vegagerðin leggur til að farið skuli í „valkost 4“ sem að áliti flestra sem til þekkja er algerlega fráleitt ef litið er til þess að með honum verður minni en enginn umferðarsparnaður, slysahætta jafnvel meiri en á óbreyttum vegi auk þess sem sá vegkafli fer yfir framtíðarbyggingarland Víkurbúa. Þá myndi þetta kalla á rándýra vegagerð um gil og misjafnt land auk vegabóta í Gatnabrún og Skarphól. Eina bótin við þennan valkost er að umferðin færist út fyrir þorpið. Hann tekur ekki af langhættulegasta kaflann af núverandi vegi, sem er fjallaskarðið inn af Víkurþorpi, en þar er gríðarlega vindasamt og misvinda og er langhættulegasti kaflinn sem jarðgöng og láglendisvegur myndu leysa af hólmi en þar fjúka ófáir bílar út af veginum á hverjum vetri. (Sjá mynd 1)

Sem betur fer er vegurinn á þessu svæði lítið uppbyggður og því tiltölulega sjaldgæft að bílar velti sem blessunarlega hefur forðað miklum slysum á fólki en tjón á ökutækjum er oft verulegt. Ekki er annað að sjá en þetta sé mjög vanmetið í umhverfisskýrslunni, vegna þess að sjaldnast er lögregla kölluð til nema slys verði en björgunaraðilar fara ótal ferðir á þetta svæði til bjargar bílum og fólki. Slys og umferðaróhöpp eru miklu fleiri þarna en skráðar tölur sýna og verði vegurinn hafður þarna mun það á einhverjum tímapunkti enda með stórslysi. Umferðaröryggi og fækkun slysa er það sem fyrst og fremst þarf að horfa til varðandi vegaframkvæmdir og finnst mér sá þáttur fá ótrúlega lítið rými í skýrslunni. Miklu þyngra virðist vega t.d. hvort fuglar verði fyrir ónæði af nýjum vegi. Þar má t.d. sjá áhyggjur af því að hugsanlega þurfi þrjú kjóapör að flytja hreiðurstæði sitt, komi vegur eftir bökkum Dyrhólaóss. En svo öllu sé til haga haldið er mikið og fjölskrúðugt fuglalíf í graslendinu norðan Óssins en fuglar og vegir lifa í ágætri sambúð um allt land.

Í þeim kafla er líka talað um ómissandi sjávarleirur í vesturhluta Dyrhólaóss sem hugsanlega verði fyrir raski. Sannleikurinn er hins vegar sá að þar sem þessi hluti Óssins er óðum að fyllast upp eru þetta í dag einungis líflausar sandleirur þar sem fuglar hafa ekkert að sækja nema í hæsta lagi til hvíldar eða næturdvalar. Veiðiréttareigendur sem þarna stunda dálitla netaveiði staðfesta þetta og einnig að fuglalíf á þessum leirum sé hverfandi. Til að sannreyna þetta enn betur flaug greinarhöfundur dróna yfir þetta svæði kerfisbundið frá byrjun maí til loka október 2022 og þessi 40 myndbönd staðfesta þeirra álit. Segja má að telja megi á fingrum sér þá fugla sem báru fyrir myndavélina og þessi myndbönd eru öll til ef einhver efast um sannleiksgildi frásagnarinnar. Haldi fram




**Mynd 1: Aðstoð við umferðaróhöpp milli Dyrhólaeyjarvegar og Víkur 2018 samkvæmt samantekt Framrásar ehf. Tvö í Skarphól, tvö við Gatnabrún, fjögur við gatnamót Reynishverfisvegar og 32 frá Heiðardalsvegi til Víkur. Sláandi dæmi um hvað mörg umferðaróhöpp verða í fjallaskarðinu upp af Víkurþorpi en þar er mjög illviðrasamt og misvinda, ásamt því að þar er miklu oftar hálka, snjór og krapi en á láglendinu.** Kort / Landmælingar Íslands



**Mynd 2: Vegur í Dyrhólaey.** Mynd / Þórir N.K.



**Mynd 3: Víkurfjara.** Mynd / Þórir N.K.

sem horfir mun allt þetta svæði verða uppgróið eftir örfáa áratugi. Þarna gætir varla flóðs og fjöru lengur þó Ósútfallið sé vel opið sem segir auðvitað að selta er þarna hverfandi lítil eða engin. Einn órækasti votturinn um þetta er að fyrir örfáum áratugum var á þessu svæði ótrúlegt magn af marfló en nú er hún alveg horfin. Allt tal um sjávarleirur á því ekki lengur við um þennan hluta Óssins. (Sjá mynd 2)

Þá er einnig lýst nokkrum áhyggjum af fuglalífi í Reynisfjalli, sem er algerlega ástæðulaus ótti, enda laga fuglar sig vel að umferð bíla og manna séu þeir ekkert áreittir. Vöxtur og viðgangur þessara bjargfugla ræðst eingöngu af fæðuframboði í sjónum.

Þá hefur verið alið á hræðslu um afkomu brekkubobba í austurhlíðum Reynisfjalls. Þeir eru dreifðir yfir margra hektara svæði, svo nokkrir fermetrar sem gangnamunninn myndi taka hefði að sjálfsögðu engin áhrif á þeirra lífsskilyrði. Einnig eru viðraðar áhyggjur af því að brýr yfir Hvammsá og Víkurá geti haft neikvæð áhrif á göngufisk. Ekkert er hins vegar spáð í það að í þessum ársprænum er enginn fiskur nema staðbundnar lækjalontur þrátt fyrir að á árunum laust eftir 1990 var sleppt töluverðu af sjóbirtings- og laxaseiðum í árnar á vatnasvæði Dyrhólaóss, án sýnilegs árangurs.

Einnig má í því sambandi leiða hugann að því að allar bestu veiðiár landsins eru brúaðar á einum eða fleiri stöðum sem virðist ekki koma að sök. Mikið hefur verið talað um að vegagerð á norðurbakka Dyrhólaóss valdi miklum spjöllum á votlendi en sannleikurinn er sá að nánast allt þetta land er sundurgrafið af gömlum landþurrkunarskurðum. Einnig hefur því verið óspart flaggað að nýi vegurinn trufli upplifun fólks í Reynisfjöru en fjarlægð vegar og gangnamunna er u.þ.b. einn km frá fjörunni og ekki sjónlína á milli svo sá málflutningur dæmir sig sjálfur.

Það má þó segja höfundum matsskýrslunnar til hróss að þeir virðast ekki hafa tekið mark á þessum hræðsluáróðri en til að hafa eitthvað neikvætt um þetta að segja velta þeir upp þeim möguleika að hugsanlega yrði Reynisfjara oflestuð af ferðafólki færist vegurinn svona nærri henni. Vegagerðin telur að gríðarmikla grjótgarða þurfi til að verja nýja veginn ofan Víkurfjöru fyrir sjógangi. Af þessu hafa sumir hér í Vík nokkrar áhyggjur og spyrja hvort þessir garðar verði svo háir að þeir skyggi á útsýn úr þorpinu til sjávar. Því er til að svara að vestan Víkurár hefur aldrei komið sjór á væntanlegt vegstæði svo langt sem elstu menn muna og ekki heldur þegar landbrotið var sem mest og sjórinn miklu nær byggðinni en nú er. Að kosta til grjótvarna þar er alger óþarfi og eingöngu tilgangslaus peningaeyðsla.

Austan árinnar má aftur á móti ekki dragast deginum lengur að fara í frekari varnir því þar er enn þá landbrot. Í þetta verk verður að fara, alveg burtséð frá því hvort vegurinn kemur eða ekki og þann kostnað því fráleitt að taka með í kostnaðartölur vegar og ganga. Á þessu verki þarf að byrja með nýjum sandfangara milli þeirra eldri, því fullreynt virðist nú að þeir nái að byggja upp trygga fjöru með núverandi millibili. Ströndin þarf að færast fram og hækka svo hægt sé að festa þar gróður eins og gerst hefur á milli eldri sandfangarans og Reynisfjalls. ( Sjá mynd 3)

Því miður fær maður það á tilfinninguna við lestur þessarar skýrslu að þar sé reynt að tína til sem flest neikvætt um framkvæmdina en lítið horft til jákvæðu þáttanna. Minnsta hugsanlega rask og ónæði sem yrði á búsvæðum fugla, fiska og brekkubobba virðist meira áhyggjuefni en líf og limir þeirra sem um veginn fara. Líklega er það að nokkru sprottið af lítilli eða engri staðþekkingu þeirra sem um þetta fjalla og að þeir hafa tekið of mikið mark á neikvæðum umsögnum þeirra sem af óskiljanlegum ástæðum vilja ekki að þetta þarfa verk verði að veruleika. Hins vegar verður það svo eins og víða hefur sannast að fljótlega eftir að framkvæmdum lýkur, spyrja menn sig af hverju þetta hafi ekki verið búið og gert fyrir löngu.

***Þórir N. Kjartansson**, Vík.*

# Eiga bændur að framleiða meira fyrir minna?

**Um næstu áramót verður greiðslumark í mjólk aukið um 1,7% og fer þá úr 149 milljónum lítra í 151,5 milljónir lítra.**


Reynir Þór Jónsson.

Hækkun greiðslumarks hefur verið nánast árviss viðburður síðustu áratugi vegna þess að eftirspurn eftir mjólkurvörum eykst sífellt, sem er gott. Við kúabændur höfum það hlutverk að framleiða mjólkina og skylda okkar samkvæmt búvörusamningum er að framleiða upp í þarfir innanlandsmarkaðar. Það höfum við gert samviskusamlega, en hverju hefur það skilað okkur?

Með nýjum búvörusamningum árið 2004 hætti fjármagn frá ríkinu að fylgja auknu greiðslumarki. Þá var ákveðið að ríkisstuðningur út á mjólkurlítra væri bundinn við ákveðna upphæð (verðtryggða) sem hækkar ekki þó greiðslumarkið hækki. Þetta hefur valdið því að í hvert sinn sem greiðslumark hefur verið aukið frá árinu 2004 hafa bændur fengið færri krónur frá ríkinu á hvern mjólkurlítra. Í sjálfu sér gæti þetta alveg gengið upp ef verðlagsgrundvöllur kúabúa bætti upp þær krónur sem upp á vantaði, en sú er ekki raunin. Ástæðan fyrir því er að tekjuhlið verðlagsgrundvallarins hefur ekki verið tekin fyrir og metin til jafns við gjaldaliði í verðlagsnefnd búvara síðasta áratug hið minnsta.

Líklegt er að hagræðing á búunum hafi átt að bæta þessa stöðu bænda upp að einhverju leyti. Kúabændur hafa hagrætt mikið á undanförnum árum og stór hluti mjólkurframleiðenda er að framleiða í hagkvæmum einingum í dag. Aukning á greiðslumarkinu núna þýðir því ekki sjálfkrafa að kostnaður lækki við framleiddan lítra. Reyndar má fullyrða að það hafi heldur ekki verið tilfellið síðustu ár. Það er einfaldlega ekki þannig að allir gjaldaliðir í verðlagsgrundvellinum lækki sjálfkrafa við fleiri framleidda lítra, sumir liðir eins og kjarnfóður og fóðuröflun eru t.a.m. líklegri til að hækka þegar stöðugt þarf að spenna bogann.

Eins og sést á línuritinu hefur greiðslumark í mjólk verið aukið um rúmlega 50% frá árinu 2004 og á sama tíma hefur ríkisstuðningurinn þynnst út um nærri þriðjung.

Við verðum því að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort það sé eðlilegt og sjálfgefið að hækka greiðslumarkið á hverju ári ef sú aðgerð þýðir kjaraskerðingu fyrir bændur. Ríkisstuðningur til mjólkurframleiðslu er ekki hár í samanburði við útsöluverð á mjólkurvörum og einnig má spyrja sig hvort það hlutfall sé orðið of lágt. Tilgangurinn með ríkisstuðningnum er að niðurgreiða vöruverð til neytenda og tryggja þannig aðgengi þeirra að öruggum og mikilvægum matvælum.

Ríkisstuðningurinn er í dag um 42 krónur á lítra en mjólkurlítrinn kostar út úr búð um 210 krónur. Dæmi hver fyrir sig. Að mínu mati er sjálfsagt að gera þá kröfu til ríkisins að gerð verði leiðrétting á því bili sem eykst stöðugt á milli heildarríkisstuðnings og heildargreiðslumarks. Við mjólkurframleiðendur verðum allavega að spyrja okkur þeirrar spurningar fyrir alvöru hvort það sé eðlilegt að við tökum á okkur kjaraskerðingu um hver áramót og séum skikkuð til að framleiða meira fyrir minna.

***Reynir Þór Jónsson,***
*stjórnarmaður BÍ og fulltrúi í verðlagsnefnd búvara.*




**Greiðslumark er magn sem greitt er fyrir samkvæmt búvörusamningum og áætluð mjólkursala landsins. Á myndinni sést að árið 2004 er vendipunktur varðandi stuðningsgreiðslur.**


Lífræn hreinsistöð




• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
• Engir hreyfanlegir hlutir
• Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

wpl Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

SOCKS2GO.IS
Ekta bambus sokkar, ekkert viskós.
Þú finnur muninn.
Fást einungis á heimasíðunni okkar og í Herrahúsinu Ármúla.
SOCKS2GO
info@socks2go.eu
s. 831-8400
www.socks2go.is



Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is

EINSTÖK UPPLIFUN



MF 6S 135-200 HP
EINSTÖK VÉL TIL AFKASTA OG HAGRÆÐINGAR
ÓVIÐJAFNANLEG LIPURÐ
Leiðandi í sínum flokki hvað varðar snúningsradíus- aðeins 4,75 m
EINSTÖK UPPSKRIFT HVAÐ VARÐAR AFL Á MÓTI ÞYNGD
Eyðslugrannur en eldsprækur 4,9 Ltr 4 strokka mótor og 500 kg léttari heildarþyngd
STYRKUR MEÐ STÖÐULEIKA
Mikil burðar- og dráttargeta með 2,67m milli öxla
BÚVÉLAR
Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR



LESENDARÝNI

# Veiða – sleppa, er gagn af því?

**Eftir enn eitt laxveiðisumarið undir væntingum spyrja menn eðlilega hvað valdi. Ef það er ekki of kalt eða heitt eða of mikið eða of lítið vatn. Nú var hvorki of kalt né heitt eða of mikið eða of lítið vatn og þá eru menn í vandræðum. þá grípa menn til óskilgreinds „ástands“ í hafinu.**



Jón Kristjánsson.

Algengt er þegar þarf að skýra minnkandi laxagengd að kenna um ofveiði, ekki væri nógu mikil hrygning til að halda uppi stofninum. Gripið var til verndunar- aðgerða, sem staðið hafa í 10– 20 ár og eru nú að verða allsráðandi: Sleppa veiddum fiskum, mæla þá, halda á þeim eins og ungbarni og taka af þeim myndir.

Menn hafa gengið til veiða alla tíð til að afla sér fanga. Löngum var allur lax drepinn og nýttur til matar en síðustu ár hefur færst í vöxt að menn sleppi fiski sem álpast á öngulinn. Síðustu ár hefur kveðið svo rammt að þessu að í allflestum ám er veiddum fiskum sleppt aftur. Menn eru jafnvel litnir hornauga eða sæta aðkasti ef þeir drepa veiddan fisk. Til þess að framfylgja þessu hafa veiðiréttarhafar bannað annað agn en flugu.

Sumir fiskar særast til dauðs, en til þess að menn séu ekki að gera sér upp þá ástæðu til að drepa og hirða fisk er mönnum víða gert að færa hann í veiðihús til „rannsókna“ eða matnytja fyrir kokkinn.

*Rök sem notuð eru til að mæla með sleppingum*

Þeir sem stunda sleppingar segjast gera það í ræktunarskyni, til að efla hrygningarstofninn, að geta veitt fiskana oftar sér til ánægju, eða í auglýsingaskyni, lokka til sín veiðimenn, með því að segja að þeir geti gengið að ánni í vissu um að laxi hafi ekki fækkað.

Á mannamáli heitir þetta hins vegar að kvelja fisk sér til ánægju. Vísindastofnun ríkisins, Hafró, ýtir undir þetta og telur stóran hrygningarstofn vera af hinu góða.









**Mynd 1. Þéttleiki seiða í Þverá, lengd þeirra að hausti og fjöldi veiddra laxa en rúmum þeirra hefur verið sleppt frá árinu 2014 en sleppingar hófust að ráði 2009 Sjá má vöxt allra árganga sl. 10 ár, væntanlega vegna aukins þéttleika, sem rekja má til sleppinga og banns við öðru agni en flugu. Þá hefur veiði verið minni en áður.**




**Mynd 2. Vöxtur árganga laxaseiða í Leirvogsá. Heilar línur sýna seiðavöxt neðan við Tröllafoss, en punktalínur vöxt seiða ofan við Tröllafoss. Rauða línan sýnir lengd sumargamalla seiða neðan við Tröllafoss, þar sem hrygning er óhamin (um 20 hrygnur/km). Rauða punktalínan sýnir lengd jafn gamalla seiða ofan við Tröllafoss þar sem hrygning er takmörkuð við 3 hrygnur á kílómetra. Sama á við um eins og tveggja ára seiði, grænu og bláu punktalínurnar.**




**Mynd 3. Jafngömul seiði úr Leirvogsá. Efri seiðin eru af svæðinu ofan við fossinn en þau neðri frá svæðinu neðan Tröllafoss. Þyngdarmunurinn er margfaldur.**

**1. Kynbætur**

Hafró, og áður Veiðimálastofnun, hefur lengi hvatt til þess að sleppa stórlaxi í þeim tilgangi að efla það sem þeir kalla stórlaxastofninn, fullyrða jafnvel að það sé eitt gen sem stjórni því hvort afkvæmi laxa dvelji eitt eða tvö ár í sjó. Nú er það svo að í ám hrygna allir laxar með öllum. Þá eru kynþroska dverghængar, 6–10 cm að lengd, og veiðimenn kalla afætur, mjög virkir í hrygningunni og feðra stóran hluta hrognanna.

Það að sleppa stórlaxi, og helst smálaxi líka, á ekkert skylt við kynbætur. Ef mönnum væri virkilega alvara myndu þeir krefjast þess að allur smálax yrði drepinn með öllum ráðum svo hann tímgaðist ekki og næði að koma sínum eiginleikum áfram til seiðanna. Önnur nálgun er ekki í samræmi við þekkta erfðafræði. Í kynbótum er notað 1% af þeim æskilegu til áframeldis, restinni er slátrað.

**2. Stórlax, smálax og erfðafræði**

Ráðlegging fræðimanna ríkisins var að sleppa skyldi öllum stórlaxi. Fullyrtu þeir að það myndi leiða til aukningar stórra laxa, sem dvalið hefði 2 ár í sjó og sögðu að sá eiginleiki væri erfðabundinn og nýlega hnykktu þeir á því og sögðu að eiginleikinn stjórnaðist af einu geni, sem hefði mismunandi áhrif á hænga og hrygnur. Þess vegna væri meirihluti stórlaxa hrygnur.

Stórlöxum fækkar snögglega í veiði um 1980. Það er of stuttur tími til þess að það geti stafað af erfðabreytingu og verður að leita annarra skýringa, sem enn eru ófundnar. Vitað er að dánartíðni í sjó og almenn vaxtarskilyrði hafa áhrif þannig að ef lífslíkur versna þá verður laxinn fyrr heim, hlutfall smálaxa vex. Fjöldi veiddra smálaxa nú er svipaður og hann var 1995 þrátt fyrir að stórlaxar fá meira tækifæri til að tvíveiðast því þeim er öllum sleppt. Sleppingar stórlaxa virðast ekki hafa tilætluð áhrif svo segja má að afar lítill, ef nokkur, árangur hefur orðið af þessum „kynbótum“.

**3. Er þörf á aukinni hrygningu?**

Þetta er lykilspurning sem svara þarf. Þarf að stækka hrygningarstofninn og er það af hinu góða?

Fyrsta spurning sem þarf að svara er hvort vanti seiði. Seiðafjöldi er metinn þannig að tekin eru sýni með sk. rafveiðum, sem byggist á að seiðin eru lömuð tímabundið með rafmagni og háfuð upp.

Til eru samfelldar mælingar á þéttleika (fjölda á flatareiningu) seiða af hinum ýmsu árgöngum og stærð þeirra að hausti í mörgum ám landsins og ná oft yfir 20–30 ára tímabil. Hvaða upplýsingar er þar að finna?

## Samantekt

Veiða – sleppa er engin ræktunaraðgerð, ekki er hægt að geyma laxinn milli ára vegna þess að að meðaltali ganga einungis 5% aftur upp í árnar og eru þá jafn þungir og þeir voru árið áður. Þrátt fyrir miklar deilur um þetta fyrirkomulag hefur mér vitanlega ekki verið gerð fagleg úttekt á árangri sleppinga laxa. Þessi yfirferð mín á gömlum og nýjum gögnun bendir til þess að „Veiða – sleppa“ fyrirkomulagið hafi neikvæð áhrif á seiðaframleiðslu ánna og áreiðanleika veiðigagna.

Rýni gagnanna sýnir að seiði sem klekjast á vorin ná um 4 cm lengd að hausti, eins árs seiði eru 6–7 cm að hausti og 2 ára seiði eru 8–9 cm. Skiptir þé ekki máli á hvaða landsvæði árnar eru. Sem dæmi má nefna Þverá í Borgarfirði. Þar hefur miklum hluta veiddra laxa verið sleppt og þéttleiki allra árganga verið að aukast frá 2010 en á sama tíma fór að draga úr vexti árganganna. Með auknum fjölda seiða dregur úr vexti þeirra vegna samkeppni um takmarkaða fæðu og framleiðsla árinnar dregst saman. Þarna er kominn enn einn þáttur sem getur dregið úr laxagengd, nokkuð sem er þvert á ætlan forgangsmannanna.

**4. Rannsóknir og tilraunir í Leirvogsá**

Mínar rannsóknir í Leirvogsá sýna að seiði ársins á fiskgenga hluta árinnar vaxa ekkert frá enduðum ágúst fram til loka maí árið eftir. Væntanlega vegna þess að þegar líður að hausti er allur matur upp étinn. Afföll að vetri eru gríðarleg því seiðin eru illa undirbúin fyrir veturinn. Rafveiðar í júní sl. sýndu að afföll seiða sem í fyrra voru sumrungar (0 +, klak sumarsins) og eru núna ársgömul voru gríðarleg fyrir neðan Tröllafoss, þar sem hrygning var í yfirmagni, en ofan fossins, þar sem hrygningarstofn var hæfilegur, voru afföll miklu minni og þar voru mun fleiri ársgömul seiði á flatareiningu ári seinna en neðan Tröllafoss, þó þar hafi verið margfalt fleiri og smærri seiði haustið áður.

*Vöxtur seiða í Leirvogsá*

Svæðið fyrir ofan Tröllafoss er ófiskgengt, en þar hefur verið sleppt hrygningalaxi í þéttleika 2-3 hrygnur/km.

Fyrir neðan fossinn er þéttleikinn mun meiri, 15-20 hrygnur/km. Vöxtur ofan Trölla er miklu betri. Neðan Tröllafoss voru 0 + seiðin 3,6 cm að lengd í lok september 2022 en í maí 2023 voru þau 4,1 cm, en ofan við fossinn 5,3 cm að meðaltali. Þyngdarmunurinn er um þrefaldur.

Verkefnið heldur áfram og betur verður fylgst með vexti, útbreiðslu og þéttleika. Haustið 2022 var sleppt 11 hrygnum og 14 hængum á svæðið. Veiðireglur hafa verið rýmkaðar, frá flugu eingöngu og sleppa öllu í að leyfa maðk og afnema sleppiskyldu.

**5. Eykst veiði í ánum vegna sleppinga?**

Ekki er hlaupið að því að fá gögn um það en sjálfur stundaði ég merkingar á laxi í Haffjarðará árin 1999–2013. Laxar voru merktir snemma á veiðitímabilinu og endurheimtur þeirra skráðar.

Alls voru 1.115 laxar merktir, 166 veiddust aftur og meðal endurheimtur því 15%, en það er auðvitað lágmarks áætlun því menn taka ekki alltaf eftir merkjum. Mesta endurheimtan var 2003, eða 30%. Ljóst er að tvíveiðar á fiski geta hækkað veiðitölur talsvert.

*Jón Kristjánsson, fiskifræðingur.*

Bændablaðið kemur næst 14. desember

# Kræklinga- og fiskeldis-tilraunir í Eyjafirði

**Fyrir nokkrum misserum birtist grein í Bændablaðinu sem hét „Fiskeldi í Eyjafirði, af því bara“.** Þar er tæpt á rannsóknum varðandi sjávarhita, sjávarstrauma og annarra umhverfisþátta. Öll var þessi grein fróðleg og upplýsandi á margan hátt. Til dæmis hefur sjávarhiti bæði að sumri og vetri hækkað nokkuð sl. þrjátíu ár. Áður voru vetur algengir með lagís og jafnvel hafís. Í áðurnefndri grein var hins vegar lítið eða ekkert minnst á það tilraunaeldi sem hefur verið reynt í Eyjafirði á undanförnum þremur til fjórum áratugum. Laxeldi hefur verið reynt í kvíum þ. e. netpokum á Svalbarðsvík, Ystuvík og Rauðuvík og við Böggvistaðasand. Áframeldi á bolfiski, aðallega þorski, hefur verið reynt við Hrísey, Skjaldarvík, á Svalbarðsvík og við Þórsnes. Auk þessarar upptalningar voru úthlutuð leyfi fyrir fleiri eldisstaði, sem ekki voru notuð.



Hilmar Stefánsson.

Þá var stunduð kræklingarækt í firðinum í allmörg ár. Hún var þannig að lagðar voru út línur með flotum til að halda uppi skelinni sem festir sig á þar til gerða tauma sem hanga niður úr línunum. Þessar línur geta verið nokkuð langar, hálfur til einn kílómetri, þannig að sjávarstraumar geta slitið þær þegar mikil skel og þari er komin á taumana. Þetta þarf því mikið eftirlit og umhirðu, ekki síður en sjókvíar, ef ekki á illa að fara. Kræklingalínur voru lagðar út á Reitisvík, við Hrísey, á Arnarnesvík, á Dagverðarvík, á Skjaldarvík og á Garðsvík. Þessi starfsemi, fiskeldi í opnum kvíum og kræklingarækt er nú fyrir allmörgum árum öll aflögð, ýmist orðið gjaldþrota eða hætt af öðrum orsökum. Kvíarnar með netpokunum voru fjarlægðar, en nánast allt annað skilið eftir í sjónum, belgir, færi og festingar við botn. Botnfestingar voru steyptir kubbar, stór akkeri eða toghlerar. Á kræklingalínurnar festist skel og þari sem dró þetta undir yfirborð. Þá kom brim sem sleit skelina af og allt flaut upp aftur og svo koll af kolli þangað til brimið sleit færin og línurnar. Þetta rusl endar svo venjulega uppi í fjöru.

> Þessi umgengni um fjörðinn er með öllu óásættanleg og þeim til skammar sem þessa iðju hafa stundað. Eftirlit með þessari starfsemi hefur ekki komið í veg fyrir að svona fór og þessir hlutir eru enn í ólagi ...“

Mörg óhöpp hafa orðið vegna þessara spotta og kaðla, skip og bátar hafa fengið þetta drasl í skrúfur og brotið gíra og drif og endalaust er verið að festa í þessu fiskilínur og handfæraslóða, því þetta lítur út eins og fiskitorfa á dýptarmæli. Mikil mildi er að ekki hefur orðið slys á fólki því alltaf skapast slysahætta þegar veiðarfæri festast og þarf að slíta þau upp. Öll þessi svæði sem tekin voru undir þessa starfsemi eru sérstaklega varasöm frístundasiglurum, en eru betur kunnug þeim sem róa að staðaldri í fjörðinn. Þessi svæði eru aðallega meðfram ströndum á 5 til 20 faðma dýpi á fyrrnefndum svæðum en ná mest út á 35 faðma, við þorskeldið sem var á Skjaldarvík.

Í mars 2015 þegar sjómönnum þótti í óefni komið, var ég er þetta ritar beðinn að fara með fréttamann og kvikmyndatökumann út á fjörð til að skoða ástandið. Var þetta gert landsmönnum kunnugt í sjónvarpi og útvarpi. Þá komst hreyfing á málið, Brim fiskeldi lýsti sig gjaldþrota nokkrum dögum seinna og Matvælastofnun veitti litla peningaupphæð til að taka upp kræklingalínur. Útgerð Árna Halldórssonar tók upp 11 tonn af kræklingalínum. Náðist þó ekki allt sem flaut ofansjávar, og mikið af þessu var þá slitið og sokkið vegna þess að eftirlit var löngu hætt.

Þessi umgengni um fjörðinn er með öllu óásættanleg og þeim til skammar sem þessa iðju hafa stundað. Eftirlit með þessari starfsemi hefur ekki komið í veg fyrir að svona fór og þessir hlutir eru enn í ólagi.

Þessar tilraunir allar eru ein sorgarsaga þegar litið er á viðskilnaðinn við eldissvæðin. Þetta sér enginn og þetta vita einungis sjómenn sem róa að staðaldri í fjörðinn og þeir sem fyrir þessari starfsemi stóðu á sínum tíma. Það er því sanngjörn krafa allra hugsandi náttúruunnenda að þetta verði hreinsað upp úr firðinum.

Smábátar róa mikið í fjörðinn og þegar ekki er fært út fyrir land vegna veðurs er fjörðurinn mikilvægt veiðisvæði smábáta. Mikil hvalaskoðun er í firðinum, 10 til 15 bátar róa með erlenda ferðamenn flesta daga, stóran hluta ársins. Sá er þetta ritar hefur róið í fjörðinn í 45 ár og séð þetta allt gerast.

*Hilmar Stefánsson,*
*Akureyri.*


Verslunin Made in Ísland óskar eftir vörum í verslun sína á Selfossi.

Allt kemur til greina, matur og handverk, eina skilyrðið er að varan sé íslensk hönnun og framleidd á Íslandi.

*Nánari upplýsingar í síma 770-6268 eða atli@madeinisland.is*

MATUR & LIST FOOD & ART Made In ÍSLAND




Símenntun á Vesturlandi simenntun@simenntun.is - S:437 2390 - www.simenntun.is

**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík



LR Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

VARAHLUTIR Í KERRUR



KNOTT
AL-KO QUALITY FOR LIFE
DEXTER

Bílabúðin Stál og stansar

Framúrskarandi fyrirtæki 2012–2022

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is

Músa- og kakkalakkafælur SEM VIRKA

Evrópsk framleiðsla



...fæst í öllum betri landbúnaðarverslunum

radarcan®

LÍFRÆNT ÍSLAND




Íslenski hópurinn kom reynslunni ríkari af ráðstefnunni Nordic Organic Fair sem haldin var í Malmö í nóvember. Myndir / Aðsendar

# Stórefla norrænt samstarf

**Lífrænt Ísland tók í fyrsta sinn þátt í norræna sýningar- og ráðstefnuviðburðinum Nordic Organic Fair í Malmö í Svíþjóð, dagana 15.–16. nóvember síðastliðinn.**



Erla Hjördís Gunnarsdóttir.

Á bás íslenska hópsins var fjölbreytni lífrænt vottaðra vara sem framleiddar eru hérlendis gerð góð skil og voru fjölmargir sýningargesta sem lögðu leið sína á básinn til að skoða vöruframboðið og taka samtalið. Ljóst var að mikill áhugi var meðal gesta á því starfi sem unnið er hér heima.

Nordic Organic Fair er beint að framleiðendum, söluaðilum, frumkvöðlum og fleirum innan lífrænnar ræktunar og þeim sem framleiða vörur með sjálfbærni að leiðarljósi. Sýningunni er skipt upp í tvö aðskilin rými, annars vegar fyrir matvörur og hins vegar fyrir snyrtivörur. Í matvöruhlutanum var sérstakt rými með sýnishornum fyrir grænmetisætur og einnig sérsvæði fyrir frumkvöðla. Um 500 fyrirtæki taka þátt víðs vegar að úr heiminum og hlaupa vörutegundirnar sem kynntar eru á þúsundum báða dagana. Þar fyrir utan var þétt ráðstefnudagskrá í snyrtivöruhluta sýningarinnar en einnig í matvöruhluta hennar á aðalsviðinu. Einnig var vinnustofa fyrir frumkvöðla og veitt sérstök nýsköpunarverðlaun á sýningunni.

Dagskrá sýningarinnar hófst á pallborðsumræðum fulltrúa allra Norðurlandanna, sem IFOAM (Alþjóðasamband lífrænna landbúnaðarhreyfinga) stóð fyrir. Eygló Björk Ólafsdóttir, formaður VOR, var fulltrúi Íslands. Þar kom meðal annars fram að þrátt fyrir að lífrænar vörur hafi átt undir högg að sækja undanfarin misseri vegna efnahagsástands í heiminum þá sé sala þeirra aftur á uppleið og sé það ekki síst vitund neytenda að þakka. Krafa fólks sé almennt að geta neytt heilnæmra matvara, þar sem dýravelferð, sjálfbærni og virðing fyrir umhverfinu sé höfð að leiðarljósi. Einnig voru fulltrúar Norðurlandanna sammála um að fyrir lífræna geirann sé mikilvægt að hafa öfluga málsvara og djarfa stjórnmálamenn sem setji sér ákveðna sýn og stefnu fyrir málaflokkinn. Með öðrum orðum, mikilvægt sé fyrir lífræna geirann að hafa alltaf rödd úti í samfélaginu.

Þar að auki voru fyrirlestrar um kolefnisspor í lífrænni ræktun sem er í langflestum tilfellum minna en í hefðbundnum landbúnaði. Fulltrúi frá Euromonitor fjallaði um nýjar leiðir í átt að árangri sem vakti mikla athygli gesta og farið var yfir hvaða vörur munu njóta mestra vinsælda árið 2024.




Á bás íslenska hópsins var fjölbreytni vottaðra vara sem framleiddar eru hérlendis.

Þar að auki áttu fulltrúar frá Austurríki sviðið á einum fyrirlestri þar sem farið var yfir stöðu mála þar í landi frá víðu sjónarhorni og markaðsaðstæður í Kína voru kynntar á ráðstefnunni. Framtíð matvæla, heilsa fólks og málefni jarðarinnar voru einnig mikilvæg umræðuefni.

Í snyrtivöruhluta sýningarinnar voru ekki síður áhugaverð erindi þar sem meðal annars var farið yfir hagkerfi snyrtivöruheimsins og möguleika lífrænna snyrtivara inn á þá markaði. Hvaða þýðingu vottanir hafa í þessum flokki ásamt ábyrgð framleiðenda í þeim efnum. Einnig var komið inn á sjálfbærnistefnur og nýsköpun innan snyrtivörugeirans ásamt því að farið var yfir hvernig best sé að miðla náttúrulegri og lífrænni fegurð rétt til neytenda.

Það er óhætt að segja að íslenski hópurinn sé reynslunni ríkari eftir ferðina og uppfullur fróðleiks á mörgum sviðum. Nýjar tengingar sköpuðust dagana tvo, bæði við aðila frá Norðurlöndunum og frá fleiri löndum en óhætt er að fullyrða að sýningin sé alþjóðleg þar sem fulltrúar frá yfir 40 löndum voru á staðnum. Sérstaklega ánægjulegt var að kynnast nýju fagfólki á Norðurlöndunum og stórefla tengslin því það er æði margt sem við getum lært og heimfært upp á okkur í því starfi sem þar er unnið. Það var einnig mjög hvetjandi að sjá og finna alla þá grósku sem er í lífræna geiranum um heim allan, bæði hjá rótgrónum fyrirtækjum en einnig hjá frumkvöðlum sem eru óþreytandi að finna upp nýjar vörur og nýta hráefni sem annars væri hent. Það er ljóst að gróskan er mikil og vaxandi sem veitti okkur í íslenska hópnum byr undir báða vængi í þeirri trú að lífrænt er svo sannarlega framtíðin.

Sýningin fer fram í Stokkhólmi á næsta ári, dagana 9.–10. október.

*Erla Hjördís Gunnarsdóttir,*
*verkefnastjóri Lífræns Íslands.*

LESENDARÝNI

# Smáframleiðendur skipta máli

**Meginmarkmið Samtaka smáframleiðenda matvæla (SSFM) er að vinna að hagsmunamálum smáframleiðenda matvæla á öllum sviðum, vera málsvari þeirra og stuðla að framförum í málefnum sem þá varða.**



Oddný Anna Björnsdóttir.

Tilgangur Samtaka smáframleiðenda matvæla er að stuðla að öflugra samstarfi og auknum samtakamætti smáframleiðenda matvæla um land allt.

Beint frá býli er aðildarfélag SSFM sem hvetur til heimavinnslu og sölu beint frá bændum og vinnur að hagsmunamálum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hvers konar framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum. Félagið hvetur til varðveislu hefðbundinna framleiðsluaðferða og til kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð.

Smáframleiðendur matvæla eru matarfrumkvöðlar og sem slíkir lykill að kraftmikilli nýsköpun hér á landi, fjölbreyttara úrvali matvæla, aukinni sjálfbærni og minna kolefnisspori. Þeir nýta að stærstum hluta innlend hráefni, gjarnan svokölluð vannýtt hráefni og stuðla þannig að fullnýtingu og auknu virði afurða. Þeir fjölga atvinnutækifærum og stuðla að byggðafestu um land allt. Þeir mynda jafnan sterkari tengingu milli neytenda og framleiðenda og auka samtalið. Því má halda því fram að það sé samfélagslega ábyrgt að kaupa vörur af smáframleiðendum.

*Styðjum smáframleiðendur*

Eftirspurn þarf að vera til staðar svo matarfrumkvöðlar nái árangri. Þar spilar hinn almenni neytandi, innkaupastjórar verslana, mötuneyta og hins opinbera og ekki síst matreiðslumenn, lykilhlutverk. Jólin nálgast og eru vörur smáframleiðenda fullkomnar í jólapakkana og á jólaborðið, en þær má nálgast á matarmörkuðum, í matvöru- og ferðamannaverslunum og beint frá framleiðendum.

Reynsla okkar sem vinnum með smáframleiðendum er að eftirspurnin er oft og tíðum meiri en framboðið, því vörurnar eru einstakar, oft svokallað matarhandverk og framleiðslugetan takmörkuð. Til að geta framleitt meira þarf að skala starfsemina upp sem gjörbreytir eðli rekstrarins sem ekki allir eru tilbúnir í. Sumir ákveða að vera áfram litlir, aðrir selja stærri fyrirtækjum hugmyndina og/eða reksturinn og svo tekur hluti þeirra stóra skrefið og skalar upp.

*Hverjir eru þessir smáframleiðendur?*

Í SSFM/BFB eru í dag 207 fyrirtæki. Þrír fjórðu eru á landsbyggðinni og fjórðungur á höfuðborgarsvæðinu. Rúmur helmingur er á lögbýlum og fimmtungur í bæjarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins.




Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir og Hörður Guðmundsson, Grímsstaðaketi, á bás SSFM/BFB á Landbúnaðarsýningunni 2022. Mynd / SSFM/BFB

Á hverju ári eru í kringum 10% félagsmanna afskráð, enda SSFM/BFB félög frumkvöðla og nýjar hugmyndir ganga ekki alltaf upp, sumir eru orðir of stórir eða hafa verið keyptir af stærri fyrirtækjum. Félagsmönnum fjölgar þó ár frá ári, því fleiri skrá sig í samtökin en sem nemur þeim sem hætta.

Helmingur fyrirtækjanna er rekinn af báðum kynjum, þriðjungur eingöngu af konu(m) og 15% eingöngu af karli/körlum. Aldursbilið er breitt og má segja að því eldra sem fólk er því líklegra er það til að hefja slíka starfsemi. Rúmur þriðjungur er yfir sextugt og eru 8% 70 ára og eldri. Innan við 4% eru undir þrítugu og 65% á aldrinum 30-59 ára.

*2 milljarðar og 62% aukning milli ára*

Heildarvelta félagsmanna sem hafa hafið starfsemi er rúmir tveir milljarðar, en þess ber að geta að um 10% eru í undirbúningsferli á hverjum tíma. Meðalveltan 2022 var um 11 milljónir og aukning í veltu milli ára hvorki meira né minna en 62%! 65% félagsmanna eru með veltu undir 10 milljónum, 15% á bilinu 10-20 milljónir og 20% yfir 20 milljónum.

*Yfirleitt aukastarf*

Alls 65% félagsmanna eru í fullu starfi með framleiðslunni, enda stórt skref að segja upp sínu fasta starfi og freista þess að lifa af framleiðslunni og stór hluti eru bændur á lögbýlum sem vinna úr eigin afurðum.

Fjórðungur er í framleiðslunni að aðalstarfi. 10% félagsmanna eru á eftirlaunum eða örorkubótum. Tæp 70% félagsmanna eru með eitt eða innan við eitt stöðugildi í framleiðslunni og tæp 30% eru með 2-4 stöðugildi.

Þegar stöðugildin verða fleiri eru fyrirtækin jafnan orðin of stór fyrir samtökin.

*Mikil fjölgun á sl. áratug*

Tæpur helmingur félagsmanna hóf starfsemi á árunum 2020-2023 og 27% á árunum 2015-2019 sem þýðir að þrír fjórðu félagsmanna hóf starfsemi á sl. áratug. Rúm 20% hóf starfsemi á árunum 2005-2014 og innan við 5% fyrir 2005. Það segir okkur að áhugi og hvati til að fara út í eigin matvælaframleiðslu hefur aukist verulega. Breytingar á regluverki, aukin þjónusta eins og vörusmiðjur og tilraunaeldhús og stuðningur af ýmsu tagi eiga sinn þátt í því.

Beint frá býli var stofnað árið 2008 og þá þótti sumum fráleitt að á lögbýlum væru framleidd matvæli í heimavinnslum og er oft vitnað í eftirlitsmanninn sem sagði: „Þetta mun ég aldrei leyfa!“ En barátta frumkvöðla upp úr aldamótum lagði grunninn að því sem við byggjum á í dag, þó margir þeirra hafi gefist upp eða hætt af öðrum ástæðum.

*Regluverkið enn hindrun*

Ef dregið yrði úr óþarfa kröfum, kostnaði og hindrunum sem enn eru til staðar í regluverkinu hér á landi – sem smáframleiðendur undir sama regluverki innan ESB/EES búa ekki við – yrði enn fýsilegra að fara út í nýsköpun á sviði matvæla; bæði hefja starfsemi og útvíkka núverandi starfsemi. Það er þyngra en tárum taki að óþarfa vinna, tafir og kostnaður drepi niður ástríðu og framkvæmdagleði og það án þess að stuðla að auknu matvælaöryggi.

Ekki síst er mikilvægt að draga úr ósamræmi í eftirliti sem verður efni næstu greinar.

*Oddný Anna Björnsdóttir,*
*framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli*

Skráið smáauglýsingar
á www.bbl.is

# Gamlir reiðir kallar í landi hinna klikkuðu karlmanna

**„Í landi hinna klikkuðu karlmanna“ er fyrirsögn á grein sem Andri Snær Magnason ritaði í september 2010. Greinin fjallaði um virkjanamál sem eru þessu alls óskyld því sem hér er fjallað um en skilaboðin voru skýr burtséð frá því hvert umfjöllunarefnið var í það skiptið.**



Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir.

Haustið 2010, þegar Andri ritar sinn pistil, voru 3 ár síðan ég hóf störf hjá Bændasamtökum Íslands, þá tiltölulega nýútskrifuð og tiltölulega ungur einstaklingur í starfsumhverfi sem oft og tíðum væri sennilega best lýst sem „Landi hinna klikkuðu karlmanna“. Í það minnsta tengdi ég strax við þessa fyrirsögn og hún hefur lifað góðu lífi með mér síðan og kemur því miður óþægilega oft upp í hugann enn þann dag í dag. Það væri efni í heila bók eða jafnvel ritröð að rekja þá lífsreynslu sem það er að hefja sinn starfsferil „í landi hinna klikkuðu karlmanna“ og hvernig sú vegferð hefur verið. Mögulega verður sú ritröð einhvern tímann fest á blað. Þess skal þó getið að mitt lán í upphafi fólst annars vegar í því að vera alin upp við að hafa trú á sjálfri mér og hins vegar í að fá Magnús B. Jónsson sem starfsfélaga, sem frá fyrsta degi okkar samstarfs kom fram við mig sem jafningja og hafði einstakt lag á því að styðja og styrkja ungan einstakling sem var að hefja sinn starfsferil. Eitthvað sem mér fannst þá í raun alveg sjálfsagt en ég lærði síðar að var sorglega sjaldgæfur eiginleiki í þessu starfsumhverfi þar sem oftar en ekki var krafist skilyrðislausrar hlýðni og tilbeiðslu fyrir „sér eldra og reyndara fólki“. Hjá þessu „eldra og reyndara fólki“ er virðing ekki áunnin, hennar er krafist án skilyrða, án gagnrýni og án þess að endilega sé innistæða fyrir henni. Víkur þá sögunni að „gömlum reiðum köllum“.

„Gamlir reiðir kallar“ hafa verið fastur liður í mínum daglegu störfum síðastliðin 16 ár. „Gamlir reiðir kallar“ sem telja sig ekki njóta tilhlýðilegrar virðingar. „Gamlir reiðir kallar“ sem ekki þola gagnrýni. „Gamlir reiðir kallar“ sem telja að þeir eigi rétt á einhverju einfaldlega vegna þess að þeir eru þarna og gera okkur hinum þann greiða að draga andann í sama umhverfi og við. „Gamlir reiðir kallar“ sem öskra á mann þegar ekki er farið að þeirra vilja. „Gamlir reiðir kallar“ sem ég hef raunverulega staðið frammi fyrir og velt því fyrir mér hvort þeir myndu ráðast á mig af því þeir fengu ekki sínu framgengt.

Þessir „gömlu reiðu kallar“ þola ekki nýja þekkingu sem ekki hefur verið borin undir þá til samþykkis. „Gamlir reiðir kallar“ sem í þessari aðstöðu grípa til þess ráðs að beina athyglinni frá eigin vanþekkingu og vangetu með því að gera lítið úr þekkingu og vinnu annarra. Þetta má reyndar kalla nokkurs konar þjóðaríþrótt meðal ákveðinnar kynslóðar í mínu starfsumhverfi. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort þessi aðferðafræði hafi verið sérstaklega kennd í búvísindanámi fortíðarinnar.

> Þar sem einstakar persónur og leikendur eru krýndir sem óskeikulir frelsarar sem ekki má gagnrýna og þeim sem dirfast að gera slíkt er útskúfað ...“

Ég hóf þennan pistil á tilvitnun í fyrirsögnina „Í landi hinna klikkuðu karlmanna“ og hefur verið tíðrætt um „gamla reiða kalla“. Það er rétt að taka það fram að „klikkaðir kallar“ í þessu samhengi hefur ekkert að gera með geðheilsu karla eða nokkurra annarra og „gamlir reiðir kallar“ er heldur ekki alhæfing varðandi aldur og kyn. Hér er verið að vísa til ákveðinnar firringar og óheilbrigðrar menningar í umhverfi þar sem karlar hafa alla jafna verið í aðalhlutverki. Þar sem samtryggingin, sjálfsupphafningin og veruleikafirringin er í fyrirrúmi á kostnað vísinda, þekkingar og almennrar skynsemi. Þar sem búið er að skapa andrúmsloft sem hvetur til meðvirkni en letur til gagnrýninnar hugsunar. Þar sem einstakar persónur og leikendur eru krýndir sem óskeikulir frelsarar sem ekki má gagnrýna og þeim sem dirfast að gera slíkt er útskúfað. Messíasarheilkennið er lífseigt enn þann dag í dag.

Nú er það þannig að nú eru liðin 16 ár frá því að ég hóf störf en „gömlu reiðu kallarnir“ eru enn á ferð. Það sem verra er þá finnast meðreiðarsveinar „gömlu reiðu kallanna“ enn þá þarna úti. Samtryggingin lifir enn þá góðu lífi, ég klappa þér og þú klappar mér og það er þægilegast að rugga ekki bátnum. Það er jú vissulega einfaldara að halda „gömlu reiðu köllunum“ bara góðum frekar en að taka slaginn. Persónulega þykir mér það hins vegar miður að enn þann dag í dag þarf ungt og efnilegt fagfólk sem hefur metnað til að vinna af fagmennsku innan landbúnaðarins að takast á við umhverfi þar sem þekking, fagmennska og vísindi virðast engu skipta hjá „gömlum reiðum köllum“ í „Landi hinna klikkuðu karlmanna“.

*Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir,*
*erfða og kynbótafræðingur,*
*f.v landsráðunautur í nautgriparækt,*
*f.v fagstjóri búfjárræktar hjá RML,*
*n.v. verkefnastjóri Þróunar og verkefnastofu hjá RML.*















VÉLABÁSINN

# Kona í fremstu röð

## – Prufuakstur á Hyundai Kona Electric

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Bændablaðið fékk til prufu nýjustu útgáfu af rafmagnsbílnum Hyundai Kona í Style útfærslu, sem er næstdýrasta týpan.**

Þetta er fólksbíll í meðalstærð og er á margan hátt eins og smækkuð útgáfa af Hyundai Ioniq 5, sem er afbragðsgóð bifreið. Þessi bíll tekur við af fyrstu útgáfu Hyundai Kona, sem var á tímabili einn mest seldi rafmagnsbíll landsins.

Ytra útlit bílsins er með því nútímalegasta sem gerist. Hyundai hefur tekist að gera „speisaðan“ bíl sem er ekki furðulegur og fráhrindandi. Nýi bíllinn er mun áhugaverðari á að líta en forverinn, en að þeim bíl ólöstuðum, þá var hann nokkuð lúðalegur. Mest áberandi eru framljósin, sem eru mjó lína sem nær þvert yfir fremsta hluta húddsins. Afturljósin eru jafnframt grönn lína sem nær þvert yfir skottlokið og til hliðanna. Þegar stigið er um borð tekur á móti manni innrétting sem ber merki um mikil gæði en engan óþarfa lúxus. Allt er af misdökkum gráum tónum, með áhugaverðri áferð á sumum stöðum, eins og plastlista sem lítur út eins og burstað stál. Það er nóg af geymsluplássi hér og þar, til að mynda stórir hurðavasar og myndarlegt hanskahólf.

Þá er geymsluplássið milli sætanna sérstaklega nytsamlegt. Þetta er stór bakki með tveimur glasahöldurum, sem er auðvelt að færa til hliðar, sem gerir hirsluna það víðáttumikla að hægt er að koma fyrir hálffullum innkaupapoka.

### *Panorama-skjár*

Margmiðlunarskjárinn sem Hyundai býður er með þeim betri. Stýrikerfið er einfalt og fljótvirkt og er skjárinn breiður og langur (panorama), sem getur sýnt tvær til þrjár valmyndir samtímis. Notandinn getur stillt uppsetninguna eftir eigin höfði. Helstu skipunum fyrir miðstöð og útvarp er stjórnað með tökkum.

Fljótlegt er að tengja símann með Bluetooth. Bíllinn er með möguleika á Android Auto og Apple CarPlay, en þá þarf síminn að ná sambandi með snúru. Þegar kemur að því að hlusta á tónlist, hvort heldur sem er í útvarpinu eða Spotify, þá er hljóðkerfið undursamlegt. Hyundai er ekkert að grobba sig af því að hafa útbúið bílinn með Bose hátölurum, því merkið sést aðeins á tveimur mjög óáberandi stöðum. Hljóðgæðin ein og sér eru fullnægjandi ástæða til að fara á rúntinn.




Hyundai Kona er einn af vönduðustu rafmagnsbílunum á markaðinum. Útlitið er nútímalegt og smekklegt og er upplifunin af akstrinum í flestum tilfellum ánægjuleg. Myndir / ÁL




Afturljósin eru afgerandi og gefa sterkan svip.



Innréttingin er vönduð og með allt sem þarf.



Aftursætin rúma fullorðna.



Skottið er með hæðarstillanlegu gólfi sem eykur nytsemi þess.

### *Pláss fyrir fólk og farangur*

Í Style útgáfunni eru sætin klædd með vönduðu tauáklæði. Þau eru mjúk og vel formuð með fjöldann allan af stillingum sem stjórnað er með rafmagni. Það er til að mynda stillanlegur mjóbaksstuðningur og halli á sessunni. Sætið fer mjög langt aftur, en það eru pínu vonbrigði að aðdrátturinn í stýrinu er heldur takmarkaður – sem er í stíl við Hyundai Ioniq 5. Hávaxnir ökumenn þurfa því að velja á milli þess að rétta úr fótunum eða teygja sig óralangt í stýrið.

Öll fimm sætin eru rúmgóð á alla vegu og geta fullorðnir einstaklingar vel við unað í aftursætunum. Þar eru jafnframt Isofix festingar fyrir barnabílstóla. Skottið er prýðilega rúmgott og nytsamlegt. Fljótlegt er að stilla hæðina á gólfinu, ýmist til að fá sem mest rúmmál, eða til að skotthlerinn flútti við gólfið í efri stöðunni. Síðarnefnda stillingin býður upp á að hafa lítið geymslupláss undir gólfinu, sem er mátulegt fyrir hleðslukapla og fjölnota innkaupapoka.

### *Mikil hljóðeinangrun*

Akstur bílsins er áreynslulaus. Hann er lipur og léttur í stýri og fljótur að ná hámarkshraða. Þá er þessi bíll ekki með óhóflega stórar felgur, sem skilar sér í belgmiklum dekkjum sem gera bílinn mýkri og hljóðlátari en ella. Hljóðeinangrunin er því með besta móti og líður maður áfram í þögninni (eða góðri tónlist).

Nokkrar stillingar eru á hversu mikla mótstöðu mótorinn veitir þegar inngjöfinni er sleppt. Í hörðustu stillingunni nemur bíllinn alveg staðar án þess að ýtt sé á bremsufetilinn, sem er sérstaklega þægilegt í borgarakstri.

Hyundai Kona er einungis fáanleg með framhjóladrifi. Það kemur ekki að sök, enda nær bíllinn góðu gripi með spólvörn, stöðugleikastýringu og öðrum tæknibúnaði. Ekki tókst að láta bílinn spóla á malbiki þó blautt væri – þrátt fyrir að mótorinn skili 217 hestöflum. Dekkin missa smá grip ef allt er gefið í botn á malarvegi, en spólvörnin kemur í veg fyrir að bíllinn grafi sig ofan í jörðina.

### *Sparar ekki skammirnar*

Þessi bíll er með býsna fullkomna akstursaðstoð. Ökumaðurinn fær hjálp við að halda sér á miðri akrein og vera í hæfilegri fjarlægð frá bílnum fyrir framan. Þetta minnkar álagið við aksturinn umtalsvert. Það þýðir samt ekki að hægt sé að horfa dreyminn út í bláinn og njóta tónlistarinnar, því bíllinn fylgist með þér. Hann skynjar ef athyglin er ekki á veginum og pípir eftir ákveðinn tíma

Þá leggst illa í bílinn ef ekið er yfir hámarkshraða og fær ökumaðurinn að heyra þrjú píp. Þetta kerfi er nytsamlegt við sumar aðstæður, enda finnst lítið fyrir hraðanum. En þar sem það er ekki alveg nákvæmt og óumburðarlynt, þá er það stundum óþolandi.

Sé ekið á jöfnum hraða á 70 þar sem hámarkshraðinn er 60 þá lætur bíllinn nægja að kvarta einu sinni. Sé hins vegar ekið á 61 eða rétt yfir hámarkshraða þá koma skammirnar með mjög reglulegu millibili.

Svo á bíllinn til að halda að skiltin sem segja að hámarkshraðinn á afreinum sé 50 eigi líka við um stofnbrautina og hikar því ekki við að gefa ökumanninum ákúrur.

Blessunarlega er pípið ekki mjög hvellt og það er hægt að slökkva á því. Það þarf hins vegar að fara í gegnum fimm skref á snertiskjánum í hvert sinn þegar kveikt er á bílnum, því þessi breyting vistast ekki. Þeir sem nenna því eru á grænni grein – fyrir okkur hin spillir þetta upplifuninni af akstrinum.

### *Að lokum*

Bíllinn í þessum prufuakstri kostar 7.390.000 krónur með virðisaukaskatti hjá BL. Rafhlaðan í bílnum er 65 kílóvattstundir og á að skila 517 kílómetra drægni samkvæmt framleiðanda. Eins og alltaf er það óraunhæf tala og má reikna með að komast 400 til 500 kílómetra á fullri hleðslu.

Þessi bíll er gífurlega vandaður og er verðið nokkurn veginn á pari við aðra góða rafmagnsbíla.

Þeir sem hafa kynnst eldri útgáfunni af þessum bíl ættu að finna sína fjöl í þessum og geta auðveldlega réttlætt að skipta út gömlu Konunni fyrir nýja.

SÖFNIN Í LANDINU

## Jóladagatal safnanna:

# Safnasveinn á ferð og flugi

**Síðasta sumar setti Félag íslenskra safna og safnafólks í loftið skemmtilegt verkefni undir yfirskriftinni Söfnum söfnum.**

Á vefsíðunni www.sofn.is getur fólk skráð sig og séð hversu stórt hlutfall safna, setra og sýninga á Íslandi það hefur heimsótt og sett sér markmið um að heimsækja fleiri. Enn er hægt að skrá sig á síðuna, merkja við söfn, setur og sýningar og sjá hvaða söfn er eftir að heimsækja og jafnvel skipuleggja skemmtileg ferðalög innanlands út frá því. Þetta gerði jólaálfurinn Safnasveinn einmitt um daginn og sá sér þá til mikillar skelfingar að hann hefur bara heimsótt örfá söfn á sinni stuttu ævi. Safnasveinn er af kyni hrekkjóttra jólaálfa sem ryðjast inn á heimili fólks í desember, gera þar alls konar óskunda, en yfirleitt er nú markmiðið að gleðja börnin á heimilinu með uppátækjunum.

Þessir jólaálfar eiga rætur í bandarískri barnabók sem kom út árið 2005, en þeir urðu í framhaldinu vinsælir bæði þar í landi og víða í Evrópu og fólk fór að mynda þá við alls konar strákapör. Jólaálfarnir eru kannski ekki óskyldir gömlu íslensku jólasveinunum sem voru einmitt þekktir fyrir ýmiss konar hrekki, ólæti og óspektir.

Í jóladagatali safnanna þetta árið kynnist fólk slíkum jólaálfi, honum Safnasveini, sem hefur ákveðið að safna söfnum í desember. Hann ferðast um landið vítt og breitt og heimsækir söfn. Á hverjum degi fram að jólum birtast myndir af álfinum og uppátækjum hans á nýju safni.

Myndirnar munu birtast á Facebook og Instagram síðu Félags íslenskra safna og safnafólks (www.facebook.com/safnmenn og Safnagrammid) og viljum við bjóða fólki að giska á hvar álfurinn er hverju sinni. Þetta er því skemmtileg þraut fyrir allt safnaáhugafólk, en einnig ný og skemmtileg leið fyrir fólk til að kynnast menningararfinum og skemmta sér yfir uppátækjum álfsins sem kemst örugglega víða í hann krappan í desember.

Við hvetjum ykkur öll til að fylgjast með!

***Dagrún Ósk Jónsdóttir,***
*verkefnisstjóri FÍSOS.*















## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði







MATARKRÓKURINN

# Reykt ýsa

## – Með kartöflum, gufusteiktu pak choi og jafningi með grænum baunum




**Hafliði Halldórsson**
haflidi@icelandiclamb.is




Mynd / Hafliði

**Skammdegið með sínum kulda og myrkri kallar á ögn þyngri mat en annar tími ársins.**

Núna þegar sjálf aðventan er handan við hornið með öllum sínum jólamat, sem oft er saltaður og reyktur, er tilvalið að rifja upp kynnin við reykta ýsu sem er afbragðs matur þegar vel er að verki staðið. Margir fisksalar bjóða reykta ýsu, og stundum má finna hana í stórmörkuðum.

Ýsa er sennilega enn þá vinsælasti fiskurinn á borðum landsmanna, sagan segir að ástæða vinsældanna sé sú að hún var hér á öldum áður eiginlegur meðafli á handfæra- og línuveiðum á árabátum. Þegar þorskur var útflutningsvara flattur og saltaður hafði landinn ekki ráð á því að leggja sér hann til munns heldur borðaði það sem kom á færin með honum, aðallega ýsu, steinbít og tindabikkju.

Ýsa er fínn matfiskur og vinsæl á okkar slóðum beggja megin við Norður-Atlantshafið, mest af henni má finna við strendur Noregs, Íslands og á svæðinu milli Vestur-Grænlands og Norður-Ameríku. Hún er vinsæl djúpsteikt í Bretlandi í „Fish & Chips" og á sér töluverða sögu í eldhúsinu í Nýja-Englandi í norðausturhorni Bandaríkjanna.

Ýsa er mjög laus í sér þegar hún er fullelduð, en þegar hún hefur verið söltuð og reykt heldur hún forminu betur eftir eldun og er auðveldari í meðhöndlun, þ.e. dettur síður í sundur þegar hún er færð úr pottinum á fat og diska. Gamla góða hefðin að gera plokkfisk úr afgangnum er enn í fullu gildi og ef sú leið er valin mæli ég með því að bæta vel af blaðlauk í plokkfiskinn, en blaðlaukur á afskaplega vel við reyktan fisk.

Góður jafningur er tilvalinn með reyktum fiski rétt eins og hangikjötinu, og hér má leika með grænmetið sem er sett út í. Að þessu sinni nota ég frosnar grænar baunir, sem heita reyndar grænar ertur ef réttum tegundaheitum er haldið til haga sem við reynum að gleyma í bili. Þessar grænu baunir eru sko í alvörunni grænar og af þeim er bragð, ólíkt þeim sem má finna í dósum sem njóta enn vinsælda í krafti nostalgíunnar. Ég hvet ykkur til að prófa að skipta yfir! Einn íslenskur grænmetisbóndi ræktar pak choi kál sem er algjört sælgæti og pakkar því þegar það er ungt og tiltölulega smátt. Þetta kál er milt og stökkt, frábært sem einfalt meðlæti með kjöt og fiskréttum, þarf mjög stuttan eldunartíma, mjög þægilegt og fljótlegt.

Veljið helst ýsuflök í stærra lagi, passlega þykk og safarík og persónulega vel ég helst ýsu sem er með léttan reyklit. Stundum er í boði ýsa sem hefur fengið allt of mikinn reyk og hita í reykingunni og verður því miður þurr og óspennandi.

Byrjið á því að gera jafninginn, og endið á því að elda pak choi kálið.

***Jafningur með grænum baunum***
***25 g smjör***
***25 g hveiti***
***450 ml nýmjólk***
***Salt***
***sítrónusafi***
***1 bolli frosnar grænar baunir***

Bræðið smjör í potti og hrærið hveitinu saman við, bætið mjólkinni í skömmtum saman við og pískið vel saman. Sjóðið á hægum hita í 30 mínútur og hrærið reglulega í og passið að brenni ekki. Takið grænar baunir úr frysti og látið þiðna á meðan. Smakkið jafninginn til með salti og sítrónusafa og bætið baununum í rétt áður en þið berið fram. Munið að ýsan er söltuð og takið þess vegna mið af því þegar þið smakkið sósuna til.

***Soðin reykt ýsa og kartöflur***
***800 g reykt ýsa***
***400 g kartöflur***
***1 sítróna í bátum***

Sjóðið kartöflurnar og skrælið. Skerið ýsuna í passlega bita og setjið í pott með köldu vatni, setjið pottinn á miðlungshita og hitið að suðu. Slökkvið strax undir og látið standa í vatninu þar til ýsan er elduð. Ýsa verður fljótt þurr ef hún er ofsoðin svo þið skulið fylgjast vel með. Berið fram með kartöflum, jafningi, gufusteiktu pak choi káli og sítrónubátum.

***Gufusteikt pak choi***
***1 poki íslenskt pak choi kál***
***Matarolía***
***Vatn***
***Salt***
***Sítrónusafi***

Eldið kálið allra síðast þegar allt annað er tilbúið þar sem það tekur bara augnablik. Hitið pönnu með olíu og setjið kálið á, steikið í 10–20 sekúndur og setjið skvettu af vatni á pönnuna. Látið vatnið gufa upp, og um leið sýður kálið. Smakkið til með salti og sítrónusafa, setjið á disk og berið fram.

ERFINGJAR LANDSINS

# Tilvonandi textílhönnuður?

**Hún Aldís Hekla er hress og kát íþróttastelpa sem finnst líka gaman að baka, fara í réttir og fara í FlyOver Iceland.**



**Nafn:** Aldís Hekla Jóhannesdóttir.

**Aldur:** 11 ára.

**Stjörnumerki:** Hrútur.

**Búseta:** Finnastöðum 1.

**Skóli:** Hrafnagilsskóli.

**Skemmtilegast í skólanum:** Textílmennt.

**Áhugamál:** Hestar, skíði, baka og fara í réttir.

**Tómstundaiðkun:** Ég æfi körfubolta, blak og fótbolta.

**Uppáhaldsdýrið:** Hundar.

**Uppáhaldsmatur:** Píta og pítsa.

**Uppáhaldslag:** Mama.

**Uppáhaldslitur:** Hvítur og pastellitir.

**Uppáhaldsmynd:** The Croods: A new age.

**Fyrsta minningin:** Þegar við fluttum á Finnastaði 1.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Fara í FlyOver Iceland.

**Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!**
Hafið samband: **sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 4 | 2 | | | | | 9 |
| | | | 4 | 5 | | | 1 | 2 |
| | 2 | 7 | 3 | | | | | 5 |
| 4 | | 3 | | | | 8 | | |
| | 7 | 8 | | 6 | 4 | 5 | | |
| 6 | | 1 | 7 | 8 | | | | |
| 8 | | | 1 | 7 | 5 | | 9 | |
| | 3 | | | | | 1 | 7 | 6 |
| 7 | | | | | 9 | 4 | 5 | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 8 | | | | 5 | |
| | 3 | | | | | | 6 | |
| | | 5 | 7 | | 4 | 1 | | |
| | | | | | | 3 | | |
| 8 | | | | | | 7 | | |
| | 7 | 1 | | | | 9 | | |
| 7 | 6 | | 3 | | 2 | | | |
| 9 | | | | | 1 | | 3 | |
| | 4 | | | | 9 | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 2 | | | 8 | | 5 |
| | | | | 4 | 5 | | | 7 |
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | | | 7 | | | | | 6 |
| | 3 | | | 6 | 4 | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| | | | | | 7 | | | |
| 7 | 4 | 8 | | 2 | | | 3 | |
| | | 2 | 8 | 3 | | | | 9 |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | 6 | |
| | 4 | 5 | | | | | | 8 |
| | 2 | | | | 9 | | | 7 |
| 7 | | 8 | | 6 | | | 5 | 2 |
| | | | | | 7 | | | |
| | 1 | | | | | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| | | 6 | | | 1 | | | 4 |
| | 5 | 1 | | 4 | | | 3 | |

HANNYRÐAHORNIÐ

# Jólakósí

## – Prjónuð flöskuhulstur úr DROPS Nepal

**DROPS mynstur: ne-132**

**Stærð:** Passar á 0,75 l flösku.

**Garn:** DROPS Nepal fæst hjá Handverkskúnst, www.garn.is
- 100gr af natur, nr 0100.
- 50gr af granatepli, nr 3608

**Prjónar:** nr 5 – eða sú stærð sem þarf til að 17 lykkjur með sléttuprjóni verði 10 cm á breidd.

**Garðaprjón (prjónað í hring):** *1 umf slétt og 1 umf brugðið *, endurtakið frá *-*.

**Mynstur:** Sjá mynsturteikningu A.1 til A.2.




**Mynstur**
- = slétt lykkja
- = brugðin lykkja
- = 2 l slétt saman
- = takið 1 l óprjónaða, prjónið 1 l, steypið óprjónuðu l yfir
- = á milli 2 lykkja er slegið 1 sinni uppá prjóninn
- = setjið 3 lykkjur á hjálparprjón fyrir aftan stykkið, 3 lykkjur sl, 3 lykkjur sl. af hjálparprjóni
- = setjið 3 lykkjur á hjálparprjón fyrir framan stykkið, 3 lykkjur sl, 3 lykkjur sl. af hjálparprjóni




**Flöskuhulstur 1 (granatepli):** Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna. Fitjið upp 36 l á sokkaprjóna nr 5 með granatepli. Prjónið 2 umf GARÐAPRJÓN – sjá útskýringu að ofan. Prjónið nú síðan A.1 2 sinnum á breidd. Þegar A.1 hefur verið prjónað 5 sinnum á hæð eru prjónaðar 4 umf garðaprjón. Stykkið mælist ca 20 cm. Fellið af.

**Flöskuhulstur 2 (natur):** Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna. Fitjið upp 48 l á sokkaprjóna nr 5 með natur. Prjónið 2 umf GARÐAPRJÓN – sjá útskýringu að ofan. Prjónið nú A.2 2 sinnum á breidd. Þegar stykkið mælist ca 22 cm (stillið af eftir 4. umf í A.2) prjónið nú 1 umf br yfir allar l. Næsta umf er prjónuð þannig: * Prjónið 2 l slétt saman, sláið uppá prjóninn *, endurtakið frá *-*. Næsta umf er prjónuð br. Prjónið nú stroff 2 l sl, 2 l br. Þegar stykkið mælist 32 cm fellið af með sl yfir sl og br yfir br.

**Snúra:** Klippið 2 þræði ca 1,5 metra með natur. Tvinnið þræðina saman þar til þeir taka í, leggið snúruna saman tvöfalda og þá tvinnar hún sig aftur saman. Hnýtið hnút á hvorn enda. Þræðið snúruna upp og niður í gataumferðina á hulstrinu og hnýtið slaufu yfir einn kaðalinn.

Þetta er síðasta uppskriftin frá okkur á árinu og viljum við því nýta tækifærið og þakka fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða. Okkar bestu óskir um kósíheit og gleði á aðventunni og yfir jólahátíðina.

*Prjónakveðja*
*Stelpurnar í Handverkskúnst*
*www.garn.is*




# Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi ytra

**Ægissíða 1 L165446, Stekkatún, breyting á landnotkun.**
Rangárþing ytra samþykkti þann 16.8.2023 að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting á landnotkun verður úr núverandi landbúnaðarnotum í verslunar- og þjónustusvæði. Gert er ráð fyrir að settar verði upp allt að 12 plastkúlur til afnota fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi.

**Kafli 2.3.8 – Stakar framkvæmdir. Breyting á aðalskipulagi**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8.11.2023 að gerðar verða nauðsynlegar breytingar á skilmálum varðandi stakar framkvæmdir. Bætt verði við neðangreindum texta í kafla 2.3.8 í greinargerð aðalskipulagsins: Tímabundnar framkvæmdir, eftirlits- og rannsóknarstarfsemi s.s. tilraunaborholur, rannsóknamöstur (allt að 80 m), skoðun jarðefna, tímabundnar vinnubúðir, aðstaða verktaka vegna framkvæmda o.fl.

**Svínhagi SH-18, VÞ25, breyting á texta í greinargerð.**
Rangárþing ytra samþykkti þann 8.11.2023 að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæðið VÞ25 og nær það yfir spilduna SH-16 (L218363).
Með breytingunni verður spildan SH-18 (L218365) hluti af VÞ25 og stækkar það úr 5 ha í rúma 11 ha.
Heimild verður fyrir gistingu fyrir allt að 100 gesti, 50 innan hvorrar lóðar.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum*

**Ægissíða 1 L165446, Stekkatún, Rangárþingi ytra, deiliskipulag (Endurauglýsing)**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 8.11.2023 að auglýsa að nýju tillögu að deiliskipulagi af hluta jarðarinnar Ægissíða 1, L165446. Tillagan tekur til uppbyggingar á ferðaþjónustu þar sem gert er ráð fyrir 12 plastkúlum, þjónustuhúsi og bílastæði.
Tillagan var auglýst frá og með 6.3.2023 til og með 24. maí 2023. Ábendingar bárust og lögð er fram uppfærð tillaga þar sem tekið hefur verið tillit til þeirra. Eftir auglýsingu var ákveðið að stækka umfang minni byggingareitsins og hann færður undir núverandi útihús.
Hér er um endurauglýsingu að ræða vegna tengingar við breytingarinnar á landnotkun í aðalskipulagi sem er í ferli og er hér einnig auglýst.
Þær umsagnir sem bárust við fyrri auglýsingu skuli gilda áfram nema umsagnaraðilar óski annars.

**Hvammur 3, Rangárþingi ytra, deiliskipulag (Endurauglýsing)**
Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 11.10.2023 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir vinnubúðir Landsvirkjunar að Hvammi 3. Breyting á texta um stakar framkvæmdir í greinargerð í aðalskipulagi er hér auglýst samhliða. Vinnubúðirnar munu koma til með að standa á framkvæmdatíma Hvammsvirkjunar. Aðkoman að svæðinu er frá Landvegi 26, um Hvammsveg. Hér er um endurauglýsingu að ræða vegna tengingar við breytingarinnar á landnotkun í aðalskipulagi sem er í ferli og er hér einnig auglýst. Þær umsagnir sem bárust við fyrri auglýsingu skuli gilda áfram nema umsagnaraðilar óski annars.

*Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu, í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is*

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 9. janúar 2024.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is

Har. Birgir Haraldsson
Skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra



Straumerla er flækingsfugl sem berst hingað líklega frá Vestur-Evrópu. Nokkrar þeirra hafa glatt fuglaskoðara núna í nóvember. Hún er náskyld maríuerlu sem við þekkjum svo vel. Hún er svipuð að stærð og maríuerla nema með styttri fætur og lengra stél. Straumerlan hefur síðan þennan áberandi gula lit á neðri hluta búksins eða alveg frá háls/brjósti, niður kvið og síðu alveg aftur að stéli. Þær eru ekki alveg eins félagslyndar við okkur mannfólkið og maríuerlan. Þeir fuglar sem finnast hér geta verið nokkuð styggir. Þær leita helst á staði þar sem er að finna straumvatn með grýttum bökkum eða eyrum þar sem þær leita sér af æti, gjarnar er skógur eða trjálundur í nágrenninu. Þar sem þær verpa gera þær sér hreiður í sprungum eða holum í klettum en einnig er ekki óalgengt að þær verpi í holum eða sprungum í mannvirkjum nærri straumvatni lík brúm eða veggjum.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

## Tíska:

# Vellíðunarstraumar smátitrara

**Einn helsti tjáningarmáti okkar mannkyns, fatnaður, á stóran þátt í því hvernig við förum út í daginn. Hvernig við lítum út hefur áhrif á sjálfstraustið auk þess sem hin ýmsu áreiti hafa áhrif á okkur þá bæði á já- og neikvæðan hátt.**

En hvað ef hægt væri að finna á markaðinum fatnað sem bæri þann kost að geta breytt andlegu ástandi þess sem honum klæddist?

Með þetta í huga hafa vísindamenn nú í nokkur ár verið að þróa fatnað sem ber vinnuheitið *Magic Lining* og lítur allt út fyrir það að með ísaumuðum „smátitrurum" sé hægt að efla skynjun og þá andlega líðan þegar klæði snertir húð. Gerðar voru tvær rannsóknir þar sem þátttakendur fengu að reyna tvær mismunandi frumgerðir fatnaðarins.

### *Rannsókn eitt*

Fyrri rannsóknin bauð þátttakendum upp á að klæðast stakk, þöktum yfir tuttugu smátitrurum sem tengdir voru örstýringarborði Arduino Uno* og tölvu sem keyrir slíkan hugbúnað. Sköpuð voru fjögur mismunandi titringsmynstur, en í þessari fyrstu tilraun voru áhrif titrings könnuð á þrjú mismunandi svæði líkamans: handleegginn, miðju baksins og efra bakið – með tveimur mismunandi titringsmynstrum. Voru þátttakendur beðnir um að lýsa upplifun sinni og skynjun við hverja samsetningu fyrir sig.

Kom í ljós að titringsmynstur sem hófust á miðju bakinu og færðust út á við ollu líðan á borð við slökun, styrk og sjálfstraust auk þess sem margir nefndu að þeim liði eins og líkami þeirra væri gerður úr lofti eða vatni, jafnvel umlukinn öldum.



Uppsett fyrsta tilraun Magic Lining klæðisins.



RS-Computer hlaupaskór níunda áratugarins.



Magic Lining, átthyrningur smátitrara á klæði.

Öldu-upplifunin virtist sterk meðal þeirra sem greindu frá en kom í ljós að þegar titringurinn færðist inn á bakið í stað þess að fara út á við upplifðu viðmælendur sig þunga, stífa og kvíðafulla, í raun ófæra um að hreyfa sig óhindrað.

### *Rannsókn tvö*

Seinni rannsókn *Magic Lining* klæðisins samanstóð af 25 titrurum á filtdúk, raðað í 20 x 20 cm átthyrning sem líktist kóngulóarvef. Með niðurstöður fyrri rannsóknarinnar í huga settu vísindamenn saman svokallað hugtakakort tilfinninga og upplifana auk þess að hanna þrjú ný mismunandi titringsmynstur sem þeir kölluðu vatn, ský og steina - og tvö textílefni. Var áætlað að þeir sem snertu efnin upplifðu tilfinningar á borð við eftirfarandi hugtök innan mynstranna þriggja: **Vatn:** flæði, ölduhreyfingar, lygnt og kalt. **Ský:** létt, mjúkt, hlýtt, notalegt, hægt og rólegt. **Steinar:** kuldi, stífleiki fágun, skarpt og þungt.



Tölvutæku hlaupaskór Puma fást nú endurútgefnir í takt við nýja tíma.

Í þessari síðari rannsókn lagði hver þátttakandi hönd sína á filtdúkinn, upplifði titringsmynstrin þrjú og var niðurstaðan sú að fylgni væri á milli þess sem efnin létu einstaklingunum líða og hugtakanna.

Má segja að þarna sjáist einnig fylgni þeirra ýmsu áreita sem hafa áhrif á okkur í daglegu samhengi og hvernig hægt sé að nýta þau til vellíðanlegra hagsbóta hvers og eins.

### *Tölvutækir hlaupaskór hannaðir árið´86*

En þessi rannsókn er ekki sú eina sinnar tegundar og alls ekki sú fyrsta. Má nefna að stórfyrirtækin Puma og Adidas hafa staðið í slíkri tilraunastarfsemi síðan á níunda áratugnum og til gamans geta þess að um jólaleytið árið 2018 endurútgaf Puma tölvutæku hlaupaskóna sína frá níunda áratugnum.

Árið 1986 kynnti fyrirtæki Puma semsé RS-Computer hlaupaskóna sína, sem bjuggu yfir stafrænum skrefamæli í hælunum og gátu tengst Apple IIe eða Commodore 64 tölvum þeirra sem áttu þvílíkar gersemar.

Endurútgáfa Puma hlaupaskónna felur þó í sér þann munað að þá má hlaða með USB og geta þeir tengst farsímanum í gegnum Bluetooth. Aukið minni, LED ljós og endurhlaðanlegar lithíum rafhlöður fylgja einnig með skónum.

### *Allir í stuði*

Tækni rafvæddrar vefnaðarvöru þróast því og færist sífellt í aukana en það má spyrja sig hvernig veröld það verður ef skapferli okkar og líðan ákvarðast af rafstraumum.

Þó má hugga sig við það að yfir árin hefur raflækning þekkst sem meðferð, gagnleg hinum ýmsu geðsjúkdómum, líkt og smátitrararnir rafhlöðnu, hresst upp á geðið ef vel vill vera. Þá er veikum rafstraumi beint í gegnum höfuðið (sjálfsagt aðeins meira en titringnum sem hleypt er út um örflögur efnastranganna) en sá straumur hefur áhrif á efnaskipti heilans á jákvæðan hátt. Hefur þessari meðferð verið beitt í meira en 70 ár og framkvæmd hennar tekið miklum framförum yfir þann tíma.

Því má nærri geta að velllíðunarstraumar smátitraranna eigi eftir að gleðja okkur mannkynið æ meira eftir því sem árin líða.

Kannski spurning hvort maður hugsi með sér á morgnana í framtíðinni – hmm ... ætti ég að fara í þunglyndisdressið í dag? Eru ekki gleðibuxurnar óhreinar? /SP

**(Arduino Uno er örtölva sem byggir á opnum hugbúnaði og hönnuð til að auðvelda notkun rafeindatækni í ýmiss konar verkefnum.)*




# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is






Dagatal Búsögu 2024. Fallegar myndir af gömlum dráttarvélum og fræðandi texti við allar myndir. Tilvalin tækifæris- eða jólagjöf. upplýsingar í s. 894-9330 eða á netf: busaga@simnet.is



Til sölu íbúðarhús, hesthús og jörð á Norðurlandi vestra. Íbúðarhúsið er tilbúið með húsgögnum, ef fólk vill flytja strax eða leigja út í airbnb. 5 herbergi, stofa, eldhús, bað, kjallari með sána. Bein sala eða skipti á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og fleiri staðir koma til greina. Afhending strax við kaupsamning. Verð kr. 73.900.000. Upplýsingar í emaili: efrithvera@gmail.com



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Efribraut 6, 270 Mos. Opið kl. 13-16.30. S. 894-5111 - www.brimco.is




Slípun ehf. - Þegar millimetrar skipta máli Parketslípun - Steinslípun - Flísalagnir og hvers kyns múrverk. Þjónusta við sumarhúsaeigendur við hvers kyns viðhald. Fagleg og snyrtileg vinnubrögð. Getum bætt við okkur verkum á Suðurlandinu. S. 863-3727 https://www.facebook.com/slipun.is axel@slipun.is




SsangYong Rexton, 4x4, árgerð 2020, beinskiptur. Verð kr. 5.990.000. notadir.benni.is – S. 590-2035.



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.




Óspakseyrargátan. Ný íslensk sakamálasaga eftir Finnboga Hermannsson. Óspakseyrargátan gerist á Vestfjörðum árið 1910 og á sér sviplegan endi eftir löng og þrúgandi réttarhöld, bæði á Ströndum og í Reykhólasveit. Óspakseyrargátan fæst hjá höfundi, póstfang: finnbh@simnet.is s. 861-8993



Nettar fóðurstöðvar með barnalás, afhendum lokaðar með 2 beitukubbum. Henta inn í og undir innréttingar, húsgögn og við vegg. Leiðbeiningar og öryggisblöð fylgja, getum bæði sent og mætt. Vottun og varnir slf. vottunogvarnir@gmail.com. S. 770-8881.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðu verði. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is www.hak.is



Magnaðir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða, nær óbrjótanleg. 900 g að þyngd. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30.



Áramótatilboð á rúlluvögnum. Burðargeta/hlassþyngd 14 tonn. Pallur stærð 2,55 x 10,5 m. Verð áður kr. 3.390.000 m/vsk. Tilboð kr. 3.220.500 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



**2ja manna infrarauður saunaklefi**
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



**Rafmagnspotturinn HYDRO**
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

**GODDI.IS**
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550









## ÚRVAL NOTAÐRA DRÁTTARVÉLA



### VALTRA N103 HI TECH 3

Árg.2018. Flott vél, 111 hestöfl. Notkun aðeins 800 tímar.



### MF6615 DYNA6

Árg.2017. Fullbúin luxus vél, 150/175 hestöfl. Gæða gripur í hvaða verk sem er.



### VALTRA N143 DIRECT

Árg.2016. Kúplingsfrír vendigír og stiglaus skipting. Loadsensing vökvakerfi.



### MF6615 DYNA4

Árg.2016. Öflugur vinnuþjarkur með einfalda uppsetningu, 140/160 hestöfl.



### VALTRA N103 HITEC 5

Árg.2015. Afskaplega sterk og áreiðanleg ámokstursstækjavél, 110 hestöfl.

AFLVÉLAR

Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Möscha sveifludreifistútar fyrir haugsugur og dælutanka, sem bætir köfnunarefnis-nýtingu um 20% í formi stærri mykjudropa, sem er besta og hagkvæmasta lausnin fyrir tún og graslendi. Uppl. í s. 793-0116 og orkutaekni79@gmail.com



2018 Ford S-Max, Titanium velbúinn, krókur, ferðabox, sumar- og vetrardekk. 7 manna, 3 isofix í aftursætum og mjög stórt skott. Beinskiptur, dísel, ekinn 83.000 km. Verð kr. 3.900.000. Jóhannes, s. 698-2663



Til sölu nýr Fassi 255 krani, með 6 í glussa og fjarstýrðar lappir. S. 892-5855



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is hak@hak.is



Til sölu MAN 33-540, 6x6 árg. Árg. 2012, ekinn 265.000 km. Glussakerfi (dælan er á mótor) og mikið af flottum skápum aftan við hús. S. 892-5855



Til sölu Hitachi zx300 árg. 2016 ekin 6.800 tíma. 700 mm spyrnur, 2 skóflur og nýasta topcon GPS-kerfið. S. 892-5855



Álbrautir fyrir kerruna. Parið frá 400 kg í burðargetu og allt að 4.060 kg. Ýmsar lengdir. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mosf. s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30 www.brimco.is



Til sölu Glimakra vefstóll í fullkomnu lagi. Allir aukahlutir fylgja og tvær skutlur. Vefbreidd allt að 1 metra. Verð kr. 70.000 eða tilboð. Upplýsingar gefa Ólöf Helga og Hjalti í s. 690-4870 og á netfangi: hjaltiha@gmail.com




Díselhitari 5kw 12, 24 og 220 volt. Öll þjónusta Verð kr. 58.900. Orkubóndinn. is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185



Ford F-350 Lariat, Keyrður 182.000 km. 6.0 l Super Duty. Upplýsingar í s. 862-5500 Jóhann. Verð - tilboð.



Til sölu notaður Optimal fjölplógur. 280 cm heildarbreidd. Verðtilboð. Nánari upplýsingar í s. 899-0011, Davíð.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Toyota LandCrusier 120, sjálfskiptur, árgerð 2007, ekinn 279.000 km. Ný nagladekk og sumardekk á felgum. Einn eigandi. Verð kr. 2.800.000. Kerra með 750 kg burðargetu, lengd 180 cm, breidd 120 cm, dýpt 53 cm. Lítið notuð. Verð kr. 200.000. Upplýsingar í s. 897-4821






Ford Kuga Vignale árg. 2017, ekinn 84.000 km. Dísel, sjálfskiptur, vel útbúinn, einn eigandi. Sumardekk og vetrardekk á nöglum. Verð kr. 3.550.000. Nánari upplýsingar í s. 892-2078 eða bilahollin.is



Til sölu húseiningar. 290 fermetra hús sem hefur verið tekið niður. Vegg og þakeiningar, gluggastykki og 2 fellihurðir (önnur með mótor). Upplýsingar: Björgvin s. 852-3434 eða Hörður s. 894-2873.



Mitsubishi Outlander instyle PHEV Plug-in Hybrid 4×4 árg. 2018 til sölu. Ekinn 71.000 km. Sumar- og nagladekk. Verð kr. 3.800.000.- S. 844-6027 Netfang. ingaragn@internet.is



Áramótatilboð á brettagöflum með glussafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð áður kr. 263.000 m/vsk. Tilboð kr. 249.850 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is




SsangYong Korando DLX, 4x4, árgerð 2017, sjálfskiptur, ekinn 88.000 km. Verð kr. 2.290.000 notadir.bennis.is – S. 590-2035



Áramótatilboð á faðmgreipum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð áður kr. 235.000 m/vsk. Tilboð kr. 211.500 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð: L. 100 cm x b. 50 cm x h. 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta 10 tonn. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð reiknast á fermetra. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Nánari upplýsingar og tilboð í S. 892-0808- Oliver.



Áramótatilboð á stórbaggagreipum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð áður kr. 343.000 með vsk. Tilboð kr. 325.850 með vsk. H. Hauksson ehf. | www.hhauksson.is | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta: 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Áramótatilboð á taðklóm. Ásoðnar Eurosfestingar. Slöngur fylgja. 140 cm, verð áður kr. 288.000 m/vsk. Tilboð kr. 259.200 m/vsk. 160 cm. verð áður kr. 314.000 m/vsk. Tilboð kr. 298.300 m/vsk. 180 cm verð áður kr. 345.000 m/vsk. Tilboð kr. 310.500 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Áramótatilboð á Weckman rúlluvögnum. Burðargeta/hlassþyngd 13 tonn. Pallur, stærð 2,46 x 9,0 m. Verð áður kr. 3.220.000 m/vsk. Tilboð kr. 3.059.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díeselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Áramótatilboð á Weckman hardox malarvögnum. 11 tonna, verð áður kr. 3.490.000 m/vsk. Tilboð kr. 3.300.000 m/vsk. 13 tonna, verð áður kr. 3.800.000 m/vsk. Tilboð kr. 3.600.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta: 8.000 kg. Stærð: 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



MAN tg 360A kranabíll til sölu. Er í góðu standi og alltaf fengið gott viðhald. 2001 árg. Ekinn 602.000 km. Kraninn er 16 tm og honum fylgir fjarstýring, hægt er að skipta frá glussaútskoti yfir á aflúrtak fyrir aukahluti eins og skóflu, tromlu eða eitthvað þess háttar. Er á góðum dekkjum og eitt auka fylgir. Skjólborð og ekjusliskjur til að keyra vélar upp á pallinn fylgja. Verð kr. 3.500.000. Uppl. í skilaboð eða s. 899-2501 Gunni.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S.892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



JCB Fastrac 185, 80 km hámark, Cummins, dráttargeta 33 t. keyrður 75.000 h. Góð dekk, lítur vel út miðað við aldur. Verð kr. 6.900.000 +vsk. S. 773-6325





**Til sölu Catepillar 315 hjólagrafa árgerð 1999**

**Vél í góðu standi og mikið uppgerð.**

**Keyrð um 12.000 tíma. 4 skóflur fylgja með.**

**Er á nýlegum dekkjum. Verð kr. 4.500.000 +vsk.**

**Nánari upplýsingar í síma 898-2062**

**og á netfangi: jon@leiguvik.is**









**VETRARTÆKI**
**- Mikið úrval á lager -**




**Fjölplógur PUV „M" Diagonal**
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2.8m Verð 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



**Fjölplógur PUV - Heavy Duty**
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

**Festiplötur:**
Verð frá 70.000 kr.*
Slétt plata | 3-punkta
EURU/SMS | EURO stór
JCB 3CX hrað | CASE 580SR

**Slitblöð**
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



**Salt- og sanddreifari**
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



**Fjölplógar VT320 & VT380**
Sterkir plógar með flotgrind fyrir meiri hraða.
Verð frá 2.890.000 kr.*



**Salt- & sanddreifari**
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.




**Snjóblásari 241 THS Flex**
Vinnslubr. 264 cm, með föstum vængjum, glussastýring á túðu, 3p tengi. Drifsköft.
Fyrir +70hp
Verð 2.490.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts

**AFLVÉLAR**
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is








**ÁSCO**
**BÍLARAFMAGN**

# OKKAR ÆR OG KÝR

**— STARTARAR OG ALTERNATORAR —**



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. *Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. *Snúrusett fyrir bassakeulur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingstrissur. Startarakol. *Legur í alternatora. Kol í alternarora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

**ÁSCO**

**Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is** BÍLARAFMAGN




Burðarviður 2 x 6 (48 x 148) á tilboði. Verð kr. 660 lm. m/vsk. Lengdir til á lager 4,2 m og 4,8 m. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is s. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Glussadrifnar haughrærur á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útitanka, útilón og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m. Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is – www.hak.is – S. 892-4163.

**Punktar og hnit - ráðgjöf**
ALHLIÐA ÞJÓNUSTA FYRIR HNITUN LANDAMERKJA OG STOFNUN NÝRRA LÓÐA

Hnitset landamerki, hnita nýjar lóðir og útbý lóðablöð. Sé um umsókn til skipulags- og byggingarfulltrúa. Set út hæla. Svæði: Vesturland og Suðurland, eða hvert sem er eftir samkomulagi. punktaroghnit@gmail.com, punktaroghnit.is




Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is

mýranaut

Bragðgott og meyrt nautakjöt. 1/8 um 20 kg af kjöti, hakk, gúllas, snitsel og steikur. Afhending vikulega. www.myranaut.is eða s. 868-7204.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari, 680 kg og 1500 kg, CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Áramótatilboð á finnsku byggingatimbri/mótatimbri, 25x150 (1x6). Verð kr. 330 lm. eða kr. 260 lm. ef tekið er heilt búnt. Eftirtaldar lengdir í boði, 3,9m, 4,2m og 5,4m. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Kia Sportage CRDI, AWD árg. 2017. Sjálfskiptur, dísel, ekinn 215.000 km. Bakkmyndavél. Alltaf farið í þjónustuskoðanir, toppviðhald. Dráttarbeisli. Uppl. Óli, s. 895-1367




SsangYong Tivoli XLV DLX, 4x4, árgerð 2018, sjálfskiptur, ekinn 100.000 km. Verð kr. 2.490.000. Verð áður kr. 2.790.000. - notadir. bennis.is – S. 590-2035



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar- Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is.



Díselhitari 12 og 24 volt. 5 kw. Öll þjónusta. Verð kr. 53.900. Orkubóndinn.is, 104 Reykjavík, s. 888-1185



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir: 1,6 m, 2 m 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.

## Óska eftir

Kaupi vínylplötur og CD. Staðgreiði stór plötusöfn. Plötumarkaður Óla, Ísbúðin, Háaleitisbraut 58. S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Mig vantar annaðhvort framhásingu eða plánetugírinn í framhjól á IMT 567 4x4 traktor. uppl. í s. 899-4697

Ég leita að stórri ritvél sem gengur ekki fyrir rafmagni, eins og voru algengar á skrifstofum áður. Til að mynda Olympia, Rheinmetall, Hermes, Olivetti, Alpina, Facit eða annað í þeim dúr. S. 822-5269, astvaldurl@gmail.com

Óska eftir afrúllara til kaups. Vinsamlegast hafið samband við Þráin í s. 434-7774 eða á netfangið: kletturr@simnet.is

xD - minniskubbur. Getur einhver selt mér minniskubb í OLYMPUS sp-510 myndavél? Hann er af gerðinni xD. S. 855-5098 og netfang: gunnhei@mi.is

Fjölskylda óskar eftir stórri lóð, spildu eða litlu lögbýli til leigu eða kaups þar sem byggja má einbýlishús, skemmu og fleira. Staðsetning á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Suðurlandi og Suðurnesjum eru efst á óskalista en skoðum hvað sem er. Þarf að vera í nálægð við á, vatn eða sjó hvar er friður og náttúrufegurð ásamt aðgengi að vatni og rafmagni. Erum m.a. byggingaverktakar og opin fyrir samstarfi við landeiganda. Viljir þú skoða málið getur þú sent línu á asgardur801@gmail.com, svörum öllum póstum.

## Til sölu

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Höfum til sölu 158 ærgildi frá 1. janúar 2024. Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Upplýsingar í s. 864-5172 (Ægir) og í s. 896-6816.

Til sölu meðalstór bandslípivél ásamt útsogsblásara og slípiböndum. Einnig er til sölu spónsög og spónsaumavél, stór útsogsblásari ásamt stýribúnaði. Áhugasamir sendi fyrirspurn á birkitre@simnet.is (hægt verður að fá sendar myndir til þeirra sem þess óska).

Til sölu Outlander til niðurrifs eða fyrir einhvern laghentan, er gangfær og á númerum. Tilboð óskast. Uppl. í s. 845-0878

Plastprófíll í fjárhúsgólf, stærð: 4,8 mt, 50x50 mm. 15 stk. Einingaverð kr. 1.500 +vsk. Upplýsingar í s. 899-4626. Staðsett á Norðausturlandi.

Eigum til á lager ýmsar stærðir af dekkjum. Getum útvegað flest allar stærðir líka. Upplýsingar í tölvupósti larsenagro@larsenagro.is eða í s. 868-6113. 650/65R 38 = kr. 310.000 m/vsk. 400 - 60 -15,5 = kr. 40.000 m/vsk. 18,4 - 30 = kr. 105.400 m/vsk. 540/65R 34 = kr. 223.200 m/vsk. 12.4 - 28 = kr. 52.000 m/vsk. 11.2 - 28 = kr. 47.120 m/vsk. 500/50 - 17 = kr. 68.200 m/vsk. 600/65R 38 = kr. 279.000 m/vsk. 385/65R 22,5 = kr. 117.800 m/vsk. 11.2 - 24 = kr. 43.400 m/vsk. 440/65R 24 = kr. 117.800 m/vsk. 7.00 - 12 = kr. 18.000 m/vsk.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Byggingarstjóri. Tek að mér að vera byggingarstjóri á mannvirkjum á öllum byggingarstigum. Vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í s. 852-3222 eða asgeirvil@gmail.com




SsangYong Rexton '20, beinskiptur, ekinn 52 þús.km. **Verð:** 5.990.000 kr.




Land Rover Discovery HSE '18, sjálfskiptur, ekinn 55 þús.km. **Verð:** 7.490.000 kr.




SsangYong Tivoli dlx '18, sjálfskiptur, ekinn 20 þús.km. **Verð:** 2.890.000 kr.




Mercedes-Benz C 300 E '20, sjálfskiptur, ekinn 26 þús.km. **Verð:** 5.790.000 kr.

# Við tökum gamla bílinn uppí á

# 500.000 kr.

Notaður uppí nýlegan

Gamli bíllinn þinn gildir að lágmarki sem 500.000 króna innborgun* í nýlegan og öruggan bíl, sérmerktan á plani. Aðeins er tekinn 1 bíll uppí hvern nýlegan notaðan bíl. Þinn gamli þarf að vera með fulla skoðun og í ökufæru ástandi. Ef þú ert ekki með bíl uppí má alltaf ræða aðra díla.*

*Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að hafna bílum.




Peugeot 3008 '15, sjálfskiptur, ekinn 65 þús.km. **Verð:** 1.850.000 kr.




Toyota C-HR C-LUB '21, sjálfskiptur, ekinn 84 þús.km. **Verð:** 3.490.000 kr.




SsangYong Tivoli XLV '17, beinskiptur, ekinn 81 þús.km. **Verð:** 1.990.000 kr.




Opel Astra Sports Tourer '18, sjálfskiptur, ekinn 97 þús.km. **Verð:** 2.690.000 kr.




SsangYong Tivoli '18, sjálfskiptur, ekinn 87 þús.km. **Verð:** 2.350.000 kr.




Opel Crossland X '19, Sjálfskiptur, ekinn 74 þús.km. **Verð:** 2.890.000 kr.




SsangYong Tivoli '19, sjálfskiptur, ekinn59 þús.km. **Verð:** 2.490.000 kr.




Opel Grandland X '21, sjálfskiptur, ekinn 53 þús.km. **Verð:** 4.890.000 kr.




SsangYong Tivoli Air '19, beinskiptur, ekinn 67 þús.km. **Verð:** 2.590.000 kr.




Toyota Corolla Active TS '21, sjálfskiptur, ekinn 56 þús.km. **Verð:**3.990.000 kr.




SsangYong Korando '19, sjálfskiptur, ekinn 101 þús.km. **Verð:** 2.950.000 kr.




Jeep Compass S '21, sjálfskiptur, ekinn 74 þús.km. **Verð:** 4.490.000 kr.

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

**Meira úrval á**
notadir.benni.is



**Bílabúð Benna** | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna — Notaðir bílar


VIÐ HJÁLPUM ÞÉR
AÐ FINNA RÉTTU
JÓLAGJÖFINA
Jólagjafahandbók
ELKO er komin út
Skannaðu kóðann til
að opna jólablað ELKO
ELKO
ELKO ehf. | Lindir - Skeifan - Grandi - Akureyri - Keflavíkurflugvöllur | 544 4000 | elko@elko.is